



Lýsing hlutabréfa

Útgefandi: Síminn hf.

Lýsing birt í tengslum við umsókn um að öll hlutabréf í útgefanda verði tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði og í tengslum við almennt útboð Arion banka hf. á 18 - 21% hluta í útgefanda

Áskriftartímabil almenns útboðs mun standa yfir 5. - 7. október 2015 og er tekið við áskriftum á vefsíðu Arion banka hf. Útboðinu er beint að fagfjárfestum og almennum fjárfestum, en skipt í tvær tilboðsbækur. Í tilboðsbók A óskar seljandi eftir áskriftum að andvirði frá 100.000 kr. til 10.000.000 kr., á verðbilinu 2,7 – 3,1 kr./hlut og mun eftir lok áskriftartímabils ákvarða eitt endanlegt útboðsgengi A. Í tilboðsbók B óskar seljandi eftir áskriftum að andvirði yfir 10.000.000 kr., að lágmarki á verðinu 2,7 kr./hlut en eftir lok áskriftartímabils mun seljandi ákvarða eitt endanlegt útboðsgengi B. Gert er ráð fyrir að niðurstöður útboðs verði birtar 8. október 2015 og Nasdaq Iceland mun í kjölfarið birta svar við umsókn útgefandans. Gert er ráð fyrir að úthlutun til fjárfesta í útboðinu geti átt sér stað 9. október 2015 og eindagi viðskiptanna verði 13. október 2015 en hlutir verða afhentir næsta virka dag eftir að greiðsla berst. Fyrsti mögulegi viðskiptadagur með hlutabréf í Símanum hf. á Aðalmarkaði gæti samkvæmt framansögðu orðið 15. október 2015.

Fjárfesting í verðbréfum felur í sér áhættu. Fjárfestum er sérstaklega bent á að kynna sér kafla um áhættuþætti í lýsingu þessari.

Framangreint útboð og áform um að hlutabréfin verði tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði fer fram í samræmi við ákvæði íslenskra laga og reglugerða um verðbréfavíðskipti, sbr. lög nr. 108/2007. Lýsingin hefur verið staðfest af Fjármálaeftirlitinu og fylgir ákvæðum um upplýsingagjöf skv. viðaukum I og III við fylgiskjal við reglugerð nr. 243/2006. Lýsingin er einnig útbúin með hliðsjón af reglum Nasdaq Iceland fyrir útgefendur fjármálagerninga sem gefnar voru út 17. desember 2013. Lýsingin er gefin út á íslensku og samanstendur af þremur sjálfstæðum skjölum; samantekt, útgefandalýsingu og verðbréfalýsingu hlutabréfa. Hlutirnir eru ekki boðnir til sölu í lögsagnarumdæmum þar sem almennt útboð eins og hér um ræðir væri háð því að lögbær yfirvöld í viðkomandi lögsagnarumdæmi hefðu mótttekið lýsingu þá sem útgefandi gefur út í tengslum við útboðið, eða þar sem slíkt útboð myndi lúta öðrum frekari kröfum en staðfestingu íslenskra eftirlitsaðila á lýsingu útgefanda í tengslum við útboðið. Lýsingu þessari skal ekki dreifa á einn eða annan hátt til landa þar sem dreifing myndi krefjast viðbótar skráningarferlis eða aðgerða annarra en þeirra sem heyra undir íslensk lög og reglur, eða ef slík dreifing greinir á við lög eða reglur viðeigandi landa.

Lýsing þessi er dagsett 25. september 2015.

Umsjónaraðilar



ARCTICA FINANCE



Samantekt lýsingar hlutabréfa

Útgefandi: Síminn hf.

Samantekt þessi er útbúin í samræmi við viðauka XXII við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 809/2004 með síðari breytingum. Var umrædd reglugerð ESB innleidd í íslenskan rétt með reglugerð nr. 243/2006 um gildistöku reglugerðar framkvæmdastjórnar ESB nr. 809/2004, að því er varðar framsetningu og innihald lýsingar, grunnlýsingar, samantektar og endanlegra skilmála að því er varðar upplýsingaskyldu, og síðari reglugerðum, þ.m.t. reglugerð nr. 901/2013 sem innleiddi í íslenskan rétt reglugerð framkvæmdastjórnar ESB nr. 486/2012 er breytti framangreindri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar nr. 809/2004.

Samantektin inniheldur alla þá liði sem fram skulu og mega koma í samantekt samkvæmt fyrrgreindri reglugerð fyrir lýsingar sem unnar eru í samræmi við viðauka I og III við reglugerðina. Númeraröð liðanna getur verið slitin þar sem ekki er heimild og krafa til birtingar ákveðinna liða í samantekt vegna lýsinga sem unnar eru í samræmi við ofangreinda viðauka. Þrátt fyrir að samantektin skuli innihalda tiltekinn lið þá er mögulegt að liðurinn eigi ekki við í tilviki útgefanda og þeirra verðbréfa sem lýsingin tekur til. Í því tilviki er sett inn í samantektina stutt lýsing á liðnum ásamt textanum „á ekki við“.

Samantekt þessi er dagsett 25. september 2015.

Umsjónaraðilar



ARCTICA FINANCE

A. Inngangur og viðvaranir

<i>Liður</i>	<i>Upplýsingaskylda</i>	<i>Upplýsingar</i>
A.1	<i>Fyrirvari</i>	Samantekt þessa skal túlka sem inngang að lýsingu hlutabréfa, dagsettri 25. september 2015, útgefni af Símanum hf. („útgefandi“ eða „móðurfélag“) vegna almenns útboðs og umsóknar um að hlutabréfaflokkur verði tekinn til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland. Hvort tveggja fer fram í samræmi við ákvæði íslenskra laga og reglugerða um verðbréfavíðskipti, sbr. lög nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti. Ákvörðun um fjárfestingu í verðbréfum útgefanda skal ekki tekin á grundvelli þessarar samantektar einvörðungu, heldur tekin á grundvelli lýsingarinnar í heild. Athygli er vakin á að ef farið er fyrir dómstóla með kröfu sem varðar upplýsingar í lýsingu þessari gæti fjárfestir sem er stefnandi þurft að bera kostnað af þýðingu lýsingarinnar áður en málareksturinn hefst. Athygli er vakin á að einkaréttarábyrgð fellur eingöngu á þá einstaklinga sem lögðu fram samantektina, þ.m.t. þýðingu hennar, einungis ef hún er villandi, ónákvæm eða í ósamræmi við aðra hluta lýsingarinnar, eða ef hún veitir ekki, í samhengi við aðra hluta lýsingarinnar, lykilupplýsingar fyrir fjárfesta þegar þeir íhuga hvort fjárfesta skuli í slíkum verðbréfum.
A.2	<i>Samþykki fyrir notkun fjármálamilliliða á lýsingunni við síðari endursölu eða útboð</i>	Á ekki við.

B. Útgefandi

<i>Liður</i>	<i>Upplýsingaskylda</i>	<i>Upplýsingar</i>
B.1	<i>Lögheiti og viðskiptaheiti útgefanda</i>	Lögheiti útgefanda og viðskiptaheiti er Síminn hf.
B.2	<i>Lögheimili og félagaform útgefanda ásamt löggjöf sem útgefandi starfar eftir</i>	Útgefandi er hlutafélag, skráð og starfrækt í samræmi við lög um hlutafélag nr. 2/1995 og skráð á Íslandi undir kennitölunni 460207-0880, með lögheimili að Ármúla 25, 108 Reykjavík, Íslandi. Um starfsemi útgefanda og dótturfélaga gilda ýmis sérlög og má þar nefna lög um fjarskipti nr. 81/2003 og lög um fjölmiðla nr. 38/2011. Ýmis lög og reglugerðir varða starfsemina, meðal annars er varða samkeppni, persónuvernd, innheimtu, bókhald, ársreikninga og skatta, gjaldeyrislög og lög um fjármálamarkaði.
B.3	<i>Starfsemi</i>	Tilgangur útgefanda, skv. samþykktum félagsins er fjarskipta-, upplýsingatækni-, afþreyingarstarfsemi og önnur skyld starfsemi, rekstur fasteigna, kaup og sala verðbréfa, lánastarfsemi og fjárfesting í dóttur- og hlutdeildarfélagum sem starfa á sviði félagsins. Síminn er stærsta fjarskiptafyrirtæki á Íslandi og starfar einkum á sviði fjarskipta, fjölmiðlunar og upplýsingatækni. Síminn hf. er í senn rekstrarfélag á sviði fjarskipta og tengdrar starfsemi og eigandi sex dótturfélaga: Mílu, Sensa, Staka, On-Waves, Talenta og Radíómiðunar. Hlutverk Símans er að vera í fararbroddi á íslenskum fjarskiptamarkaði og veita viðskiptavinum heildstætt vöruframboð á sviði fjarskipta og tengdra geira eins og fjölmiðlunar og upplýsingatækni, hvort sem um einstaklinga eða fyrirtæki er að ræða. Viðskiptavinir eru um 115 þúsund talsins, þar af eru um 88% þeirra einstaklingar sem standa að baki um 48% af tekjum. Eftirfarandi þjónustubættir eru í vöruframboði Símans: farsímaþjónusta, talsímaþjónusta, gagnaflutningsþjónusta, netþjónusta, sjónvarpsþjónusta,

		<p>sjónvarps- og útvarpsdagskrá ásamt sölu auglýsinga í þeim miðlum, svo og hýsingar- og rekstrarþjónusta í upplýsingatækni. Viðskiptalíkan Símans byggist á því að líta á alla virðisbætur á einstaklingsmarkaði annars vegar og fyrirtækjamaðkaði hins vegar og bjóða upp á alhliða þjónustu á sviði fjarskipta, fjölmiðla, upplýsingatækni og samskiptalausna.</p>
<p>B.4a</p>	<p><i>Nýleg þróun sem hefur veruleg áhrif á útgefanda og atvinnugrein</i></p>	<p>Í júní 2013 gengu Skipti frá fjárhagslegri endurskipulagningu á félaginu þar sem óveðtryggðum skuldum félagsins var breytt eða skipt út fyrir hlutafé í því auk þess sem félagið endurfjármagnaði veðtryggðar skuldir sínar.</p> <p>Í febrúar 2014 var tilkynnt um fyrirhugaða sameiningu á rekstri Skipta hf. og Símans hf. undir nafni Símans. Markmið sameiningarinnar var að ná fram aukinni hagkvæmni í rekstri, eyða tvíverknaði og fækka stjórnendum ásamt því að stytta boðleiðir og skerpa rekstrarlega ábyrgð. Sameiningin var endanlega samþykkt á hluthafafundi Skipta hf. 16. apríl 2015 og tók hún gildi frá 1. janúar 2015. Við sameininguna urðu Míla ehf. og Skjárinn ehf. sem áður voru í eigu Skipta að dótturfélögum í eigu Símans. Sameiningin eykur sjálfstæði Mílu sem rekstraraðila grunnfjarskiptakerfis og tryggir að markmið sáttar sem Skipti, Síminn og Míla gerðu við Samkeppniseftirlitið í mars 2013 ná fram að ganga.</p> <p>Þann 25. september 2014 var tilkynnt að Sensa, dótturfélag Símans, tæki yfir eignir og þjónustustarfsemi Símans tengdri upplýsingatækni. Eftir sameininguna varð Sensa eitt öflugasta upplýsingafyrirtæki landsins, með um 120 sérfræðinga á Íslandi, en félagið tók yfir rekstur, þjónustu, vörubrúun og sölu á upplýsingatæknilausnum sem áður voru hjá Símanum. Í mars 2015 var tilkynnt um kaup Sensa á Basis sem styrktu upplýsingatækni við samstæðunnar.</p> <p>Þann 16. apríl 2015 var tilkynnt um fyrirhugaðan samruna Símans og Skjásins ehf., dótturfélags Símans. Öll starfsemi Skjásins á sviði miðlunar og afþreyingar færðist til Símans og er rekin af Símanum. Eftir sameininguna býður Síminn fjórþætta þjónustu: talsíma, farsíma, netþjónustu og fjölmiðlun. Slíkt þjónustuframboð er í samræmi við þróunina erlendis þar sem afþreying og sjónvarpsefni tengjast fjarskiptaþjónustu sífellt sterkari böndum. Sameiningin kemur í kjölfar sáttar við Samkeppniseftirlitið um að aflétta hluta af þeim kvöðum sem lagðar voru á Símann og Skjáinn á árinu 2005.</p> <p>Fjarskiptamaðkaðurinn hefur vaxið um rúmlega 15% frá árinu 2011. Tekjur af farsímarekstri hafa lítillega dregist saman frá 2012 sem má að einhverju leyti rekja til lægri tekna af lúkningu í kjölfar ákvarðana Póst- og fjarskiptastofnunar um lækun lúkningargjalda fjarskiptafélaganna. Tekjur tengdar gagnaflutningi og internetþjónustu hafa að sama skapi aukist verulega frá 2011. Aðrar tekjur hafa einnig aukist talsvert en þar er m.a. um að ræða tekjur af sölu símtækja.</p> <p>Almenna þróunin í fjarskiptaheiminum er sú að fastlínu- og farsímaþjónusta rennur saman í ríkari mæli og viðskiptavinurinn upplifir samþættingu þessara tveggja meginstoða fjarskipta, hvort sem um er að ræða snjallsíma sem notar þráðlaust netsamband (e. Wi-Fi) fyrir gagnaflutning eða snjallsjónvarp í 4G-sambandi hjá viðskiptavini sem er á ferðinni.</p>

B.5	<i>Samstæða</i>	<p>Síminn á dótturfyrirtæki sem starfa bæði á einstaklings- og fyrirtækjamarkaði á Íslandi á sviði fjarskipta, og upplýsingatækni. Þar ber helst að nefna Mílu ehf. og Sensa ehf. Míla á og rekur fjarskiptanet en helstu eignir félagsins eru aðgangsnét (kopar/ljóstengingar) inn á öll heimili og fyrirtæki í landinu og stofnnet (ljósleiðaraflutningsnet/örbylgjur) sem hringtengir alla helstu þéttbýlisstaði Íslands. Sensa er þjónustufyrirtæki á sviði upplýsingatækni sem leggur áherslu á hýsingar-, rekstrar og samskiptalausnir fyrir fyrirtæki. Þ. á m. Símann. Utan Íslands er Símann með rekstur í Danmörku þar sem fyrirtækið á Sensa DK. Þá starfar fyrirtækið On-Waves ehf. einkum utan Íslands. Auk þessara fyrirtækja á Símann beint, eða í gegnum dótturfélög, nokkur minni fyrirtæki sem starfa innan virðis_keðjunnar. Fjárhagsuppgjör sem birt eru í lýsingunni eru samstæðureikningsskil.</p>
B.6	<i>Tilkynningarskylt eignarhald, atkvæðisréttur og önnur yfirráð ef við á</i>	<p>208 aðilar eru skráðir í hlutaskrá útgefanda 25. september 2015. Arion banki hf. er stærsti hluthafinn með 27,8% útgefins hlutafjár. Í almennu útbóði 5. - 7. október 2015 hyggt bankinn selja 18 - 21% útgefina hluta. Lífeyrissjóður verzlunarmanna á 13,2% hlut. Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, A og B deild, ásamt Lífeyrissjóði hjúkrunarfræðinga fer með 12,0%. Gildi – lífeyrissjóður á 6,2% eignarhlut í félaginu. L1088 ehf. á 5% hlut í Símanum, en þar er um að ræða hóp fjárfesta sem forstjóri félagsins hafði frumkvæði að því að setja saman til að fjárfesta í félaginu og er sjálfur þar á meðal. Samhliða þeim viðskiptum keyptu hann og aðrir í yfirstjórn Símans sem nafngreindir eru í lýsingunni samtals 0,4% hlut í Símanum. Fyrir hópnum fer Bertrand Kan, hollenskur fjárfestir með áratuga reynslu af fjárfestingarstarfsemi á sviði fjarskipta, en stærsti einstaki eigandi að baki félaginu er Æðarnes ehf. L1088 ehf. og stjórnendurnir hafa undirgengist söluhömlur og er L1088 ehf. óheimilt að selja framangreindan hlut sinn fyrir 1. janúar 2017 en stjórnendunum ásamt fleiri aðilum óheimilt að selja samtals 0,5% hlutafjár í útgefanda fyrir 1. mars 2016. Verð í framangreindum kaupum af Arion banka hf. var 2,518 kr./hlut. Aðrir hluthafar fara með undir 5% af beinum eignarhlut í félaginu sem eru neðstu mörk flöggunar-skyldu skv. lögum nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti. Þar á meðal er dreifður hópur viðskiptavina Arion banka hf. sem keyptu samtals 5% hlut af bankanum (enginn einn keypti yfir 0,5%) nú síðari hluta september á genginu 2,8 kr./hlut en þeir tóku um leið á sig söluhömlur og er óheimilt að selja hlutina þar til þremur mánuðum eftir fyrsta viðskiptadag með hluti útgefanda á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland.</p> <p>Hagsmunir minnihluta eigenda eru varðir samkvæmt ákvæðum samþykka útgefanda og laga nr. 2/1995 um hlutafélög, auk ákvæða X. kafla laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti frá þeim tíma að hlutir eru teknir til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland.</p>

B.7

Samandregnar
fjárhagsupplýsingar**Rekstrarreikningur**

Í m.kr.	2015		2014		2012
	1.1.-30.6.	1.1.-30.6.	1.1.-31.12.	1.1.-31.12.	1.1.-31.12.
	Endursk.	Kannað	Endursk.	Endursk.	Endursk.
Sala	14.387	15.070	29.912	29.495	28.527
Kostnaðarverð sölu	(7.808)	(8.387)	(16.404)	(15.711)	(15.710)
Framlegð	6.579	6.683	13.508	13.784	12.817
Aðrar rekstrartekjur	228	214	410	427	362
Rekstrarkostnaður	(4.502)	(4.712)	(9.132)	(9.467)	(9.546)
Virðisrymun				(14.055)	(1.685)
Rekstrarhagnaður	2.305	2.185	4.786	(9.311)	1.948
Fjármunatekjur	205	413	1.108	510	303
Fjármagnskostnaður	(912)	(986)	(1.868)	(3.793)	(5.619)
Gangvirðisbreyting krafna v/ gjaldmiðlasamninga				(3.016)	
Gengismunur	110	6	151	387	(220)
Hrein fjármagnsgjöld	(597)	(567)	(609)	(5.912)	(5.536)
Áhrif hlutdeildarféлага	(33)		(62)	(22)	
Hagnaður (tap) fyrir tekjuskatt	1.675	1.618	4.115	(15.245)	(3.588)
Tekjuskattur	(351)	(281)	(841)	(1.742)	185
Hagnaður (tap) tímabilsins	1.324	1.337	3.274	(16.987)	(3.403)

Efnahagsreikningur

Í m.kr.	2015		2014		2012
	30.6.	30.6.	31.12.	31.12.	31.12.
	Endursk.	Endursk.	Endursk.	Endursk.	Endursk.
Eignir					
Fastafjármunir					
Varanlegir rekstrarfjármunir	14.897		14.416	13.951	13.641
Viðskiptavild	31.392		31.158	31.151	45.206
Óefnislegar eignir	2.781		2.553	2.259	2.102
Aðrar fjármunaeignir	440		368	306	131
Reiknuð skattainneign			141	882	2.436
Fastafjármunir	49.510		48.636	48.549	63.516
Veltufjármunir					
Birgðir	2.073		2.163	1.494	1.327
Viðskiptakröfur	5.226		5.656	4.915	4.880
Aðrar skammtímakröfur	753		585	3.131	6.966
Handbært fé	3.986		4.007	609	606
Veltufjármunir	12.038		12.411	10.149	13.779
Eignir alls	61.548		61.047	58.698	77.295
Eigið fé og skuldir					
Eigið fé					
Hlutfé	9.650		9.650	9.650	8.725
Varasjóður	17.802		35.766	35.766	8.604
Þýðingarmunur	573		606	365	(83)
Óráðstafað eigið fé	3.274		(16.016)	(19.296)	(9.328)
Eigið fé hluthafa móðurfélags	31.299		30.006	26.485	7.918
Hlutdeild minnihluta	(79)		(75)	(52)	(25)
Eigið fé samtals	31.220		29.931	26.433	7.893
Langtímaskuldir					
Skuldabréfalán	23.452		24.065	25.351	29.261
Tekjuskattsskuldbinding	202				
Langtímaskuldir	23.654		24.065	25.351	29.261
Skammtímaskuldir					
Skuldir við lánastofnanir					850
Viðskiptaskuldir	2.990		3.822	3.534	4.166
Næsta árs afborganir langtímaskulda	1.366		1.364	1.360	31.947
Skattar ársins	14		104	307	36
Skuldbinding					300
Aðrar skammtímaskuldir	2.304		1.761	1.713	2.842
Skammtímaskuldir	6.674		7.051	6.914	40.141
Skuldir samtals	30.328		31.116	32.265	69.402
Eigið fé og skuldir alls	61.548		61.047	58.698	77.295

		Sjóðstreymi											
		2015		2014		2013		2012					
		<i>1.1.-30.6.</i>		<i>1.1.-30.6.</i>		<i>1.1.-31.12.</i>		<i>1.1.-31.12.</i>					
		<i>Endursk.</i>		<i>Kannað</i>		<i>Endursk.</i>		<i>Endursk.</i>					
		Rekstrarhreyfingar											
		Rekstrarhagnaður (tap) skv. rekstrarreikningi		2.305		2.185		4.786		(9.311)		1.948	
		Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi											
		Afskriftir og virðisrýrnun		1.718		1.812		3.527		17.621		5.432	
		Söluhagnaður varanlegra rekstrarfjármuna		(21)		(1)		(9)		(38)		(6)	
		Breytingar á rekstrart. eignum og skuldum		141		12		(760)		(1.283)		(1.086)	
		Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta		4.143		4.008		7.544		6.989		6.288	
		Innborgaðir vextir		186		158		356		323		293	
		Greiddir skattar		(221)		(16)		(302)		(34)		(26)	
		Greiddir vextir		(835)		(913)		(1.803)		(2.156)		(2.331)	
		Handbært fé frá rekstri		3.273		3.237		5.795		5.122		4.224	
		Fjárfestingarhreyfingar											
		Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum		(2.048)		(1.943)		(4.039)		(3.459)		(2.736)	
		Fjárfesting í ófnislegum eignum		(336)		(224)		(485)		(408)		(191)	
		Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna		51		17		34		150		18	
		Skuldabréfaeign, breyting		(41)				1		15		(14)	
		Sala á (Fjárfesting í) félögum		(307)		724		722		(72)		(1)	
		Breytingar á bundnu fé										555	
		Aðrar fjárfestingar				23		2.735		(50)		1	
		Fjárfestingarhreyfingar		(2.681)		(1.403)		(1.032)		(3.824)		(2.368)	
		Fjármögnunarhreyfingar											
		Greiddur arður til minnihluta		(1)				(2)		(25)			
		Tekin ný langtímalán										5	
		Afborganir langtímalána		(715)		(679)		(1.361)		(814)		(1.842)	
		Skammtímalán, breyting								(447)		(186)	
		Fjármögnunarhreyfingar		(716)		(679)		(1.363)		(1.286)		(2.023)	
		(Lækkun) Hækkun á handbæru fé		(124)		1.155		3.400		12		(167)	
		Áhrif gengisbreytinga á handbært fé		103		(2)		(2)		(9)		(28)	
		Handbært fé í upphafi tímabils		4.007		609		609		606		801	
		Handbært fé í lok tímabils		3.986		1.762		4.007		609		606	
		Fjárfesting og fjármögnun án greiðsluáhrifa:											
		Langtímaskuldir								(34.703)			
		Skammtímaskuldir								(403)			
		Hlutfé								925			
		Yfirverð hlutafjár								34.181			
B.8	<i>Pro forma fjárhagsupplýsingar</i>	<i>Á ekki við.</i>											
B.9	<i>Afkomuspá eða -áætlun</i>	<p>Á árinu 2015 eru rekstrartekjur samstæðu Símans áætlaðar 29.000 - 31.000 m.kr. og EBITDA áætluð 8.000 - 8.300 m.kr., og inniheldur sú áætlun kostnað vegna skráningar félagsins í Kauphöll sem er áætlaður um 145 m.kr. á árinu. Hagnaður eftir skatta er áætlaður 2.500 - 2.800 m.kr. Fjárfestingar samstæðunnar á árinu eru áætlaðar 15 - 16% af tekjum hennar.</p> <p>Áætlun ársins 2015 gerir ráð fyrir að tekjur dragist saman, m.a. vegna sölunnar á Símanum Danmark og vegna endurpökkunar á vörum smásölu Símans sem hefur í för með sér að meðaltekjur af hverjum viðskiptavin geta lækkað. Áætlunin gerir ráð framlegðarbata vegna aukins kostnaðarhagræðis sem m.a. er afrakstur hagræðingaradgerða innan félagsins árið 2014 en þó ber að hafa í huga að endurpökkun á smásöluvörum mun hafa neikvæð áhrif til að byrja með. Megináherslur samstæðunnar á árinu 2015 eru einföldun rekstrar sem m.a. felur í sér samruna Skipta og Símans og svo Símans og Skjásins. Þessi einföldun mun bæði draga úr tvíverknaði og stytta boðleiðir. Þá mun Síminn ná að byggja upp öflugra vöruframboð á sviði farsíma, tal-síma, internets og sjónvarps. Þannig verður áfram unnið að auknu kostnaðarhagræði í rekstri, ásamt því að hlúa að núverandi viðskiptavinum og efla þar með vöruþróun samstæðunnar.</p> <p>Stjórnendur félagsins telja að horfur í rekstri Símans séu góðar og ekki vís-bendingar um annað en að væntingar Símans gangi eftir. Félagið er full-</p>											

		fjármagnað og miðað við núverandi rekstur og áætlaðar fjárfestingar er ekki gert ráð fyrir aukinni skuldsetningu eða hlutfjárafaukningu í náinni framtíð.
B.10	<i>Fyrirvarar í endurskoðunar-skýrslum</i>	Endurskoðaður árs hlutareikningur samstæðu Símans fyrir fyrstu sex mánuði ársins 2015 var áritaður án athugasemda. Endurskoðaðir ársreikningar samstæðunnar fyrir árin 2014, 2013 og 2012 voru áritaðir án athugasemda en endurskoðandi félagsins setti fram eftirfarandi ábendingar í ársreikningi fyrir árið 2012: <i>Án þess að gera fyrirvara við álit okkar viljum við vekja athygli á skýringu 17 með samstæðuársreikningnum en þar kemur fram að ágreiningur er við Glitni hf. um gjaldmiðlasamninga. Einnig án þess að gera fyrirvara við álit okkar viljum við vekja athygli á skýringu 19 með samstæðuársreikningnum en þar kemur fram að unnið hefur verið að fjárhagslegri endurskipulagningu félagsins.</i>
B.11	<i>Útskýring ef veltufé útgefanda nægir ekki til að uppfylla núverandi þarfir hans</i>	Á ekki við.

C. Verðbréf

Liður	Upplýsingakrafa	Upplýsingar
C.1	<i>Tegund og flokkar verðbréfa sem boðin verða til sölu og tekin til viðskipta í kauphöll</i>	Lýsingin varðar almennt útboð á þegar útgefnum hlutum í Símanum hf. og umsókn um töku allra útgefna hluta í Símanum hf. til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland. Hlutabréf í Símanum hf. eru gefin út í samræmi við ákvæði laga nr. 2/1995 um hlutafélög og með rafrænum hætti skv. ákvæðum laga nr. 131/1997 um rafræna eignarskráningu verðbréfa og reglugerðar nr. 397/2000. Hlutabréfin eru gefin út rafrænt í kerfi Nasdaq verðbréfamiðstöðvar hf., kt. 500797-3209. Auðkenni hlutabréfanna hjá Nasdaq verðbréfamiðstöð hf. er SIMINN og ISIN-númer hlutabréfanna er IS0000015089.
C.2	<i>Gjaldmiðill verðbréfanna</i>	Hlutabréfin eru gefin út í íslenskum krónum.
C.3	<i>Fjöldi útgefna og greiddra hluta og nafnverð á hlut</i>	Útgefið hlutafé Símans hf. nemur 9.650.000.000 kr. að nafnverði og er hver hlutur 1 króna að nafnverði. Allir útgefnir hlutir eru þegar greiddir. Útgefandi á 19 eigin hluti. Lögum samkvæmt fylgir atkvæðisréttur ekki eigin hlutum. Stjórn hefur verið veitt heimild til að kaupa f.h. félagsins allt að 10% af eigin bréfum til að koma á viðskiptavakt eða setja upp endurkaupaáætlun. Endurgjald fyrir keypta hluti má að hámarki nema verði síðustu óháðu viðskipta eða hæsta fyrirliggjandi óháða kauptilboði í þeim viðskiptakerfum þar sem viðskipti með hlutina fara fram, hvort sem er herra. Stjórn hefur heimild til að hækka hlutafé um allt að 510 m.kr. að nafnverði til að mæta mögulegum skuldbindingum á grundvelli kaupréttaráætlunar starfsmanna. Útistandandi eru samningar við 613 starfsmenn, samtals um kaup á allt að 438.204.925 hlutum á genginu 2,518 kr./hlut og kaupverði samtals 1.103,4 m.kr.

C.4	<i>Réttindi sem fylgja verðbréfunum</i>	<p>Allir útgefnir hlutir í Símanum hf. tilheyra sama flokki og eru jafn rétt háir. Engin sérréttindi fylgja hlutum í útgefanda og hluthafar bera ekki ábyrgð á skuldbindingum félagsins fram yfir hlut sinn í útgefanda. Hluthafar eru ekki skyldir til að sæta innlausn hlutar síns, nema til komi heimild skv. lögum.</p> <p>Æðsta vald í málefnum félagsins er í höndum lögmeðtra hluthafafunda. Aðalfundur útgefanda skal haldinn fyrir lok maí ár hvert. Aukafundi skal halda eftir ákvörðun stjórnar, að kröfu endurskoðanda útgefanda eða hluthafa sem ráða a.m.k. 5% hlutafjár í útgefanda. Hluthafar njóta atkvæðisréttar á hluthafafundum, fá greiddan arð frá útgefanda, njóta forgangsréttar að nýjum hlutum í réttu hlutfalli við hlutafjareign og eiga rétt á að fá greitt af eignum útgefanda við slit eða gjaldprot hans í samræmi við hlutafjareign og réttarstöðu hlutafjár í kröfuröð skv. samþykktum og lögum um gjaldprotaskipti.</p> <p>Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum á hluthafafundi, nema öðruvísi sé mælt fyrir í samþykktum eða lögum, og fellur tillaga á jöfnum atkvæðum. Má einungis breyta samþykktum á löglegum hluthafafundi með 2/3 hlutum greiddra atkvæða og samþykki hluthafa sem ráð yfir a.m.k. 2/3 þess hlutafjár sem farið er með atkvæði fyrir á fundinum, enda sé annað atkvæðamagn ekki áskilið í hlutafélagalögum eða samþykktum.</p> <p>Réttindi hluthafa eru háð gildandi löggjöf og samþykktum útgefandans á hverjum tíma til fyllingar ákvæðum hlutafélagalaga nr. 2/1995.</p>
C.5	<i>Hömlur á meðferð verðbréffanna</i>	<p>Engar hömlur eru lagðar á viðskipti með hluti í útgefanda umfram það sem leiðir af lögum og má því selja og veðsetja hlutina nema annað leiði af lögum (þ.m.t. lögum er varða sölu til erlendra aðila). Hluthafi getur ekki beitt réttindum sínum á grundvelli hlutafjár nema nafn hans hafi verið fært í hlutaskrá útgefanda, eða hann hafi fært sönnur á eign sína að hlutum. Allar tilkynningar sem beint er til hluthafa, sem og arðgreiðslur, skulu sendar eða inntar af hendi til þess sem er skráður hluthafi á hverjum tíma í kerfum Nasdaq verðbréfamistöðvar hf.</p>
C.6	<i>Upplýsingar um hvort sótt hafi verið um eða sótt verði um að verðbréfin verði tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði og deili á öllum skipulegum mörkuðum þar sem viðskipti með verðbréfin fara fram eða munu fara fram</i>	<p>Í kjölfar þess að lýsing þessi hefur verið staðfest af Fjármálaeftirlitinu á Íslandi mun stjórn útgefanda óska eftir því að öll útgefnin hlutabréf í Símanum hf. verði tekin til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland, sem er skipulegur verðbréfamarkaður. Nasdaq Iceland mun fara yfir umsóknina og niðurstöður fyrirhugaðs almenns útboðs á hlutum í útgefanda þegar þær liggja fyrir og birta opinberlega ef umsóknin verður samþykkt og þá hvenær fyrsti mögulegi viðskiptadagur verður með hlutina á hinum skipulega verðbréfamarkaði, en Nasdaq Iceland tilkynnir slíka dagsetningu með að lágmarki eins viðskiptadags fyrirvara. Stjórn útgefandans telur að Síminn hf. uppfylli öll skilyrði fyrir því að hlutabréfin fái tekin til viðskipta, utan þess skilyrðis er varðar hlutafjárdreifingu sem kveður á um nægjanlegan fjölda hluthafa. Undir eðlilegum kringumstæðum er félag talið uppfylla það ef í hluthafahópi þess eru ekki færri en 500 hluthafar sem hver og einn á hlutabréf að verðmæti um 100.000 krónur að lágmarki.</p>
C.7	<i>Lýsing á arðgreiðslustefnu</i>	<p>Stefnt er að því að greiða hluthöfum árlega arð og/eða framkvæma endurkaup sem nemur 20-50% af hagnaði eftir skatta í samræmi við lög og reglur hverju sinni. Við gerð tillagna um arðgreiðslu og/eða kaup á eigin hlutum skal stjórn taka tillit til takmarkana í fjárfestingarstefnu félagsins, aðstæðna á markaði, fjárfestingarþarfar á næstu árum, skuldbindinga félagsins skv. lánasamningum og skuldabréfaflokknum SKIPTI 13 01. Skilyrði á lánasamningum kveða m.a. á um 30% eiginjárhlutfall að lágmarki að greiðsla takmarkist af 50% af óráðstöfuðu eigin fé nema eiginjárhlutfall haldist yfir 35%.</p>

D. Áhættuþættir

Liður	Upplýsingakrafa	Upplýsingar
D.1	Lykilupplýsingar um helstu áhættur sem varða sérstaklega útgefandann eða atvinnugrein hans	<p>Áhættuþættir þeir sem útgefanda er kunnugt um og telur að eigi sérstaklega við um útgefanda og dótturfélög hans og þá atvinnugrein sem þau starfa innan og gætu haft neikvæð áhrif á virði verðbréfa útgefnum af útgefanda:</p> <p>Efnahags- og stjórn málaumhverfi: Félagið gæti orðið fyrir áhrifum af þróun efnahags- og stjórn mála á Íslandi sem og erlendis. Almenn efnahags-ástand á Íslandi, ástand á vinnumarkaði og kjarasamningar geta haft áhrif á eftirspurn eftir vörum og þjónustu Símans í magni talið og möguleika félagsins til verðlagningar með hliðsjón af ásættanlegri arðsemi og þar með áhrif á afkomu félagsins. Regluverk í starfsemi fjarskiptafyrirtækja á Íslandi getur tekið breytingum vegna innleiðingar tilskipana og reglugerða Evrópusambandsins. Breytingar á öðrum almennum lögum kunna einnig að hafa áhrif á rekstur félagsins.</p> <p>Fjarskiptamarkaðurinn hefur einkennst af stöðugri þróun á gildandi tækni og nýjum tæknilausnum sem veita þeim sem fyrir eru samkeppni og jafnvel leysa þær af hólmi. Í lögum og reglugerðum er lúta að fjarskiptamarkaði er gerð rík krafa til tæknibúnaðar og öryggisþátta. Rekstur Símans og dótturfélaga og afkoma samstæðunnar er háð því að félaginu takist að endurnýja og fjárfesta í fjarskiptakerfum á ásættanlegan hátt með það fyrir augum að viðhalda og stækka viðskiptamannagrunn félagsins, bæta fjárhagslega afkomu þess og bregðast við tækniþróun, auknum kröfum viðskiptavina og eftirlitsaðila. Þessir þættir eru ekki að öllu leyti undir stjórn félagsins og mun regluverk og breytingar á því m.a. hafa þar áhrif. Áhætta tengd fjarskiptamarkaði og önnur rekstraráhætta Símans varðar lagaramma fjarskiptafyrirtækja og samkeppni, rekstrarleyfi, ákvarðanir eftirlitsaðila á borð við Póst- og fjarskiptastofnun og Samkeppniseftirlits, þ.m.t. kvaðir á fjarskiptafyrirtæki með umtalsverðan markaðsstyrk, ýmsa mikilvæga samninga félagsins, skattamál, ágreinings- og dómsmál, fjarskiptakerfi, tölvukerfi og aðra sambærilega innviði, fasteignir, leiguhúsnæði og staðsetningu, umhverfisáhrif, birgja, vörumerki og hugverkaréttindi, vernd persónuupplýsinga, orðsporsáhættu, starfsmannaáhættu og innra eftirlit.</p> <p>Fjárhagsleg áhætta Símans varðar vaxta- og fjármögnunaráhættu, verðbólguáhættu, gengisáhættu, lánsáhættu, lausafjárahættu, reikningsskilaaðferðir og váttryggingar.</p> <p>Uppbygging á eignarhaldi útgefanda: Stærstu hluthafar gætu sameiginlega haft veruleg áhrif á málefni félagsins. Eignarhald í útgefanda getur verið takmarkað af lögum og reglum.</p>
D.3	Lykilupplýsingar um helstu áhættur sem varða verðbréfin sérstaklega	<p>Ávöxtun af hlutabréfum ræðst annars vegar af arðgreiðslum og hins vegar af breytingum á verði hlutabréfa frá kaupum til sölu. Fjárfesting í hlutabréfum felur í sér margvíslega áhættu. Dæmi um áhættu sem getur haft áhrif á verð hlutabréfa eru markaðsáhætta, seljanleikaáhætta og mótaðilaáhætta. Hlutabréf eru réttlægstu kröfur í eignir hlutafélags. Verðmæti hlutabréfa getur því þurrkast út. Skipan eignarhalds getur falið í sér seljanleikaáhættu fyrir fjárfesta. Fjárfestar eru minntir á að eignarhald útgefanda getur breyst hratt og án fyrirvara.</p> <p>Fjármálamarkaðir eru háðir því rekstrarumhverfi sem opinber yfirvöld skapa fyrirtækjum. Umfangsmiklar breytingar á þeim lagaramma sem gildir um fjármálamarkaði geta haft neikvæð áhrif og skapað óróa á mörkuðum.</p>

	<p>Félaginu ber að fylgja lögum, reglugerðum og reglum sem gilda um útgefendur á verðbréfamarkaði á hverjum tíma. Brot gætu leitt til þess að eftirlitsaðilar veittu félaginu áminningu og beittu það jafnvel fjársektum, gætu haft neikvæð áhrif á orðspor félagsins og þar með leitt til verðlækkunar á hlutabréfum þess. Alvarleg brot gætu leitt til þess að verðbréf félagsins væru tekin úr viðskiptum.</p> <p>Verðmæti verðbréfa getur lækkað jafnt sem hækkað og fjárfestar geta tapað andvirði allrar fjárfestingar sinnar í verðbréfum eða eftir atvikum hluta hennar. Áður en ákvörðun er tekin um fjárfestingu í hlutabréfum í Símanum hf. er mikilvægt að fjárfestar leggi sjálfir mat á þá áhættu sem felst í að fjárfesta í hlutabréfunum. Fjárfestum er ráðlagt að skoða lagalega stöðu sína og þau skattalegu áhrif sem kaup á hlutabréfum kunna að hafa og eru hvattir til að sækja sér tilheyrandi óháða ráðgjöf. Áður en fjárfestar taka ákvörðun um þátttöku í almennu útboði sem lýsing þessi varðar eru þeir hvattir til að kynna sér vel allar upplýsingar sem koma fram í lýsingunni og sérstaklega um áhættu- og óvissuþætti.</p>
--	---

E. Tilboð

<i>Liður</i>	<i>Upplýsingakrafa</i>	<i>Upplýsingar</i>
<i>E.1</i>	<i>Heildarfjárhæð nettó-söluandvirðis og mat á heildarkostnaði við útgáfunu/útboðið, þ.m.t. áætlaður kostnaður sem útgefandi eða tilboðsgjafi krefur fjárfestinn um</i>	<p>Með útboðinu hyggst Arion banki hf. selja 1.737.000.000 af áður útgefnum hlutum í Símanum hf. sem samsvara 18% af útgefnu hlutafé í útgefanda. Hann áskilur sér rétt til að fjölga boðnum hlutum í allt að 2.026.500.000 eða 21%. Heildarsöluandvirði 18 – 21% eignarhlutar miðað við lágmarksverð í útboðinu er 4.689,9 – 5.471,55 m.kr.</p> <p>Seljandi ber kostnað af markaðssetningu og sölu hlutabréfa í útgefanda sem fyrirhuguð er í almennu útboði í aðdraganda viðskipta með hluti útgefanda á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland og er útlagður kostnaður hans þar að lútandi hverfandi þar sem stærsti kostnaðurliðurinn sem er umsjón með undirbúningi og framkvæmd útboðsins, er unnin af aðila innan samstæðu seljanda.</p> <p>Útgefandi ber kostnað sem hlýst af því að fá hlutabréf útgefanda tekin til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland og er heildarkostnaður útgefanda áætlaður um 145 m.kr.</p> <p>Af hálfu seljanda, umsjónaraðila útboðsins eða útgefanda verður enginn kostnaður lagður sérstaklega á fjárfesta vegna viðskiptanna. Fjárfestar þurfa sjálfir að kynna sér hvort einhver kostnaður eða gjöld falla á þá hjá öðrum aðilum í tengslum við viðskiptin.</p>
<i>E.2a</i>	<i>Ástæður fyrir útboðinu, notkun ágóðans, áætlað nettó-söluandvirði</i>	<p>Markmið seljanda með útboðinu er annars vegar að það geri útgefanda kleift að uppfylla skilyrði Nasdaq Iceland um dreifingu hlutabréfa sem tekin eru til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland og stuðla þannig að auknum seljanleika hlutabréfanna og dreifðara eignarhaldi og hins vegar horfir seljandi til þess að selja eign sína á sem hagstæðustu verði.</p> <p>Heildarsöluandvirði þess 18 – 21% eignarhlutar sem seljandi mun bjóða í útboðinu nemur 4.689,9 – 5.471,55 m.kr. miðað við lágmarksverð í útboðinu. Útlagður kostnaður seljanda af útboðinu er hverfandi. Ekkert fjárstreymi verður til samstæðu útgefanda í tengslum við útboðið þar sem um er að ræða útboð á þegar útgefnum hlutum í eigu Arion banka hf.</p>

E.3	Skilmálar og skilyrði útboðsins	<p>Útboðið sem lýsingin tekur til er almennt útboð til íslenskra fjárfesta í samræmi við 1. tölulið 43. greinar laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti.</p> <p>Seljandi mun falla frá útboðinu ef ekki fæst áskrift fyrir öllum boðnum hlutum. Seljandi mun falla frá útboðinu ef Nasdaq Iceland hafnar umsókn útgefanda um að hlutabréf í Símanum hf. verði tekin til víðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland eða samþykkir hana ekki í síðasta lagi 30. nóvember 2015. Seljandi áskilur sér jafnframt rétt til að fresta útboðinu, framlengja það eða falla frá því hvenær sem er fram að tilkynningu Nasdaq Iceland um að hlutabréf í útgefanda verði tekin til víðskipta, ef einhverjir atburðir eiga sér stað sem seljandi telur gefa tilefni til þess að ætla að markmið seljanda með útboðinu náist ekki, svo sem eitthvað sem varðar útboðið sjálft, útgefandann eða seljanda, neikvæð þróun á efnahagsumhverfi eða verðbréfamarkaði á Íslandi.</p> <p>Áskriftartímabil útboðsins mun standa frá kl. 10.00 þann 5. október 2015 til kl. 16.00 þann 7. október 2015.</p> <p>Útboðið er markaðssett á Íslandi. Þátttaka í útboðinu er heimil öllum aðilum sem hafa íslenska kennitölu, að því gefnu að viðkomandi aðili sé fjárráða og hafi forræði bús síns og með þeim takmörkunum sem kunna að leiða af lögum. Erlendir aðilar, samkvæmt skilgreiningu 1. gr. laga um gjaldeyris-mál nr. 87/1992 skulu að fyrra bragði sýna umsýjónaraðila fram á með óyggjandi hætti að þeim sé heimilt að fjárfesta í verðbréfunum sem boðin eru í útboðinu.</p> <p>Fjárfestum eru boðnar tvær áskriftarleiðir, tilboðsbók A og tilboðsbók B.</p> <p>A. Samtals 482.500.000 hlutir, eða 5% hluta í útgefanda, eru boðnir í tilboðsbók A. Þar er tekið við áskriftum að andvirði frá 100.000 kr. til 10.000.000 kr. og á verðbilinu 2,7 – 3,1 kr./hlut, en öllum hlutum sem seldir verða í tilboðsbók A verður úthlutað á sama verði (útboðsgengi A) sem verður á framangreindu verðbili.</p> <p>B. Samtals 1.254.500.000 hlutir, eða 13% hluta í útgefanda, eru boðnir í tilboðsbók B. Þar er tekið við áskriftum að andvirði yfir 10.000.000 kr. og stærð áskriftar einungis takmörkuð af framangreindu framboði í þessari tilboðsbók. Þar er tekið við áskriftum sem eru að lágmarki á verðinu 2,7 kr./hlut. Öllum hlutum sem seldir verða í tilboðsbók B verður úthlutað á sama verði (útboðsgengi B) sem verður hærra eða jafnt framangreindu lágmarksverði. Áskriftum þar sem lægra hámarksgengi er tilgreint verður því hafnað.</p> <p>Seljandi áskilur sér rétt til að gera breytingar á framangreindri skiptingu milli tilboðsbóka A og B, hvað varðar heildarstærð hvorrar tilboðsbókar.</p> <p>Áskriftir skal skrá rafrænt á sérstöku áskriftarformi (áskriftarvef) sem nálgast má í gegnum vef umsýjónaraðila útboðsins, www.arionbanki.is. Til að skila áskrift verður fjárfestir að skrá sig inn með rafrænum skilríkjum á farsíma, með aðgangsaðkennum sínum að netbanka Arion banka hf., með lykilorði sem hann óskar eftir á áskriftarvefnum og verður sent í netbanka hans eða með lykilorði sem nálgast má hjá söluaðila gegn staðfestingu. Rafræn staðfesting á áskriftarvef er forsenda gildirar sönnunar á áskrift. Allar áskriftir eru bindandi fyrir fjárfesta. Seljandi og umsýjónaraðili útboðs áskilja sér rétt til að krefjast staðfestingar á greiðslugetu og/eða tryggingar fyrir greiðslu frá fjárfestum með áskrift að kaupverði 10 milljónir kr. eða hærra.</p> <p>Fjármálastofnunum sem sinna eignastýringu, skv. c. lið 6. tl. 3.gr. í lögum um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 er heimiluð ákveðin undantekning hvað varðar áskriftir og áskriftarform í tilboðsbók A. Þeim er gefinn kostur á að skila áskrift fyrir hönd fjárfestis á sérstöku áskriftarformi sem nálgast má hjá umsýjónaraðila.</p>
-----	---------------------------------	--

	<p>Starfsmönnum Arion banka hf. og aðilum fjárhagslega tengdum þeim er heimil þátttaka í útboðinu að teknu tilliti til reglna Arion banka hf. um verðbréfavíðskipti starfsmanna, enda hefur regluvarsla bankans veitt til þess sérstaka heimild. Aðilum sem framangreindar reglur Arion banka hf. eiga við um er eingöngu heimilt að taka þátt í tilboðsbók A, hafa ekki heimild til að tilgreina hámarksverð í áskrift sinni (og skoðast áskriftir þá gerðar á endanlegu útboðsgengi A) og skulu skila áskriftum sínum fyrir klukkan 15.00 á fyrsta degi áskriftartímabils.</p> <p>Meginreglan við úthlutun í tilboðsbók A verður að meta áskriftir á grundvelli verðs. Áskriftir í tilboðsbók A verða skertar (að hluta eða þeim hafnað) þannig að eftir standi þær áskriftir sem berast á hæsta verði á hlut. Ef slík skerðing dugar ekki til þá verða þær áskriftir í tilboðsbók A sem eftir standa skertar um allt að 75% af upphaflegri áskrift, með þeirri undantekningu að hlutfallslegum niðurskurði verður ekki beitt á áskriftir að fjárhæð 500.000 kr. eða lægri og hlutfallslegur niðurskurður hærri áskrifta leiðir ekki til meiri skerðingar en niður í 500.000 kr. Þurfi að koma til frekari niðurskurðar verður hámark áskrifta í tilboðsbók A fært enn neðar (með flötum niðurskurði) uns samanlagður fjöldi hluta í öllum gildum áskriftum í tilboðsbókinni eftir skerðingu er jafn þeim fjölda hluta sem seljandi ákveður að bjóða fjárfestum sem eiga áskriftir í tilboðsbók A, þannig að með flötum niðurskurði getur hámarksúthlutun í tilboðsbók A farið undir 500.000 kr. að kaupverði. Útboðsgengi A mun ekki verða ákvarðað hærra en útboðsgengi B.</p> <p>Meginreglan við úthlutun í tilboðsbók B verður að meta áskriftir á grundvelli verðs. Áskriftir í tilboðsbók B verða skertar (að hluta eða þeim hafnað) þannig að eftir standi þær áskriftir sem berast á hæsta verði á hlut, þannig að samanlagður fjöldi hluta (talinn miðað við endanlegt útboðsgengi B) í öllum gildum áskriftum í tilboðsbókinni eftir skerðingu er jafn þeim fjölda hluta sem seljandi ákveður að bjóða fjárfestum sem eiga áskriftir í tilboðsbók B.</p> <p>Seljandi áskilur sér rétt til að hafna einstökum áskriftum að hluta eða heild af öðrum ástæðum en tilgreindar eru í framangreindum skerðingarreglum.</p> <p>Gert er ráð fyrir að niðurstöður útboðsins verði birtar opinberlega 8. október 2015 og Nasdaq Iceland mun í kjölfarið tilkynna hvort og þá hvenær hlutabréfin verði tekin til viðskipta. Gert er ráð fyrir að tilkynning um úthlutun til fjárfesta í útboðinu (þ.e. staðfesting eða skerðing á áskriftum) geti átt sér stað 9. október 2015 og er sá dagur þá skilgreindur viðskiptadagur, en hann gæti orðið fyrir eða síðar. Eindagi kaupverðs verður tveimur viðskiptadögum eftir skilgreindan viðskiptadag og m.v. framangreint verður hann 13. október 2015. Greiðsla í samræmi við greiðslufyrirmæli skal eiga sér stað í síðasta lagi fyrir lokun banka á eindaga. Hlutir verða afhentir kaupanda í síðasta lagi næsta virka dag eftir að greiðsla berst. Fyrsti mögulegi viðskiptadagur með hlutabréf Símans hf. á Aðalmarkaði gæti miðað við framansagt orðið 15. október 2015. Framangreindar dagsetningar miðast við að seljandi geri ekki breytingar á áskriftartímabili, úrvinnsla áskrifta taki ekki skemmri eða lengri tíma en seljandi gerir ráð fyrir og umsókn útgefanda til Nasdaq Iceland sé svarað innan þeirra tímamarka sem seljandi gerir ráð fyrir.</p>
--	--

E.4	Mögulegir hagsmuna- árekstrar	<p>Athygli er beint hér að helstu hagsmunum sem aðilar í yfirstjórn símans og tengdir aðilar, svo og Arion banki hf. kunna að hafa í tengslum við fyrirhugað almennt útboð og fyrirhugaða umsókn um að hlutabréf í Símanum hf. verði tekin til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland:</p> <p>Aðilar í yfirstjórn Símans eiga samtals um 0,8% hlut í útgefanda með beinu og óbeinu eignarhaldi. Hlutirnir voru keyptir á 2,518 kr./hlut en á þeim hvíla söluhömlur.</p> <p>Arion banki hf. er fyrir útboð stærsti hluthafinn í útgefanda, er eini seljandinn í útboðinu, býður þar 18-21% til sölu og heldur að öðru óbreyttu eftir 6,8 - 9,8% hlut. Fyrirtækjaráðgjöf fjárfestingarbankasviðs Arion banka hf. hefur umsýgn með því ferli að fá hlutabréf útgefanda tekin til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland. Fyrirtækjaráðgjöf er umsýgnaraðili útboðsins og söluaðili. Markaðsviðskipti fjárfestingarbankasviðs eru jafnframt söluaðili í útboðinu. Fjárfestingarbankasvið hefur haft og mun hafa milligöngu um önnur viðskipti Arion banka hf. og/eða annarra aðila með fjármálagerninga tengda verðbréfum útgefnum af Símanum hf.</p> <p>Fyrirtækjaráðgjöf fjárfestingarbankasviðs Arion banka hf. er meðal viðtakenda á áreiðanleikakönnunum sem unnar voru á útgefanda í aðdraganda birtingar lýsingar 25. september 2015. Eigin viðskipti Arion banka hf. hafa gert samning við útgefanda um viðskiptavakt á hlutum útgefanda og er hún framkvæmd fyrir reikning bankans gegn þóknun frá útgefanda. Arion banka hf. er ekki skylt að meta hvort þátttaka í útboðinu og kaup á hlutum í útgefanda er viðeigandi fyrir fjárfesta og nýtur fjárfestir í slíkum viðskiptum því ekki verndar samkvæmt 16 gr. í lögum nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti. Bankinn fer fram á það við fjárfesta að þeir kynni sér upplýsingar um reglur Arion banka hf. um hagsmunaárekstra, sem eru settar í samræmi við 8. gr. í lögum nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti, og að þeir kynni sér alla hugsanlega hagsmunaárekstra sem tilgreindir eru í lýsingunni.</p>
E.5	Aðili sem býður verðbréfið til sölu Sölutakmarkanir	<p>Fyrirtækjaráðgjöf fjárfestingarbankasviðs Arion banka hf. hefur umsýgn með útboðinu, þ.m.t. markaðssetningu og sölu tilboðsbóka A og B. Aðrir söluaðilar eru markaðsviðskipti fjárfestingarbankasviðs Arion banka hf. og Arctica Finance hf.</p> <p>Söluhömlur eru á samtals um 10,5% hlutafjár í útgefanda. Þar af er óheimilt til 1. janúar 2017 að selja 5% hlut L1088 ehf.; óheimilt til 1. mars 2016 að selja um 0,5% hlutafjár útgefanda sem eru í eigu nokkurra stjórnenda Símans; og óheimilt í þrjá mánuði frá skráningu Símans (fyrsta viðskiptadegi með hluti á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland) að selja 5% sem eru dreifðri eigu viðskiptavina Arion banka hf. Ekki liggja fyrir upplýsingar um neinar aðrar söluhömlur en að framan greinir, eða söluskyldu á hlutum í útgefanda að loknu fyrirhuguðu útboði.</p>
E.6	Fjárhæð og hlutfall tafarlausrar þynn- ingar vegna útboðsins	Á ekki við.
E.7	Kostnaður fjárfesta	<p>Af hálfu seljanda, umsýgnaraðila eða útgefanda verður enginn kostnaður lagður sérstaklega á fjárfesta vegna viðskiptanna. Fjárfestar þurfa sjálfir að kynna sér hvort einhver kostnaður eða gjöld falla á þá hjá öðrum aðilum í tengslum við viðskiptin. Þó er bent á að eigi fjárfestir ekki vörslureikning hjá þeim vörsluaðila sem hann tilgreinir í áskrift mun Arion banki hf. stofna vörslureikning í nafni fjárfestis hjá Arion banka hf. (og hjá Verðbréfa-skráningu Íslands hf.), svo hægt sé að móttaka hluti fjárfestis í samræmi við framangreint og áskilur bankinn sér rétt til að innheimta gjald af fjárfesti fyrir vörslu hlutanna.</p>



Verðbréfalýsing hlutabréfa

Útgefandi: Síminn hf.

Verðbréfalýsing birt í tengslum við umsókn um að hlutabréfaflokkur verði tekinn til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði og í tengslum við almennt útbod á 18 - 21% af áður útgefnum hlutum

Verðbréfalýsing þessi er gefin út af Símanum hf., kt. 460207-0880, Ármúla 25, 108 Reykjavík (einnig nefndur „útgefandi“ í verðbréfalýsingu þessari). Hún er hluti af lýsingu útgefandans dagsettri 25. september 2015 sem samanstendur af verðbréfalýsingu þessari dagsettri 25. september 2015, útgefandalýsingu dagsettri 25. september 2015 og samantekt dagsettri 25. september 2015.

Lýsingin er gefin út vegna almenns útbods Arion banka hf. á hlutabréfum sem bankinn á í Símanum hf. og fyrirhugað er 5. - 7. október 2015 (nefnt „útbodið“ í verðbréfalýsingu þessari) og vegna fyrirhugaðrar umsóknar útgefanda um að hlutabréf í Símanum hf. verði tekin til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland (með „Nasdaq Iceland“ er í verðbréfalýsingu þessari átt við Kauphöll Íslands hf., kt. 681298-2829, Laugavegi 182, Reykjavík) sem er skipulegur verðbréfamarkaður. Lýsingin tekur því annars vegar til þeirra hluta í útgefanda sem boðnir verða til sölu í framangreindu útbodi og hins vegar til allra hlutabréfa í útgefanda sem óskað verður eftir að verði tekin til viðskipta.

Lýsingin er birt á vef útgefanda, www.siminn.is/siminn/fjarfestar, og má nálgast hana þar rafrænt. Einnig má nálgast lýsinguna á prentuðu formi hjá útgefanda í höfuðstöðvum hans í Ármúla 25 í Reykjavík og hjá Arion banka hf. í Borgartúni 19 í Reykjavík.

Verðbréfalýsing þessi er dagsett 25. september 2015.

Umsjónaraðilar



ARCTICA FINANCE

Efnisyfirlit

1.	Áhættuþættir	3
1.1	Almenn áhætta hlutabréfa	3
1.2	Lagaumhverfi almenns útboðs og töku til viðskipta	4
1.3	Þynning hlutafjáreignar	4
1.4	Markaðsverð hluta útgefanda getur sveiflast	5
1.5	Uppbygging á eignarhaldi	5
2.	Veltufé, fjármögnun og skuldastaða	6
3.	Almennt útboð	8
3.1	Stærð útboðs, verðlagning og áskriftarleiðir	8
3.2	Útgefandi	9
3.3	Seljandi	9
3.4	Umsjónaraðili útboðsins og jafnframt söluaðili	10
3.5	Aðrir söluaðilar.....	10
3.6	Aðstoð vegna tilboðsbókar A.....	10
3.7	Fjárfestar.....	10
3.8	Áskriftartímabil, skráning áskrifta og stærðarviðmið	11
3.9	Staðfesting á greiðslugetu og/eða trygging fyrir greiðslu	12
3.10	Úthlutun og skerðing áskrifta við umframeftirspurn.....	12
3.11	Tilkynning um niðurstöður útboðs.....	13
3.12	Tilkynning um úthlutun, greiðslufyrirmæli og uppgjör viðskipta	13
4.	Upplýsingar um hlutabréfin og töku til viðskipta.....	15
4.1	Hlutabréf tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði.....	15
4.2	Viðskiptavakt.....	15
4.3	Hlutabréfaflokkurinn.....	16
5.	Tilkynning til fjárfesta.....	23
5.1	Skilgreiningar og tilvísanir.....	24
5.2	Ráðgjafar	25
5.3	Hugsanlegir hagsmunaárekstrar.....	25
5.4	Yfirlýsing endurskoðanda	26
5.5	Yfirlýsing seljanda	27
5.6	Yfirlýsing ábyrgðaraðila fyrir hönd útgefanda.....	27

1. ÁHÆTTUÞÆTTIR

Fjárfesting í hlutabréfum felur í sér ýmsa áhættuþætti. Verðmæti hlutabréfanna getur lækkað jafnt sem hækkað og fjárfestar geta tapað andvirði allrar fjárfestingar sinnar í hlutabréfum eða eftir atvikum hluta hennar.

Áður en ákvörðun er tekin um fjárfestingu í hlutabréfum sem Síminn hf. gefur út er mikilvægt að fjárfestar leggi sjálfir mat á þá áhættu sem felst í að fjárfesta í hlutabréfunum. Fjárfestum er ráðlagt að skoða lagalega stöðu sína og þau skattalegu áhrif sem kaup á hlutabréfunum kunna að hafa og eru hvattir til að sækja sér tilheyrandi óháða ráðgjöf.

Fjárfestar eru hvattir til að kynna sér vel allar upplýsingar sem koma fram í lýsingu útgefanda sem verðbréfalýsing þessi er hluti af. Fjárfestar eru sérstaklega hvattir til að kynna sér vel allar upplýsingar um þá áhættu- og óvissuþætti útgefandans og samstæðu hans, sem lýst er í köflum um áhættuþætti í lýsingu útgefanda dagsettri 25. september 2015 sem verðbréfalýsing þessi er hluti af, og gætu haft veruleg áhrif á samstæðu útgefanda og fjárfestingar í hlutabréfum útgefanda.

Þessi kaflí, *1. Áhættuþættir* í verðbréfalýsingu þessari, inniheldur upplýsingar um áhættuþætti sem útgefandi telur skv. bestu vitund eiga sérstaklega við um hlutabréf útgefin af honum svo meta megi markaðsáhættuna sem tengist þeim, en þeim er ekki skipað í röð eftir mikilvægi. Kaflinn *1. Áhættuþættir* í útgefandalýsingu dagsettri 25. september 2015 sem er hluti af framangreindri lýsingu, inniheldur upplýsingar um áhættuþætti sem útgefandinn telur samkvæmt bestu vitund eiga sérstaklega við um útgefandann, samstæðu hans og atvinnugrein hans. Áhættuþættir þessir eru háðir óvissu og því er útgefanda ekki mögulegt að segja til um líkur á því að þeir geti átt sér stað. Möguleiki er á því að aðrir þættir en þeir sem taldir eru upp á grundvelli þeirra upplýsinga sem nú liggja fyrir og útgefanda er kunnugt um, geti haft áhrif á markaðsvirði hlutabréfanna og/eða getu útgefanda til að standa við skuldbindingar sínar.

1.1 Almenn áhætta hlutabréfa

Nauðsynlegt er að hafa í huga að fjárfestingar í hlutabréfum fela að öllu jöfnu í sér meiri áhættu en fjárfestingar í skuldabréfum, þar sem eigendur skuldabréfa eru framar í röð kröfuhafa en eigendur hlutabréfa. Ávöxtun af hlutabréfum ræðst annars vegar af arðgreiðslum og hins vegar af breytingum á verði hlutabréfa frá kaupum til sölu. Sveiflur í gengi hlutabréfa eru almennt meiri en sveiflur í gengi skuldabréfa og verðmæti þeirra getur jafnvel þurrkast út. Hægt er að dreifa áhættunni sem felst í að fjárfesta í hlutabréfum í einstökum fyrirtækjum með því að fjárfesta í safni hlutabréfa ólíkra fyrirtækja og/eða ólíkra tegunda fjármálagerninga. Einnig má ætla að það auki skilning á áhættu við hlutabréfakaup ef fjárfestir einskorðar slík kaup við félög í rekstri sem hann annaðhvort þekkir vel eða getur sett sig inn í með góðu móti. Jafnframt má draga verulega úr fjárhagslegri áhættu samfara hlutabréfakaupum með því að forðast eða lágmarka lántökur vegna þeirra. Engu að síður er ekki með öllu hægt að komast hjá áhættuþáttum sem fylgja hlutabréfamarkaðinum.

Fjárfesting í hlutabréfum felur í sér margvíslega áhættu. Dæmi um áhættu sem getur haft áhrif á verð hlutabréfa er markaðsáhætta, seljanleikaáhætta og mótaðilaáhætta. Markaðsáhætta skapast af verðbreytingum á tilteknum hlutabréfamarkaði í heild sinni sem rekja má til óvæntra atburða og breytinga á ytri skilyrðum sem hafa áhrif á rekstur fyrirtækja og þjóðarbúsins í heild. Seljanleikaáhætta felst í því að eftirspurn eftir hlutabréfum útgefanda getur verið mismikil frá einum tíma til annars. Mótaðilaáhætta felst í því að við kaup eða sölu hlutabréfa eða gerð annarra samninga um fjármálagerninga er hugsanlegt að samningsaðili efni ekki samninginn þegar að uppgjöri kemur. Enn fremur þarf að hafa í huga að hlutabréf eru réttlægstu kröfur í eignir hlutafélags, sem þýðir að við slit eða gjaldþrot útgefanda fá hluthafar greitt í hlutfalli við hlutfjáreign sína, kveði samþykktir ekki á um aðra skipan, það sem eftir stendur af eignum félagsins eftir að allir aðrir kröfuhafar hafa fengið gildar kröfur sínar greiddar.

Þeir sem hafa í hyggju að fjárfesta í hlutum útgefanda þurfa að hafa í huga að ekki er hægt að veita tryggingu fyrir því að fjárfestingin muni reynast arðsöm. Þá skulu væntanlegir fjárfestar einnig hafa það hugfast að þrátt fyrir að fjárfesting í hlutabréfum kunni að skila góðri ávöxtun almennt er sú hætta ávallt fyrir hendi að hlutabréf í einstökum félögum lækki í verði. Af þeim sökum er væntanlegum fjárfestum bent á að dreifa áhættu sinni og leita sér fjárfestingarráðgjafar.

Fjármálamarkaðir eru háðir því rekstrarumhverfi sem opinber yfirvöld skapa fyrirtækjum. Umfangsmiklar breytingar á þeim lagaramma sem gildir um fjármálamarkaði geta haft neikvæð áhrif og skapað óróa á mörkuðum.

Heildarvelta og almenn verðþróun á markaði svo og velta með einstaka flokka ásamt verðþróun þeirra er misjöfn milli missera, mánaða, vikna og daga þar sem margir þættir markaðsaðstæðna og annarra ytri aðstæðna fyrirtækja ráða framboði og eftirspurn. Seljanleikaáhætta er skilgreind sem sú áhætta er felst í því hversu auðvelt

eða erfitt er að selja eign á verði sem næst raunvirði. Mælikvarði á áhættu af þessu tagi er bilið á milli kaup- og sölutilboða á markaði. Áhættan er bæði fólgin í magni, þ.e. að markaðurinn taki við því magni sem vilji er til að selja á raunvirði hverju sinni, og gengi, þar sem umfangsmikil viðskipti með hlutabréf félags geta haft veruleg áhrif á verðmyndun bréffanna.

1.2 Lagaumhverfi almenns útboðs og töku til viðskipta

Frá því að útgefandi óskar eftir því við Nasdaq Iceland að hlutabréfaflokkurinn verði tekinn til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði gilda um hann og hlutabréfin sem hann gefur út reglur Fjármálaeftirlitsins (einnig nefnt „FME“), kt. 541298-3209, Höfðatúni 2, Reykjavík, nr. 1050/2012 um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja, reglugerð nr. 630/2005 um innherjaupplýsingar og markaðssvik auk reglugerðar nr. 707/2008 um upplýsingagjöf og tilkynningarskyldu skv. lögum nr. 108/2007 um verðbréfiðskipti, en slík umsókn telst virk að því gefnu að birt hafi verið staðfest lýsing sem tekur til hlutabréfaflokksins og töku til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði.

Ef Nasdaq Iceland samþykkir að taka hlutabréfaflokkinn til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland mun útgefandi og hlutabréfin sem hann gefur út lúta *Reglum fyrir útgefendur fjármálagerninga* sem gefnar voru út af Nasdaq Iceland 17. desember 2013 í samræmi við lög nr. 110/2007 um kauphallir.

Skuldabréf í flokkinum SKIPTI 13 01 sem er útgefinn af Símanum hf. voru tekin til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland í desember 2013 og hafa framangreind lög og reglur því átt við um útgefandann frá þeim tíma, að því marki sem gildir um útgefendur skuldabréfa.

Útgefanda ber að fara eftir framangreindum lögum og reglum, sem meðal annars fela í sér upplýsingaskyldu. Brot á þeim kann að hafa fjárhagsleg áhrif á útgefanda. Alvarleg brot á þessum reglum kunna að hafa það í för með sér að Nasdaq Iceland taki hlutabréf í útgefanda úr viðskiptum um tiltekinn tíma eða endanlega. Brjótí útgefandi framangreindar reglur kann það enn fremur að hafa áhrif á orðspor útgefanda og getur það haft þær afleiðingar að hlutabréf útgefanda falli í verði.

Þeir sem fjárfesta í hlutabréfum í útgefanda falla undir lög og reglur sem varða hlutabréfiðskipti, svo sem reglur um yfirtökutilboð, viðskipti innherja og flöggunarskyldu vegna hlutabréfa félaga sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði.

Brot gegn tilteknum ákvæðum laga nr. 108/2007 um verðbréfiðskipti, framin af ásetningi eða gáleysi, geta varðað sektum eða fangelsi allt að tveimur eða sex árum.

1.3 Þynning hlutafjáreignar

Hlutafjárukning getur þynnt hlutafjáreign hluthafa. Ef útgefandi hækkar virkt hlutafé sitt með öðrum hætti en útgáfu jöfnunarhlutabréfa mun hlutfallsleg hlutafjáreign þeirra sem eiga hlutabréf í útgefanda fyrir minnka í samræmi við aukninguna nema þeir fjárfesti í nýjum hlutum í útgefanda í hlutfalli við hlutafjáreign sína. Tilgangur hlutafjárukningar er að jafnaði fjármögnun sem ætlað er að auka verðmæti félagsins. Fjárfestar skulu hafa í huga að sá möguleiki er ávallt fyrir hendi að útgefandi auki hlutafé sitt í framtíðinni.

Samþykki hluthafafundar þarf til að breyta hlutafé, hvort sem er til hækkunar eða lækkunar. Samkvæmt núgildandi samþykktum útgefanda, dagsettum 8. september 2015, er hvorki til staðar útistandandi ákvörðun hluthafafundar um útgáfu nýrra hluta eða lækkun hlutafjár, en stjórn félagsins hefur heimild til að hækka hlutafé um allt að 510.000.000 kr. að nafnverði til að mæta mögulegum skuldbindingum félagsins á grundvelli kaupréttaráætlunar sem hluthafafundur samþykkti 8. september 2015 ásamt hækkunarheimildinni. Kaupréttaráætlunin gildir fyrir alla starfsmenn samstæðunnar að Mílu undanskilinni þar sem starfsmanni býðst kaupréttur á hlutum í Símanum hf. fyrir að hámarki 600.000 kr. að kaupverði á ári í þrjú ár. Samninga sem félagið gerir við starfsmenn á grundvelli kaupréttaráætlunar áður en félagið verður skráð á markað skal miða við síðasta þekkta gagngjald á grundvelli viðskipta sem voru kynnt 21. ágúst 2015 þar sem kaupgengi var 2,518 kr. fyrir hvern hlut en ella er miðað við vegið meðalverð í viðskiptum með hluti Símans síðustu tíu heilu viðskiptadaga fyrir gerð samnings. Öllum fastráðnum starfsmönnum samstæðunnar að Mílu undanskilinni hafa verið boðnir slíkir samningar og hafa verið gerðir samningar við 613 starfsmenn, samtals um kaup á allt að 438.204.925 hluti á genginu 2,518 kr./hlut og kaupverði samtals 1.103,4 m.kr.

Útgefandi á 19 eigin hluti. Aðalfundur Símans hf. þann 16. apríl 2015 heimilaði stjórn félagsins að kaupa í eitt skipti eða oftar á næstu 18 mánuðum hlutabréf í félaginu þannig að það ásamt dótturfélögum þess eigi, að öðrum lagaskilyrðum uppfylltum, allt að 10% af hlutafé þess, þ.e. að hámarki kr. 965.000.000 að nafnverði, í þeim tilgangi að koma á viðskiptavakt með hluti í félaginu og/eða til að setja upp formlega endurkaupaáætlun.

Endurgjald fyrir keypta hluti skal ekki vera á hærra verði en nemur verði síðustu óháðu viðskipta eða hæsta fyrirbyggjandi óháða kauptilboði í þeim viðskiptakerfum þar sem viðskipti með hlutina fara fram, hvort sem er hærra. Slík kaup eru þó heimil ef þau eru gerð af viðskiptavaka skv. 116. gr. laga um verðbréfavíðskipti eða á grundvelli 1. tölul. 3. mgr. 115. gr. og 2. mgr. 119. gr. laga um verðbréfavíðskipti og reglugerða sem settar eru á grundvelli 118. og 131. gr. sömu laga. Heimild þessi byggir á ákvæðum 55. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Ákvæði 55. og 56. gr. hlutafélagalaga nr. 2/1995, heimila að hlutafélag eignist allt að 10% af heildarhlutafé þess á hverjum tíma, en til þess þarf heimild hluthafafundar nema slíkt reynist nauðsynlegt til að afstýra verulegu og yfirvofandi tjóni hjá félaginu.

1.4 Markaðsverð hluta útgefanda getur sveiflast

Hlutabréfamarkaðir eru sérstaklega næmir fyrir ýmsum áhrifaþáttum sem geta án fyrirvara leitt til lækkunar eða hækkunar hlutabréfaverðs. Markaðsverð hlutabréfa getur sveiflast eftir að viðkomandi hlutabréfaflokkur hefur verið tekinn til viðskipta á skipulögðum verðbréfamarkaði, þar með töldum Aðalmarkaði Nasdaq Iceland.

Endanleg verð (útbodsgengi) sem fást í fyrirhuguðu almennu útboði í aðdraganda þess að hlutabréf í útgefanda verði tekin til viðskipta geta verið hærri eða lægri en verð sem myndast á skipulegum verðbréfamarkaði. Hætta getur verið á að fjárfestar sem kaupa hluti í almenna útboðinu geti ekki selt hlutina á eða yfir því verði sem þeir greiða fyrir hlutina í almenna útboðinu eða geti jafnvel ekki selt hlutina þó að þeir verði reiðubúnir að selja þá undir kaupverði.

1.5 Uppbygging á eignarhaldi

Skipan eignarhalds á hverjum tíma getur falið í sér seljanleikaáhættu fyrir fjárfesta.

Stærstu hluthafar útgefanda gætu, miðað við eignarhald sitt, tekið sig saman um að hafa veruleg áhrif á mál sem borin eru undir atkvæði hluthafafundar. Þeir hafa einnig vald til að koma í veg fyrir breytingu á yfirráðum og gætu gripið til aðgerða sem gætu haft veruleg neikvæð áhrif á verðmæti hlutabréfa í útgefanda. Þetta á bæði við um eignarhald útgefanda samkvæmt núverandi hlutaskrá og eignarhald eftir breytingar sem eru fyrirhugaðar vegna útbodisins.

Fjárfestar eru minntir á að eignarhald útgefanda getur breyst hratt og án fyrirvara.

Núverandi og verðandi hluthafar þurfa að huga að því að eignarhald þeirra í útgefanda getur verið takmarkað af gildandi lögum og reglum. Í þessu samhengi má nefna lög nr. 81/2003 um fjarskipti og samkeppnislög nr. 44/2005.

Ekki liggja fyrir upplýsingar um hvort og þá hvenær eða með hvaða hætti seljandi í útboðinu eða aðrir í hópi stærstu hluthafa Símans hf. áformi að selja þá eignarhluti sem þeir munu eiga eftir að útboðinu lýkur. Söluhömlur eru á samtals um 10,5% hlutafjár í útgefanda. Þar af er óheimilt til 1. janúar 2017 að selja 5% hlut L1088 ehf.; óheimilt til 1. mars 2016 að selja um 0,5% hlutafjár útgefanda sem eru í eigu nokkurra stjórnenda Símans; og óheimilt í þrjú mánuði frá skráningu Símans (fyrsta viðskiptadegi með hluti á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland) að selja 5% sem eru dreifðri eigu viðskiptavina Arion banka hf. Ekki liggja fyrir upplýsingar um neinar aðrar söluhömlur en að framan greinir, eða söluskyldu á hlutum í útgefanda að loknu fyrirhuguðu útboði.

Fjárfestum er ráðlagt að kynna sér upplýsingar um stærstu hluthafa og fyrirsjáanlegar eignarhaldsbreytingar, sem koma fram í kafla 4.3.7 *Lögbundin yfirtökutilboð og tilboðsskylda* í verðbréfalýsingu þessari, svo og upplýsingar í útgefandalýsingu, dagsettri 25. september 2015, undir köflunum 1.4 *Uppbygging á eignarhaldi útgefanda*, 4.4 *Aðrar upplýsingar um stjórn og yfirstjórn* og 5.4 *Hluthafar*.

2. VELTUFÉ, FJÁRMÖGNUN OG SKULDASTAÐA

Stjórnarformaður Símans hf. og forstjóri lýsa því yfir fyrir hönd útgefanda að þeir telji veltufé samstæðu Símans hf. vera fullnægjandi til að uppfylla núverandi þarfir hennar, að fjármögnun og skuldastaða samstæðunnar þann 30. júní 2015 hafi verið eins og sýnt er í eftirfarandi töflu, svo og að fjármögnun og skuldastaða hafi ekki tekið verulegum breytingum frá 30. júní 2015. Eftirfarandi fjárhagsupplýsingar eru í samræmi við efnahagsreikning samstæðu Símans hf. 30. júní 2015, sem er hluti af endurskoðuðu fjárhagsuppgjöri samstæðunnar fyrir tímabilið 1. janúar - 30. júní 2015. Bent er á þá ársreikninga sem birtir eru í heild sinni með skýringum í útgefandalýsingu, dagsettri 25. september 2015, í kafla 9. *Samstæðureikningar Símans hf. 01.01.2012 - 30.06.2015*, svo og á fjárhagsupplýsingar í útgefandalýsingunni, í kafla 6. *Fjárhagsyfirlit 1. janúar 2012 - 30. júní 2015*, sem varða eignir og skuldir, fjárhagsstöðu og afkomu. Ekkert fjárstreymi verður til samstæðu útgefanda í tengslum við fyrirhugað almennt útboð á hlutum í félaginu sem fyrirhugað er 5. - 7. október 2015, þar sem um er að ræða útboð á þegar útgefnum hlutum í eigu Arion banka hf. Bent er á upplýsingar í kafla 4.1 *Hlutabréf tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði* í verðbréfalýsingu þessari, um kostnað sem fellur á útgefanda vegna þess ferlis að óska eftir að fá hlutabréf í útgefanda tekin til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland.

Fjármögnun

(m.kr.)	30.6.2015	31.12.2014	31.12.2013	31.12.2012
Skammtímaskuldir				
- með ábyrgðum				
- með veði	1.366	1.364	1.360	32.797
- án ábyrgða/veðs	5.308	5.687	5.554	7.344
Skammtímaskuldir samtals	6.674	7.051	6.914	40.141
Langtímaskuldir				
- með ábyrgðum				
- með veði	23.452	24.065	25.351	29.261
- án ábyrgða/veðs	202			
Langtímaskuldir samtals	23.654	24.065	25.351	29.261
Eigið fé				
Hlutfé	9.650	9.650	9.650	8.725
Yfirverðsreikningur	17.802	35.766	35.766	8.604
Þýðingarmunur	573	606	365	(83)
Óráðstafað eigið fé	3.274	(16.016)	(19.296)	(9.328)
Hlutdeild minnihluta	(79)	(75)	(52)	(25)
Eigið fé samtals	31.220	29.931	26.433	7.893
Samtals fjármögnun	61.548	61.047	58.698	77.295

Skuldastaða

<i>(m.kr.)</i>	30.6.2015	31.12.2014	31.12.2013	31.12.2012
Greiðsluhæfi				
Handbært fé	3.986	4.007	609	606
Bundið fé				
Greiðsluhæfi samtals	3.986	4.007	609	606
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	5.979	6.241	8.046	11.846
Skammtímaskuldir				
Vaxtaberandi kuldir	1.366	1.364	1.360	32.797
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	5.308	5.687	5.554	7.344
Skammtímaskuldir samtals	6.674	7.051	6.914	40.141
Langtímaskuldir				
Vaxtaberandi langtímaskuldir	23.452	24.065	25.351	29.261
Tekjuskattsskuldbinding	202			
Langtímaskuldir samtals	23.654	24.065	25.351	29.261
Nettó skuldastaða	20.363	20.868	23.610	56.950

3. ALMENNT ÚTBOÐ

Útboðið sem lýst er í þessari verðbréfalýsingu er almennt útboð til íslenskra fjárfesta í samræmi við 1. tölulið 43. greinar laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti.

Útboðið tekur til þegar útgefna hluta í Símanum hf. sem eru í eigu Arion banka hf. (einnig nefndur „seljandi“ í verðbréfalýsingu þessari). Stærð útboðsins nemur 18% af útgefnum hlutum útgefanda en Arion banki hf. áskilur sér sem seljandi rétt til að stækka það í allt að 21%.

Áskriftartímabil útboðsins mun standa yfir 5. - 7. október 2015. Gert er ráð fyrir að niðurstöður útboðsins verði birtar 8. október 2015 og Nasdaq Iceland mun í kjölfarið birta endanlegt svar við umsókn útgefandans um hvort hlutabréfin verði tekin til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland. Gert er ráð fyrir að upplýsingar um úthlutun til fjárfesta í útboðinu (þ.e. staðfesting eða skerðing á áskriftum) verði sendar fjárfestum 9. október 2015 og er eindagi viðskiptanna þá ákvarðaður 13. október 2015 en greiddir hlutir verða afhentir kaupanda í síðasta lagi næsta virka dag eftir að greiðsla berst. Fyrsti mögulegi viðskiptadagur með hlutabréf Símans hf. á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland gæti miðað við framangreint orðið 15. október 2015.

Markmið seljanda með útboðinu er annars vegar að það geri útgefanda kleift að uppfylla skilyrði Nasdaq Iceland um dreifingu hlutabréfa sem tekin eru til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland og stuðla þannig að auknum seljanleika hlutabréfanna og dreifðara eignarhaldi og hins vegar horfir seljandi til þess að selja eign sína á sem hagstæðustu verði.

Seljandi mun falla frá útboðinu ef ekki fæst áskrift í útboðinu fyrir öllum boðnum hlutum og verður það þá tilkynnt með niðurstöðum útboðs. Seljandi mun falla frá útboðinu ef Nasdaq Iceland hafnar umsókn útgefanda um að hlutabréf í Símanum hf. verði tekin til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland eða samþykkir hana ekki í síðasta lagi 30. nóvember 2015. Seljandi áskilur sér jafnframt rétt til að fresta útboðinu, framlengja það eða falla frá því hvenær sem er fram að tilkynningu Nasdaq Iceland um að hlutabréf í útgefanda verði tekin til viðskipta, ef einhverjir atburðir eiga sér stað sem seljandi telur gefa tilefni til þess að ætla að markmið seljanda með útboðinu náist ekki, svo sem eitthvað sem varðar útboðið sjálft, útgefandann eða seljanda, neikvæð þróun á efnahagsumhverfi eða verðbréfamarkaði á Íslandi. Ef seljandi tekur ákvörðun um að falla frá útboðinu samkvæmt framansögðu munu þar með allar áskriftir fyrir hlutum í útboðinu sem og úthlutanir á grundvelli þeirra dæmast ógildar. Komi til þess að fallið verði frá útboðinu eða útboðstímabilið framlengt eða því frestað, þá verður það tilkynnt opinberlega. Komi til þess að útboðstímabilið verði framlengt eða því frestað, þá verður birtur viðauki við verðbréfalýsingu þessa þar sem gerð verður grein fyrir breytingunni, en jafnframt verða birtar allar mikilvægar nýjar upplýsingar sem komið hafa fram frá staðfestingu verðbréfalýsingar þessarar sem máli skipta fyrir mat fjárfesta á hlutabréfum í útgefanda. Viðaukinn skal staðfestur innan sjö virkra daga og birtur á sama hátt og upprunalega lýsingin. Í samræmi við 46. gr. laga nr. 108/2007 skulu fjárfestar sem þegar hafa samþykkt að kaupa eða skrá sig fyrir verðbréfum áður en viðaukinn er birtur hafa rétt til að falla frá fyrrgreindu samþykki að lágmarki í tvo virka daga frá birtingu viðaukans.

Framangreindar dagsetningar miðast við að seljandi geri ekki breytingar á áskriftartímabili, úrvinnsla áskrifta taki ekki skemmri eða lengri tíma en seljandi gerir ráð fyrir og umsókn útgefanda til Nasdaq Iceland sé svarað innan þeirra tímamarka sem seljandi gerir ráð fyrir.

Fyrirtækjaráðgjöf fjárfestingarbankasviðs Arion banka hf., kt. 581008-0150, Borgartúni 19, Reykjavík, hefur umsjón með fyrirhuguðu almennu útboði, þ.m.t. markaðssetningu og sölu, í aðdraganda viðskipta með hlutabréf útgefanda á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland. Aðrir söluaðilar útboðsins eru markaðsviðskipti fjárfestingarbankasviðs Arion banka hf. og Arctica Finance hf.

Útboðið er ekki sölutryggt. Hvorki útgefanda né seljanda er kunnugt um hvort einstakir hluthafar, stjórnarmenn eða stjórnendur Símans hf. hyggjast skrá sig fyrir áskrift í útboðinu, eða hvort einhver aðili hyggst skrá sig fyrir meira en 5% af stærð útboðsins.

3.1 Stærð útboðs, verðlagning og áskriftarleiðir

Með útboðinu hyggst Arion banki hf. selja samtals 1.737.000.000 af áður útgefnum hlutum í Símanum hf. eða sem samsvarar 18% af útgefnu hlutafé í útgefanda, en áskilur sér rétt til að stækka útboðið í allt að 2.026.500.000 hluti eða sem samsvarar 21% af áður útgefnu hlutafé.

Fjárfestum eru boðnar tvær áskriftarleiðir, tilboðsbók A og tilboðsbók B, en þær eru ólíkar hvað varðar m.a. stærð áskrifta, verðlagningu og úthlutunarreglur. Helstu skilmálar þeirra eru reifaðir stuttlega hér að neðan í liðum A og B, en nauðsynlegt er að lesa þriðja kafla þessarar verðbréfalýsingar í heild sinni til að nálgast heildarskilmála útboðsins.

- A. Samtals 5% af útgefnu hlutafé í Símanum hf. er boðið til sölu í tilboðsbók A. Í tilboðsbók A er tekið við áskriftum að andvirði á bilinu 100.000 - 10.000.000 kr. Í tilboðsbók A er tekið við áskriftum á verðbilinu 2,70 - 3,10 krónur á hlut, en öllum hlutum sem seldir verða í tilboðsbók A verður úthlutað á sama verði (útboðsgengi A) sem verður á framangreindu verðbili. Áskriftum þar sem lægra hámarksgengi er tilgreint verður því hafnað. Komi til umfræftirspurnar verða áskriftir í tilboðsbók A skertar hlutfallslega um allt að 75%, þó þannig að leitast verður við að skerða ekki áskriftir undir 500.000 kr. og flötum niðurskurði beitt á hæstu áskriftir ef það dugar ekki til. Útboðsgengi í tilboðsbók A mun ekki verða ákvarðað hærra heldur en útboðsgengi í tilboðsbók B.
- B. Samtals 13% af útgefnu hlutafé í Símanum hf. er boðið til sölu í tilboðsbók B. Í tilboðsbók B er tekið við áskriftum að andvirði yfir 10.000.000 kr. og er stærð hvernar áskriftar einungis takmörkuð af framangreindu framboði í þessari tilboðsbók. Í tilboðsbók B er tekið við áskriftum sem eru að lágmarki á verðinu 2,70 krónur á hlut og er ekkert hámarksverð tilgreint af hálfu seljanda. Öllum hlutum sem seldir verða í tilboðsbók B verður úthlutað á sama verði (útboðsgengi B) sem verður hærra eða jafnt framangreindu lágmarksverði. Áskriftum þar sem lægra hámarksgengi er tilgreint verður því hafnað.

Seljandi áskilur sér rétt til að gera breytingar á framangreindri skiptingu milli tilboðsbóka A og B, hvað varðar heildarstærð hvorrar tilboðsbókar. Seljandi áskilur sér jafnframt rétt til að taka einhliða ákvörðun um að fjölga boðnum hlutum til sölu í allt að 21% af útgefnum hlutum í útgefanda, eða samtals í allt að 2.026.500.000 hluti, og taka ákvörðun um það hvernig slíkri hækkun, ef til kemur, verður ráðstafað milli tilboðsbóka A og B. Ákvörðun um endanlega stærð útboðsins og skiptingu milli tilboðsbóka mun eiga sér stað við úthlutun eftir að áskriftartímabili lýkur, enda reynist eftirspurn fjárfesta gefa tilefni til þess bæði hvað varðar verð og magn, og verða þá höfð að leiðarljósi framangreind markmið seljanda í tengslum við útboðið.

Heildarsöluandvirði þeirra 18% hluta sem mynda grunnstærð útboðsins, myndi að lágmarki nema 4.689,9 m.kr. miðað við lágmarksverð í útboðinu. Heildarsöluandvirði hámarksfjölda hluta í útboðinu, eða 21% hluta, myndi að lágmarki nema 5.471,55 m.kr. miðað við lágmarksverð í útboðinu.

Stærð og skipting útboðs

	Hlutfall af útg. hlutum	Fjöldi hluta	Verðbil / lágmarksverð	Andvirði m.v. lágmarksverð
Grunnstærð tilboðsbókar A (áskriftir 0,1-10 m.kr.)	5%	482.500.000	2,7-3,1 kr./hlut	1.302.750.000 kr.
Grunnstærð tilboðsbókar B (áskriftir yfir 10 m.kr.)	13%	1.254.500.000	2,7 kr./hlut	3.387.150.000 kr.
Grunnstærð útboðs	18%	1.737.000.000		4.689.900.000 kr.
Heimild til stækkunar	3%	289.500.000	2,7 kr./hlut	781.650.000 kr.
Hámarksfjöldi hluta í útboði	21%	2.026.500.000		5.471.550.000 kr.

3.2 Útgefandi

Síminn hf.

Kennitala: 460207-0880
 Heimilisfang: Ármúla 25, 108 Reykjavík, Ísland

3.3 Seljandi

Arion banki hf.

Kennitala: 581008-0150
 Heimilisfang: Borgartúni 19, 105 Reykjavík, Ísland

3.4 Umsjónaraðili útboðsins og jafnframt söluaðili

Arion banki hf. – Fyrirtækjaráðgjöf fjárfestingabankasviðs

Kennitala: 581008-0150
Heimilisfang: Borgartúni 19, 105 Reykjavík, Ísland
Sími: 444 7000
Vefsíða: www.arionbanki.is

3.5 Aðrir söluaðilar

Arion banki hf. – Markaðsviðskipti fjárfestingabankasviðs

Kennitala: 581008-0150
Heimilisfang: Borgartúni 19, 105 Reykjavík, Ísland
Sími: 444 7000
Tölvupóstfang: hlutabrefamidlun@arionbanki.is
Vefsíða: www.arionbanki.is

Arctica Finance hf.

Kennitala: 540509-1820
Heimilisfang: Katrínartúni 2, 105 Reykjavík, Ísland
Sími: 513 3300
Tölvupóstfang: arctica@arctica.is
Vefsíða: www.arctica.is

3.6 Aðstoð vegna tilboðsbókar A

Arion banki hf. – Verðbréfa- og lífeyrishjónusta

Kennitala: 581008-0150
Heimilisfang: Borgartúni 19, 105 Reykjavík, Ísland
Sími: 444 7000
Tölvupóstfang: siminn-utbod@arionbanki.is
Vefsíða: www.arionbanki.is

3.7 Fjárfestar

Útboðið er markaðssett á Íslandi. Þátttaka í útboðinu er heimil öllum aðilum (hvort heldur er einstaklingum eða lögaðilum) sem hafa íslenska kennitölu, að því gefnu að viðkomandi aðili sé fjárráða og hafi forræði bús síns og með þeim takmörkunum sem kunna að leiða af lögum.

Í framangreindu skilyrði felst m.a. að hafi bú aðila verið tekið til gjaldþrotaskipta og slíkum skiptum sé ekki lokið við lok áskriftartímabils er honum óheimil þátttaka í útboðinu, svo og að ófjárráða einstaklingum er óheimil þátttaka í útboðinu.

Erlendis aðilar, samkvæmt skilgreiningu 1. mgr. 1. gr. laga um gjaldeyrismál nr. 87/1992¹, skulu að fyrra bragði sýna umsjónaraðila útboðsins fram á með óyggjandi hætti að þeim sé heimilt að fjárfesta í verðbréfunum sem boðin eru í útboðinu, sbr. 13. gr. m og 13. gr. b. laganna. Hafi slíkt ekki verið gert með ásættanlegum hætti, að mati umsjónaraðila útboðsins, fyrir lok áskriftartímabils útboðsins, verður áskrift frá viðkomandi fjárfesti hafnað.

Hlutirnir eru ekki boðnir til sölu í lögsagnarumdæmum þar sem almennt útboð eins og hér um ræðir væri háð því að lögbær yfirvöld í viðkomandi lögsagnarumdæmi hefðu mótttekið lýsingu þá sem útgefandi gefur út í tengslum við útboðið, eða þar sem slíkt útboð myndi lúta öðrum frekari kröfum en staðfestingu íslenskra eftirlitsaðila á lýsingu útgefanda í tengslum við útboðið.

¹ Erlendur aðili telst einstaklingur, búsettur erlendis, án tillits til ríkisfangs, félag, stofnun, sjóður eða annar lögaðili, sem á heimili erlendis, erlent ríki og ríkisfyrirtæki, svo og atvinnufyrirtæki undir erlendum yfirráðum. Einstaklingur telst búsettur erlendis ef hann á lögheimili erlendis eða á þar heimili samkvæmt skilgreiningu lögheimilislaga. Lögaðili telst eiga heimili erlendis ef hann er skráður til heimilis erlendis eða telur heimili sitt erlendis samkvæmt samþykktum sínum.

Starfsmönnum Arion banka hf. og aðilum fjárhagslega tengdum þeim er heimil þátttaka í útboðinu að teknu tilliti til reglna Arion banka hf. um verðbréfavíðskipti starfsmanna, enda hefur regluvarsla bankans veitt til þess sérstaka heimild. Aðilum sem framangreindar reglur Arion banka hf. eiga við um er eingöngu heimilt að taka þátt í tilboðsbók A, hafa ekki heimild til að tilgreina hámarksverð í áskrift sinni (og skoðast áskriftir þá gerðar á endanlegu útboðsgengi A) og skulu skila áskriftum sínum fyrir klukkan 15.00 á fyrsta degi áskriftartímabils útboðsins.

Athygli fjárfesta er vakin á því að seljandi áskilur sér fullan rétt til að hafna einhverjum eða öllum áskriftum í útboðinu (þ.m.t. tilboðum einstakra fjárfesta að hluta eða fullu) sem kunna að berast í útboðinu, án frekari ástæðu eða rökstuðnings, sbr. kafla 3.10 *Úthlutun og skerðing áskrifta við umframeftirspurn*. Seljandi áskilur sér meðal annars skýlausan rétt til að hafna áskriftum frá aðilum sem ekki hafa staðið við greiðslu úthlutana í almennum útboðum sem umsjónaraðili útboðsins (sem verðbréfalýsing þessi tekur til) hefur áður haft umsjón með.

3.8 Áskriftartímabil, skráning áskrifta og stærðarviðmið

Tekið verður við áskriftum frá og með 5. október 2015, klukkan 10.00, til og með 7. október 2015, klukkan 16.00. Ekki verður tekið við áskriftum utan þessa tímabils (nema seljandi ákveði sérstaklega að fresta útboðinu eða framlengja það og verður í slíkum tilvikum birtur viðauki við lýsingu útgefanda eða ný lýsing, ef við á).

Áskriftir skal skrá rafrænt á sérstöku áskriftarformi (áskriftarvef) sem nálgast má í gegnum vef umsjónaraðila útboðsins, www.arionbanki.is. Ekki verður tekið við áskriftum á öðru formi.

Hámarksstærð áskriftar í tilboðsbók A takmarkast við hluti að kaupverði 10.000.000 kr. og lágmarksstærð áskriftar í tilboðsbók A takmarkast við hluti að kaupverði 100.000 kr. Lágmarksáskrift í tilboðsbók B er að kaupverði 10.000.001 kr. og hámarksstærð áskriftar í tilboðsbók B takmarkast við 13% eignarhlut í útgefanda.

Fjárfesti er heimilt að skila inn samsettri áskrift með allt að fjórum skráningum í tilboðsbók A en ekki eru hömlur á fjölda skráninga í tilboðsbók B, aðrar en þær sem leiða af hámarksáskrift og lágmarksskráningu. Hver skráning getur að lágmarki numið lágmarksáskrift í viðkomandi tilboðsbók. Samanlagðar skráningar í samsettri áskrift geta að hámarki numið hámarksáskrift í viðkomandi tilboðsbók. Með samsettri áskrift getur fjárfestirinn skilað inn áskrift á mismunandi verði. Fjárfesti er heimilt að skila áskrift í báðar tilboðsbækur, A og B, án þess að önnur hvor áskriftin ógildist.

Allar áskriftir eru bindandi fyrir viðkomandi fjárfesti. Fjárfestir hefur því hvorki rétt til að afturkalla né breyta áskrift sem hann hefur staðfest á áskriftarformi útboðsins. Áskrift skal vera útfyllt og framkvæmd af fjárfesti sjálfum eða aðila sem hefur fullnægjandi heimild eða umboð frá fjárfesti.

Til að geta skilað áskrift verður fjárfestir að skrá sig inn í viðeigandi tilboðsbók A eða B á áskriftarvef, með eftirfarandi aðgangsaðkönnunum:

1. Með rafrænum skilríkjum á síma; eða
2. með aðgangsaðkönnunum sínum að netbanka Arion banka hf.; eða
3. með kennitölu og lykilorði sem hann óskar eftir á áskriftarvefnum sjálfum og verður sent sem rafrænt skjal í netbanka hans, sem getur verið í hvaða íslenska viðskiptabanka sem er; eða
4. með kennitölu og lykilorði sem hann getur nálgast hjá umsjónaraðila útboðsins gegn undirritun vottaðrar umsóknar um lykilorð eða gegn annarri staðfestingu sem umsjónaraðili útboðsins metur fullnægjandi.

Rafræn staðfesting á áskriftarvef er forsenda gildirar sönnunar á áskrift. Slík staðfesting birtist við lok skráningarinnar en er jafnframt send á það tölvupóstfang sem fjárfestir tilgreinir við áskrift.

Fjárfestir skal í áskrift sinni tilgreina þann vörsluaðila (banka eða annan aðila með aðildarsamning við Nasdaq verðbréfamíðstöð hf.) sem hann óskar eftir að móttaki hluti hans við uppgjör viðskipta.

Við áskrift skráir fjárfestir kaupverð þeirra hluta sem hann óskar eftir að kaupa í útboðinu. Endanleg áskrift kaupverðs er reiknuð með námundun til lækkunar að næsta heila hlut, þar sem kaupverð er reiknað sem margfeldi fjölda heilla hluta og verðs fyrir hvern hlut.

Samkvæmt áskriftarformunum lýsir fjárfestir því yfir með áskrift sinni:

- Að hann hafi samþykkt skilmála útboðsins sem fram koma í þessari verðbréfalýsingu og kynnt sér upplýsingar í lýsingu útgefanda sem þessi verðbréfalýsing er hluti af;
- að hann teljist ekki erlendur aðili og sé ekki í eigu erlends aðila að hluta eða heild, eða hafi staðfest við umsjónaraðila útboðsins með fullnægjandi hætti að þátttaka hans í útboðinu brjóti ekki í bága við íslensk lög;
- að hann hafi lesið og skilið upplýsingar um reglur Arion banka hf. um hagsmunaárekstra, sbr. upplýsingar í verðbréfalýsingu þessari, og sé meðvitaður um þá hagsmunaárekstra sem tilgreindir eru í verðbréfalýsingunni;
- að honum hafi verið kynnt það í verðbréfalýsingu þessari að Arion banka hf. er ekki skylt að meta hvort þátttaka í útboðinu og kaup á hlutum í útgefanda séu viðeigandi fyrir fjárfestinn og nýtur fjárfestirinn því ekki verndar samkvæmt 16. gr. í lögum nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti.

Fjárfestar geta nálgast upplýsingar um útboðið og áskriftarvef í tengslum við tilboðsbók A hjá Verðbréfa- og lífeyrisþjónustu Arion banka hf. Nálgast má þessa aðstoð í síma og með tölvupósti milli klukkan 9.00 og 20.00 meðan áskriftartímabilið stendur yfir, en í kafla 3.6. *Aðstoð vegna tilboðsbókar A*, er að finna símanúmer og tölvupóstfang. Fjárfestar geta nálgast söluaðila með tölvupósti eða í síma. Símanúmer og tölvupóstfang söluaðila er að finna í kafla 3.4. *Umsjónaraðili útboðsins og jafnframt söluaðili* og í kaflanum 3.5. *Aðrir söluaðilar*.

Fjármálastofnunum sem sinna eignastýringu, skv. c. lið 6. tl. 3.gr. í lögum um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 er heimilud ákveðin undantekning hvað varðar áskriftir og áskriftarform í tilboðsbók A. Þeim er gefinn kostur á að skila áskrift fyrir hönd fjárfestis á sérstöku áskriftarformi sem nálgast má hjá umsjónaraðila útboðsins. Forsenda fyrir slíkri áskrift er að umsjónaraðila útboðsins hafi borist fullnægjandi yfirlýsing frá fjármálastofnun, á formi sem nálgast má hjá umsjónaraðila útboðsins, þess efnis að hún hafi fullnægjandi heimild eða umboð frá fjárfesti í samræmi við heimild í gildum samningi við viðkomandi fjárfesti um eignastýringu og yfirlýsing þess efnis að fjármálastofnunin ábyrgist greiðslu kaupverðs. Fjármálastofnun skal í slíkri áskrift tilgreina hvort óskað er eftir að fá sendan greiðsluseðil fyrir kaupverði viðkomandi fjárfestis eða hvort óskað er eftir að greiða kaupverð inn á vörslureikning viðkomandi fjárfestis hjá Arion banka hf., en forsenda síðarnefnda kostsins er að viðkomandi fjárfestir eigi gildan vörslureikning hjá Arion banka hf. Fjármálastofnanir geta nálgast umsjónaraðila útboðsins með tölvupósti eða síma, sbr. upplýsingar í kaflanum 3.4. *Umsjónaraðili útboðsins og jafnframt söluaðili*.

3.9 Staðfesting á greiðslugetu og/eða trygging fyrir greiðslu

Seljandi og umsjónaraðili útboðsins áskilja sér rétt til að krefjast staðfestingar á greiðslugetu og/eða tryggingar fyrir greiðslu frá fjárfestum með áskrift að kaupverði 10 milljónir eða hærra. Ef fjárfestir verður ekki við slíkri kröfu umsjónaraðila útboðsins fyrir lok áskriftartímabils eða innan annars þess frests sem umsjónaraðili útboðsins gefur viðkomandi fjárfesti fram að tilkynningu um niðurstöðu eða úthlutun áskilur umsjónaraðili útboðsins sér rétt til að ógilda áskrift viðkomandi að hluta eða í heild.

Hér er átt við staðfestingu á greiðslugetu og/eða tryggingu sem metin er fullnægjandi samkvæmt einhliða ákvörðun umsjónaraðila útboðsins. Með einhliða ákvörðun er átt við að umsjónaraðili útboðsins metur hverja staðfestingu fyrir sig, er ekki skuldbundinn til að gefa upp hvernig ákvörðun er háttad og að mótaðilum verður ekki gefinn kostur á að andmæla ákvörðuninni eða gildi hennar. Dæmi um staðfestingu á greiðslugetu gæti verið staðfesting fjármálastofnunar á fjármögnun. Dæmi um fullnægjandi tryggingu gæti verið veð í innlánsreikningi í banka eða verðbréfareikningi, eða ábyrgðaryfirlýsing frá fjármálastofnun. Trygging er felld niður þegar áskrift er greidd á réttum tíma og með réttum hætti í samræmi við greiðslufyrirmæli, eða ef áskrift er hafnað.

3.10 Úthlutun og skerðing áskrifta við umframeftirspurn

Eftir lok áskriftartímabils mun seljandi einhliða ákvarða verð sem hlutir verða seldir á í útboðinu, annars vegar útboðsgengi A sem allir þeir hlutir sem úthlutað verður til fjárfesta í tilboðsbók A verða seldir á og hins vegar útboðsgengi B sem allir þeir hlutir sem úthlutað verður til fjárfesta í tilboðsbók B verða seldir á. Áskriftum sem tilgreina lægra hámarksverð á hlut en endanlegt útboðsgengi í viðkomandi tilboðsbók verður hafnað. Við úthlutun verður horft til markmiða útboðsins, þ.e. annars vegar að stuðla að dreifðara eignarhaldi og auknum seljanleika hlutabréfanna og hins vegar að selja hlutabréfin á sem hagstæðustu verði fyrir seljanda.

- A. Í tilboðsbók A skal fjárfestir skila inn áskrift sem tilgreinir umbeðið heildarkaupverð og getur fjárfestir skilyrt áskrift sína við að endanlegt útboðsgengi í tilboðsbók A fari ekki yfir ákveðið hámarksverð á hlut, sem hann tilgreinir á áskriftarforminu. Ef ekkert hámarksverð er tilgreint, eða ef endanlegt útboðsgengi tilboðsbókar A verður jafnt tilgreindu hámarksverði eða undir tilgreindu hámarksverði, þá skoðast áskrift gerð á því endanlega útboðsgengi sem seljandi ákvarðar. Ef endanlegt útboðsgengi A fer yfir tilgreint hámarksverð fjárfestis verður viðkomandi áskrift ógild.
- B. Í tilboðsbók B skal fjárfestir skila inn áskrift sem tilgreinir heildarkaupverð og hámarksverð á hlut. Ef endanlegt útboðsgengi B fer yfir tilgreint hámarksverð fjárfestis verður viðkomandi áskrift ógild.

Komi til þess að samanlagðar gildar áskriftir nemi fleiri hlutum en seljandi ákveður að bjóða til sölu í útboðinu, þá mun seljandi úthluta hlutum til einstakra áskrifenda eftir skerðingu áskrifta sem mun eiga sér stað með eftirfarandi hætti:

- Meginreglan við úthlutun í tilboðsbók A verður sú að meta áskriftir á grundvelli verðs. Áskriftir í tilboðsbók A verða skertar (að hluta eða þeim hafnað) þannig að eftir standi þær áskriftir sem berast á hæsta verði á hlut, þannig að samanlagður fjöldi hluta (talinn miðað við endanlegt útboðsgengi A) í öllum gildum áskriftum í tilboðsbókinni eftir skerðingu er jafn þeim fjölda hluta sem seljandi ákveður að bjóða fjárfestum sem eiga áskriftir í tilboðsbók A.

Ef slík skerðing eins og nefnd er hér að ofan dugar ekki til þá verða þær áskriftir í tilboðsbók A sem eftir standa skertar um allt að 75% af upphaflegri áskrift, með þeirri undantekningu að hlutfallslegum niðurskurði verður ekki beitt á áskriftir að fjárhæð 500.000 kr. eða lægri og hlutfallslegur niðurskurður hærri áskrifta leiðir ekki til meiri skerðingar en niður í 500.000 kr. Þurfi að koma til frekari niðurskurðar verður hámark áskrifta í tilboðsbók A fært enn neðar (með flötum niðurskurði) uns samanlagður fjöldi hluta í öllum gildum áskriftum í tilboðsbókinni eftir skerðingu er jafn þeim fjölda hluta sem seljandi ákveður að bjóða fjárfestum sem eiga áskriftir í tilboðsbók A, þannig að með flötum niðurskurði getur hámarksúthlutun í tilboðsbók A farið undir 500.000 kr. að kaupverði.

Útboðsgengi í tilboðsbók A mun ekki verða ákvarðað hærra heldur en útboðsgengi í tilboðsbók B.

- Meginreglan við úthlutun í tilboðsbók B verður sú að meta áskriftir á grundvelli verðs. Áskriftir í tilboðsbók B verða skertar (að hluta eða þeim hafnað) þannig að eftir standi þær áskriftir sem berast á hæsta verði á hlut, þannig að samanlagður fjöldi hluta (talinn miðað við endanlegt útboðsgengi B) í öllum gildum áskriftum í tilboðsbókinni eftir skerðingu er jafn þeim fjölda hluta sem seljandi ákveður að bjóða fjárfestum sem eiga áskriftir í tilboðsbók B.
- Seljandi áskilur sér rétt til að hafna einstökum áskriftum í tilboðsbók A og/eða tilboðsbók B að hluta eða heild af öðrum ástæðum en tilgreindar eru í framangreindum skerðingarreglum.
- Komi til þess að áskriftir verði skertar að hluta eða þeim hafnað verður hver og ein skerðing eða höfnun gerð samkvæmt einhliða ákvörðun seljanda. Með einhliða ákvörðun er átt við að seljandi er ekki skuldbundinn til að gefa upp hvernig skerðingu eða höfnun er háttáð og að mótaðilum verður ekki gefinn kostur á að andmæla ákvörðuninni eða gildi hennar.

3.11 Tilkynning um niðurstöður útboðs

Gert er ráð fyrir því að niðurstöður útboðsins verði birtar almenningi opinberlega á Evrópska efnahagssvæðinu 8. október 2015. Dagsetningin miðast við að seljandi geri ekki breytingar á áskriftartímabili og úrvinnsla áskrifta taki ekki skemmri eða lengri tíma en seljandi gerir ráð fyrir. Nasdaq Iceland mun í kjölfarið tilkynna opinberlega um endanlegt svar við umsókn útgefanda um að hlutabréf útgefandans verði tekin til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland.

3.12 Tilkynning um úthlutun, greiðslufyrirmæli og uppgjör viðskipta

Fjárfestum verður tilkynnt um úthlutun eftir að bæði niðurstaða útboðsins hefur verið tilkynnt opinberlega og Nasdaq Iceland hefur í kjölfarið tilkynnt opinberlega um endanlegt samþykki á umsókn útgefanda um að hlutabréf útgefandans verði tekin til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland. Gert er ráð fyrir að upplýsingar um úthlutun og greiðslufyrirmæli liggi fyrir 9. október 2015 og verði send fjárfestum þann dag, en það gæti

orðið síðar eða fyrr. Framangreind dagsetning miðast við að seljandi geri ekki breytingar á áskriftartímabili, úrvinnsla áskrifta taki ekki skemmri eða lengri tíma en seljandi gerir ráð fyrir og umsókn útgefanda til Nasdaq Iceland sé svarað innan þeirra tímamarka sem seljandi gerir ráð fyrir.

Umsjónaraðili útboðsins mun senda þátttakendum með tölvupósti upplýsingar um úthlutun og greiðslufyrirmæli vegna úthlutaðra hluta þegar framangreindar tilkynningar hafa verið birtar opinberlega. Þær verða sendar á það tölvupóstfang sem viðkomandi fjárfestir tilgreindi í áskrift, og er fjárfestirinn því sjálfur ábyrgur fyrir því að tölvupósturinn berist á rétt tölvupóstfang.

Greiðslufyrirmæli verða í formi rafrænna greiðsluseðla á nafni og kennitölu hvers fjárfestis sem fær úthlutun í útboðinu og greiðsluseðlana má greiða í íslenskum viðskiptabönkum. Umsjónaraðili útboðsins mun senda greiðsluseðilinn til birtingar í netbanka viðkomandi fjárfestis og gert er ráð fyrir að það verði 9. október 2015, en tímasetningin ræðst af því hvenær upplýsingar um úthlutun og greiðslufyrirmæli liggja fyrir og gæti því orðið síðar eða fyrr.

Greiðslufyrirmæli verða ekki send með hefðbundnum bréfpósti til þátttakenda. Ekki verður tekið við greiðslu með öðrum hætti en greiðslufyrirmæli segja til um.

Gert er ráð fyrir að skilgreindur viðskiptadagur vegna úthlutaðra hluta verði 9. október 2015, en tímasetningin ræðst af því hvenær upplýsingar um úthlutun og greiðslufyrirmæli liggja fyrir og gæti því orðið síðar eða fyrr. Gjaldþagi og eindagi kaupverðs verður tveimur viðskiptadögum eftir skilgreindan viðskiptadag útboðsins og því er gert ráð fyrir að eindagi verði 13. október 2015. Greiðsla skal eiga sér stað í síðasta lagi fyrir lokun banka á eindaga og er vakin athygli á að almennur afgreiðslutími banka og annarra fjármálastofnana er til klukkan 16.00 virka daga og að eftir klukkan 16.15 er ekki hægt að koma við greiðslu sem nemur 10.000.000 kr. eða hærri fjárhæðum, en til klukkan 21.00 er hægt að koma við greiðslu lægri fjárhæða í netbanka að því gefnu að þær séu undir öðrum fjárhæðartakmörkunum sem kunna að gilda.

Kvittun fyrir viðskiptunum og greiðslunni verður send hverjum fjárfesti eftir að fullnægjandi greiðsla hefur borist frá viðkomandi. Fullnægjandi greiðsla telst þegar viðkomandi hefur á réttum tíma innt af hendi greiðslu í fullu samræmi við greiðslufyrirmæli frá umsjónaraðila útboðsins.

Ef einhverjir greiðsluseðlar fyrir úthlutun verða ógreiddir kl. 21.00 á eindaga verða þeir felldir niður og ógiltir. Eftir eindaga, og þar með talið eftir lokun banka á eindaga, geta fjárfestar ekki innt af hendi greiðslu kaupverðsins í samræmi við greiðslufyrirmælin. Seljandi gerir ráð fyrir að án viðvörunar eða tilkynningar muni þeir ógilda úthlutanir sem verða óinnheimtar í lok eindaga og eru þeir þá frjálssir að því að halda hlutum sem ekki hafa verið greiddir eða selja þá til þriðja aðila á hvaða verði sem seljandi kys – en ef honum tekst ekki að selja ógreiddu hlutina til annars aðila á sama gengi og úthlutun þeirra í útboðinu sagði til um eða á herra gengi, þá áskilur seljandi sér rétt til að krefja þann fjárfesti sem hlutirnir voru upphaflega úthlutaðir til um mismun á söluandvirði hlutanna og þá án þess að sá fjárfestir eigi rétt til gagngjalds í formi hlutabréfa eða annarra verðmæta. Seljandi áskilur sér þó rétt til að ógilda ekki ógreiddar áskriftir og innheimta úthlutanir sem ekki verða greiddar með fullnægjandi hætti og þá munu dráttarvextir frá eindaga og kostnaður seljanda við innheimtu leggjast ofan á kaupverð hinna óinnheimtu hluta. Ef greiðsla er ekki innt af hendi á réttum tíma (þ.e. á eindaga í síðasta lagi) og á réttan hátt (þ.e. í fullu samræmi við greiðslufyrirmælin) má innheimta skuldina, eftir atvikum með atbeina dómstóla, í samræmi við meginreglur íslensks samninga- og kröfuréttar.

Hlutir verða afhentir kaupanda þegar fullnægjandi greiðsla hefur borist frá viðkomandi fjárfesti og mun afhending eiga sér stað í síðasta lagi næsta virka dag eftir að greiðsla berst. Hlutirnir verða afhentir rafrænt í kerfi Nasdaq verðbréfamíðstöðvar hf. og mun umsjónaraðili útboðsins biðja þann vörsluaðila sem fjárfestir hefur tiltekið í áskrift að móttaka hlutina inn á vörslureikning sem viðkomandi fjárfestir á hjá viðkomandi vörsluaðila.

Eigi fjárfestir ekki vörslureikning hjá þeim vörsluaðila sem hann tilgreinir í áskrift mun Arion banki hf. stofna vörslureikning í nafni fjárfestis hjá Arion banka hf. (og hjá Nasdaq verðbréfamíðstöð hf.), svo hægt sé að móttaka hluti fjárfestis í samræmi við framangreint og áskilur bankinn sér rétt til að innheimta gjald af fjárfesti fyrir vörslu hlutanna í samræmi við verðskrá verðbréfa- og lífeyrisþjónustu Arion banka sem aðgengileg er á www.arionbanki.is. Fjárfestir mun ekki geta átt viðskipti með eða hreyft þá hluti sem afhentir eru inn á vörslureikning sem stofnaður er með framangreindum hætti í hans nafni nema hann hafi lokið við afhendingu þeirra gagna og veitingu þeirra upplýsinga sem Arion banki hf. krefst til stofnunar vörslureiknings með fullnægjandi hætti.

Umsjónaraðili útboðsins annast innheimtu og uppgjör allra viðskipta seljanda í tengslum við útboðið. Af hálfu seljanda, umsjónaraðila útboðsins eða útgefanda verður enginn kostnaður lagður sérstaklega á fjárfesta vegna viðskiptanna. Fjárfestar þurfa sjálfir að kynna sér hvort einhver kostnaður eða gjöld falla á þá hjá öðrum aðilum í tengslum við viðskiptin.

4. UPPLÝSINGAR UM HLUTABRÉFIN OG TÖKU TIL VIÐSKIPTA

4.1 Hlutabréf tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði

Í kjölfar þess að lýsing Símans hf., sem verðbréfalýsing þessi er hluti af, hefur verið staðfest af Fjármálaeftirlitinu á Íslandi mun stjórn útgefanda óska eftir því, með formlegri umsókn, að öll útgefin hlutabréf í Símanum hf. verði tekin til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland, sem er skipulegur verðbréfamarkaður.

Markmiðið með því að fá hlutabréf Símans hf. tekin til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland er að stuðla að auknum seljanleika hlutabréfa í útgefanda, virkari verðmyndun með hlutabréfin og dreifðu eignarhaldi og gera upplýsingar um Símann hf. aðgengilegri fyrir hluthafa þess, viðskiptavini og allan almenning.

Nasdaq Iceland mun fara yfir umsóknina og niðurstöður fyrirhugaðs almenns útboðs á hlutum í útgefanda þegar þær liggja fyrir og birta opinberlega ef umsóknin verður samþykkt og þá hvenær fyrsti mögulegi viðskiptadagur verður með hlutina á hinum skipulega verðbréfamarkaði, en Nasdaq Iceland tilkynnir slíka dagsetningu með að lágmarki eins viðskiptadags fyrirvara.

Stjórn útgefandans telur að Síminn hf. uppfylli öll skilyrði fyrir því að hlutabréf í útgefanda fái tekin til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland, utan þess skilyrðis er varðar hlutafjárdreifingu sem kveður á um nægjanlegan fjölda hluthafa. Undir eðlilegum kringumstæðum metur Nasdaq Iceland að félag uppfylli það ef í hluthafahópi þess eru ekki færri en 500 hluthafar sem hver og einn á hlutabréf að verðmæti um 100.000 krónur að lágmarki.

Fyrirhugað er að uppfylla skilyrði Nasdaq Iceland um hlutafjárdreifingu með almennu útboði á þegar útgefnum hlutum í Símanum hf. í eigu Arion banka hf., sem lýst er í verðbréfalýsingu þessari.

Útgefandi ber kostnað sem hlýst af því að fá hlutabréf útgefanda tekin til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland og er heildarkostnaður útgefanda áætlaður um 145 m.kr. Þar er um að ræða kostnað við yfirferð og staðfestingu lýsingar samkvæmt gjaldskrá FME, kostnað við að fá hlutabréf tekin til viðskipta samkvæmt gjaldskrá Nasdaq Iceland, þóknun til ráðgjafa sem tóku að sér umsjón með því ferli að fá hlutabréfin tekin til viðskipta, kostnað við gerð áreiðanleikakannana og aðra kostnaðarliði sem til falla við undirbúning á því að fá hlutabréf útgefanda tekin til viðskipta.

Seljandi ber kostnað af markaðssetningu og sölu hlutabréfa í útgefanda sem fyrirhuguð er í almennu útboði í aðdraganda viðskipta með hluti útgefanda á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland og er útlagður kostnaður hans þar að lútandi hverfandi þar sem stærsti kostnaðarliðurinn sem er umsjón með undirbúningi og framkvæmd útboðsins, er unninn af aðila innan samstæðu seljanda.

Ekki liggja fyrir upplýsingar um hvort og þá hvenær eða með hvaða hætti seljandi í útboðinu eða aðrir í hópi stærstu hluthafa Símans hf. áformi að selja þá eignarhluti sem þeir munu eiga eftir að útboðinu lýkur. Söluhömlur eru á samtals um 10,5% hlutafjár í útgefanda. Þar af er óheimilt til 1. janúar 2017 að selja 5% hlut L1088 ehf.; óheimilt til 1. mars 2016 að selja um 0,5% hlutafjár útgefanda sem eru í eigu nokkurra stjórnenda Símans; og óheimilt í þrjá mánuði frá skráningu Símans (fyrsta viðskiptadegi með hluti á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland) að selja 5% sem eru dreifðri eigu viðskiptavina Arion banka hf. Ekki liggja fyrir upplýsingar um neinar aðrar söluhömlur en að framan greinir, eða söluskyldu á hlutum í útgefanda að loknu fyrirhuguðu útboði.

Upplýsingar um stærstu hluthafa, fyrirsjáanlegar eignarhaldsbreytingar og framangreint eignarhald er m.a. að finna í kafla 4.3.7 *Lögbundin yfirtökutilboð og tilboðsskylda* í verðbréfalýsingu þessari, svo og í útgefandalýsingu, dagsettri 25. september 2015, undir köflunum 4.4 *Aðrar upplýsingar um stjórn og yfirstjórn* og 5.4 *Hluthafar*.

Hlutabréf í Símanum hf. hafa áður verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði. Félagið bar þá nafnið Skipti hf. og var það skráð 19. mars - 6. júní 2008 á Aðalmarkaði Kauphallar Íslands hf. Landssími Íslands hf., fyrirrennari félagsins, var skráður hjá Verðbréfafingingu Íslands hf. (Kauphöll Íslands hf. eftir nafnabreytingu) á Tilboðsmarkaði frá árinu 2001 til 2005.

4.2 Viðskiptavakt

Útgefandi hefur gert samning við eigin viðskipti Arion banka hf. um viðskiptavakt á hlutum í Símanum hf. frá því að hlutirnir eru teknir til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland. Bankinn mun annast viðskiptavakt fyrir eigin reikning gegn þóknun frá félaginu. Bankinn mun setja fram kaup- og sölutilboð alla viðskiptadaga í viðskiptakerfi Nasdaq Iceland. Fjárhæð kaup- og sölutilboða skal að lágmarki nema 5.000.000 hlutum á hvorri hlið en viðskiptavaki ákveður gengi hluta í hverju tilboði. Munur kaup- og söluverðs er að hámarki 1,5% og

breyting frá síðasta verði skal ekki vera meiri en 3,0%. Breytist verð á hlutum útgefanda innan dagsins um meira en 10% er viðskiptavaka heimilt að auka hámarksmun kaup- og sölutilboða það sem eftir er dagsins í allt að 3%. Sé gengið að tilboðum viðskiptavaka eða þau fellð niður af viðskiptavaka, þá skal hann leggja fram nýtt tilboð innan 10 mínútna. Eigi viðskiptavaki viðskipti með hluti í útgefanda fyrir 35.000.000 hluti eða meira innan dags, þá fellur niður skilyrði um frekari viðskiptavakt þann dags. Samningurinn er uppsegjanlegur með allt að 30 daga fyrirvara af hálfu útgefanda og viðskiptavaka.

Þegar hlutir í Símanum hafa verið teknir til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland gerir Síminn einnig ráð fyrir að gera sambærilegan samning við annan viðskiptavaka.

4.3 Hlutabréfaflokkurinn

4.3.1 Hlutfé

Útgefið hlutfé Símans hf. nemur 9.650.000.000 kr. og er hver hlutur 1 króna að nafnverði. Allir útgefnir hlutir eru þegar greiddir.

Útgefandi á 19 eigin hluti. Aðalfundur Símans hf. þann 16. apríl 2015 heimilaði stjórn félagsins að kaupa í eitt skipti eða oftár á næstu 18 mánuðum hlutabréf í félaginu þannig að það ásamt dótturfélögum þess eigi, að öðrum lagaskilyrðum uppfylltum, allt að 10% af hlutfé þess, þ.e. að hámarki kr. 965.000.000 að nafnverði, í þeim tilgangi að koma á viðskiptavakt með hluti í félaginu og/eða til að setja upp formlega endurkaupaáætlun. Endurgjald fyrir keypta hluti skal ekki vera á hærra verði en nemur verði síðustu óháðu viðskipta eða hæsta fyrirliggjandi óháða kauptilboði í þeim viðskiptakerfum þar sem viðskipti með hlutina fara fram, hvort sem er hærra. Slík kaup eru þó heimil ef þau eru gerð af viðskiptavaka skv. 116. gr. laga um verðbréfavíðskipti eða á grundvelli 1. tölul. 3. mgr. 115. gr. og 2. mgr. 119. gr. laga um verðbréfavíðskipti og reglugerða sem settar eru á grundvelli 118. og 131. gr. sömu laga. Heimild þessi byggir á ákvæðum 55. gr. laga nr. 2/1995 um hlutfélög. Ákvæði 55. og 56. gr. hlutfélagalaga nr. 2/1995 heimila að hlutfélag eignist allt að 10% af heildarhlutfé þess á hverjum tíma, en til þess þarf heimild hluthafafundar nema slíkt reynist nauðsynlegt til að afstýra verulegu og yfirvofandi tjóni hjá félaginu. Lögum samkvæmt fylgir atkvæðisréttur ekki eigin hlutum og eru þeir því ekki taldir með þegar vísað er til virkra hluta.

Útgefanda er óheimilt, samkvæmt 104. gr. laga nr. 2/1995 um hlutfélög og grein 9.2 í samþykktum, að veita lán til að fjármagna kaup á hlutabréfum í útgefanda.

4.3.2 Ákvæði um hlutfjárhækkun eða lækkun

Samkvæmt samþykktum félagsins dagsettu 8. september 2015 er ekki til staðar útstandandi ákvörðun hluthafafundar um útgáfu nýrra hluta en stjórn hefur heimild til þess að hækka hlutfé um allt að 510.000.000 kr. að nafnverði til að mæta mögulegum skuldbindingum félagsins á grundvelli kaupréttaráætlunar sem hluthafafundur samþykkti 8. september 2015. Kaupréttaráætlunin gildir fyrir alla starfsmenn samstæðunnar að Mílu undanskilinni þar sem starfsmanni býðst kaupréttur á hlutum í Símanum hf. fyrir að hámarki 600.000 kr. að kaupverði á ári í þrjú ár. Samninga sem félagið gerir við starfsmenn á grundvelli kaupréttaráætlunar áður en félagið verður skráð á markað skal miða við síðasta þekktu gagngjald á grundvelli viðskipta sem voru kynnt 21. ágúst 2015 þar sem kaupgengi var 2,518 kr. fyrir hvern hlut en ella er miðað við vegið meðalverð í viðskiptum með hluti Símans síðustu tíu heilu viðskiptadaga fyrir gerð samnings. Öllum fastráðnum starfsmönnum samstæðunnar að Mílu undanskilinni hafa verið boðnir slíkir samningar hafa verið gerðir samningar við 613 starfsmenn, samtals um kaup á allt að 438.204.925 hlutum á genginu 2,518 kr./hlut og kaupverði samtals 1.103,4 m.kr.

Hluthafafundur getur, sbr. 4.3 gr. samþykkt, einn ákvæðið að auka hlutfé (eða veita stjórn heimild til þess), hvort heldur er með áskrift nýrra hluta eða útgáfu jöfnunarhluta. Ákvörðun er háð samþykki minnst 2/3 hluta greiddra atkvæða og samþykki hluthafa sem ráða yfir minnst 2/3 hluta sem farið er fyrir á fundinum

Hluthafar skulu hafa forgangsrétt að aukningu á hlutum í hlutfalli við skráða hlutfjáreign sína. Heimilt er að víkja frá ákvæði þessu sbr. 3. mgr. 34 gr. laga nr. 2/1995 um hlutfélög en samanber 4.3 gr. samþykkt er slík ákvörðun háð samþykki minnst 2/3 hluta greiddra atkvæða og samþykki hluthafa sem ráða yfir minnst 2/3 hluta sem farið er fyrir á fundinum.

Hluthafafundur einn getur ákvæðið lækkun hlutfjár.

4.3.3 Tegund og útgáfuform

Allir hlutir í Símanum hf. tilheyrja sama flokki og eru jafnréttáhr. Réttindi hluthafa eru háð gildandi löggjöf og samþykktum útgefandans á hverjum tíma sem settar eru til fyllingar ákvæðum hlutafélagalaga nr. 2/1995. Engin sérréttindi fylgja hlutum í útgefanda, samanber grein 7.3 í samþykktum. Hluthafar bera ekki ábyrgð á skuldbindingum félagsins fram yfir hlut sinn í útgefanda, samanber grein 7.2 í samþykktum.

Hlutabréf félagsins eru gefin út í samræmi við ákvæði laga nr. 2/1995 um hlutafélög og með rafrænum hætti samkvæmt ákvæðum laga nr. 131/1997 um rafræna eignarskráningu verðbréfa og reglugerðar nr. 397/2000 sem er sett með stoð í þeim lögum. Hlutabréfin eru gefin út rafrænt í kerfi Nasdaq verðbréfamistöðvar hf., kennitala 500797-3209, Laugavegi 182, 105 Reykjavík. Auðkenni hlutabréfanna hjá Nasdaq verðbréfamistöð hf. er SIMINN og ISIN-númer hlutabréfanna er IS0000015089.

SIMINN er auðkenni Símans hf. hjá Nasdaq Iceland, þar sem skuldabréf útgefin af félaginu hafa verið tekin til viðskipta. Útgefandi mun óska eftir að SIMINN verði auðkennið á hlutum útgefandans í viðskiptakerfi Nasdaq Iceland.

4.3.4 Hlutaskrá, eignarréttindi, eigendaskipti og veðsetning

Stjórn útgefanda heldur hlutaskrá í samræmi við lög sem grundvallast á skráningu hjá Nasdaq verðbréfamistöð hf. og skal hlutaskrá vera aðgengileg öllum hluthöfum á skrifstofu félagsins, sbr. 5. gr. samþykktu.

Engar hömlur eru lagðar á viðskipti með hluti í útgefanda umfram það sem leiðir af lögum, sbr. grein 6.1 í samþykktum, og má því selja og veðsetja hlutina nema annað leiði af lögum. Það skal þó hafa hugfast að einstakir hluthafar geta samið um það sín á milli að meðferð á hlutum þeirra sé takmörkunum háð.

Um eigendaskipti og framkvæmd þeirra fer eftir lögum nr. 131/1997 um rafræna eignarskráningu verðbréfa og reglugerð nr. 397/2000, sem er sett með stoð í þeim lögum. Hluthafar geta, sbr. grein 6.4 í samþykktum, ekki beitt réttindum sínum á grundvelli hlutafjár nema nafn þeirra hafi verið fært í hlutaskrá útgefanda eða hann hafi fært sönnur á eign sína að hlutum. Í samræmi við gr. 6.2 skulu allar tilkynningar sem beint er til hluthafa, fundarboð, jöfnunarhlutir og arðgreiðslur, vera sendar eða inntar af hendi til þess sem er skráður hluthafi á hverjum tíma í kerfum Nasdaq verðbréfamistöðvar hf. Félagið tekur enga ábyrgð á því ef greiðslur eða tilkynningar misfarast vegna þess að vanrækt hefur verið að tilkynna útgefanda um eiganda- eða aðsetursskipti. Útrentun frá verðbréfamistöð um eignarhald á hlutum í útgefanda telst fullnægjandi grunnur að hlutaskrá og gagnvart útgefanda skoðast hlutaskráin sem fullgild sönnun fyrir eignarrétti að hlutum í útgefanda, skv. gr. 5.2 og 6.2 í samþykktum. Réttindi að rafréfum skal skrá í verðbréfamistöð ef þau eiga að njóta réttarverndar gegn fullnustugerðum og ráðstöfunum með samningi.

Eignarskráning rafréfs í verðbréfamistöð að undangenginni lokafærslu verðbréfamistöðvar veitir skráðum eiganda þess lögformlega heimild fyrir þeim réttindum sem hann er skráður eigandi að og skal gagnvart útgefanda jafngilda skilríkjum um eignarrétt að rafréfinu. Forgangsröð ósamrýmanlegra réttinda ræðst af því hvenær beiðni um skráningu þeirra berst til verðbréfamistöðvar frá aðila sem gert hefur aðildarsamning við verðbréfamistöðina. Aðeins reikningsstofnanir og aðrir aðilar sem gert hafa aðildarsamning við Nasdaq verðbréfamistöð hf. hafa heimild til milligöngu um eignarskráningu eða aðgang að verðbréfamistöðinni. Skráning í verðbréfamistöð fyrir milligöngu slíks aðila jafngildir tilkynningu til útgefanda. Eigandi rafréfs velur sér slíkan aðila sem hefur milligöngu um eignarskráningu á rafréfi á reikninga í hans nafni.

Þegar hlutur hefur verið að fullu greiddur skal hluthafi fá rafréfið útgefið í verðbréfamistöð og eignarréttindi skráð yfir því og veitir sú skráning hluthafa þau réttindi sem samþykktir útgefanda og lög mæla fyrir um á hverjum tíma. Óheimilt er að gefa út viðskiptabréf fyrir skráðum réttindum samkvæmt rafréfi eða framselja þau og eru slík viðskipti ógild.

4.3.5 Hluthafafundir

Hluthafar eiga rétt á að neyta atkvæðisréttar á hluthafafundum. Eitt atkvæði fylgir hverjum hlut á hluthafafundi, sbr. gr. 4.2 og 14.1 í samþykktum.

Rétt til að sækja hluthafafundi hafa hluthafar, umboðsmenn þeirra og ráðgjafar, endurskoðandi félagsins og framkvæmdastjóri (skv. skilgreiningu hlutafélagalaga). Hluthafa er heimilt að sækja fund ásamt ráðgjafa, sem hvorki hefur málfrelsi, tillögurétt né atkvæðisrétt á hluthafafundum, en ráðgjafa er þó heimilt að taka til máls hafi hluthafi gefið honum orðið. Framkvæmdastjóri og endurskoðandi félagsins hafa fullt málfrelsi og tillögurétt á hluthafafundum þótt þeir séu ekki hluthafar. Stjórn og framkvæmdastjóra er heimilt að bjóða sérfræðingum setu á einstökum hluthafafundum ef leita þarf álits þeirra eða aðstoðar. Hluthafa er heimilt að láta umboðsmann sækja hluthafafund fyrir sína hönd og fara með atkvæði sitt. Umboðsmaður skal leggja fram skriflegt, vottfast og

dagsett umboð. Umboð skal leggja fram á fundi og gildir aðeins fyrir einn fund, nema annað sé tekið fram í umboðinu. Kveðið er á um framangreindar reglur í 10.8 og 10.9 gr. samþykktu og X. kafla hlutafélagalaga nr. 2/1995.

Stjórn er heimilt að ákveða að hluthafafundur verði haldinn rafrænt að hluta eða öllu leyti, og gert þannig hluthöfum kleift að taka þátt í fundarstörfum án þess að vera viðstaddir, sbr. grein 10.6 í samþykktum. Þess skal getið í fundarboði ef rafræn þátttaka er möguleg og skal fundarboðið þá bera með sér slíkar upplýsingar um framkvæmd fundarins og tæknibúnað að hluthöfum sé gert kleift að taka þátt í honum. Hluthafar sem hyggjast nýta sér rafræna þátttöku skulu tilkynna skrifstofu útgefanda þar um með fimm daga fyrirvara og leggja þar fram skriflegar spurningar varðandi dagskrá eða framlögð skjöl sem þeir óska svara við á fundinum. Um rafræna þátttöku og/eða rafrænar atkvæðagreiðslur á fundum hluthafa gilda ákvæði 80. gr. a hlutafélagalaga nr. 2/1995 og þar kemur m.a. fram að félögum sem skráð eru á skipulegum verðbréfamarkaði er skylt að gefa hluthöfum kost á að greiða atkvæði bréflega eða rafrænt um þau mál sem eru á dagskrá hluthafafundar.

Aðalfundur útgefanda skal skv. 11.1 gr. samþykktu haldinn fyrir lok maí ár hvert. Aukafundi skal skv. 10.2 gr. halda eftir ákvörðun stjórnar, að kröfu endurskoðanda útgefanda eða hluthafa sem ráða að minnsta kosti 1/20 hluta hlutafjár í útgefanda. Stjórn skal boða til fundar innan 14 daga frá því slík krafa endurskoðanda eða hluthafa berst henni skriflega ásamt fundarefni. Hafi félagsstjórn eigi boðað til fundar innan þess tíma er heimilt að krefjast þess að til fundarins verði boðað skv. ákvæðum 2. mgr. 87. gr. hlutafélagalaga.

Hluthafafundir útgefanda skulu samkvæmt 10.2 gr. samþykktanna boðaðir með minnst þriggja vikna fyrirvara og lengst fjögurra vikna fyrirvara, og aðalfundur með sama fyrirvara samkvæmt 11.1 gr. samþykktanna. Í félögum þar sem hlutir hafa verið teknir til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði skal boða til hluthafafundar minnst þremur vikum fyrir fund, samkvæmt a-lið 88. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög.

Til hluthafafundar skal, skv. 10.3 gr. samþykktu, boðað með auglýsingu í innlendum fjölmiðli, með rafrænum hætti eða með öðrum sannanlegum hætti þannig að tryggður sé skjótur aðgangur að fundarboðinu á jafnréttisgrundvelli og skal nota til þess trausta miðla er tryggja virka útbreiðslu upplýsinga til almennings á evrópska efnahagssvæðinu. Hluthafafundur er lögmætur án tillits til fundarsóknar, ef löglega er til hans boðað.

Heimilt er að halda hluthafafundi annars staðar en á heimili útgefanda, skv. gr. 10.1 í samþykktum.

Á hluthafafundi ræður afl atkvæða úrslitum, í samræmi við 14.2 gr. samþykktu útgefanda, nema öðruvísi sé mælt fyrir í samþykktum útgefanda eða landslögum, en tillaga fellur á jöfnum atkvæðum og ef tveir menn eða fleiri fá jafnmörg atkvæði í kosningu skal hlutkesti ráða. Í samræmi við 22.1 gr. samþykktu má einungis breyta samþykktum á löglegum hluthafafundi með minnst 2/3 hluta greiddra atkvæða og samþykki hluthafa sem ráða yfir a.m.k. 2/3 þess hlutafjár sem farið er með atkvæði fyrir á fundinum, enda sé annað atkvæðamagn ekki áskilið í hlutafélagalögum eða samþykktum. Samþykki allra hluthafa þarf skv. 14.3 gr. samþykktu til að skylda hluthafa til framlaga í félagsþarfir fram yfir skuldbindingar sínar; eða til að skylda hluthafa til að þola lausn hluta sinna að hluta eða fullu umfram það sem mælt er fyrir í landslögum nema félaginu sé slitið eða hlutaféð löglega fært niður; eða til að takmarka heimild manna til meðferðar á hlutum sínum.

Stjórn útgefanda stýrir málefnum útgefanda milli hluthafafunda, sbr. 17.1 gr. samþykktanna. Forstjóri og stjórn útgefanda fara saman með stjórn félagsins í samræmi við 18.1 gr. samþykktanna, og annast forstjóri daglegan rekstur en skal í þeim fara eftir stefnu og fyrirmælum frá stjórn. Stjórn skal skv. 15.1 gr. samþykktanna skipuð fimm einstaklingum, kjörnum á hluthafafundi til eins árs í senn, og skal kosning stjórnar tekin fyrir á aðalfundi sbr. gr. 11.2 í samþykktum. Samkvæmt grein 15.3 skulu framboð til stjórnar tilkynnt stjórn útgefanda a.m.k. fimm dögum fyrir hluthafafund og í tilkynningunni skal koma fram nafn frambjóðanda, kennitala, heimilisfang, upplýsingar um aðalstarf, önnur stjórnarstörf, menntun, reynslu, hlutafjáreign í félaginu og upplýsingar um hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila og samkeppnisaðila félagsins, sem og hluthafa sem eiga meira en 10% hlut í félaginu. Upplýsingar um frambjóðendur skulu aðgengilegar fyrir hluthafa á skrifstofu félagsins eigi síðar en tveimur dögum fyrir hluthafafund sem skal kjósa stjórn.

Við stjórnarkjör skal, skv. 15.2. gr. samþykktanna, tryggt að hlutfall hvors kyns sé ekki lægra en 40%. Náist kynjahlutfall ekki í stjórnarkjöri skal kosning endurtekin. Ef viðunandi kynjahlutfall næst ekki í endurtekinni kosningu telst kosning ógild og skal þá stjórnarkjöri frestað til framhaldsfundar sem skal haldinn innan mánaðar. Skal stjórnarkjör endurtekið svo oft sem þarf, þar til kynjahlutföllum er náð.

4.3.6 Arðgreiðslur og kaup á eigin bréfum

Aðalfundur Símans hf. þann 16. apríl 2015 samþykkti að greiða ekki út arð til hluthafa félagsins vegna fjárhagsársins 2014. Félagið greiddi ekki arð til hluthafa sinna vegna fjárhagsáranna 2012 og 2013.

Síminn hf. stefnir að því að greiða hluthöfum árlega arð og/eða framkvæma endurkaup sem nemur 20-50% af hagnaði eftir skatta í samræmi við lög og reglur hverju sinni. Við gerð tillagna um arðgreiðslu og/eða kaup á eigin hlutum skal stjórn taka tillit til:

- Takmarkana í fjárstýringarstefnu félagsins
- Aðstæðna á markaði
- Fjárfestingarþarfar á næstu árum
- Skuldbindinga félagsins samkvæmt lánasamningum og skuldabréfaflokknum SKIPTI 13 01

Í lánsamningum félagsins er ákvæði þar sem Símanum er óheimilt að greiða út arð. Komi til þess að hlutabréf félagsins verði tekin til viðskipta á skipulögðum verðbrefamarkaði er Símanum heimilt að greiða út arð að fullnægðum eftirfarandi skilyrðum:

- að engin brot séu útistandandi á skilmálum lánasamninganna og að arðgreiðslan sem slík valdi ekki að brotið verði á fjárhagslegum skilmálum lánasamninganna við næstu útreikninga þeirra;
- að arðgreiðslan hafi ekki neikvæð áhrif á nauðsynlegar fjárfestingar Símans eða rekstrargrundvöll félagsins;
- að eiginfjárlutfall Símans sé að lágmarki 30% eftir arðgreiðsluna;
- að heimil arðgreiðsla skv. ofangreindu takmarkist við 50% af óráðstöfuðu eigin fé nema að eiginfjárlutfall eftir arðgreiðsluna verði hærra en 35%.

Fjárhagsskilmálar skulu metnir á sex mánaða fresti utan skilmála er varðar fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum en hann reiknast á 12 mánaða fresti. Stjórn og stjórnendur félagsins telja ekki um að ræða neina óvenjulega skilmála í lánsamningum eða skuldabréfaútgáfu félagsins, telja hvorugt hamlandi fyrir félagið og telja ekki líkur á að félagið brjóti gegn þeim skorðum sem skilmálarnir setja, en slíkt myndi veita lánardrottnum félagsins heimild til gjaldfellingar og myndi takmarka möguleika félagsins til að standa straum af arðgreiðslum til hluthafa félagsins.

Á aðalfundi skal tekin fyrir ákvörðun um hvernig fara skuli með tap eða hagnað félagsins á reikningsárinu. Aðalfundur tekur skv. 11.2 gr. samþykktanna ákvörðun um úthlutun arðs (og greiðslu í varasjóð). Aðalfundur tekur sömuleiðis ákvörðun um hvernig mæta skuli halla (að fenginni tillögu stjórnar). Útgefandi er bundinn af ákvæðum laga nr. 2/1995 um hlutafélög varðandi slíka ákvörðun. Samkvæmt 1. mgr. 101. gr. laganna tekur hluthafafundur ákvörðun um úthlutun arðs eftir að félagsstjórn hefur lagt fram tillögur um það og er óheimilt að ákveða á aðalfundi meiri úthlutun arðs en stjórn útgefanda leggur til eða samþykkir. Arðgreiðslur skulu, samkvæmt 3. mgr. 101. gr. laganna, inntar af hendi eigi síðar en sex mánuðum frá samþykki úthlutunar.

Arður er greiddur hluthafa í samræmi við skráða eign hans í hlutaskrá. Hlutafélög hafa heimild til að ákvarða að réttur til arðs miðist við annað tímamark en útborgun arðs enda sé það tímamark tiltekið í ákvörðun hluthafafundar um arðgreiðslu. Útgefendur sem fengið hafa hlutabréf sín tekin til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland skulu, samkvæmt lið 2.13 í *Reglum fyrir útgefendur fjármálagerninga* frá 17. desember 2013, birta fundarboð um hluthafafundi opinberlega og þar með verðmótandi tillögur eins fljótt og unnt er, svo og upplýsingar um ákvarðanir fundarins eins fljótt og unnt er, en í tilkynningu skal gera skilmerkilega grein fyrir tillögum varðandi greiðslu arðs og þar með talið koma fram arðsréttindadagur (hluthafar í lok arðsréttindadags eiga tilkall til arðs), arðleysisdagur (hvenær viðskipti hefjast án arðsréttar) og útborgunardagur arðs. Hafi hluthafi ekki fengið greiddan arð sem hann á rétt á getur hann vitjað hans á skrifstofu útgefanda innan fjögurra ára frá gjalddaga, en samkvæmt lögum nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda fyrnist réttur til arðs á fjórum árum frá gjalddaga. Vitji hluthafi ekki arðs innan þess tíma fellur arðurinn til útgefanda. Það er á ábyrgð hluthafa að aðsetur hans sé rétt skráð í hlutaskrá og firrir félagið sig því ábyrgð á því ef greiðslur eða tilkynningar misfarast vegna þess að vanrækt hefur verið að tilkynna útgefanda um eigenda- eða aðsetursskipti.

4.3.7 Lögbundin yfirtökutilboð og tilboðsskylda

Samkvæmt 100. gr. laga nr. 108/2007 um verðbrefaviðskipti er kveðið á um skyldu aðila sem hefur beint eða óbeint náð yfirráðum í félagi, þar sem flokkur verðbrefa hefur verið tekinn til viðskipta á skipulegum verðbrefamarkaði, til að gera öðrum hluthöfum félagsins yfirtökutilboð.

Með yfirráðum er átt við að aðili og þeir sem hann er í samstarfi við:

1. Hafi samanlagt eignast a.m.k. 30% atkvæðisréttar í félaginu;
2. hafi á grundvelli samnings við aðra hluthafa rétt til að ráða yfir sem nemur a.m.k. 30% atkvæða í félaginu; eða
3. hafi öðlast rétt til þess að tilnefna eða setja af meirihluta stjórnar í félaginu.

Yfirtökutilboðið skal vera sett fram eigi síðar en fjórum vikum eftir að yfirráðum var náð. Samkvæmt 103. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti skal tilboðsgjafi bjóða öllum hluthöfum sem eiga hluti í sama hlutaflokki sömu skilmála. Verð það sem sett er fram í yfirtökutilboði skal a.m.k. svara til hæsta verðs sem tilboðsgjafi eða aðilar sem hann er í samstarfi við hafa greitt fyrir hluti sem þeir hafa eignast í viðkomandi félagi síðustu sex mánuði áður en tilboð var sett fram. Tilboðsverð skal þó að lágmarki vera jafnhátt og síðasta viðskiptaverð hluta í viðkomandi félagi daginn áður en tilboðsskylda myndaðist eða tilkynnt var um fyrirhugað tilboð.

Fari aðili og þeir sem hann er í samstarfi við með yfirráð í félagi þegar verðbréf þess eru tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði verður hann ekki tilboðsskyldur samkvæmt 7. mgr. 100. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti, en sú undanþága gildir þó ekki ef viðkomandi aðili missir yfirráðin en nær þeim að nýju.

Arion banki hf., stærsti hluthafi í Símanum hf., á sem samsvarar 27,8% atkvæðisréttar í útgefanda. Enginn hluthafi fer með 30% atkvæðisréttar í útgefanda eða meira, sem eru skilgreind mörk yfirráða í félagi samkvæmt X. kafla laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti.

Upplýsingar varðandi stærstu hluthafa í útgefanda er að finna í kaflanum 5.4 *Hluthafar* í útgefandalýsingu Símans hf., dagsettri 25. september 2015.

4.3.8 Innlausnarskylda og -réttur

Samþykktir útgefanda mæla fyrir um það í grein 9.1, að hluthöfum sé ekki skylt að sæta innlausn hluta sinna nema lög kveði á um.

Í 24. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög er kveðið á um að ef hluthafi á meira en 9/10 hlutafjár í félagi og ræður yfir samsvarandi atkvæðamagni geta hluthafinn og stjórn félagsins í sameiningu ákveðið að aðrir hluthafar í félaginu skuli sæta innlausn hluthafans á hlutum sínum. Samkvæmt 26. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög getur hver einstakur annar hluthafi krafist innlausnar, að sömu skilyrðum uppfylltum.

Gangi það eftir að hlutabréf í Símanum hf. verði tekin til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland taka gildi ákvæði 110. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti sem eru í samræmi við framangreind ákvæði laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Þar kemur fram að ef hluthafi og aðilar sem hann er í samstarfi við eiga meira en 9/10 hlutafjár í félagi og ráða yfir samsvarandi atkvæðamagni geta hluthafinn og stjórn félagsins í sameiningu ákveðið að aðrir hluthafar í félaginu skuli sæta innlausn hluthafans á hlutum sínum. Eins getur hver einstakur af minnihluta hluthafa krafist innlausnar hjá þeim hluthafa.

Enginn einstakur hluthafi fer með 9/10 hlutafjár eða atkvæðisréttar í félaginu eða meira. Útgefanda er ekki kunnugt um samstarf neinna hluthafa sem samtals fara með að lágmarki 9/10 hlutafjár eða atkvæðisréttar í félaginu.

4.3.9 Samruni, slit eða skipting

Um slit á félaginu, samruna við önnur félög eða skiptingu þess skal fara samkvæmt ákvæðum hlutafélagalaga og annarra laga eftir því sem við á. Hluthafar eiga rétt á að fá greitt af eignum útgefanda við slit eða gjaldþrot hans í samræmi við hlutafjáreign og réttarstöðu hlutafjár í kröfuröð samkvæmt lögum nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti. Með tillögur um slit, skiptingu eða samruna útgefanda við annað félag skal fara samkvæmt XIII. og XIV. kafla laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Þarf 2/3 hluta greiddra atkvæða og samþykki hluthafa sem ráða yfir að minnsta kosti 2/3 hlutum þess hlutafjár sem farið er með atkvæði fyrir á fundinum til að slík ákvörðun sé gild. Hluthafafundur sem tekið hefur löglega ákvörðun um slit eða skipti félagsins skal einnig ákveða ráðstöfun eigna og greiðslu skulda.

4.3.10 Safnskráning

Reglur um varðveislu fjármálagerninga á safnreikningum er að finna í lögum nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti, lögum nr. 131/1997 um rafræna eignarskráningu verðbréfa og lögum nr. 2/1995 um hlutafélög.

Í 12. gr. laga nr. 108/2007 kemur fram að fjármálafyrirtæki sem er heimilt að varðveita fjármálagerninga í eigu viðskiptavina sinna getur varðveitt þá á sérstökum reikningi (safnreikningi) og tekið við greiðslum fyrir hönd viðskiptavina sinna frá einstökum útgefendum fjármálagerninga, enda hafi fjármálafyrirtækið gert viðskiptavinini grein fyrir réttaráhrifum þess og hann veitt samþykki sitt. Fjármálafyrirtæki ber að halda skrá yfir hlut hvers viðskiptavinar fyrir sig. Komi til þess að bú fjármálafyrirtækis sé tekið til gjaldþrotaskipta eða greiðslustöðvun samþykkt, fyrirtækinu sé slitið eða sambærilegar ráðstafanir gerðar, getur viðskiptavinur á grundvelli áðurnefndrar skrár tekið fjármálagerninga sína út af safnreikningi, enda sé ekki ágreiningur um eignarhald.

Í 31. gr. laga nr. 2/1995 er kveðið á um að eigandi hlutar geti ekki beitt réttindum sínum sem hluthafi nema nafn hans hafi verið skráð í hlutaskrá eða hann hafi tilkynnt og fært sönnur á eign sína á hlutum. Þetta á þó ekki við um rétt til arðs eða annarrar greiðslu og rétt til nýrra hluta við hækkun hlutafjár. Í samræmi við þetta hefur hluthafi ekki atkvæðisrétt á hluthafafundum nema nafn hans hafi verið skráð í hlutaskrá útgefanda. Hið sama gildir um fjármálafyrirtæki sem hafa heimild til safnskráningar þar sem hluthafinn hefur ekki þau réttindi að geta veitt einhverjum umboð til að fara með atkvæðisréttinn. Hlutum sem skráðir eru safnskráningu fylgir því ekki atkvæðisréttur á hluthafafundum.

Það að hlutabréf séu skráð safnskráningu undanskilur ekki viðkomandi hluthafa frá ákvæðum IX. kafla laga nr. 108/2007 um breytingu á verulegum hlut atkvæðisréttar (flöggun). Hlutir í eigu aðila sem varðveittir eru á safnreikningi skulu taldir með við afmörkun á því hvort tiltekin viðskipti séu flöggunarskyld.

4.3.11 Skattamál

Hér á eftir fer almenn samantekt á tilteknum atriðum er varða skattlagningu tekna sem stafa frá fjárfestingu í hlutabréfum, nánar tiltekið arðstekna og söluhagnaðar, sbr. lög nr. 90/2003 um tekjuskatt (tekjuskattslög). Skattlagning teknanna fer eftir gildandi tekjuskattslögum hverju sinni, en þau geta tekið breytingum frá því sem nú er. Fjárfestum er ráðlagt að leita sér ráðgjafar hjá óháðum sérfræðingi í skattamálum um það hvaða skattalegu afleiðingar fjárfesting í hlutabréfum í útgefanda kann að hafa í för með sér, þ.m.t. áhrif erlendra lagareglna og áhrifa tvísköttunarsamninga Íslands við önnur ríki. Samantektin hér að neðan tekur til laga sem gilda á dagsetningu þessarar lýsingar. Samantektin tekur ekki á skattalegum afleiðingum þegar hlutabréf eru hluti af eignasafni.

Útgefanda er skylt að halda eftir staðgreiðsluskatti af arðgreiðslum til innlendra hluthafa, sbr. 2. mgr. 3. gr. og 4. mgr. 5. gr. laga nr. 94/1996 um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur. Staðgreiðsluskatturinn sem haldið er eftir skal miðast við viðeigandi skatthlutfall þess sem tekur við arðgreiðslunni. Ef staðgreiðsluskatturinn sem haldið er eftir er hærri en álagningin mun Ríkisskattstjóri endurgreiða mismuninn í kjölfar álagningar. Gagnvart íslenskum aðilum, öðrum en þeim sem eru undanþegnir greiðslu fjármagnstekjuskatts, er litið á staðgreiðsluna sem fullnaðargreiðslu.

Útgefandi ábyrgist gagnvart fjárfestum að halda eftir staðgreiðsluskatti af arði sem greiddur er innlendum og erlendum aðilum.

Í tilviki einstaklinga telst arður sem ekki myndast í tengslum við atvinnurekstur viðkomandi til fjármagnstekna sbr. C-lið 7. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt. Á dagsetningu lýsingar þessarar er fjármagnstekjuskattshlutfall 20%. Enginn frádráttur er heimilaður.

Arðgreiðslur til skattskyldra lögaðila teljast að fullu til tekna hjá viðkomandi skattaðila og eru skattlagðar í almennu tekjuskattshlutfalli viðkomandi. Einkahlutafélögum, hlutafélögum og samlagshlutafélögum, sem eru sjálfstæðir skattaðilar, er heimilt að draga frá tekjuskattstofni sínum fjárhæð sem nemur móttekinni arðgreiðslu.

Söluhagnaður hlutabréfa telst almennt til skattskyldra tekna. Söluhagnaður er reiknaður sem mismunur á söluverði og meðalkaupverði allra hluta af sömu tegund og í sama flokki, að teknu tilliti til kostnaðar við söluna.

Í tilviki einstaklinga telst söluhagnaður hlutabréfa til fjármagnstekna. Á dagsetningu lýsingar þessarar er fjármagnstekjuskattshlutfall 20%. Einstaklingar geta nýtt tap af sölu hlutabréfa á móti hagnaði af sölu hlutabréfa innan sama almanaksárs en tap getur ekki verið flutt milli ára til að mæta skattlagningu á söluhagnaði hlutabréfa síðar.

Hjá skattskyldum lögaðilum telst söluhagnaður hlutabréfa að fullu til tekna hjá viðkomandi. Einkahlutafélögum, hlutafélögum og samlagshlutafélögum, sem eru sjálfstæðir skattaðilar, er heimilt að draga frá tekjuskattstofni sínum fjárhæð sem nemur hinum skattskylda söluhagnaði.

Tekjur sem aðili með skattalega heimilisfesti utan Íslands aflar hér á landi eru framtals- og skattskyldar á Íslandi. Viðkomandi getur þó átt rétt á takmörkun eða undanþágu frá álögdum skatti á grundvelli tvísköttunarsamnings, sé hann til staðar milli Íslands og þess ríkis þar sem viðkomandi er með skattalega heimilisfesti. Ísland hefur gert tvísköttunarsamninga við ríflega 30 ríki. Samningarnir eru alla jafna í samræmi við fyrirmynd tvísköttunarsamnings frá OECD (OECD Model Tax Convention on Income and on Capital).

Aðili sem hyggst nýta sér réttindi skv. tvísköttunarsamningi skal skila inn staðfestingu á skattalegri heimilisfesti sem gefin er út af viðeigandi opinberum aðila í hinu samningsríkinu. Telja skal tekjurnar fram í framtali hér á landi og vísa til viðeigandi réttinda í tvísköttunarsamningi.

Arðstekjur og söluhagnaður aðila með skattalega heimilisfesti utan Íslands sæta staðgreiðslu hér á landi, sbr. A-lið 2. gr. laga nr. 45/1987. Seljanda eða millilið á borð við verðbréfamiðlanir fjármálastofnana er skylt að halda

eftir staðgreiðsluskatti af söluandvirði. Greiðanda arðs er skylt að halda eftir staðgreiðsluskatti af arðgreiðslum. Skatthlutfallið er nú 20%.

Ef við á geta aðilar sótt um endurgreiðslu og/eða undanþágu frá staðgreiðsluskyldu samkvæmt viðeigandi ákvæðum tvísköttunarsamnings. Það er alltaf skilyrði fyrir undanþágu að fyrir liggi staðfesting á skattalegri heimilisfesti sem gefin er út af viðeigandi opinberum aðila í heimilisfestisríki.

Félögum með takmarkaða ábyrgð (og tilteknum öðrum sambærilegum formum af félögum) innan Evrópska efnahagssvæðisins, sem afla arðstekna eða mynda söluhagnað, sem hefur sætt staðgreiðsluskatti á Íslandi, er heimilt að skila inn skattframtali á Íslandi og nýta sér frádráttarheimild líkt og lýst er hér að framan, og fá endurgreiðslu oftekinnar staðgreiðslu við álagningu næsta árs.

5. TILKYNNING TIL FJÁRFESTA

Verðbréfalýsing þessi er hluti af lýsingu útgefandans dagsettri 25. september 2015, sem varðar og birt er í tengslum við almennt útboð á hlutum í Símanum hf. og umsókn um að öll útgefin hlutabréf í Símanum hf. verði tekin til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland. Hvort tveggja fer fram í samræmi við ákvæði íslenskra laga og reglugerða um verðbréfavíðskipti, sbr. lög nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti og falla útgefandi og fjármálagerningar sem hann gefur út þar undir. Um útgáfu hlutabréfanna gilda íslensk lög og eru þau verðbréf í skilningi 1. mgr. 2. gr. laga um verðbréfavíðskipti nr. 108/2007. Um hlutabréfin gilda enn fremur lög nr. 131/1997 um rafræna eignarskráningu verðbréfa.

Tilskipun Evrópuþingsins og -ráðsins 2003/71/EB frá 4. nóvember 2003 og tilskipun 2010/73/ESB um lýsingar og undirgerðir þeirra hafa verið innleiddar í íslenskan rétt með ákvæðum laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti og reglugerðum settum á grundvelli þeirra, þ.e. reglugerðar nr. 837/2013 um almennt útboð verðbréfa að verðmæti jafnvirðis 5.000.000 evra í íslenskum krónum eða meira og töku verðbréfa til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði og reglugerðar nr. 243/2006 um gildistöku reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar nr. 809/2004 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og -ráðsins 2003/71/EB að því er varðar upplýsingar í lýsingum, svo og framsetningu þeirra, upplýsingar felldar inn með tilvísun, og birtingu lýsinganna, svo og dreifingu auglýsinga, allt með áorðnum breytingum. Lýsingin fylgir ákvæðum um upplýsingagjöf í lýsingum skv. viðaukum I og III við fylgiskjal I við reglugerð nr. 243/2006. Verðbréfalýsingin uppfyllir ákvæði III. viðauka sem varðar lágmarkskröfur um upplýsingar sem koma eiga fram í verðbréfalýsingu fyrir hluti. Lýsingin er einnig útbúin með hliðsjón af *Reglum fyrir útgefendur fjármálagerninga* sem gefnar voru út af Nasdaq Iceland 17. desember 2013.

Lýsingin hefur verið yfirfarin og staðfest af FME í samræmi við 52. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti. Lýsingin er á íslensku og er birt á Íslandi. Lýsingin samanstendur af þremur sjálfstæðum skjölum; samantekt, verðbréfalýsingu og útgefandalýsingu, sem öll eru dagsett 25. september 2015. Lýsinguna í heild sinni má nálgast á vef útgefanda, www.siminn.is/siminn/fjarfestar. Einnig verður frá 29. september 2015 hægt að nálgast innbundin eintök hjá útgefanda í höfuðstöðvum hans í Ármúla 25 í Reykjavík og hjá Arion banka hf. í Borgartúni 19 í Reykjavík.

Lýsing útgefanda dagsett 25. september 2015 inniheldur þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru fjárfestum til að þeir geti metið eignir og skuldir, fjárhagsstöðu, afkomu og framtíðarhorfur útgefanda, sem og upplýsingar um þau réttindi sem fylgja verðbréfunum. Leitast hefur verið við að setja upplýsingarnar fram á skýran og greinargóðan hátt. Fjárfestar eru hvattir til að kynna sér vel lýsinguna og er þeim ráðlagt að kynna sér sérstaklega kafla um áhættuþætti. Upplýsingar í lýsingunni byggja á aðstæðum og staðreyndum á þeim degi sem lýsingin er undirrituð og geta breyst frá dagsetningu undirritaðrar lýsingar og fram að þeim degi þegar hlutabréfin eru tekin til viðskipta. Ef mikilvægar nýjar upplýsingar, veigamikil mistök eða ónákvæmni er varða upplýsingar í lýsingunni, sem máli geta skipt við mat á hlutabréfunum, koma fram á þessu tímabili, skal útbúa viðauka við lýsinguna í samræmi við 46. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti, þar sem greint er frá viðkomandi atriðum. Viðaukinn skal staðfestur innan sjö virkra daga og birtur á sama hátt og upprunalega lýsingin. Í samræmi við 46. gr. laga nr. 108/2007 skulu fjárfestar sem þegar hafa samþykkt að kaupa eða skrá sig fyrir verðbréfum áður en viðaukinn er birtur hafa rétt til að falla frá fyrrgreindu samþykki að lágmarki í tvo virka daga frá birtingu viðaukans.

Verðbréfalýsingu þessa eða önnur skjöl sem tilheyra lýsingu útgefanda dagsettri 25. september 2015, má undir engum kringumstæðum skoða eða túlka sem loforð um árangur í rekstri eða um ávöxtun fjármuna af hálfu útgefanda, seljanda, umsjónaraðila útboðs, söluaðila, umsjónaraðila með töku til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði eða annarra aðila. Fjárfestar eru minntir á að kaup á hlutabréfum eru í eðli sínu áhættufjárfesting sem byggist á væntingum en ekki loforðum. Fjárfestar verða fyrst og fremst að treysta eigin dómgreind vegna fjárfestingar í hlutabréfum í útgefanda og taka tillit til starfsumhverfis útgefanda, hagnaðarvonar, ytri aðstæðna og þeirrar áhættu sem í fjárfestingunni felst. Fjárfestum er bent á að hægt er að leita ráðgjafar sérfræðinga, svo sem hjá bönkum og öðrum fjármálafyrirtækjum, til aðstoðar við mat á hlutabréfunum sem fjárfestingarkosti. Fjárfestum er ráðlagt að skoða lagalega stöðu sína og þau skattalegu áhrif sem kaup á hlutabréfum í útgefanda kunna að hafa og leita óháðrar ráðgjafar í því tilliti.

Verðbréfalýsingu þessa eða önnur skjöl sem eru hluti af lýsingunni skal hvorki senda í pósti né dreifa á einn eða annan hátt til landa þar sem dreifing myndi krefjast viðbótarskráningarferlis eða aðgerða annarra en þeirra sem heyra undir íslensk lög og reglur, eða ef slík dreifing greinir á við lög eða reglur viðeigandi landa. Verðbréfalýsingu þessa eða önnur skjöl sem eru hluti af lýsingunni skal þannig m.a. hvorki senda í pósti né dreifa á einn eða annan hátt til eða innan Bandaríkjanna, Ástralíu, Kanada eða Japans. Útgefandi, seljandi, umsjónaraðili útboð eða umsjónaraðili skráningar eru ekki skaðabótaskyldir vegna dreifingar á lýsingunni til þriðja aðila.

Verði hlutabréf útgefin af Símanum hf. tekin til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland mun hann þá sem útgefandi lúta upplýsingaskyldu frá þeim tíma á markaði samkvæmt settum lögum og reglugerðum um verðbréfavíðskipti, sbr. lög nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti, birta tilkynningar opinberlega og lúta reglum Nasdaq Iceland. Núgildandi *Reglur fyrir útgefendur fjármálagerninga*, útgefnar af Nasdaq Iceland 17. desember 2013, kveða m.a. á um opinbera birtingu allra fjárhagsupplýsinga í samræmi við lög og reglur um reikningsskil sem gilda um útgefanda á hverjum tíma, og að upplýsingar um ákvarðanir eða aðrar forsendur og aðstæður sem ástæða er til að ætla að geti haft marktæk áhrif á markaðsverð fjármálagerninga, sem teknir hafa verið til viðskipta, beri að birta eins fljótt og unnt er. Opinber birting telst vera þegar upplýsingar hafa verið birtar almenningi á Evrópska efnahagssvæðinu. Samhliða opinberri birtingu skal útgefandi senda upplýsingarnar til FME í samræmi við lög nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti, auk þess sem þær skulu vera sendar til Nasdaq Iceland í eftirlitsskyni í samræmi við reglur Nasdaq Iceland fyrir útgefendur fjármálagerninga. Síminn hf. mun birta framangreindar upplýsingar opinberlega og á vef útgefanda, á slóðinni www.siminn.is/siminn/fjarfestar.

Skuldabréf í flokkinum SKIPTI 13 01 sem er útgefin af Símanum hf. voru tekin til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland í desember 2013 og hafa framangreind lög og reglur því átt við um útgefandann frá þeim tíma, að því marki sem gildir um útgefendur skuldabréfa.

5.1 Skilgreiningar og tilvísanir

Vísun til „útgefanda“ eða „útgefandans“ í þessari verðbréfalýsingu skal túlka sem tilvísun til Símans hf., kt. 460207-0880, Ármúla 25, 108 Reykjavík, nema annað megi skilja af samhengi textans. Síminn hf. er lögformlegt heiti útgefandans. Ekki er tilgreint sérstak viðskiptaheiti í samþykktum útgefanda.

Vísun til „hlutanna“ eða „hlutabréfanna“ í þessari verðbréfalýsingu skal túlka sem tilvísun til allra útgefna hlutabréfa í Símanum hf. hjá Nasdaq verðbréfamiðstöð hf. í flokki hlutabréfa með auðkennið SIMINN og ISIN-númerið IS0000015089, nema annað megi skilja af samhengi textans.

Vísun til „lýsingar hlutabréfa“ eða „lýsingar útgefanda“ eða „lýsingar sem verðbréfalýsing þessi er hluti af“ eða „lýsingar“ eða „lýsingarinnar“ í þessari verðbréfalýsingu skal túlka sem tilvísun til lýsingar þeirrar sem Síminn hf. gefur út og dagsetur 25. september 2015 og birt vegna almenns útboðs Arion banka hf. á hlutabréfum sem bankinn á í Símanum hf. og fyrirhugað er 5. - 7. október 2015 og vegna fyrirhugaðrar óskar útgefanda um að hlutabréf í Símanum hf. verði tekin til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland, nema annað megi skilja af samhengi textans. Lýsingin samanstendur af þremur sjálfstæðum skjölum; samantekt, verðbréfalýsingu hlutabréfa og útgefandalýsingu, sem öll eru dagsett 25. september 2015. Framangreind skjöl má finna sem hluta af lýsingunni sem birt er á vef útgefanda, www.siminn.is/siminn/fjarfestar.

Vísun til „útboðsins“ í þessari verðbréfalýsingu skal túlka sem tilvísun til almenns útboðs Arion banka hf. á hlutabréfum sem bankinn á í Símanum hf. og fyrirhugað er 5. - 7. október 2015.

Vísun til „seljanda“ í þessari verðbréfalýsingu skal túlka sem tilvísun til Arion banka hf., kennitala 581008-0150, Borgartúni 19, 105 Reykjavík, nema annað megi skilja af samhengi textans.

Vísun til „umsjónaraðila útboðsins“ í þessari verðbréfalýsingu skal túlka sem tilvísun til fyrirtækjaráðgjafar fjárfestingarbankasviðs Arion banka hf., kennitala 581008-0150, Borgartúni 19, 105 Reykjavík. Vísun til „söluaðila“ í þessari verðbréfalýsingu skal túlka sem tilvísun til umsjónaraðila útboðsins ásamt markaðsviðskiptum fjárfestingabankasviðs Arion banka hf. og Arctica Finance hf., kennitala 540509-1820, Katrínartúni 2, 105 Reykjavík, nema annað megi skilja af samhengi textans. Vísun til „umsjónaraðila skráningar“ í þessari verðbréfalýsingu skal túlka sem tilvísun til fyrirtækjaráðgjafar fjárfestingarbankasviðs Arion banka hf. og Arctica Finance hf., en með „skráningu“ er átt sé við töku til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland, nema annað megi skilja af samhengi textans.

Vísun til „Fjármálaeftirlitsins“ eða „FME“ í þessari verðbréfalýsingu skal túlka sem tilvísun til eftirlitsins á Íslandi, kennitala 541298-3209, Höfðatúni 2, 105 Reykjavík, nema annað megi skilja af samhengi textans.

Vísun til „Nasdaq Iceland“ í þessari verðbréfalýsingu skal túlka sem tilvísun til Kauphallar Íslands hf., kennitala 681298-2829, Laugavegi 182, 105 Reykjavík, nema annað megi skilja af samhengi textans. Vísun til „Aðalmarkaðar“ í þessari verðbréfalýsingu, skal túlka sem tilvísun til Aðalmarkaðar Nasdaq Iceland sem er skipulegur verðbréfamarkaður, nema annað megi skilja af samhengi textans.

Hugtakið „króna“ eða skammstöfunina „kr.“ í þessari verðbréfalýsingu skal túlka sem tilvísun til gjaldmiðilsins íslenskrar krónu. Skammstöfunina „m.kr.“ í þessari verðbréfalýsingu skal túlka sem tilvísun til milljóna króna. Skammstöfunina „ma.kr.“ í þessari verðbréfalýsingu skal túlka sem tilvísun til milljarða króna.

Vísanir til tiltekinna klukkutíma í þessari verðbréfalýsingu skulu túlkaðar sem tilvísanir til tímasetninga að íslenskum staðartíma.

Þegar vísað er til laga og reglugerða í verðbréfalýsingu þessari er vísað til íslenskra laga og reglugerða, með áorðnum breytingum.

5.2 Ráðgjafar

Fyrirtækjaráðgjöf Arion banka hf., kennitala 581008-0150, Borgartúni 19, 105 Reykjavík, hefur umsjón með almennu útboði á hlutum í Símanum hf. sem lýst er í verðbréfalýsingu þessari. Vegna undirbúnings kauphallarskráningar á hlutum í Símanum hf. og almenns útboðs hefur fyrirtækjaráðgjöf fjárfestingarbankasviðs Arion banka hf. annast samskipti útgefanda og seljanda (í útboði) við Nasdaq Iceland og FME og unnið að gerð lýsingarinnar sem verðbréfalýsing þessi er hluti af, í samráði við stjórnendur og stjórn útgefandans. Verðbréfalýsingin er byggð á upplýsingum frá útgefanda og seljanda, m.a. endurskoðuðum ársreikningum fyrir fjárhagsárin 2012, 2013 og 2014 sem og endurskoðuðu árshlutauppgjör fyrir tímabilið 1. janúar 2015 til 30. júní 2015. Fyrirtækjaráðgjöf Arion banka hf. og Arctica Finance hf., kt. 540509-1820, Katrínartúni 2, 105 Reykjavík, eru ráðnir umsjónaraðilar skráningar og hafa sem slíkir umsjón með því ferli að fá hlutabréf í Símanum tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði Nasdaq Iceland. Eftirfarandi áreiðanleikakannanir voru framkvæmdar á útgefanda í aðdraganda birtingar hans á lýsingu dagsettri 25. september 2015 og náðu þær til starfsemi samstæðu útgefanda frá 1. janúar 2012 til 15. febrúar 2015 auk skattalegra málefna samstæðunnar frá 1. janúar 2009 til 15. febrúar 2015. Lögfræðileg áreiðanleikakönnun var framkvæmd af LEX ehf., kennitala 570297-2289, Borgartúni 25, 105 Reykjavík. Náði hún til 1. febrúar 2015. Fjárhagsleg og skattaleg áreiðanleikakönnun var framkvæmd af PricewaterhouseCoopers ehf., kennitala 690681-0139, Skógarhlíð 12, 105 Reykjavík. Þær kannanir náðu til ársloka 2014.

5.3 Hugsanlegir hagsmunaárekstrar

Athygli er beint að þeim hagsmunum sem aðilar í yfirstjórn Símans og tengdir aðilar kunna að hafa í tengslum við fyrirhugað almennt útboð á hlutum í Símanum hf. og ósk um að hlutabréf í Símanum hf. verði tekin til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland:

- Aðilar í yfirstjórn Símans sem nafngreindir eru, í kafla 4.4.3 *Tekjur, hlunnindi og réttindi stjórnarmanna og yfirstjórnar* í útgefandalýsingu dagsettri 25. september 2015 eiga samtals um 0,8% hlut í Símanum með beinu og óbeinu eignarhaldi. Um helmingur þeirrar eignar er fölginn í 5,0% hlut L1088 ehf. í Símanum og situr forstjóri Símans í stjórn þess félags. Kaup á framangreindum hlutum voru kynnt 21. ágúst 2015, seljandi var Arion banki hf., kaupgengi í viðskiptunum var 2,518 kr. fyrir hvern hlut og voru þeir afhentir gegn staðgreiðslu í byrjun september 2015. Framangreindir kaupendur hafa undirgengist söluhömlur, ýmist til 1. mars 2016 eða 1. janúar 2017.

Athygli er beint að þeim hagsmunum sem Arion banki hf. kann að hafa í tengslum við fyrirhugað almennt útboð á hlutum í Símanum hf. og ósk um að hlutabréf í Símanum hf. verði tekin til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland:

- Arion banki hf. á 27,8% hluta í útgefanda, er seljandi í fyrirhuguðu útboði og býður þar 18-21% eignarhlut í útgefanda til sölu.
- Fyrirtækjaráðgjöf fjárfestingarbankasviðs Arion banka hf. hefur umsjón með því ferli að fá hlutabréf í útgefanda tekin til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland, og í því felst m.a. ráðgjöf til forsvarsmanna útgefanda um nauðsynlegar ráðstafanir þar að lútandi ásamt ráðgjöf við gerð lýsinga og fær sem umsjónaraðili skráningar þóknun frá útgefanda fyrir þá þjónustu.
- Fyrirtækjaráðgjöf fjárfestingabankasviðs Arion banka hf. hefur umsjón með fyrirhuguðu almennu útboði og ber seljandi kostnað af þeirri þjónustu. Markaðsviðskipti fjárfestingabankasviðs Arion banka hf. eru annar söluaðili útboðsins. Fjárfestingabankasvið hefur jafnframt haft og mun hafa milligöngu um önnur viðskipti Arion banka hf. og/eða annarra aðila með fjármálagerninga tengda hlutabréfum og skuldabréfum útgefnum af Símanum hf.
- Fyrirtækjaráðgjöf fjárfestingabankasviðs Arion banka hf. er meðal viðtakenda á áreiðanleikakönnunum sem unnar voru á útgefanda í aðdraganda birtingar hans á lýsingu dagsettri 25. september 2015.
- Eigin viðskipti Arion banka hf. hafa gert samning við útgefanda um viðskiptavakt á hlutum útgefanda og er hún framkvæmd fyrir reikning bankans gegn þóknun frá útgefanda.

- Samstæða Símans hf. á almenn bankaviðskipti við Arion banka hf.
- Samstæða Símans hf. er leigutaki hjá Reitum fasteignafélagi hf. sem Arion banki hf. á um 9% hlut í.

Arion banka hf. er ekki skylt að meta hvort þátttaka í útboðinu og kaup á hlutum í útgefanda er viðeigandi fyrir fjárfesta og nýtur fjárfestir í slíkum viðskiptum því ekki verndar samkvæmt 16 gr. í lögum nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti. Bankinn fer fram á það við fjárfesta að þeir kynni sér upplýsingar um reglur Arion banka hf. um hagsmunaárekstra, sem eru settar í samræmi við 8. gr. í lögum nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti, en þær er að finna á vefslóðinni <https://www.arionbanki.is/bankinn/stjornarhaettir/reglur-og-skilmalar/> (Sótt 25. September 2015), og að þeir kynni sér alla hugsanlega hagsmunaárekstra sem tilgreindir eru í verðbréfalýsingu þessari.

Hér á eftir fara upplýsingar um reglur Arion banka hf. um hagsmunaárekstra:

Arion banki hf. býður fjölbreytt úrval vöru og þjónustu fyrir stóran hóp viðskiptavina. Í slíkri viðskiptastarfsemi getur sú staða óhjákvæmilega komið upp að hagsmunir viðskiptavina Arion banka hf. fara ekki saman við hagsmuni Arion banka hf. (þ.m.t. hagsmunir starfsmanna eða aðila tengdum bankanum); og/eða hagsmuni annarra viðskiptavina Arion banka hf. Komi þessi staða upp mun bankinn grípa til allra skynsamlegra leiða til að koma í veg fyrir að hagsmunaárekstrar leiði af sér tjón fyrir viðskiptavini. Hjá Arion banka hf. er skriflegt fyrirkomulag, bæði kerfislegt og stjórnunarlegt, til að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra sem gætu falið í sér raunverulega hættu á tjóni fyrir einn eða fleiri viðskiptavini bankans. Arion banki hf. fylgir ákveðnu fyrirkomulagi til að hafa stjórn á og koma í veg fyrir hagsmunaárekstra. Fyrirkomulagið miðast við að tryggja að starfsfólk og félag innan Arion banka hf. geri sér grein fyrir hættunni á hagsmunaárekstrum, vinni sjálfstætt og leitist við að vernda hagsmuni viðskiptavina. Þetta felur í sér: skilvirkt ferli til stýringar á flæði upplýsinga; sérstaka yfirumsjón með starfsfólki, sem hefur það meginhlutverk að þjónusta viðskiptavini vegna hagsmuna sem mögulega gætu stangast á við aðra ríka hagsmuni (þ.m.t. hagsmuni Arion banka hf.); aðskilnað milli starfsfólks sem starfar og þiggur laun/þóknun á mismunandi sviðum bankans þar sem hagsmunaárekstrar gætu myndast; úrræði til að koma í veg fyrir eða takmarka að einstaklingur geti haft óeðlileg áhrif á hvernig þjónusta er veitt eða starfsemi fer fram; og úrræði til að koma í veg fyrir eða stjórna aðkomu utanaðkomandi starfsmanna þar sem slík aðkoma getur komið í veg fyrir virka stjórn á hagsmunaárekstrum. Ef ljóst er að þær ráðstafanir gegn hagsmunaárekstrum sem Arion banki hf. grípur til eru ekki fullnægjandi svo fyrirbyggja megi með nægjanlegri vissu hættu á tjóni á hagsmunum viðskiptavina, mun Arion banki hf. greina frá með skýrum hætti um eðli og/eða orsakir hagsmunaárekstra áður en viðskipti fara fram.

5.4 Yfirlýsing endurskoðanda

Fjárhagsupplýsingar í öðrum kafla verðbréfalýsingar þessarar varða endurskoðaða samstæðuársreikninga Símans hf. fyrir árin 2014, 2013 og 2012. Deloitte ehf., kennitala 521098-2449, Smáratorgi 3, 201 Kópavogi, hefur endurskoðað samstæðuársreikninga fyrir framangreind þrjú ár. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla.

Vegna endurskoðunar samstæðuársreikninga Símans hf. fyrir árin 2014, 2013 og 2012 var það álit Deloitte ehf. að samstæðuársreikningarnir gæfu glögga mynd af afkomu samstæðunnar á viðkomandi tímabilum, efnahag í lok tímabila og breytingu á handbæru fé á tímabilunum, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu. Áritanir framangreindra reikninga voru án fyrirvara en eftirfarandi ábendingar voru í áritun í ársreikningi ársins 2012.

Án þess að gera fyrirvara við álit okkar viljum við vekja athygli á skýringu 17 með samstæðuársreikningnum en þar kemur fram að ágreiningur er við Glitni hf. um gjaldmiðlasamninga.

Einnig án þess að gera fyrirvara við álit okkar viljum við vekja athygli á skýringu 19 með samstæðuársreikningnum en þar kemur fram að unnið hefur verið að fjárhagslegri endurskipulagningu félagsins.

Deloitte ehf. staðfestir að fjárhagsupplýsingar í öðrum kafla verðbréfalýsingar þessarar eru í samræmi við endurskoðaða samstæðuársreikninga.

Reykjavík, 25. september 2015

Fyrir hönd Deloitte ehf.

Hilmar A. Alfreðsson

löggiltur endurskoðandi

Fjárhagsupplýsingar í öðrum kafla verðbréfalýsingar þessarar varða endurskoðaðan árs hlutareikning samstæðu Símans hf. fyrir fyrstu sex mánuði ársins 2015. KPMG ehf., kennitala 590975-0449, Borgartúni 27, 105 Reykjavík, hefur endurskoðað samstæðuárs hlutareikninginn fyrir framangreint tímabil. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla.

Vegna endurskoðunar samstæðuárs hlutareiknings Símans hf. fyrir tímabilið 1. janúar 2015 til 30. júní 2015 var það álit KPMG ehf. að árs hlutareikningurinn gæfi glögga mynd af afkomu samstæðunnar á viðkomandi tímabili, fjárhagsstöðu í lok tímabils og breytinga á handbæru fé á tímabilinu, í samræmi við alþjóðlega reikningsskila- staðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu. Áritun framangreinds árs hlutareiknings var án fyrirvara.

KPMG ehf. staðfestir að fjárhagsupplýsingar í öðrum kafla verðbréfalýsingar þessarar eru í samræmi við endurskoðaðan árs hlutareikning.

Reykjavík, 25. september 2015

Fyrir hönd KPMG ehf.

Alexander G. Eðvardsson

löggiltur endurskoðandi

Árni V. Claessen

löggiltur endurskoðandi

5.5 Yfirlýsing seljanda

Bankastjóri og framkvæmdastjóri Fjárfestingarbankasviðs Arion banka hf., kennitala 581008-0150, Borgartúni 19, 105 Reykjavík, lýsa því yfir fyrir hönd Arion banka hf. sem væntanlegs seljanda í almennu útboði á hlutum í Símanum hf. að samkvæmt þeirra bestu vitund séu upplýsingar um útboðið, sem lýsingin (sem verðbréfalýsing þessi er hluti af) hefur að geyma, í samræmi við staðreyndir og að engum upplýsingum hafi verið sleppt sem kunna að skipta máli varðandi áreiðanleika þeirra.

Reykjavík, 25. september 2015

Fyrir hönd Arion banka hf.

Höskuldur H. Ólafsson

bankastjóri

Halldór Bjarkar Lúdvígsson

framkvæmdastjóri Fjárfestingarbankasviðs

5.6 Yfirlýsing ábyrgðaraðila fyrir hönd útgefanda

Formaður stjórnar og forstjóri Símans hf., kennitala 460207-0880, Ármúla 25, 108 Reykjavík, lýsa því yfir fyrir hönd Símans hf. sem útgefanda að samkvæmt þeirra bestu vitund séu upplýsingarnar, sem lýsingin (sem verðbréfalýsing þessi er hluti af) hefur að geyma, í samræmi við staðreyndir og að engum upplýsingum hafi verið sleppt sem kunna að skipta máli varðandi áreiðanleika hennar.

Reykjavík, 25. september 2015

Fyrir hönd Símans hf.

Sigríður Hrólfsdóttir

formaður stjórnar

Orrí Hauksson

forstjóri



Útgefandalýsing hlutabréfa

Útgefandi: Síminn hf.

Útgefandalýsing birt í tengslum við umsókn um að hlutabréfaflokkur verði tekinn til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði og í tengslum við almennt útbod á 18 - 21% af áður útgefnum hlutum

Útgefandalýsing þessi er gefin út af Símanum hf., kt. 460207-0880, Ármúla 25, 108 Reykjavík (einnig nefndur „útgefandi“ í útgefandalýsingu þessari). Hún er hluti af lýsingu útgefandans dagsettri 25. september 2015 sem samanstendur af útgefandalýsingu þessari dagsettri 25. september 2015, verðbréfalýsingu dagsettri 25. september 2015 og samantekt dagsettri 25. september 2015.

Lýsingin er gefin út vegna almenns útbods Arion banka hf. á hlutabréfum sem bankinn á í Símanum hf. og fyrirhugað er 5. – 7. október 2015 (nefnt „útbodið“ í útgefandalýsingu þessari) og vegna fyrirhugaðrar umsóknar útgefanda um að hlutabréf í Símanum hf. verði tekin til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland (með „Nasdaq Iceland“ er í útgefandalýsingu þessari átt við Kauphöll Íslands hf., kt. 681298-2829, Laugavegi 182, Reykjavík) sem er skipulegur verðbréfamarkaður. Lýsingin tekur því annars vegar til þeirra hluta í útgefanda sem boðnir verða til sölu í framangreindu útbodi og hins vegar til allra hlutabréfa í útgefanda sem óskað verður eftir að verði tekin til viðskipta.

Lýsingin er birt á vef útgefanda, www.siminn.is/siminn/fjarfestar, og má nálgast hana þar rafrænt. Einnig má nálgast lýsinguna á prentuðu formi hjá útgefanda í höfuðstöðvum hans í Ármúla 25 í Reykjavík og hjá Arion banka hf. í Borgartúni 19 í Reykjavík.

Útgefandalýsing þessi er dagsett 25. september 2015.

Umsjónaraðilar



ARCTICA FINANCE

Efnisyfirlit

1.	Áhættuþættir	4
1.1	Efnahags- og stjórn málaumhverfi	4
1.2	Áhætta tengd fjarskiptamarkaði og önnur rekstraráhætta Símans.....	5
1.3	Fjárhagsleg áhætta	18
1.4	Uppbygging á eignarhaldi Símans	21
2.	Upplýsingar um útgefandann	23
2.1	Útgefandi.....	23
2.2	Tilgangur.....	23
2.3	Lagaumhverfi.....	23
2.4	Ágrip af sögu Símans	25
2.5	Staðsetning og húsnæði	27
3.	Starfsemi.....	29
3.1	Hlutverk og markmið.....	29
3.2	Starfssvið.....	31
3.3	Þjónustuframboð Símans.....	33
3.4	Dótturfélög og hlutdeildarfélag.....	36
3.5	Helstu markaðir.....	40
3.6	Eftirlitsaðilar með samkeppni á fjarskiptamarkaði	53
4.	Stjórnarhættir, stjórn, yfirstjórn og endurskoðendur	64
4.1	Stjórnarhættir	64
4.2	Stjórn útgefanda.....	67
4.3	Yfirstjórn.....	70
4.4	Aðrar upplýsingar um stjórn og yfirstjórn	73
4.5	Tengdir aðilar.....	74
4.6	Endurskoðendur	75
5.	Hluthafar og hlutafé.....	76
5.1	Hlutafé.....	76
5.2	Réttindi hluthafa	76
5.3	Atkvæðisréttur	76
5.4	Hluthafar	76
5.5	Arður og kaup á eigin hlutabréfum	78
5.6	Hækkun eða lækkun hlutafjár.....	79
5.7	Þróun hlutafjár	80
6.	Fjárhagsyfirlit 1. janúar 2012 – 30. júní 2015	81
6.1	Samandregnar fjárhagsupplýsingar	82
6.2	Þróun, horfur og fjárhagsleg markmið	85
6.3	Rekstrarreikningur samstæðu Símans	86
6.4	Fjárfestingar og eignasala.....	89
6.5	Efnahagsreikningur 2012, 2013, 2014 og í lok fyrstu sex mánaða 2015	92
7.	Tilkynning til fjárfesta.....	99

7.1	Skilgreiningar og tilvísanir	100
7.2	Gildistími og aðgengi að lýsingu.....	101
7.3	Skjöl til sýnis	101
7.4	Upplýsingar frá þriðja aðila.....	101
7.5	Ráðgjafar.....	102
7.6	Yfirlýsing endurskoðenda útgefandans.....	102
7.7	Yfirlýsing ábyrgðaraðila útgefandalýsingar fyrir hönd útgefanda	103
8.	Samþykktir Símans hf.	104
9.	Samstæðureikningar Símans hf. 01.01.2012 – 30.06.2015	105

1. ÁHÆTTUÞÆTTIR

Áhættuþættir þeir sem hér á eftir er lýst eru þeir sem Símanum hf., kt. 460207-0880, Ármúla 25, 108 Reykjavík (einnig nefndur „Síminn“, „útgefandinn“, „útgefandi“ eða „félagið“ í útgefandalýsingu þessari) er kunnugt um og telur að eigi sérstaklega við um félagið og þá atvinnugrein sem það starfar innan og gætu haft áhrif á virði verðbréfa sem félagið gefur út.

Áður en ákvörðun er tekin um fjárfestingu í verðbréfum sem Síminn hf. gefur út er mikilvægt að fjárfestar kynni sér og leggi sjálfstætt mat á opinberar upplýsingar um félagið og verðbréfin. Fjárfestum er bent á að kynna sér allar upplýsingar sem koma fram í lýsingu félagsins sem samanstendur af útgefandalýsingu þessari, viðeigandi verðbréfalýsingu útgefanda og samantekt ef við á. Sérstaklega er fjárfestum bent á að kynna sér þá áhættu- og óvissuþætti sem lýst er í köflum um áhættuþætti í útgefandalýsingu og viðeigandi verðbréfalýsingu og gætu haft veruleg áhrif á Símann og fjárfestingar í verðbréfum útgefnum af félaginu.

Ekki er hægt með vissu að meta líkur þess að tiltekinn atburður eigi sér stað, áhrif hans eða hvort hann geti haft keðjuverkandi áhrif og orðið til þess að aðrir atburðir komi til sem valdið geta félaginu, viðskiptamönnum, lánardrottnum eða hluthöfum þess tjóni. Hver og einn eftirtalinna áhættuþátta gæti ítrekað eða í einstökum tilvikum haft áhrif á rekstur og efnahag Símans og þar með á verðmæti verðbréfa sem útgefin eru af Símanum. Ekki er hægt að segja til um umfang eða tímamörk slíkra áhrifa.

Þessi kafla, *1 Áhættuþættir* í útgefandalýsingu þessari, inniheldur upplýsingar um áhættuþætti sem útgefandi telur samkvæmt bestu vitund eiga sérstaklega við um útgefandann og atvinnugrein hans en þeim er ekki skipað í röð eftir mikilvægi. Kaflinn *1 Áhættuþættir* í viðeigandi verðbréfalýsingu inniheldur upplýsingar um áhættuþætti sem útgefandi telur samkvæmt bestu vitund eiga sérstaklega við um viðeigandi verðbréfin útgefin af félaginu svo meta megi markaðsáhættuna sem tengist þeim. Áhættuþættir þessir eru háðir óvissu og því er útgefanda ekki mögulegt að segja til um líkur á því að þeir geti átt sér stað. Möguleiki er á að aðrir þættir en þeir sem taldir eru upp á grundvelli þeirra upplýsinga sem nú liggja fyrir og útgefanda er kunnugt um geti haft áhrif á markaðsvirði verðbréfa og/eða getu félagsins til að standa við skuldbindingar sínar.

1.1 Efnahags- og stjórn málaumhverfi

Félagið gæti orðið fyrir áhrifum af þróun efnahags- og stjórn mála á Íslandi sem og erlendis auk þess sem regluverk í starfsemi fjarskiptafyrirtækja á Íslandi getur tekið breytingum vegna innleiðingar tilskipana og reglugerða Evrópusambandsins.

Almennt efnahagsástand á Íslandi getur haft áhrif á eftirspurn eftir vörum og þjónustu Símans í magni talið og möguleika félagsins til verðlagningar með hliðsjón af ásættanlegri arðsemi og þar með áhrif á afkomu félagsins.

Aðstæður í íslensku stjórn mála- og efnahagslífi tóku miklum breytingum haustið 2008 í kjölfar hruns stærstu fjármálastofnana landsins og gengishruns íslensku krónunnar. Mikið var um lántökur í erlendum gjaldmiðlum vegna hás vaxtastigs íslensku krónunnar og fyrir vikið hækkuðu skuldir margra fyrirtækja verulega við gengisfall krónunnar. Þær hækkanir hafa að einhverju leyti gengið til baka í kjölfar hæstaréttardóma sem lúta að ólögum hluta þeirra lána sem tengd voru erlendum gjaldmiðlum. Markaðsvirði fjölmargra hlutabréfa- og skuldabréfaflokka félaga sem viðskipti voru með á skipulegum verðbréfamarkaði hér á landi hrundi af völdum fjármálakreppunnar árið 2008. Síminn fór ekki varhluta af þessu og hækkuðu skuldir félagsins umtalsvert á þessum tíma. Síminn lauk fjárhagslegri endurskipulagningu og endurfjármögnun um mitt ár 2013 líkt og fjallað er um í kafla *1.2.17 Mikilvægir samningar, Samkomulag um fjárhagslega endurskipulagningu*.

Gengisfall krónunnar haustið 2008 varð til þess að innleidd voru gjaldeyrishöft. Gjalddeyrishöftin takmarka m.a. möguleika erlendra fjárfesta til að innleysa íslenska fjármálagerninga sem þeir fjárfestu í áður en gjaldeyrishöftin voru sett. Hins vegar gilda ekki jafn strangar reglur um nýjar fjárfestingar erlendra aðila þar sem gildandi gjaldeyrisreglur bjóða upp á útgönguleið úr slíkum fjárfestingum. Enn fremur er íslenskum fjárfestum óheimilt að ráðast í nýfjárfestingar erlendis skv. núgildandi reglum. Breytingar á gjaldeyrishöftunum geta haft áhrif á framboð og eftirspurn eftir íslenskri krónu og þar með á gengi hennar. Losun eða afnám gjaldeyrishaftanna gæti til að mynda haft áhrif á starfsemi félagsins ef slíkar aðgerðir leiða til þess að erlendir aðilar selji eignir sínar í íslenskum krónum eða að vextir verði hækkaðir til þess að koma í veg fyrir gengislökkun krónunnar.

Fjarskiptalöggjöf á Íslandi byggist á regluverki ESB um fjarskiptamál. Gildandi löggjöf er byggð á gerðum ESB, aðallega tilskipunum frá árinu 2002 sem innleiddar voru í íslensk lög á árinu 2003. Síðan þá hefur ESB endurskoðað fjarskiptalöggjöf sína og tók ný löggjöf gildi í ESB á árinu 2009. Þær breytingar hafa hins vegar ekki verið lögfestar á Íslandi. Framkvæmdastjórn ESB birti tillögur um breytingu á fjarskiptalöggjöf sambandsins en tillögunar eru enn til umræðu innan sambandsins. Verði framangreindar breytingar lögfestar á

Íslandi til samræmis við EES-skuldbindingar má gera ráð fyrir að breytt löggjöf muni hafa áhrif á rekstur Símans og dótturfélaga hans.

Allar breytingar á öðrum almennum lögum kunna einnig að hafa áhrif á rekstur félagsins. Má í því sambandi nefna breytingar á samkeppnislögum, persónuverndarlögum, skattalögum og lögum er varða innheimtu, bókhald, ársreikninga og fjármálamarkaði.

Ástand á vinnumarkaði og kjarasamningar fjölmennra félaga geta haft ýmiss konar áhrif á starfsemi Símans. Mikið eða aukið atvinnuleysi getur til að mynda haft neikvæð áhrif á eftirspurn einstaklinga eftir þjónustu og vörum Símans. Alla jafna skapar það óvissu ef kjarasamningar eru lausir í langan tíma sem getur haft neikvæð áhrif á eftirspurn fyrirtækja og einstaklinga eftir þjónustu og vörum Símans. Mikið getur borið í milli í kröfum verkalýðsfélaga og hugmyndum atvinnulífsins og eins geta kröfur verið fjarri mati Seðlabanka Íslands eða annarra matsaðila á svigrúmi til almennra launahækkana. Erfitt getur verið að velta auknum launakostnaði út í verðlagið ef til að mynda nýir kjarasamningar innihalda forsenduákvæði um að kaupmáttur aukist, verðlag haldist stöðugt, gengi krónunnar styrkist marktækt og að stjórnvöld standi við tiltekin fyrirheit í efnahags-, atvinnu- og félagsmálum. Að sama skapi getur hækkað verðlag haft neikvæð áhrif á eftirspurn fyrirtækja og einstaklinga eftir þjónustu og vörum Símans og aukið þrýsting á ódýrari lausnir í vöruframboði sem eru þá gjarnan framlegðarminni. Jafnframt má benda á að leiði kjarasamningar til enn meiri launahækkana en hagspár Seðlabanka Íslands gera ráð fyrir kann að vera að nauðsyn sé að hækka vexti í landinu með tilheyrandi áhrifum á fjármagnskostnað Símans og þar með afkomu félagsins og viðskiptavina þess. Kjarasamningar flestra starfsmanna Símans voru lausir 28. febrúar síðastliðinn og er enn ósamið við stóra hópa innan félagsins. Gert er ráð fyrir að launakostnaður fyrirtækisins hækki nokkuð við þá samninga en óvíst hve mikið.

1.2 Áhætta tengd fjarskiptamarkaði og önnur rekstraráhætta Símans

1.2.1 Fjarskiptakerfi, tölvukerfi og aðrir sambærilegir innviðir

Í lögum og reglugerðum er lúta að fjarskiptamarkaði er gerð rík krafa til tæknibúnaðar og öryggisþátta. Kröfur eru gerðar til fjarskiptafyrirtækja um að tryggja virkni og öryggi fjarskiptaneta svo og upplýsingakerfa sem þau styðjast við og tengjast. Nota skal viðurkenndan búnað í fjarskiptanetum og þeir hlutar fjarskiptanets sem flokkast sem mikilvægir innviðir skulu hafa forgang um rekstraröryggi. Fjarskiptafyrirtæki eiga að viðhafa nauðsynlegar tæknilegar og skipulagslegar ráðstafanir til að verja almenn fjarskiptanet sín. Fjarskiptamarkaðurinn hefur jafnframt einkennst af stöðugri þróun á gildandi tækni og nýjum tæknilausnum sem veita þeim sem fyrir eru samkeppni og jafnvel leysa þær af hólmi.

Rekstur Símans og dótturfélaga og afkoma samstæðunnar er háð því að félaginu takist að endurnýja og fjárfesta í fjarskiptakerfum á ásættanlegan hátt með það fyrir augum að viðhalda og stækka viðskiptamannagrunn félagsins, bæta fjárhagslega afkomu þess og bregðast við tækniþróun, auknum kröfum viðskiptavina og eftirlitsaðila. Í þessu getur m.a. falist að uppfæra virkni fjarskiptakerfa félagsins til að mæta kröfum um aukna aðlögunarmöguleika þjónustunnar, auka þjónustunet fyrir tilteknar vörur eða svæði, viðhalda og þróa þjónustuver félagsins, umsjón með fjarskiptakerfum og öðrum þáttum rekstrarins og uppfæra eldri kerfi svo þau aðlagist nýrri tækni.

Þessir þættir eru ekki að öllu leyti undir stjórn félagsins og mun regluverk og breytingar á því m.a. hafa þar áhrif. Takist Símanum ekki að framkvæma og innleiða verkefni og fjárfestingar á borð við framangreint á árangursríkan hátt kann það að hafa neikvæð áhrif á öflun nýrra viðskiptavina og að halda þeim sem fyrir eru. Það mun þá að öllum líkindum hafa neikvæð áhrif á rekstur félagsins, afkomu og fjárhagsstöðu.

Rekstur Símans þarfnast skilvirkra tölvukerfa. Bilanir í tölvukerfum félagsins kynnu að hafa neikvæð áhrif á rekstur þess. Félagið gerir sér grein fyrir því mikilvæga hlutverki sem tölvukerfi gegna í skilvirkum rekstri þess og að það geti náð viðskiptalegu forskoti með því að innleiða tækninýjungar sem bæta þjónustu til viðskiptavina og auðvelda starfsmönnum að sinna starfi sínu. Eftirlitsferlar eru til staðar hjá félaginu sem stuðla að auknu öryggi og skilvirkni tölvukerfa þess.

Síminn starfrækir stjórnunarkerfi upplýsingaöryggis samkvæmt aðferðafræði ISO 27001 og ber Gæða- og öryggisráð félagsins ábyrgð á framkvæmd þess. Ráðið rýnir áætlanir um eftirlit eins og áhættumat og innri úttektir ásamt niðurstöðum að lágmarki einu sinni á ári. Markmiðið er að stýra áhættusækni, hámarka upplýsingaöryggi og tryggja eins og kostur er samfellu í rekstri kerfa.

Síminn hefur boðið vottaða upplýsingatæknibjónustu á fyrirtækjamarkaði frá árinu 2002 en vottaða starfsemin fluttist til Sensa í lok árs 2014. Þann 21. maí 2014 tilkynnti forstjóri Símans að fyrirliggjandi ISO-vottun yrði útvíkkuð til að ná yfir fleiri þætti starfseminnar og er stefnt að staðfestingu vottunar í byrjun árs 2016.

Á árinu 2014 útvíkkaði Síminn áhættustýringu félagsins sem nær í dag yfir alla starfsemi félagsins og dótturfélaga. Starfsemi Símans hefur verið greind eftir verðmæti í matsþætti og áhætta flokkuð í fjórar meginviðdir: markaðsáhætta, rekstraráhætta, hlífingaráhætta og fjárhagsáhætta. Niðurstaða áhættumats 2014 er mjög góð og voru 60% áhættunnar flokkuð sem rekstraráhætta og 20% sem hlífingaráhætta sem er eðlilegt með tilliti til starfsemi félagsins. Aðeins sex atriði voru með áhættu yfir viðmiðum og var brugðist við þeim með viðeigandi hætti.

Árásum á netkerfi fjölgar stöðugt og þarf sífellt að vinna að umbótum og bæta varnir. Öflugt og vottað skipulag öryggismála er mikilvægur liður í því að ráðstafanir séu virkar og umbætur í farvegi. Öryggi er forgangsmál hjá Símanum og ber framkvæmdastjórn ábyrgð á því að gripið sé til viðeigandi ráðstafana.

Síminn ástundar vinnubrögð í samræmi við kröfur og viðurkennda staðla. Þar má nefna:

- Síminn hefur sett sér verklagsreglur til þess að gæta að leynd, réttleika og tiltækileika.
- Stefnt er að vottun á stjórnkerfi upplýsingaöryggis hjá Símanum skv. ISO 27001 í ársbyrjun 2016.
- Unnið er samkvæmt kröfum PCI-DSS staðalsins sem tryggir örugga meðhöndlun greiðslukortaupplýsinga, m.a. viðskipti um vef.
- Mifid – reglur um rekjanleg samskipti vegna fjármálagjörninga.
- Áhættumat og innri og ytri úttektir eru gerðar reglulega.

Síminn innleiddi fyrstur íslensku fjarskiptafélaganna rafræna auðkenningu í farsíma. Fullgild rafræn skilríki hafa verið metin sem öruggasta auðkennið á vefnum.

Fjarskiptakerfi

Helstu áhættuþættir sem félagið stendur frammi fyrir tengt rekstri fjarskiptakerfa varða miðlægan búnað þar sem þjónustan verður til (fjarskiptaþjónusta, gjaldfærsluupplýsingar og öryggi gagna), stoðkerfi við miðlæga búnaðinn og þ.m.t. öryggi tækjaryma (upplýsingatæknikerfi, rafmagn, aðgangsstýringar, eldvarnir o.s.frv.), afhendingu þjónustu til stærstu viðskiptavina (öryggi gagna viðskiptavina) og öryggi tenginga við útlönd. Öll samþjöppun magnar áhættuna, hvort heldur um er að ræða landfræðilega eða tæknilega samþjöppun í því flókna umhverfi sem myndar fjarskiptakerfin í heild.

Talsíminn er fyrst og fremst talsímakerfið (*e. PSTN*), AXE frá Ericsson. Símsstöðvar talsímakerfis eru frá árunum 1984-1995 og verður viðhaldið til 2020. Talsímakerfið er samsett af tveimur skiptistöðvum sem tengja fjarskiptakerfi Símans við önnur fjarskiptafyrirtæki, önnur sinnir einnig hlutverki útlandastöðvar. Ein sjálfstæð útlandastöð tengir Símann við önnur fjarskiptafyrirtæki erlendis. Sjö móðurstöðvar talsímakerfis tengjast um 250 útstigum sem hvert og eitt tengist 100-2000 heimilum um koparnet Mflu. Símsstöðvarnar eru staðsettar í öllum landshlutum. Lítið hefur verið fjárfest í talsímakerfinu undanfarin ár. Rekstraröryggi er þó mjög gott. Útskipting á talsímakerfi fyrir VoIP-kerfi (tal yfir net) er hafin sem er margra ára verkefni á byrjunarstigi. Gert er ráð fyrir að því verkefni verði að fullu lokið 2020. Nú þegar eru rekin VoIP-kerfi hjá Símanum. Eitt nýlegt VoIP-kerfi er Broadworks, frá Broadsoft, sem notað er á ljósleiðaravæðum (*e. GPON*) og hjá mörgum fyrirtækjum. Einnig má nefna fleiri lausnir á fyrirtækjamarkaði eins og Call Manager frá Cisco. Meginsímsstöðvarnar, skiptistöðvar og útlandastöðvar eru í Múla og Breiðholti og stjórna þær öllu kerfinu. Þessar stöðvar eru mikilvægustu punktarinn í talsímakerfinu. Þegar er hafin útskipting á skiptistöðvum og útlandastöðvum en hlutverk þeirra verður fært í símsstöðvar farsímakerfanna. Það verkefni hófst 2015 og lýkur í lok árs 2016.

Farsímabúnaðurinn er almennt tvöfaldur og landfræðilega aðgreindur. Meginkerfin fyrir GSM, 3G og 4G eru í Múla og Breiðholti. Símsstöðvar farsímakerfis sem sjá um talþjónustu eru nú þegar tvöfaldar og eru á tveimur stöðum í Reykjavík. Landfræðilegri tvöföldun á gagnaflutningskjörnum vegna farsímakerfa, GSM, 3G og 4G lýkur í lok árs 2015. Upplýsingagrunnur um staðsetningu viðskiptavina (*e. HLR*) er tvöfaldur og verður landfræðilega aðskilinn í lok þessa árs. Mikilvægasti búnaðurinn er með mesta öryggisstigi (*e. carrier grade*), þ.e. tvöfaldur og landfræðilega aðgreindur. Búnaðurinn er vaktadur allan sólarhringinn alla daga ársins, bæði af sérfræðingum Símans og framleiðandanum Ericsson.

Sambanda- og gagnaflutningsbúnaður, IP/MPLS, MPLS-TP, Carrier Ethernet og SDH, sem tengir saman símsstöðvar, farsímasenda, sjónvarpssenda, landtök sæstrengja og stærri fyrirtæki er almennt hringtengdur, jafnvel í fleiri en einn hring, t.d. á höfuðborgarsvæðinu. Víða í dreifðum byggðum eru þó gagnaflutningssambönd eintengd út frá landshring og gildir það þá jafnt um símsstöðvar og farsímasenda sem um fyrirtækjatengingar.

Þó um sé að ræða búnað með mesta öryggisstigi er aðeins hluti sambanda- og gagnaflutningsbúnaðar tvöfaldur, þ.e. stjórn- og afleiningar, aðrir hlutar hans eru einfaldir og bilun getur við vissar aðstæður orsakað útfall á þjónustu eða algjört sambandsleysi. Reynt er þó að tryggja við hönnun og uppbyggingu að lágmarka líkurnar á

því að slíkt gerist. Búnaðurinn er vaktadur allan sólarhringinn alla daga ársins af sérfræðingum Símans og Mílu sem hafa aðgang að sérfræðingum framleiðenda (Ericsson og Cisco) ef þörf krefur.

Gagnaflutningsbúnaður í aðgangneti, ADSL, ADSL2+, VDSL2 og GPON, sem tengir heimili og minni fyrirtæki er almennt ekki hringtengdur til viðskiptavinar. Búnaðurinn er tvöfaldur hvað varðar afl og hefur möguleika á tvöföldun hvað varðar stýrikort en að öllu jöfnu er aðeins eitt stýrikort í notkun. Hver búnaður þjónar að öllu jöfnu 20-700 tengingum og hefur bilanatíðni á stýrikortum verið það lág að ekki hefur verið talið svara kostnaði að hafa tvöföld stýrikort í þeim. Búnaðurinn er vaktadur allan sólarhringinn alla daga ársins af sérfræðingum Mílu sem einnig hafa aðgang að framleiðanda búnaðar, Alcatel Lucent, ef þörf krefur.

Meginsjónvarpskerfin eru flest dreifð og mörg og því minni afleiðingar ef ein eining dettur út. Búnaður er almennt tvöfaldur og meginbúnaður er hringtengdur. Útspilunarbúnaður á línulegum rásum, (e. Head end) er í Múla og er tvöfaldur. Varabúnaður er í Breiðholti fyrir útspilun á mikilvægustu rásunum til að tryggja landfræðilegan aðskilnað. Búnaðurinn er vaktadur allan sólarhringinn alla daga ársins af sérfræðingum Símans með aðgengi að helstu framleiðendum búnaðar, Teleste, Broadpeak, Harmonics og Verimatrix.

Mikilvæg tölvukerfi eins og fyrir reikningagerð (*e. billing*) og fjárhagsbókhalð (*e. ERP*) eru líka mjög mikilvæg í starfsemi Símans. Þess vegna skiptir félagið miklu að rekstur þeirra sé traustur og allar breytingar, uppfærslur og útskiptingar á þeim gangi vel. Í gangi er stórt verkefni við að skipta út núverandi ICMS-reikningagerðakerfi yfir í CBS-kerfi frá Comarch. Fyrsta hluta þess verkefnis lauk í mars 2015 þegar reikningagerð fyrir sjónvarpsþjónustu var flutt yfir í CBS. Stefnit er að því að öll reikningagerð Símans verði komin yfir í CBS vorið 2016. Þó að innleiðing kerfisins gangi vel þá fylgir verkefni af þessari stærðargráðu óhjákvæmilega áhætta.

Fjarskiptaleiðir úr landi eru þrjár. Aðeins eru notaðir ljósleiðarasæstrengir. Þeir eru Farice, Danice og Greenland Connect. Á öllum þessum leiðum hafa komið upp bilanir en aldrei fleiri en ein í einu. Áhættan er þó fyrir hendi. Samböndum yfir sæstrengina er dreift á landleiðir á Íslandi, Bretlandi og meginlandi Evrópu til að dreifa áhættu við ljósleiðararöf.

Almennt er allur fjarskiptabúnaður á vararafmagni. Þar er m.a. 48 volta kerfi sem notað er fyrst og fremst af PSTN-kerfinu og farsímakerfunum en líka mörgum öðrum kerfum. Til viðbótar eru UPS-kerfi sem fyrst og fremst eru notuð af stuðningskerfum við fjarskiptakerfin. Að lokum eru dísilrafstöðvar við stærstu fjarskiptamannvirkin.

Fjarskiptamannvirki eru almennt í vel vörðu húsnæði, sérstaklega mikilvæg fjarskiptamannvirki. Áhætta er þó fyrir hendi að hægt sé að vinna skemmdaverk og komast að búnaði og lögnum.

1.2.2 Fasteignir, leiguhúsnæði og staðsetning

Síminn leigir um tvo þriðju þess húsnæðis, í fermetrum talið, sem notað er undir starfsemi samstæðunnar. Engar meiriháttar kvaðir eru á leigusamningum félagsins. Hluti af þessu húsnæði hýsir verslanir félagsins og getur staðsetning þeirra haft nokkur áhrif á hve mikinn fjölda viðskiptavina þær laða til sín. Tæp tvö ár eru eftir af mikilvægustu leigusamningum félagsins. Áhætta kann að vera fólgin í því að félagið geti ekki tryggt sér hentugt húsnæði undir starfsemi sína á mikilvægum svæðum á sanngjörnum kjörum eða sambærilegum við núverandi kjör. Á það bæði við um húsnæði undir nýja starfsemi eða við lok framangreindra leigusamninga. Einnig þarf að hafa í huga að áður en leigusamningum lýkur þarf að flytja vélbúnað úr núverandi vélasölum í aðra vélasali sem uppfylla kröfur Símans. Bent er á að á dagsetningu þessarar útgefandalýsingar er Arion banki hf. stærsti hluthafinn í Símanum auk þess að eiga um 9% hlutafjár í Reitum fasteignafélagi hf. sem er einn af stóru leigusölum Símans.

1.2.3 Umhverfisáhrif

Ýmis umhverfisáhrif eða náttúruvá, svo sem eldgos, jarðskjálftar, flóð og óveður, geta haft neikvæð áhrif á möguleika Símans til lengri eða skemmri tíma til að nota fasteignir sem félagið á eða leigir, svo og aðra fastafjármuni. Slíkir áhrifaþættir geta haft neikvæð áhrif á tekjuöflun félagsins, kostnað og fjárfestingar.

1.2.4 Birgjar

Félagið er háð því að það geti keypt eða leigt vörur og þjónustu af birgjum sínum á sanngjörnum kjörum. Um 37% innkaupa félagsins eru frá erlendum birgjum en um 63% frá innlendum birgjum. Helstu birgjar Símans eru stórir framleiðendur fjarskiptabúnaðar og verður samningsstaða þeirra að teljast sterk. Það getur reynst erfitt að finna staðgengil birgis hérlendis vegna smæðar og samþjöppunar. Viðskiptaumhverfið á Íslandi í kjölfar

efnahagshrunsins er hins vegar með þeim hætti að erfiðara er fyrir íslensk fyrirtæki að stofna til nýrra viðskiptasambanda erlendis en áður.

1.2.5 Vörumerki og hugverkaréttindi

Félagið á fjölda vörumerkja og annarra hugverkaréttinda í gegnum rekstrareiningar sínar sem það hefur reynt að tryggja eignarrétt sinn yfir. Það gæti haft áhrif á rekstur félagsins ef það gæti af einhverjum ástæðum ekki reitt sig áfram á mikilvæg hugverkaréttindi, til dæmis vegna mistaka við skráningu eða eldri réttar annars aðila. Áhrifin á rekstur félagsins gætu til dæmis falist í því að nauðsynlegt væri að fjárfesta í nýju vörumerki.

1.2.6 Starfsmannaáætla

Innan félagsins er yfirgripsmikil reynsla og þekking á íslenska fjarskipta- og fjölmiðlamarkaðnum ásamt upplýsingatæknimarkaðnum. Framtíðarþróun félagsins veltur á þekkingu, reynslu og einurð stjórnenda þess og annarra lykilstarfsmanna. Það gæti haft neikvæð áhrif á félagið ef hópur slíkra lykilstarfsmanna hætti störfum hjá því, einkum ef margir slíkir starfsmenn hættu störfum á sama tíma eða með stuttu millibili. Ef félagið getur ekki ráðið til sín nýja hæfa starfsmenn gæti það haft neikvæð áhrif á getu þess til að þróa reksturinn. Það er mikilvægt fyrir Símann að geta laðað til sín og haldið í hæft starfsfólk. Félagið leggur mikla áherslu á að bjóða upp á góð starfsskilyrði og samkeppnishæf laun en ekki er víst að því takist ávallt að laða til sín og halda í þá starfsmenn sem það þarfnast.

1.2.7 Orðsporsáætla

Orðsporsáætla er hættan á að félagið verði fyrir tekjumissi vegna neikvæðrar umfjöllunar um viðskiptahætti þess. Slík neikvæð umfjöllun getur komið upp ef félaginu verða á mistök í rekstri eða ef félagið eða tengdur aðili þess er sakaður um eða dæmdur fyrir athæfi sem samrýmist ekki lögum. Má þar nefna að vegna eðli starfsemi Símans hefur félagið undir höndum ýmsar persónuupplýsingar um viðskiptavini sína. Síminn leggur áherslu á að framfylgja lögum nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga sem og fjarskiptalögum nr. 81/2003. Markmið laganna er að stuðla að því að farið sé með persónuupplýsingar í samræmi við grundvallarsjónarmið og reglur um persónuvernd og friðhelgi einkalífs auk þess að tryggja áreiðanleika og gæði slíkra upplýsinga. Slík neikvæð umfjöllun getur komið upp ef félaginu verða á mistök í rekstri eða ef félagið eða tengdur aðili þess er sakaður um eða dæmdur fyrir athæfi sem samrýmist ekki lögum. Ef orðspor eða trúverðugleiki félagsins bíður tjón vegna opinberrar eða almennrar umræðu getur það skert möguleika þess til vaxtar og haft neikvæð áhrif á framtíðartekjur.

1.2.8 Innra eftirlit

Félagið kappkostar að hafa virkt innra eftirlit á mikilvægum þáttum í starfsemi félagsins í því skyni að fyrirbyggja mistök, uppgötva villur og hugsanlega sviksemi. Eftirlitinu má skipta upp í innra eftirlit upplýsingakerfa og innra eftirlit fjárhagsferla. Gerðar eru innri úttektir til að meta virkni stjórnskipulagsins og þeirra ráðstafana sem hafa verið innleiddar til að tryggja að unnið sé í samræmi við reglur félagsins og lög og ákvarðanir eftirlitsaðila. Framkvæmdar eru úttektir á virkni innri reglna á vegum öryggisstjóra og innri endurskoðenda. Öryggisstjóri gerir áætlun um áhættumat og innri úttektir og fylgir eftir framkvæmd þeirra. Gæða- og öryggisráð fylgir eftir úttektum og stöðu úrbóta. Framkvæmdastjórn er strax upplýst um alvarleg frávik eða óeðlilegar tafir á úrbótum.

Dótturfélagin bera almennt ábyrgð á eigin öryggismálum og leita til Símans eftir ráðgjöf og fær móðurfélagið upplýsingar frá þeim um stöðu öryggismála. Sensa er með ISO 27001 vottun á skipulagi öryggismála og vegna sáttar við Samkeppniseftirlitið er Míla alfarið óháð Símanum um skipulag eigin öryggismála. Sjá nánar í kafla 3.4.1 Míla ehf.

1.2.9 Lagarammi fjarskiptafyrirtækja

Starfsemi Símans og dótturfélaga, á borð við Mílu ehf. og Sensa ehf., lýtur ýmsum lögum og reglugerðum sem hafa áhrif á hvernig útgefandi hagar starfsemi sinni. Breytingar íslenskra stjórnvalda á þeim lögum sem gilda um félagið, eða ný lög sem sett eru um starfsemi þess, gætu haft neikvæð áhrif á rekstur samstæðunnar.

Íslensk löggjöf um fjarskipti og pósthjónustu byggist að miklu leyti á þeim gerðum ESB sem skylt er að innleiða í íslensk lög samkvæmt EES-samningnum sem Ísland er aðili að. Póst- og fjarskiptastofnun ber samkvæmt lögum nr. 69/2003 að taka þátt í alþjóðlegum skuldbindingum á sviði fjarskipta- og póstmála og eiga samstarf við aðrar eftirlitsstofnanir í EES og Eftirlitsstofnun EFTA í þeim tilgangi að koma á samræmdum eftirlitsháttum og samræmdri túlkun löggjafar. Tilskipanir og reglugerðir ESB geta því haft áhrif á lög og stjórnvaldsfyrirmæli um fjarskipti og þar af leiðandi mögulega á fjárhag Símans og starfsemi félagsins að öðru leyti.

Lög nr. 81/2003 um fjarskipti gilda um starfsemi fjarskiptafélaga. Markmið laganna er að tryggja hagkvæm og örugg fjarskipti hér á landi og efla virka samkeppni á fjarskiptamarkaði. Póst- og fjarskiptastofnun hefur eftirlit með starfsemi fjarskiptafyrirtækja samkvæmt lögum nr. 69/2003, þar með talið fjárhagsstöðu þeirra, fylgist með því að starfsemin sé í samræmi við lög, reglugerðir, reglur, skilyrði eða ákvarðanir sem um hana gilda og að hún sé að öðru leyti í samræmi við heilbrigða og eðlilega viðskiptahætti.

1.2.10 Rekstrarleyfi

Síminn hf. og dótturfélag hans Míla ehf. hafa almenna heimild til rekstrar fjarskiptaneta og fjarskiptaþjónustu í samræmi við 4. og 6. gr. laga nr. 81/2003 um fjarskipti og reglur Póst- og fjarskiptastofnunar nr. 345/2005. Síminn hefur nokkrar mismunandi tíðniheimildir fyrir farsímaþjónustu, fyrir þriðju og fjórðu kynslóð farsíma og fyrir háhraðaáðgangnet fyrir gagnaflutningsþjónustu. Tíðniheimildir Símans og Mílu eru ekki framseljanlegar að neinu leyti og gilda flestar þeirra í 10 ár, fyrir utan eina sem gildir í 5 ár og aðra sem gildir í 15 ár. Síminn er einnig með réttindi til notkunar á tíðniheimildum til reksturs farsímaferfa í samræmi við 7. gr. laga um fjarskipti. Heimildir Póst- og fjarskiptastofnunar til aðgerða samkvæmt lögum geta mögulega haft áhrif á rekstur Símans og Mílu. Nokkuð er á Símann hallað í tíðnimálum eftir að Póst- og fjarskiptastofnun ákvað að heimila Vodafone og Nova að samnýta tíðnisvið sín í nýju farsímadreififyrirtæki. Getur það haft neikvæð áhrif á samkeppnisstöðu Símans á farsíamarkaði og þar með tekjur félagsins en á þessari stundu er ekki hægt að meta hver áhrifin nákvæmlega verða, sjá nánar í kafla 1.2.18 *Ágreinings- og dómsmál*. Úthlutun tíðniheimilda er tímabundin. Því er ekki hægt að ganga út frá því sem vísu að réttur til að nota tíðni verði endurnýjaður þegar notkunarréttur rennur út þrátt fyrir að þjónusta sé veitt til viðskiptavina á úthlutuðum tíðnum. Einnig getur komið til skertrar úthlutunar við endurnýjun á tíðnum. Felur slíkt í sér áhættu fyrir rekstur Símans og dótturfélaga. Verði tíðni ekki notuð í samræmi við úthlutunarreglur og notkunarskilmála kann að koma til afturköllunar á tíðnum. Rétt er einnig að geta þess að ESB vinnur að endurskoðun á framkvæmd við úthlutun á tíðniréttindum sem kann að hafa áhrif á rekstur Símans. Póst- og fjarskiptastofnun hefur samkvæmt ofangreindum lögum heimild til að leggja sérstakar kvaðir á fyrirtæki sem reka fjarskiptanet eða fjarskiptaþjónustu um aðgang, samtengingu og alþjónustu. Úthlutun stofnunarinnar á tíðnum og númerum felur í sér tímabundna heimild til skilyrtra afnota sem hvorki leiðir til eignaréttar né varanlegs nýtingar- og ráðstöfunarréttar, samanber 7. gr. laga um fjarskipti. Póst- og fjarskiptastofnun hefur heimild til að afturkalla réttindi fjarskiptafyrirtækis samkvæmt 74. gr. laga um fjarskipti, komist Póst- og fjarskiptastofnun að þeirri niðurstöðu að fjarskiptafyrirtæki fari ekki eftir skilmálum laganna um almennar heimildir, skilyrðum sem tengjast réttindum eða sérstökum kvöðum. Póst- og fjarskiptastofnun ber að tilkynna viðkomandi fyrirtæki niðurstöður sínar, gefa því tækifæri til að koma skoðun sinni á framfæri eða lagfæra brot sitt innan eins mánaðar frá tilkynningu Póst- og fjarskiptastofnunar þar um samanber 73. gr. sömu laga.

Síminn hefur leyfi fjölmiðlanefndar til útsendinga þeirra sjónvarpsstöðva og útvarpsstöðva sem hann starfrækir, svo og úthlutaðar tíðniheimildir frá Póst- og fjarskiptastofnun, hvort tveggja í samræmi við fjölmiðlalög nr. 38/2011.

1.2.11 Kvaðir á fjarskiptafyrirtæki með umtalsverðan markaðsstyrk

Póst- og fjarskiptastofnun skal samkvæmt 16. gr. laga um fjarskipti skilgreina þjónustu- eða vörumarkaði og landfræðilega markaði í samræmi við meginreglur samkeppnisréttar og skuldbindingar samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Póst- og fjarskiptastofnun ber samkvæmt 17. gr. sömu laga að greina viðkomandi markaði og skal markaðsgreiningin vera grundvöllur ákvörðunar um hvort Póst- og fjarskiptastofnun skuli leggja á, viðhalda, breyta eða fella niður kvaðir á fyrirtæki með umtalsverðan marksstyrk eins og hann er skilgreindur samkvæmt 18. gr. sömu laga.

Síminn og Míla hafa verið skilgreind af Póst- og fjarskiptastofnun með umtalsverðan markaðsstyrk á nokkrum af þeim undirmörkuðum sem Póst- og fjarskiptastofnun hefur eftirlit með. Fyrirtæki með umtalsverðan markaðsstyrk er fyrirtæki sem eitt og sér eða með öðrum hefur þann efnahagslega styrkleika á ákveðnum markaði að geta hindrað virka samkeppni og getur að verulegu leyti starfað án þess að taka tillit til keppinauta, viðskiptavina og neytenda sbr. 1. mgr. 18. gr. laga um fjarskipti. Félag með umtalsverðan markaðsstyrk samkvæmt framangreindri skilgreiningu getur einnig talist með umtalsverðan markaðsstyrk á tengdum markaði

ef tengsl milli markaðanna eru slík að fyrirtæki getur beitt markaðsstyrk sínum á öðrum markaði til að auka markaðsstyrk sinn á hinum, sbr. 2. mgr. 18. gr. laga um fjarskipti. Póst- og fjarskiptastofnun hefur heimild samkvæmt 27. gr. laga um fjarskipti til að leggja kvaðir á fjarskiptafyrirtæki með umtalsverðan markaðsstyrk er varðar gagnsæi, jafnræði, bókhaldslegan aðskilnað, opinn aðgang að sérstakri netaðstöðu, eftirlit með gjaldskrá og kostnaðarbókhaldi eins og þarf í þeim tilgangi að efla virka samkeppni.

Samkeppniseftirlitið annast framkvæmd og eftirlit með samkeppnislögum nr. 44/2005 og hefur sérstakar gætur á aðgerðum og starfsemi fyrirtækja sem skilgreind hafa verið í markaðsráðandi stöðu.

Um fjöllun um ákvarðanir Póst- og fjarskiptastofnunar og Samkeppniseftirlitsins er snúa að útgefanda má finna í kafla 3.6 *Eftirlitsaðilar með samkeppni á fjarskiptamarkaði*. Ákvarðanir eftirlitsaðila hafa í fortíð og geta í framtíð haft í för með sér fjárútlát og/eða inngrip í rekstur félagsins sem kunna að hafa neikvæð áhrif á afkomu þess.

Brot á lögum um fjarskipti nr. 81/2003 og reglugerðum settum samkvæmt þeim varða sektum en fangelsi allt að tveimur árum ef sakir eru miklar og brot ítrekuð samkvæmt 74. gr. laganna.

1.2.12 Ákvarðanir Póst- og fjarskiptastofnunar tengdar Símanum

Póst- og fjarskiptastofnun hefur tekið og kann að taka frekari ákvarðanir sem hafa bein áhrif á rekstur og skipulag Símans og dótturfélaga. Eitt af því sem fjallað er um í lögum um fjarskipti er það verkefni Póst- og fjarskiptastofnunar að skilgreina fjarskiptamarkaði eftir þjónustu og landsvæðum í samræmi við meginreglur samkeppnisréttar og skuldbindingar skv. EES-samningnum. Jafnframt er Póst- og fjarskiptastofnun skylt að greina stöðuna á þessum mörkuðum og kanna hvort á þeim ríki virk samkeppni. Ef Póst- og fjarskiptastofnun kemst að þeirri niðurstöðu að á tilgreindum markaði ríki ekki virk samkeppni vegna þess að fyrirtæki, eitt eða með öðru(m), hafi umtalsverðan markaðsstyrk ber stofnuninni að útnefna það sem slíkt og leggja á það viðeigandi kvaðir. Ef Póst- og fjarskiptastofnun kemst að þeirri niðurstöðu að virk samkeppni sé á tilgreindum markaði, þ.e. að ekkert fyrirtæki sé þar með umtalsverðan markaðsstyrk, hefur stofnunin ekki heimild til að leggja kvaðir á fyrirtækin. Hafi hún áður lagt kvaðir á fyrirtæki á þeim markaði skal draga þær til baka.

Póst- og fjarskiptastofnun hefur þó látið í það skína að hún líti þannig á hlutverk sitt að henni beri að sjá til þess að markaðshlutdeild Símasamstæðunnar minnki á völdum mörkuðum sbr. neðangreinda tilvísun í umsögn stofnunarinnar frá 11. mars 2014 varðandi breytingar á Skiptasáttinni til Samkeppniseftirlitsins: „*Lóðrétt samþætting er samkeppnislegt vandamál sem PFS hefur árum saman leitast við að bæta úr í markaðsgreiningum sínum, yfirferð kostnaðargreininga og viðmiðunartilboða Símans og Mílu og öðrum tengdum ákvörðunum. Að mati PFS hefur stofnuninni orðið töluvert ágengt í þessu sambandi þótt enn sé langt í land. Ljóst er að um viðvarandi verkefni PFS er að ræða. Mestur árangur hefur náðst á farsímamarkaði en árangurinn er ekki eins góður á fastlínumarkaði. Markaðshlutdeild Skiptasamstæðunnar hefur lítið gefið eftir á fastlínumarkaði síðustu 6-7 árin.*“

Þær kvaðir sem hafa verið og kunna að verða lagðar á hendur félaginu geta haft áhrif á starfsemi, rekstur og afkomu félagsins, s.s. viðmiðum er varða gjaldskrá í kjölfar kostnaðargreiningar þjónustupáttá, auknum kostnaði t.a.m. vegna tækni- og öryggiskrafna og lægri framlegð af vörum og þjónustu.

Í kafla 3.6.1 *Ákvarðanir Póst- og fjarskiptastofnunar tengdar Símanum* er greint frá þeim ákvörðunum er lúta að kvöðum sem lagðar hafa verið á Símann og dótturfélög hans á skilgreindum mörkuðum á sviði fjarskipta samkvæmt tilmælum Eftirlitsstofnunar EFTA frá 5. nóvember 2008.

1.2.13 Samkeppnin og Samkeppniseftirlitið

Mikil samkeppni er á helstu mörkuðum sem Síminn og dótturfélög starfa á sem getur leitt til verðlækkana, hærri markaðskostnaðar, meiri fjárfestinga en áætlanir gera ráð fyrir og minni markaðshlutdeildar sem aftur getur haft neikvæð áhrif á arðsemi Símans í framtíðinni. Framangreint getur m.a. leitt til þess að félagið þurfi að takast á hendur aukinn kostnað vegna fjárfestinga í nýjum tæknilausnum til að uppfylla betur þarfir viðskiptavina sinna. Jafnframt kann að vera að aðgangur að fjármögnun nýfjárfestinga verði minni en ella.

Ef ekki er keppt við samkeppnisaðila í verði, vöruúrvali, gæðum og þjónustu gæti það haft neikvæð áhrif á fjárhagslega afkomu Símans. Nýir samkeppnisaðilar hafa með misjafnlega löngu millibili komið inn á þá markaði sem Síminn starfar aðallega á og náð fótfestu og því er ljóst að möguleikinn á nýrri og aukinni samkeppni er stöðugt fyrir hendi. Síminn gerir sér líka grein fyrir að breytingar á afstöðu neytenda til félagsins og ákvarðanir yfirvalda getu leitt til harðari samkeppni, haft í för með sér að félagið þurfi að ráðast í verulegar fjárfestingar eða að það þurfi að breyta viðskiptamódeli sínu til að verja samkeppnisstöðu sína.

Samkeppniseftirlitið annast framkvæmd og eftirlit með samkeppnislögum nr. 44/2005. Markmið samkeppnislaga er að efla virka samkeppni í viðskiptum og stuðla að hagkvæmri nýtingu framleiðsluþátta þjóðfélagsins. Samkeppniseftirlitinu ber að ná markmiðum samkeppnislaga með því að vinna gegn óhæfilegum hindrunum og takmörkunum á frelsi í atvinnurekstri, vinna gegn skaðlegri fákeppni og samkeppnishömlum og auðvelda aðgang nýrra keppnauta að markaðnum. Hlutverk Samkeppniseftirlitsins felur m.a. eftirfarandi í sér: (i) að framfylgja boðum og bönnum samkeppnislaga og eftir atvikum 53. og 54. gr. EES-samningsins, sbr. lög nr. 2/1993 og leyfa undanþágur skv. samkeppnislögum, (ii) að ákveða aðgerðir gegn samkeppnishamlandi hegðun fyrirtækja, (iii) að gæta þess að aðgerðir opinberra aðila takmarki ekki samkeppni og benda stjórnvöldum á leiðir til þess að gera samkeppni virkari og auðvelda aðgang nýrra keppnauta að markaðnum og (iv) að fylgjast með þróun á samkeppnis- og viðskiptaháttum á einstökum mörkuðum í íslensku viðskiptalífi og kanna stjórnunar- og eignatengsl milli fyrirtækja.

Samkeppniseftirlitinu er heimilt, skv. 1. mgr. 37. gr. samkeppnislaganna, að leggja stjórnvaldssektir á fyrirtæki sem brjóta gegn ákvæðum 10.-12. gr. samkeppnislaganna, sem kveða á um bann við samkeppnishamlandi háttsemi, gegn fyrirmælum samkeppnisyfirvalda á grundvelli 14. gr. laganna, skilyrðum samkeppnisyfirvalda fyrir undanþágu á grundvelli 15. gr., gegn ráðstöfunum á grundvelli 16. gr., gegn fyrirmælum samkeppnisyfirvalda, banni við samruna eða tilkynningarskyldu sbr. 17. gr., gegn upplýsingaskyldu skv. 19. gr. og banni skv. 53. og 54. gr. EES-samningsins. Samkvæmt 2. mgr. 37. gr. samkeppnislaganna geta sektir numið allt að 10% af heildarveltu síðasta rekstrarárs fyrirtækis sem tekið hefur þátt í slíku broti. Þá getur Samkeppniseftirlitið á grundvelli 16. gr. samkeppnislaga gripið til aðgerða gegn athöfnum sem brjóta gegn bannákvæðum samkeppnislaga, ákvörðunum sem stofnunin hefur tekið eða sáttum sem fyrirtæki hafa gert. Einnig hefur stofnunin heimild til þess að grípa inn í aðstæður eða háttsemi sem kemur í veg fyrir, takmarkar eða hefur skaðleg áhrif á samkeppni almenningi til tjóns, óháð því hvort um sé að ræða brot á samkeppnislögum eða ekki. Aðgerðir Samkeppniseftirlitsins á grundvelli 16. gr. samkeppnislaga geta falið í sér hverjar þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til þess að efla samkeppni, stöðva brot eða bregðast við skaðlegum aðgerðum opinberra aðila og getur stofnunin beitt nauðsynlegum úrræðum til breytingar á atferli eða skipulagi fyrirtækja. Samkeppniseftirlitið getur við rannsókn máls gert nauðsynlegar athuganir á starfsstað fyrirtækis og samtaka fyrirtækja og lagt hald á gögn þegar ríkar ástæður eru til að ætla að brotið hafi verið gegn samkeppnislögum eða ákvörðunum samkeppnisyfirvalda, sbr. 20. gr. samkeppnislaga. Við framkvæmd aðgerða skal Samkeppniseftirlitið fylgja ákvæðum laga um meðferð sakamála um leit og hald á munum. Hafi fyrirtæki brotið gegn ákvæðum samkeppnislaga hefur Samkeppniseftirlitið heimild til þess að ljúka máli með sátt enda samþykki aðilar það. Sátt getur falið í sér viðurkenningu aðila á broti og ef við á samþykki á greiðslu stjórnvaldssektar. Sátt getur einnig falið í sér að aðili samþykki að breyta tiltekinni háttsemi á markaðnum eða hlíta fyrirmælum eða skilyrðum sem ætlað er að vernda eða efla samkeppni. Þá nær sektarheimild Samkeppniseftirlitsins enn fremur til brota á sátt sem aðili gerir við eftirlitið á grundvelli ákvæðis 17. gr. f., sbr. h. lið 1. mgr. 37. gr. samkeppnislaga. Þá er mögulegt að brot á sátt geti haft ítrekunaráhrif.

Síminn og Míla hafa verið skilgreind af Póst- og fjarskiptastofnun með umtalsverðan markaðsstyrk á nokkrum af þeim undirmörkuðum sem Póst- og fjarskiptastofnun hefur eftirlit með og má sjá umfjöllun þess efnis í kafla 3.6.1 *Ákvarðanir Póst- og fjarskiptastofnunar tengdar Símanum*. Samkeppnisyfirvöld hafa sérstakar gætur á aðgerðum og starfsemi fyrirtækja sem skilgreind hafa verið í markaðsráðandi stöðu. Mögulegar aðgerðir Samkeppniseftirlitsins gegn útgefanda kunna að hafa bæði orðsporsáhættu fyrir útgefanda sem og fjárhagslega áhættu ef útgefanda er gert að greiða sektir vegna brota á samkeppnislögum. Samskipti útgefanda við samkeppnisyfirvöld hafa verið talsverð og ýmis mál verið til meðferðar hjá Samkeppniseftirlitinu. Í öllum tilfellum tóku Síminn eða viðkomandi dótturfélög til varna. Í flestum tilvikum hefur verið um að ræða mál sem snúa að rekstrarfélaginu Símanum (sem nú hefur sameinast móðurfélagi sínu sem áður hét Skipti hf.) og hefur félagið hafnað því að það hafi brotið gegn samkeppnislögum. Árið 2013 var ákveðið að leita eftir heildarsátt við Samkeppniseftirlitið um öll útistandandi mál og rannsóknir. Þann 8. mars 2013 undirrituðu Samkeppniseftirlitið annars vegar og Skipti, Síminn og Míla hins vegar slíka heildarsátt um lok allra mála sem eftirlitið hafði haft til rannsókna og beindust að Símanum. Sáttin var birt með ákvörðun nr. 6/2013 þann 26. mars 2013. Nova ehf. kærði ákvörðunina til áfrýjunarnefndar samkeppnismála en kröfum Nova ehf. var hafnað með úrskurði áfrýjunarnefndar samkeppnismála nr. 3/2013, dags. 28. ágúst 2013. Áhrif sáttarinnar við Samkeppniseftirlitið þann 8. mars 2013 voru m.a. þau að óvissa vegna útistandandi mála var ekki lengur til staðar gagnavart Samkeppniseftirlitinu og fara þurfti í afturkallanir á þegar framkvæmdum hagræðingaraðgerðum innan samstæðunnar. Eins var samkeppnisréttaráætlun ætlað að sporna við því að ný samkeppnismál kæmu til. Fjárhagsleg áhrif sáttar við Samkeppniseftirlitið frá árinu 2013 hefur verið um 160 m.kr. arðsemislækkun á ári.

Síminn hf. (þá Skipti hf.) óskaði í desember 2013 eftir heimild Samkeppniseftirlitsins til þess að sameina Símann hf. og Skipti hf. Í febrúar 2014 var tilkynnt um fyrirætlunir um sameiningu félaganna með fyrirvara um endanlegt samþykki Samkeppniseftirlitsins. Í janúar 2015 náðu Síminn hf. og Samkeppniseftirlitið samkomulagi um breytingar á ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 6/2013 þar sem samstæðan skuldbatt sig til þess að auka

sjálfstæði Mílu ehf. enn frekar sem rekstraraðila grunnfjarskiptakerfis og tryggja með því að markmið ákvörðunar nr. 6/2013 ná fram að ganga.

Nokkur mál sem tengjast Símanum eru nú til meðferðar hjá Samkeppniseftirlitinu. Verði félagið fundið brotlegt í einhverju þessara mála getur það haft í för með sér sekt fyrir félagið, sem getur numið allt að 10% af veltu þess, og/eða að ákvarðanir um mögulegan strúktúr félagsins verði teknar af samkeppnisyfirlöndum.

Í kafla 3.6.2 *Ákvarðanir Samkeppniseftirlitsins og önnur mál til meðferðar hjá* er greint frá þeim ákvörðunum er líta að kvöðum sem lagðar hafa verið á Símann og dótturfélög hans á skilgreindum mörkuðum á sviði fjarskipta samkvæmt tilmælum Eftirlitsstofnunar EFTA frá 5. nóvember 2008.

Möguleg skaðabótamál

Nokkuð hefur færost í vöxt á Íslandi að fyrirtæki og jafnvel einstaklingar sem telja sig hafa orðið fyrir tjóni vegna háttsemi sem þau telja andstæð samkeppnislögum láti reyna á skaðabótarétt sinn fyrir dómstólum. Eins og að framan hefur verið rakið hefur nokkur fjöldi mála verið til rannsóknar hjá samkeppnisyfirlöndum sem hafa snúið að Símanum og dótturfélögum hans. Verður því að telja áhættu í rekstri samstæðunnar að höfðuð verði skaðabótamál á hendur einhverjum félögum innan hennar. Vert er að taka það fram að það er ekki skilyrði fyrir því að skaðabótamál verði höfðuð að máli hafi lokið með ákvörðun á stjórnslustigi eða yfirhöfuð að mál hafi verið tekin til málsmeðferðar hjá samkeppnisyfirlöndum.

Nú þegar hafa fyrirtæki gert reka að skaðabótamálum gagnvart Símanum. Vísast til umfjöllunar í kafla 1.2.19 *Ágreinings- og dómsmál* í því sambandi.

Samkeppnisréttaráætlun

Síminn setti sér samkeppnisréttaráætlun hinn 8. september 2011. Um markmið áætlunarinnar segir í inngangi að henni sé ætlað að (i) auka öryggi eigenda, stjórnenda og starfsmanna á því að farið sé að samkeppnislögum, (ii) bæta áhættustýringu, lágmarka áhættu á skaða sem brot á samkeppnislögum valda fyrirtækinu, (iii) auka þekkingu starfsmanna á samkeppnislögum, (iv) tryggja virkt innra eftirlit, (v) stuðla að innleiðingu á viðvarandi ferlum og tólum sem auðvelda stefnumótun, þekkingaröflun, hlítinu og eftirlit á sviði samkeppnisréttar, (vi) bæta upplýsingagjöf til eftirlitsstofnana og (vii) skýra skil milli heildsölu- og smásölustarfsemi.

Samkeppnisréttaráætlunin hefur nú verið innleidd í starfsemi félagsins m.a. með kennslu fyrir starfsfólk, útgáfu handbókar og gerð verkferla. Jafnframt hefur samkeppnisregluvörður verið skipaður. Samkeppnisréttaráætlun er nú hluti af þeim skuldbindingum sem félagið tókst á herðar með gerð sáttar við Samkeppniseftirlitið, sbr. 29. gr. ákvörðunar Samkeppniseftirlitsins nr. 6/2013.

1.2.14 Innleiðing reglugerðar um hámarksverð fyrir reikisímtöl í farsímanetum

Reglugerð nr. 1174/2012 um alþjóðlegt reiki á almennum farsímanetum innan Evrópska efnahagssvæðisins var innleidd í desember 2012. Í kjölfarið hafa tekjur fjarskiptafélaga af slíkri þjónustu dregist saman. Breytingar til lækkunar á núgildandi hámarksverði fyrir reikiþjónustu í farsímanetum, hvort sem um er að ræða símtöl eða gagnaflutning, kunna að hafa neikvæð áhrif á tekjur Símans. Í drögum að breytingu á reglugerðum og tilskipunum ESB á sviði fjarskiptamála er gert ráð fyrir að verð til neytenda innan ESB muni lækka á komandi árum. Breytingarnar eru til umræðu innan ESB og ekki liggja fyrir endanlegar útfærslur eða hvenær líklegt er að þær taki gildi. Verði tillögurnar að veruleika er líklegt að það muni hafa neikvæð áhrif á reikitekjur Símans þar sem um 30% þeirra koma frá viðskiptavinum staðsettum innan ESB. Frekari umfjöllun má finna í kaflanum 2.3 *Lagaumhverfi*.

1.2.15 Vernd persónuupplýsinga

Símanum ber að haga meðferð fjarskiptaupplýsinga og annarra persónugreinanlegra upplýsinga með þeim hætti að það uppfylli lög nr. 81/2003 um fjarskipti og lög nr. 77/2000 um persónuvernd, ásamt öðrum lagaskilyrðum. Gögnum um fjarskiptaumferð notenda sem geymd eru og fjarskiptafyrirtæki vinnur úr skal eyða eða gera nafnlaus þegar þeirra er ekki lengur þörf við afgreiðslu ákveðinnar fjarskiptasendingar. Þó skal í þágu rannsókna sakamála og almannaöryggis varðveita lágmarksskráningu gagna um fjarskiptaumferð notenda í sex mánuði en óheimilt er að geyma innihald fjarskiptasendinga. Ef fjarskiptafyrirtæki fer ekki að ákvæðum laga, skilyrðum almennrar heimildar, skilyrðum sérstakra réttinda eða einstökum ákvörðunum Póst- og fjarskiptastofnunar getur stofnunin ákveðið að fella niður skráningu fyrirtækisins, afturkallað réttindi eða bætt við skilyrðum.

Í kjölfar netárásar á Fjarskipti hf., sem starfar undir merkinu Vodafone, þann 30. nóvember 2013, var öryggisáætlun Símans virkjuð. Yfirferð sérfræðinga félagsins leiddi í ljós að innihald SMS-magnsendinga og VefSMS hafði verið geymt í um eitt ár. Í báðum tilvikum var um það að ræða að SMS voru send frá vefsíðu en ekki úr fjarskiptakerfum Símans. Þessum gögnum var þegar eytt og forritun breytt þannig að innihald skilaboðanna væri ekki geymt lengur. Síminn hefur upplýst Póst- og fjarskiptastofnun um málið. Stofnunin birti þann 23. desember 2014 ákvörðun 39/2014 þar sem greint er frá niðurstöðum úttektar, sem framkvæmd var af Capacent ehf., á framfylgni Símans hf. og fjögurra annarra fjarskiptafyrirtækja á 42. gr. fjarskiptalaga og á verklagsreglum félagsins um meðferð persónuupplýsinga og eyðingu gagna, sbr. 7. mgr. 42. gr. fjarskiptalaga. Að mati Póst- og fjarskiptastofnunar var niðurstaða úttektar Capacent ehf. mjög afgerandi og jákvæð. Ekki fundust í úttekt Capacent ehf. nein meiriháttar frábrigði sem kölluðu á tímasetta áætlun til endurbóta eða eftirfylgni af hálfu úttektaraðila. Úttektaraðili fann einungis þrjú minniháttar frábrigði er hann taldi að mögulega vörðuðu 42. gr. fjarskiptalaga nr. 81/2003. Að lokinn málsmeðferð Póst- og fjarskiptastofnunar var niðurstaðan sú að Síminn hf. hafi staðist úttekt stofnunarinnar á verklagsreglum félagsins um meðferð persónuupplýsinga og eyðingu gagna, sbr. 7. mgr. 42. gr. laga, nr. 81/2003, þótt minniháttar frávik frá 42. gr. fjarskiptalaga hafi fundist.¹

1.2.16 Samtenging neta og þjónustu

Eins og fram kemur í 24. gr. laga nr. 81/2003 um fjarskipti eiga fyrirtæki á fjarskiptamarkaði sem starfrækja almenn fjarskiptanet og –þjónustu rétt á og ber skylda til að semja um samtengingu neta og þjónustu. Póst- og fjarskiptastofnun getur skyldað fjarskiptafyrirtæki til að semja um samhýsingu eða annars konar samnýtingu samkvæmt 25. gr. laganna. Því er ljóst að lögin gera þá skyldu til fjarskiptafyrirtækja að þau geri samninga sín á milli um aðgang að kerfum og öðlist því upplýsingar frá samkeppnisaðila. Póst- og fjarskiptastofnun getur auk þess sbr. 29. gr. framangreindra laga skyldað fjarskiptafyrirtæki til að birta opinberlega t.d. upplýsingar um tæknilysingar, skilmála og skilyrði fyrir afhendingu og notkun og verðskrá. Þetta þýðir að ákvarðanir um verðlagningu, og verðbreytingar, á þeim þjónustubáttum sem falla undir 24. gr. fjarskiptalaga kunna að vera háðar samþykki Póst- og fjarskiptastofnunar en einnig getur verðlagning annarra fjarskiptafyrirtækja haft áhrif á rekstur Símans.

1.2.17 Mikilvægir samningar

Á félaginu hvílir samningsbundin skylda til að uppfylla ýmis ákvæði leigu- og fjármögnunarsamninga. Ef félagið yrði ófært um að standa við skuldbindingar sínar, eða hætti af einhverjum ástæðum að gera það, ættu leigusalar og lánveitendur rétt á að rifta umræddum samningum sem gæti haft neikvæðar fjárhagslegar afleiðingar í för með sér fyrir félagið, t.d. gjaldfellingu lána eða leiguskuldbindinga.

Gjaldfellingarheimildir þessar snúa að hefðbundnum vanefndarákvæðum, til dæmis vanefndum á samningsbundnum greiðslum afborgana, vaxta eða leigu og brotum á fjárhagsskilmálum, sbr. umfjöllun í kafla 6.5.6 *Fjármögnun, Sérstakir lánaskilmálar*. Stærsti lánardrottinn félagsins er Arion banki hf.

Samkomulag um fjárhagslega endurskipulagningu

Í tilkynningu stjórnar Símans hf. til kauphallar þann 24. janúar 2013 kom fram að stjórnin hefði ákveðið að hefja fjárhagslega endurskipulagningu félagsins og að leitað yrði samstarfs við lánardrottna um það verkefni. Að höfðu samráði við helstu kröfuhafa félagsins var þann 2. apríl lögð fram tillaga Símans um endurskipulagningu skulda félagsins og leitaðist félagið eftir því að allir kröfuhafar vaxtaberandi skulda þess, sem falla undir fjárhagslega endurskipulagningu, samþykktu tillöguna. Klakki ehf., sem var beint eða óbeint eini hluthafi Símans á þeim tíma, veitti samþykki sitt fyrir endurskipulagningunni. Tillögur Símans um endurskipulagninguna höfðu ekki áhrif á almenna viðskiptamenn og birgja Símans heldur eingöngu Arion banka sem lánveitanda félagsins og eigendur skuldabréfa sem skráð voru á skipulegum verðbréfamarkaði Nasdaq Iceland undir auðkenninu SIMI 06 01.

¹ Ákvörðunina má í heild sinni finna á vef Póst- og fjarskiptastofnunar: http://www.pfs.is/library/Skrar/akv.-og-urskurdir/akvardanir-PFS/Akv_PFS_nr.39_2014_Siminn.pdf.

Meginatriði endurskipulagningartillögunnar voru svohljóðandi:

- a) Í fyrsta lagi endurgreiddi Síminn hverjum og einum kröfuhafa (m.v. skráða kröfuhafa kl. 16.30 þann 27. mars 2013) 2.000.000 kr. í reiðufé og kom greiðslan til lækkunar höfuðstóls viðkomandi kröfu.
- b) Í öðru lagi að öllum kröfum samkvæmt skuldabréfunum yrði breytt eða skipt fyrir hlutafé í Símanum.
- c) Í þriðja lagi að öllum kröfum Arion banka hf. sem ekki væru hluti af núverandi forgangsláni félagsins yrði breytt eða skipt fyrir hlutafé í Símanum.
- d) Í fjórða lagi fól tillagan í sér að forgangslán félagsins yrðu endurfjármögnuð að fullu með annars vegar láni frá Arion banka hf. að fjárhæð um 19 milljarðar kr. og hins vegar með útgáfu skuldabréfaflokks að fjárhæð um 8 milljarðar kr., eða annarri fjármögnun. Var gert ráð fyrir að framangreindar lánveitingar yrðu tryggðar með fyrsta veðrétti í helstu eignum Símans hf. og dótturfélögum.

Í tillögunni fólst einnig að nýir hluthafar gerðu ráð fyrir að hlutabréf félagsins yrðu tekin til viðskipta í kauphöll svo fljótt sem verða mætti.

Til þess að fjárhagslegri endurskipulagningu Símans myndi ljúka á þessum forsendum þurftu allir eigendur skuldabréfaflokksins að gerast aðilar að samningi um endurskipulagninguna. Myndi slíkt samþykki ekki ná fram að ganga var búist við því að stjórn félagsins myndi óska eftir heimild Héraðsdóms Reykjavíkur til að leita formlega nauðasamninga við kröfuhafa sína. Þann 30. apríl 2013 tilkynnti Síminn að Arion banki hf. og eigendur skuldabréfaflokksins SIMI 06 01 hefðu allir samþykkt að gerast aðilar að samningi um endurskipulagninguna og fyrir lá lánsloforð til endurfjármögnunar á forgangslánum félagsins. Þann 14. júní 2013 tilkynnti Síminn enn fremur að öll skilyrði sem sett voru fyrir fjárhagslegri endurskipulagningu félagsins hefðu verið uppfyllt. Undirritaðir voru lánasamningar við Arion banka hf. að fjárhæð 21 milljarður kr. og félaginu bárust áskriftarloforð frá fagfjárfestum að nýjum 8 milljarða kr. skuldabréfaflokki félagsins. Samtals bárust áskriftarloforð fyrir tæpa 12 milljarða kr. sem var tæplega 50% umframeftirspurn og voru áskriftarloforð skert hlutfallslega.

Þann 20. júní 2013 var efndadagur og öllum skuldabréfum í skuldabréfaflokki SIMI 06 01 skipt fyrir hlutafé í Símanum. Þá var öllum kröfum Arion banka hf., sem ekki voru hluti af þáverandi forgangsláni félagsins, skipt fyrir hlutafé í félaginu og einnig fékk hver kröfuhafi félagsins sem var aðili að framangreindum samningi greiddar 2 milljónir króna. Þann 2. júlí 2013 komu nýir hluthafar saman til fundar og félaginu var kosin ný stjórn.

Talið var hugsanlegt að við framangreinda umbreytingu skulda í hlutafé kynni að felast skattskylda fyrir Símann. Um 35,1 ma.kr. af vaxtaberandi skuldum Símans var skipt fyrir hlutafé í félaginu. Í 6. mgr. XXXVI. kafla laga um tekjuskatt nr. 90/2003 ber félagi sem skiptir kröfu í hlutafé að láta gera mat á verðmæti hlutafjárins en við mat á skattskyldu er horft til virðis þess gagngjalds sem innt var af hendi fyrir framangreindar skuldir. Skuldara ber að tekjufæra mismun á verðmæti hlutafjárins og bókfærðu virði skuldanna. Með vísan til framangreinds var verðmæti hlutafjár Símans talið standa undir verðmæti umbreyttra skulda, samkvæmt virðismati óháðs aðila, og telur Síminn því að öllu óbreyttu að ekki komi til skattskyldu vegna umbreytingu skuldanna.

Árið 2009 lagði Síminn fram kröfur á hendur Glitni banka hf. vegna framvirkra gengissamninga. Krafan á Glitni var upphaflega færð til bókar á 9,5 milljarða króna. Glitnir viðurkenndi kröfuna en ágreiningur var um uppgjörsgengi hennar. Árið 2011 höfðaði Síminn mál á hendur Glitni vegna samninganna og tapaði málinu bæði fyrir héraðsdómi á árinu 2013 og í Hæstarétti á árinu 2014. Haustið 2014 seldi Síminn kröfu sem félagið átti á hendur Glitni. Hagnaður félagsins af sölnunni nam 305 milljónum króna. Í rekstraruppgjörum var krafan færð á 2.300 m.kr. í bókum félagsins. Kaupandi kröfunnar var erlend fjármálastofnun og var greitt fyrir hana með reiðufé.

1.2.18 Skattar

Félagið hefur orðið fyrir áhrifum af breytingum á íslenski skattalöggjöf og líklegt er að frekari breytingar í framtíðinni muni hafa áhrif á rekstur þess. Frá hrúni íslensku bankanna í október 2008 og gengishruns krónunnar og þeim mikla samdrætti hagkerfisins sem fylgdi í kjölfarið hefur skattbyrði þyngst. Tekjuskattur einstaklinga og fyrirtækja hefur verið hækkaður en tekjuskattur fyrirtækja er nú 20%. Önnur dæmi um skattlagningu fjarskipta-fyrirtækja er rekstrargjald til Póst- og fjarskiptastofnunar, leyfisgjöld tíðniheimilda, gjöld fyrir númeraraðir, sbr. 14. gr. laga nr. 69/2003 um Póst- og fjarskiptastofnun, og jöfnunargjald fjarskipta-fyrirtækja, sbr. 22. laga nr. 81/2003. Auk þess má nefna virðisaukaskatt, sem lækkaði úr 25,5% í 24,0% þann 1. janúar 2015, en um hann gilda lög nr. 50/1988. Breytingar á sköttum geta leitt til þess að eftirspurn eftir vörum félagsins breytist sem og að skattbyrði félagsins aukist og hafa skattar bein og óbein áhrif á rekstur og virði verðbréfa sem félagið gefur út.

Í kafla 1.2.19 *Ágreinings- og dómsmál* er greint frá ágreiningi félagsins og Ríkisskattstjóra er snýr að samruna Símans hf., Íslenska sjónvarpsfélagsins hf. og Skipta ehf. sem miðaður var við 1. júlí 2005 auk þess sem fjallað er um hugsanleg skattáhrif af fjárhagslegri endurskipulagningu félagsins í kafla 1.2.17 *Mikilvægir samningar*.

Eins og gildir um öll önnur félög er hugsanlegt að skattagögn félagsins verði tekin til athugunar á síðari stigum í samræmi við gildandi lög og reglugerðir sem gæti haft áhrif á rekstur þess. Heimild til endurákvörðunar skatts skv. 96. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt nær til skatts vegna tekna og eigna síðustu sex ára sem næst eru á undan því ári þegar endurákvörðun fer fram. Félagið og skattýfirvöld gætu verið ósammála um hvernig skuli farið með hinar ýmsu fjárhagslegu ráðstafanir sem gerðar eru innan Símans í skattalegu tilliti. Félagið telur að það uppfylli öll viðeigandi lög og reglur um skatta og á því ekki von á að skattýfirvöld geri kröfur á hendur því vegna meðferðar þess á tekjum eða öðrum fjárhagslegum atriðum.

1.2.19 Ágreinings- og dómsmál

Vegna stærðar og umfangs rekstrar Símans kann félagið og dótturfélög þess á hverjum tíma að vera aðili að einhvers konar ágreiningsmálum sem upp koma af hálfu félagsins eða á hendur því. Ágreiningsmál geta verið af ýmsum toga og geta til dæmis snert samkeppnisaðila félagsins, viðskiptavinum þess, birgja, starfsfólk, opinberar stofnanir, eftirlitsaðila og fleiri sem eru í samskiptum við félagið á hverjum tíma.

Um þessar mundir eru nokkur lögfræðileg ágreiningsmál sem tengjast félaginu í gangi og er fjallað um þau í eftirfarandi köflum auk þess sem greint er frá málum er snúa að Samkeppniseftirlitinu í kafla 3.6.1 *Ákvarðanir Samkeppniseftirlitsins og önnur mál til meðferðar hjá* og málum er snúa að Póst- og fjarskiptastofnun í kafla 3.6.1 *Ákvarðanir Póst- og fjarskiptastofnunar tengdar Símanum*.

Eftirlitsnefnd um jafnan aðgang fjarskiptafyrirtækja hefur óskað eftir sjónarmiðum stjórnar Mílu ehf. varðandi það hvort kaup framkvæmdastjóra Mílu ehf. á hlutabréfum í Símanum samræmist sátt Símans við Samkeppniseftirlitið sbr. ákvörðun stofnunarinnar nr. 6/2013 eins og henni var breytt með ákvörðun nr. 6/2015 um skipulag Símasamstæðunnar og aðgerðir til að efla samkeppni á fjarskiptamarkaði.

Ágreiningur við skattýfirvöld

Síminn hefur frá því á árinu 2011 átt í samskiptum við embætti ríkisskattstjóra vegna ágreinings um frádráttarbærni vaxtagjalda. Ríkisskattstjóri kynnti Símanum með bréfi í nóvember 2011 að hann hygðist endurákvæða áður á lögð opinber gjöld félagsins gjaldárin 2006 til og með 2010 á þeim grundvelli að vaxtagjöld hefðu verið offærð í skattskilum. Um væri að ræða vaxtagjöld vegna lána sem tekin höfðu verið vegna kaupa Skipta ehf. á Símanum hf. Af hálfu Símans hf. var þessu andmælt og dró Ríkisskattstjóri ráðagerðir sínar til baka með bréfi, dags. 30. ágúst 2012. Með bréfum, dags. 4. október 2012, tilkynnti Ríkisskattstjóri Símanum hf. og Skiptu hf., að afgreiðsla framangreindra mála tefðist meðan sambærileg mál væru rekin fyrir dómstólum. Í dómi Hæstaréttar Íslands í máli nr. 555/2012 var fjallað um skattalega meðferð vaxtagjalda félags sem hafði tekið yfir skuldir móðurfélags síns við samruna þeirra með yfirtöku dótturfélagsins á móðurfélagi sínu. Eina eign móðurfélagsins fyrir samrunann var eignarhlutur í dótturfélaginu, sem var rekstrarfélag, og svipar atvikum þannig að einhverju leyti til málefna Símans hf. Hæstiréttur komst að þeirri niðurstöðu að lán móðurfélagsins hefðu verið tekin í þágu eiganda þess félags til að greiða þáverandi eigendum dótturfélagsins söluverð þess. Lánin hefðu þannig ekki verið tekin í þágu sameinaðs félags og voru rekstri þess óviðkomandi. Hinn 13. desember 2013 tilkynnti Ríkisskattstjóri um endurákvörðun opinberra gjalda Símans hf. og Skipta hf. fyrir árið 2008. Síminn hf. höfðaði dómsmál gegn íslenska ríkinu til ógildingar á þessari ákvörðun Ríkisskattstjóra með stefnu þingfestri 10. febrúar 2015.

Kaup Skipta ehf. á Símanum hf. árið 2005 voru fjármögnuð að hluta með eiginfjárframlagi og að hluta með skuldabréfaláni. Við samrunann tók Síminn hf. við öllum eignum og skuldum svo og öðrum réttindum og skyldum Skipta ehf., þ. á m. skuldabréfaláninu, sbr. samrunaefnahagsreikning dags. 1. júlí 2005. Það sem greinir á milli Símans hf. og Skipta hf. annars vegar og atvika í framangreindu dómsmáli hins vegar er að á hluthafafundi Símans hf., þann 15. mars 2007, var samþykkt skipting félagsins í Símann hf., Mílu ehf., Jörfa ehf. og Skipti hf. sem var nýtt félag. Skipti hf. varð við skiptinguna móðurfélag Símans hf. og miðaðist skiptingin við 31. október 2006. Frá og með skattframtali fyrir rekstrarárið 2007 hefur Síminn hf. verið samskattaður með Skiptum hf. Í framhaldi af skiptingunni var lánasamningi vegna skuldabréfalans Símans hf. breytt þannig að Skipti hf. varð skuldari samkvæmt honum. Samhliða skuldskeytingunni stofnaðist krafa milli félaganna. Taka verður fram að níu ár eru frá samrunanum og sjö ár frá því að uppskipting félaganna átti sér stað. Af hálfu félaganna er litið svo á að framangreindur dómur girði ekki fyrir heimildir til samsköttunar, eins og hér stendur á þannig að heimild til frádráttar vaxtagjalda í skattskilum sé heimil. Þá hljóti tímamörk vegna heimildar skattýfirvalda að skipta máli.

Í kjölfar bréfaskipta, og með vísan til framangreinds úrskurðar Ríkisskattstjóra, tilkynnti Ríkisskattstjóri Símanum hf., Mílu ehf., Skjánum ehf. og Skjá miðlum ehf. hinn 19. desember 2014 að hann hefði hrundið í framkvæmd endurákvörðun áður álagðra opinberra gjalda gjaldárin 2009 til og með 2013. Snerta úrskurðirnir sömu atriði og reynir á vegna gjaldársins 2008 hjá Símanum hf. og áður er greint frá. Þeim úrskurðum hefur verið skotið til yfirkattanefndar en ólíklegt er að hún felli úrskurð í málunum fyrr en niðurstaða dómstóla í máli Símans hf. liggur fyrir. Síminn hf. bakfærði á árinu 2013 vaxtagjöld að fjárhæð 22,6 milljarðar króna sem tengist framangreindum ágreiningi við Ríkisskattstjóra. Með því voru að fullu leyti tekin inn neikvæð áhrif á afkomu félagsins vegna framangreinds úrskurðar á því tímabili sem var til skoðunar. Verði niðurstaða dómstóla sú að fella skuli ákvörðun Ríkisskattstjóra úr gildi mun sú niðurstaða hafa veruleg áhrif til lækkunar skattgreiðslna Símans hf. á næstu árum.

Skaðabótamál TSC ehf. gegn Símanum hf.

TSC ehf. höfðaði skaðabótamál gegn Símanum hf. með stefnu sem var þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur 6. nóvember 2014. Í stefnu TSC var gerð krafa um greiðslu skaðabóta að fjárhæð 117.669.741 kr. auk vaxta og málskostnaðar. TSC ehf. lagði síðan fram bókun í héraðsdómi 19. febrúar 2015 þar sem dómkröfum var breytt og krafan lækkuð niður í 113.100.000 kr. auk vaxta og málskostnaðar. Mál þetta má rekja til kvörtunar TSC ehf. til Samkeppniseftirlitsins en rannsókn hennar lauk af hálfu samkeppnisyrivalda með úrskurði áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 2/2010 þar sem staðfest var í meginatriðum ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 41/2009, brot Símans hf. á ákvörðun samkeppnisráðs nr. 10/2005, samruni Landssíma Íslands hf. og Íslenska sjónvarpsfélagsins hf. og fjallað er nánar um í kafla 3.6.2 *Ákvarðanir Samkeppniseftirlitsins og önnur mál til meðferðar hjá*, *Rannsókn á meintum brotum Símans hf. á 11. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 og ákvörðun samkeppnisráðs nr. 10/2005, Samruni Landssíma Íslands hf. og Íslenska sjónvarpsfélagsins hf., sbr. andmælaskjal dags. 30. apríl 2012.* Í meðferð málsins fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur var niðurstaða samkeppnisyrivalda staðfest að hluta og fellt úr gildi að hluta og sektir lækkaðar. Hæstiréttur staðfesti síðan efnislega niðurstöðu héraðsdóms en breytti sektarfjárhæð. TSC ehf. hafði áður óskað eftir dómkvaðningu matsmanna til þess að meta meint fjárhagslegt tjón sem félagið „hefur orðið og/eða mun verða fyrir“ og rekja má til þeirrar háttsemi sem með framangreindri niðurstöðu var talin fela í sér brot á ákvörðun nr. 10/2005. Matsmenn afhentu TSC ehf. matsgerð en stefnan er grundvölluð að hluta á umræddri matsgerð. Síminn hf. skilaði greinargerð 24. febrúar 2015. Gerir Síminn kröfu um sýknu en til vara að kröfur TSC ehf. verði lækkaðar stórlega. Þá hefur Síminn farið fram á yfirmat.

Skaðabótamál Vodafone gegn Símanum og gagnstefna Símans gegn Vodafone

Stefna Fjarskipta ehf. (Vodafone) á hendur Símanum hf. um greiðslu skaðabóta að fjárhæð 912.935.301 kr., auk vaxta, var þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur 7. nóvember 2013. Um rökstuðning vísar Vodafone til ákvörðunar Samkeppniseftirlitsins nr. 7/2012 og úrskurðar áfrýjunarnefndar samkeppnismála nr. 1/2012. Telur Vodafone að hinar meintu ólögmetu aðgerðir Símans hafi valdið því að félagið hafi greitt umtalsvert hærra lúkningargjöld til Símans hf. en eðlilegt var. Þá hafi samkeppni verið raskað með ólögmetum hætti og Vodafone orðið fyrir verulegu fjárhagstjóni. Síminn skilaði greinargerð 30. janúar 2014 þar sem aðallega var krafist sýknu en til vara að kröfur Vodafone yrði stórlega lækkaðar. Síminn gagnstefndi Vodafone og gerði kröfu um að Vodafone yrði gert að greiða 2.491.822.443 kr. fyrir meinta ofrukkun Vodafone á lúkningargjöldum. Síminn hf. er ósammála grundvelli að stefnu Vodafone en ef fallist verður á kröfu Vodafone gerir Síminn kröfu um að Vodafone greiði Símanum framangreinda fjárhæð og er gagnstefnan byggð á þeim grundvelli. Vodafone skilaði greinargerð í gagnstefnu og gerði aðallega þá kröfu að félagið yrði sýknað en til vara að kröfur yrðu stórlega lækkaðar. Báðir aðilar hafa óskað eftir dómkvaðningu matsmann til þess að meta meint tjón.

Mál Símans gegn Póst- og fjarskiptastofnun, Nova ehf. og Fjarskiptum ehf.

Síminn hf. höfðaði dómsmál gegn Póst- og fjarskiptastofnun, Nova ehf. og Fjarskiptum ehf. (Vodafone) vegna ákvörðunar Póst- og fjarskiptastofnunar nr. 14/2014 um heimild Vodafone og Nova ehf. til samnýtingar tíðniheimilda þar sem krafist var aðallega að viðurkennt væri að ákvörðunin væri ógild en til vara að hún yrði ógilt með dómi. Byggir Síminn fyrst og fremst á því að ákvörðunin brjóti gegn fjarskiptalögum nr. 81/2003 þar sem í henni felst slík samþjöppun á tíðniheimildum Nova ehf. og Vodafone að það sé til þess fallið að hafa skaðleg áhrif á samkeppni. Gagnaðilar hafa ekki skilað greinargerðum.

Með því að heimila Vodafone og Nova að samnýta farsímatíðnisvið sín í mögulega nýju farsímadreififyrirtæki geta fyrirtækin komist í yfirburðastöðu í bitahraða í farsímakerfum sínum. Vegna þess að Síminn hefur yfir um helmingi minni farsímatíðni að ráða en Vodafone og Nova samanlagt getur Síminn ekki boðið sama hraða til sinna viðskiptavina.

Mál til meðferðar hjá Eftirlitsstofnun EFTA

Kvörtun Vodafone til ESA

Vodafone hefur lagt fram kvörtun til ESA vegna útboðs fjarskiptasjóðs um háhraðanet (háhraðanetsverkefnið). Kvörtun Vodafone byggist á því að samningur fjarskiptasjóðs við Símann í kjölfar útboðs um háhraðanet feli í sér brot gegn 61. gr. EES-samningsins. Um sé að ræða ólögmeta ríkisaðstoð að mati Vodafone og er hún sögð nema 1 ma.kr. og hafa verið veitt með beinu fjárframlagi.

Forsaga málsins er að í febrúar 2008 buðu Ríkiskaup út verkefnið „háhraðanettengingar til allra landsmanna“. Af þeim tilboðum sem bárust Ríkiskaupum var Símann með lægsta tilboðið. Kvörtun Vodafone til ESA byggist á því að ákveðnar breytingar hafi verið gerðar á skilmálum frá því sem mælt var fyrir um í útboðsgögnum í febrúar 2008 og því sem fram komi í samningi fjarskiptasjóðs við Símann. Í kvörtuninni er greint frá því að samkvæmt 61. gr. EES-samningsins séu fjögur skilyrði sett fyrir því að líta megi svo á að um ríkisaðstoð sé að ræða sem svo er fjallað um að hafi verið uppfyllt að mati Vodafone í málinu. Með bréfi ESA, dags. 1. apríl 2011, var óskað greinargerðar íslenska ríkisins í málinu. Með bréfi fjármálaráðuneytisins, dags. 22. júní 2011, var greinargerð íslenska ríkisins send ESA. Í greinargerðinni er því hafnað að samningur Símans og fjarskiptasjóðs hafi falið í sér ríkisaðstoð og jafnvel þótt talið yrði að um ríkisaðstoð hefði verið að ræða hefði slíkt verið innan marka 61. gr. EES-samningsins. Þann 8. janúar 2013 óskaði ESA eftir frekari upplýsingum frá íslenska ríkinu um málið. Frestur til svara var til 5. febrúar 2013 en hann var síðar framlengdur fram í byrjun mars 2014. Símann sendi sjónarmið til innanríkisráðuneytis þann 15. febrúar 2013 en fjármálaráðuneytið ber endanlega ábyrgð á að svara fyrirspurn ESA. Þann 10. júlí 2013 tilkynnti ESA að það hefði hafið formlega rannsókn á málinu. Eftir því sem Símann hefur fengið upplýsingar um lauk ESA rannsókn málsins með ákvörðun dags. 30. júní 2015 nr. 260/15/COL og niðurstaðan var sú að verkefnið væri ríkisaðstoð sem hefði verið innan marka 61. gr. EES-samningsins og því lögmætt. Ákvörðunin hefur ekki verið birt opinberlega en heimilt er að höfða mál vegna ákvörðunar ESA innan tveggja mánaða frá því að hún hefur verið birt opinberlega eða tilkynnt aðila eða, hafi ekki til þess komið, frá þeim degi er aðili fékk vitneskju um ákvörðunina. Verði niðurstöðu ESA hnekkt og talið að um ólögmetan ríkisstyrk hafi verið að ræða getur komið til þess að Símann þurfi að endurgreiða veittan styrk með áföllnum vöxtum. Ekki er hægt að segja til um hversu há sú fjárhæð yrði en upphafleg styrkfjárhæð nam um 970 m.kr. Með almennum hætti má þó segja að það yrði einvörðungu sá hluti þeirrar greiðslu sem Símann fékk samkvæmt umræddum samningi sem teldist umfram það sem eðlilegt hefði verið sem teldist ólögmetur ríkisstyrkur ef til kæmi.

Kvörtun Mílu til ESA

Míla sendi kvörtun til ESA, dags. 16. júlí 2010, og hélt því þar fram að um ólögmeta ríkisaðstoð hefði verið að ræða þegar gerður var samningur á milli Vodafone og Varnarmálastofnunar Íslands þann 1. febrúar 2010 um leigu á ljósleiðara. Byggt var á því að leigufjárhæð samkvæmt samningnum væri mun lægri en telja mætti viðunandi markaðsleigu og þar með væri um ólögmeta ríkisaðstoð að ræða. Með ákvörðun ESA í málinu, nr. 410/12/COL, dags. 21. nóvember 2012, var komist að þeirri niðurstöðu að umræddur samningur hefði ekki falið í sér ríkisaðstoð í skilningi 61. gr. EES-samningsins. Þann 13. febrúar 2013 var fyrir hönd félagsins sent erindi til EFTA-dómstólsins þar sem farið var fram á ógildingu ákvörðunar ESA í málinu. Féllst dómstóllinn á kröfu Mílu og felldi úr gildi ákvörðun ESA, sbr. dómur í mál nr. E-1/13 frá 24. janúar 2014. ESA tók ákvörðun um að hefja rannsókn á meintum ólögmetum ríkisstuðningi til handa Vodafone með ákvörðun nr. 299/14/COL, dags. 16. júlí 2014.

Skaðabótakrafa Inter-samtakanna

Inter-samtökin, sem eru samtök smærri internetþjónustuveitna á Íslandi, sendu Símanum skaðabótakröfu með bréfi dags. 10. september 2014 þar sem krafist er greiðslu að fjárhæð 2.992 milljónir króna. Er krafan byggð á álitgerð rekstrarhagfræðings en með almennri tilvísun til útgefinna andmælaskjala og ákvarðana Samkeppniseftirlitsins gegn Símanum. Símann hafnaði kröfunni, með bréfi dags. 7. október 2014, á þeim grundvelli að skilyrði skaðabótaskyldu væru ekki uppfyllt.

Mál til meðferðar hjá áfrýjunarnefnd hugverka á sviði iðnaðar

Með kæru dags. 26. mars 2015 kærðu Fjarskipti hf. (Vodafone) úrskurð Einkaleyfastofu nr. 1/2015 um að hafna andmælum Vodafone gegn vörumerkjaskráningu Símans sem nefnist *Tímaflakk*, skráningarnr. 1006/2013. Verði kæra Vodafone tekin til greina gæti Símann misst einkarétt til notkunar á vörumerkinu *Tímaflakk*. Símann hefur tekið til varna en búast má við niðurstöðu innan árs frá kæru Vodafone.

1.3 Fjárhagsleg áhætta

Síminn stýrir fjármagni sínu á þann hátt að tryggt sé að félög samstæðunnar séu rekstrarhæf samhliða því að hámarka hagnað hluthafa með réttu jafnvægi skulda og eiginfjár.

Starfsemi Símans felur í sér að reksturinn, eignir, skuldir og eigið fé standa frammi fyrir ýmiss konar fjárhagslegri áhættu. Fjárhagslega áhættu Símans má greina í markaðsáhættu (sem felur m.a. í sér vaxta- og fjármögnunaráhættu og gengisáhættu), lánsáhættu og lausafjáraáhættu. Fjárstýring Símans veitir félaginu miðlæga fjármálaþjónustu svo sem vegna fjármögnunar, gjaldeyriskaupa, vaxtastýringar og áhættumats á mótaðilum. Starfsemi fjárstýringar Símans byggist á stefnu og viðmiðum sem stjórn félagsins samþykkir og endurskoðar með reglubundnum hætti. Félagið tekur ekki stöðu með fjármálagerningum, þar með talið afleiddum fjármálagerningum, sem eru byggðir á spákaupmennsku.

1.3.1 Vaxta- og fjármögnunaráhætta

Vaxta- og fjármögnunaráhætta er fólgin í því að félagið hafi mögulega ekki aðgang að lánsfjármögnun til endurfjármögnunar tímanlega fyrir gjalddaga skulda og/eða verði fyrir neikvæðum áhrifum af vaxtabreytingum og/eða öðrum breyttum aðstæðum á fjármálamörkuðum.

Gert er ráð fyrir að sjóðstreymi frá rekstri félagsins nægi til að greiða afborganir af lánnum og því takmarkast viðbótarfjármögnunarpörf þess við hugsanlegar fjárfestingar umfram núverandi áætlanir. Á þeim tíma sem félagið óskar eftir framlengingu eða leitar eftir endurfjármögnun er hugsanlegt að markaðsaðstæður verði óhagstæðar og vextir hafi hækkað umtalsvert sem myndi hafa neikvæð áhrif á sjóðstreymi félagsins.

Vaxtaáhætta Símans er annars vegar hvað varðar fjármögnun félagsins og hins vegar sem snýr að stýringu á lausafé. Breytingar á vaxtastigi hafa áhrif á virði eigna og skulda. Vaxtatekjur og vaxtagjöld eru bókfærð í rekstrarreikningi og vaxtabreytingar á markaðnum hafa áhrif á þessa liði. Lánasafn félagsins samanstendur af skuldabréfum útefnum í íslenskum krónum með föstum vöxtum og lánnum í íslenskum krónum með breytilegum vöxtum. Vaxtaberandi skuldir Símans eru hærri en vaxtaberandi eignir félagsins og stendur það því frammi fyrir áhættu af hækkanði vöxtum, aukinni verðbólgu og hærri vaxtagjöldum.

Á árinu 2013 endurfjármagnaði félagið allar vaxtaberandi skuldir sínar annars vegar til júlí 2019, með möguleika á framlengingum til júlí 2033, og hins vegar með skuldabréfaflokki með lokagjalddaga í júlí 2023. Fjármagnsskipan félagsins felur í sér lán að fjárhæð 25.429 m.kr. miðað við þann 31. desember 2014 sem skiptist á milli bankaláns að fjárhæð 17.733 m.kr. í íslenskum krónum með breytilegum vöxtum og skuldabréfaútgáfu að fjárhæð 7.637 m.kr. verðtryggt með föstum vöxtum, handbærs fjár sem var 4.007 m.kr. á sama tíma og eigið fé að fjárhæð 29.931 m.kr. sem samanstendur af útefnum hlutafé, varasjóði og óráðstöfuðu eigin fé. Þann 31. desember 2014 voru 30% af lántöku félagsins með fasta vaxtaþrósentu til næstu 12 mánaða og ef gert er ráð fyrir að fjárhæð skulda með breytilega vexti í lok árs haldist sú sama allt árið á eftir myndi að öðru óbreyttu breyting um eitt prósentustig í vöxtum á markaði leiða til 134 m.kr. breytingar á afkomu og eigin fé félagsins.

Lánasamningar og skuldabréf félagsins innihalda kvaðir um tiltekinn árangur í rekstri og efnahagslegan styrk. Fjallað er um þær í kaflanum *6.5.1 Efnahagsreikningur 30. júní 2015*. Brot á slíkum kvöðum geta valdið gjaldfellingu lána og skuldabréfa fyrir samningsbundinn gjalddaga.

1.3.2 Verðbólguáhætta

Mikil verðbólga hefur almennt neikvæð áhrif á rekstur Símans. Við slíkar aðstæður hækka útgjöld á borð við leigugreiðslur vegna tengingar við vísitölu neysluverðs og engin trygging er fyrir því að hægt verði að mæta hækkan kostnaðarverðs seldra vara og annarra útgjalda með verðhækkunum á þeim mörkuðum sem félagið starfar á, m.a. vegna kvaða sem á starfseminni hvíla. Vöruframboð Símans felst í ýmiss konar fjarskiptaþjónustu, miðlun sjónvarpsefnis og upplýsingatækni og kunna viðskiptavinir að draga úr kaupum sínum á þjónustunni með hækkanði verðlagi og minnkandi kaupmætti.

Mikil verðbólga hefur einnig áhrif á fjármagnskostnað Símans. Lánsfjármögnun félagsins er bæði verðtryggð og óverðtryggð. Verðbólga hefur því bein áhrif á verðtryggða fjármögnun félagsins en hvað varðar óverðtryggða fjármögnun félagsins er um að ræða breytilega vexti sem verðbólga og verðbólguvæntingar hafa áhrif á.

1.3.3 Gengisáhætta

Í samstæðu Símans er ekki til staðar langtímalán í öðrum gjaldmiðlum en íslenskrí krónu. Ef vægi erlendra gjaldmiðla í fjármögnun félagsins eykst gætu sveiflur á gengi haft neikvæð áhrif á fjármagnskostnað og hagnað félagsins.

Hluti af rekstri félagsins stendur frammi fyrir gjaldmiðlaáhættu og geta breytingar á gengi gjaldmiðla haft áhrif á rekstur erlendra dótturfélaga og einnig er hluti af fjárfestingum félagsins í erlendri mynt. Reikningsskilagjaldmiðill Símans er íslensk króna og því ber félagið gengisáhættu vegna tekna dótturfélaga og innkaupa í öðrum gjaldmiðlum en íslenskrí krónu. Félagið ber stærsta áhættu gagnvart eftirfarandi myntum: evru (EUR), Bandaríkjadollara (USD), svissneskum franka (CHF), bresku pundi (GBP), japönsku jeni (JPY) og danskrí krónu (DKK).

Gjaldeyrishöftin sem eru við lýði á Íslandi hafa nokkur áhrif á rekstur Símans. Félagið gæti orðið fyrir áhrifum af breytingum á gjaldeyrishöftum þar sem innkaup þess eru veruleg frá öðrum löndum og eru því í öðrum gjaldmiðli en íslenskrí krónu. Viðskipti við innlenda birgja eru einnig háð erlendum aðföngum og þeim fylgir því tilheyrandi gjaldmiðlaáhætta. Losun gjaldeyrishafta gæti haft sveiflur í för með sér á gengi krónunnar sem gæti haft áhrif á veltu og hagnað af rekstri félagsins þar sem það hefur takmarkaða möguleika til að nýta sér gengisvarnir eins og sakir standa, meðal annars vegna þess að skilvirkur markaður með framvirka gjaldmiðlaskiptasamninga er ekki til staðar á Íslandi um þessar mundir.

1.3.4 Lánsáhætta

Lánsáhætta, eða mótaðilaáhætta, er hættan á að félagið verði fyrir fjárhagslegu tjóni af völdum þess að lánardrottinn, leigusali, birgi, viðskiptavinur eða annar mótaðili uppfylli ekki samningsbundnar skuldbindingar sínar.

Viðskiptakröfur félagsins byggjast á fjölmennum hópi viðskiptavina þess sem er dreifður meðal einstaklinga og fyrirtækja í mismunandi atvinnugreinum og landsvæðum. Reglubundið mat er gert á fjárhagsstöðu þeirra sem mynda viðskiptakröfur félagsins. Að mati félagsins stendur það ekki frammi fyrir mótaðilaáhættu vegna viðskiptavina á smásölustigi enda um fjölmennan og dreifðan hóp að ræða. Viðskipti heildsölu félagsins eru annars eðlis enda viðskiptavinir færri og áhættudreifing minni. Viðskipti við hvern heildsöluviðskiptavin eru að jafnaði umtalsvert meiri en á smásölustigi. Áhætta félagsins á fjárhagslegu tjóni vegna viðskipta á heildsölustigi er því meiri en á smásölustigi.

Hámarkstapsáhætta Símans vegna lánsáhættu án tillits til veða sem kunna að liggja að baki til tryggingar kröfu er eftirfarandi:

Hámarksáhætta Símans vegna lánsáhættu

(m.kr.)	30.6.2015	31.12.2014	31.12.2013	31.12.2012
Viðskiptakröfur	5.226	5.656	4.915	4.880
Handbært fé	3.986	4.007	609	606
Aðrar skammtímakröfur	304	124	422	455
Langtímakröfur	326	226	171	
Kröfur á banka í slitameðferð			2.300	6.000
Ábyrgðir	28	443	621	760
Samtals	9.870	10.456	9.038	12.701

Meirihluti viðskiptakrafna félagsins er með eindaga innan 90 daga frá útgáfu. Viðskiptareikningar eru metnir af stjórnendum og niðurfærsla færð fyrir áætlaðri virðisrýrnun viðskiptakrafna þar sem þörf er metin.

Aldursgreining gjaldfallinna viðskiptakrafna

(m.kr.)	30.6.2015	31.12.2014	30.12.2013	31.12.2012
30 dagar eða minna	275	160	142	227
Á bilinu 31-60 dagar	173	63	29	71
Á bilinu 61-180 dagar	187	102	103	182
Fleiri en 180 dagar	131	18	86	100
Samtals	766	343	360	580

Hér að framan má sjá aldersgreiningu á gjaldföllum kröfum að teknu tilliti til framlags í afskriftasjóð. Lánsáhætta vegna smásöluviðskiptavina er lítil þar sem viðskiptamenn félagsins eru margir og ótengdir. Lánsáhætta tengd heildsöluviðskiptavinum er meiri sem félagið bregst við með því að leggja sértækar mótfærslur á afskriftareikning viðskiptakrafna ef mat stjórnenda á kallar á slíkar aðgerðir. Því telja stjórnendur félagsins ekki þörf á frekari varúðarfærslum umfram hefðbundnar og sértækar færslur í afskriftasjóð viðskiptakrafna. Gjaldfærslan nam 112 m.kr. fyrir árið 2014 og var afskriftarsjóður viðskiptakrafna aukinn um 46 m.kr. á fyrstu sex mánuðum ársins 2015 og nam heildarniðurfærsla krafna 442 m.kr. í júnílok.

1.3.5 Lausafjánhætta

Lausafjánhætta er hættan á því að félagið geti ekki staðið við fjárhagsskuldbindingar sínar eftir því sem þær gjaldfalla. Félagið stýrir lausafjánhættu sinni með því að viðhalda viðeigandi varaforða, tryggja aðgengi að veltufjármögnun hjá viðskiptabanka sínum, fylgjast með áætluðu og raun sjóðstreymi auk þess að jafna gjalddögum fjárhagslegra eigna og skuldbindinga. Þann 30. júní 2015 nam handbært fé félagsins 3.986 m.kr.

Hér á eftir má sjá vænta gjalddaga fjárhagslegra skuldbindinga félagsins miðað við 31. desember 2014 sem byggist á væntu sjóðstreymi miðað við fyrsta mögulega gjalddaga sem félagið kann að vera skuldbundið til að greiða kröfuna. Um er að ræða bæði vaxtagreiðslur og afborganir. Vegið meðaltal virkra fastra verðtryggðra vaxta félagsins var 4% í lok árs 2014 og vegið meðaltal fljótandi vaxta 7,75% í lok árs 2014.

Samningsbundnar afborganir af fjárskuldum, að meðtöldum áætluðum vöxtum og verðbótum

(m.kr.)	Innan árs	1-2 ár	2-5 ár	Yfir 5 ár	Samtals
31.12.2014					
Lántökur	2.909	2.883	8.059	27.007	40.857
Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir	5.583				5.583
	8.492	2.883	8.059	27.007	46.440

1.3.6 Reikningsskilaaðferðir

Frá stofnun félagsins árið 2007 hafa ársreikningar samstæðu Símans verið útbúnir í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (International Financial Reporting Standards, IFRS).

Alþjóðlegu reikningsskilastaðlarnir eru endurskoðaðir með reglulegu millibili og breytingar á þeim gætu haft áhrif á reiknaðan hagnað félagsins.

Nýr reikningsskilastaðall, „IFRS 15 Tekjur af samningum“, mun væntanlega taka gildi frá og með árinu 2018. Staðallinn getur haft í för með sér einhverjar breytingar á innlausn tekna í reikningsskilum, m.a. tímasetningu og sundurliðun á tekjufærslu samsettra samninga sem innihalda fleiri en einn þjónustubátt.

Alþjóðareikningsskilaráðið (IASB) hefur undanfarin ár unnið að útgáfu nýs staðals um færslu leigusamninga. Vinna við útgáfu staðalsins hefur dregist á langinn en reiknað er með að IASB gefi nýja staðalinn út í byrjun árs 2016 og að hann gildi frá og með 1. janúar 2018. Gera má ráð fyrir að sú grundvallarbreyting verði gerð á færslu leigusamninga samkvæmt IFRS að nær allar leiguskuldbindingar til lengri tíma en eins árs verði færðar til eignar og skuldar í efnahagsreikningi. Verði þetta raunin mun meðferð rekstrarleigusamninga í reikningsskilum leigutaka í framtíðinni verða að mestu sú sama og gildir nú um fjármögnunarleigusamninga. Í ljósi þess að Síminn leigir nær allt skrifstofuhúsnæði undir starfsemi sína má gera ráð fyrir því að bókfærðar eignir og skuldir

Símans aukist frá því sem nú er verði framangreindur staðall samþykktur. Óljóst er um hversu háa fjárhæð yrði að ræða þar sem endanlega útfærsla liggur ekki fyrir. Þó er ljóst að eiginfjárlutfall félagsins mun lækka við færslu leigusamninga í efnahagsreikning félagsins sem getur valdið því að ákvæði um eiginfjárlutföll í lánasamningum verði ekki uppfyllt verði ekki gerðar breytingar á þeim. Enn fremur kann breytingin að hafa í för með sér að hluti af öðrum rekstrarkostnaði félagsins sem fólgin er í leigu verði bókfærður sem annars vegar afskriftir fastafjármuna og hins vegar vaxtagjöld. Þetta mun hafa í för með sér að rekstrarhagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta mun hækka. Hvað varðar sjóðstreymi af rekstri félagsins mun þessi breyting á staðlinum ekki hafa áhrif að öðru óbreyttu.

Viðskiptavild sem myndast við sameiningar er færð til eignar í efnahagsreikning félagsins. Viðskiptavild er ekki afskrifuð heldur metin árlega með tilliti til virðisrýrnunar eða oftast ef vísbending er um virðisrýrnun. Þær fjárskapandi einingar sem viðskiptavild hefur verið úthlutað á eru prófaðar með tilliti til virðisrýrnunar. Við framkvæmd virðisrýrnunarprófs viðskiptavildar verða stjórnendur að meta ákveðnar forsendur sem notaðar eru við prófið og felur slíkt mat alltaf í sér ákveðna óvissu. Auk þess byggir virðisrýrnunarprófið á forsendum sem stjórnendur félagsins geta ekki haft áhrif á. Breyting á mati á einstaka forsendum getur því leitt til virðisrýrnunar á bókfærðu virði viðskiptavildar félagsins sem kæmi til lækkunar á eigin fé. Lækkun á eiginfjárlutfalli félagsins getur valdið því að ákvæði um eiginfjárlutföll í lánasamningum verði ekki uppfyllt.

1.3.7 Vátryggingar

Félagið er með allar lögboðnar vátryggingar, svo sem brunatryggingu og vátryggingavernd fyrir starfsmenn. Félagið er með rekstrarstöðvunatryggingu sem greiðir tekjumissi vegna rekstrarstöðvunar í allt að 12 mánuði. Einnig er félagið með starfsábyrgðatryggingu fyrir stjórnendur.

1.4 Uppbygging á eignarhaldi Símans

Í hlutaskrá Símans eru 208 hluthafar skráðir þann 25. september 2015. Heildarfjöldi útgefna hluta í félaginu nemur 9.650.000.000 og á félagið sjálft 19 hluti þar af.

Þrjú aðilar fara með yfir 10% eignarhlut í Símanum skv. hlutaskrá félagsins þann 25. september 2015. Arion banki hf. fer með 27,8% af útgefnu hlutafé í Símanum, Lífeyrissjóður verzlunarmanna fer með 13,2% og Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, A og B deild, ásamt Lífeyrissjóði hjúkrunarfræðinga fara með 12,0%. Gildi – lífeyrissjóður á 6,2% af útgefnu hlutafé í Símanum. L1088 ehf. á 5% hlut í Símanum, en þar er um að ræða hóp fjárfesta sem forstjóri félagsins hafði frumkvæði að því að setja saman til að fjárfesta í félaginu og er sjálfur þar á meðal. Aðilar í yfirstjórn Símans sem nafngreindir eru í kafla 4.4.3 *Tekjur, hlunnindi og réttindi stjórnarmanna og yfirstjórnar*, eiga auk þess samtals 0,4% hlut í Símanum. Aðrir hluthafar fara með undir 5% beinum eignarhlut í Símanum, sem eru neðstu mörk flöggunarskyldu skv. lögum nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti.

Líkt og að framan greinir er Arion banki hf. stærsti hluthafi Símans hf. og fer hann í krafti atkvæðisréttar með yfirráð í félaginu samkvæmt skilgreiningu X. kafla laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti. Hluthafi sem fer með yfirráð í félagi þegar hlutabréf þess eru tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði er undanþeginn tilboðsskyldu samkvæmt 7. mgr. 100 gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti, en sú undanþága gildir þó ekki ef viðkomandi aðili missir yfirráðin en nær þeim að nýju. Í fyrirhuguðu almennu útboði á 18-21% af áður útgefnum hlutum í Símanum, sem lýst er í verðbréfalýsingu dagsettri 25. september 2015, áformar Arion banki að selja sem nemur 18-21% af útgefnum hlutum í Símanum. Að útboðinu loknu gerir Arion banki því að öðru óbreyttu ráð fyrir að fara með 6,8-9,8% atkvæðisréttar í Símanum.

Stærstu hluthafar Símans gætu miðað við ofangreint eignarhald haft veruleg áhrif á mál sem borin eru undir atkvæði hluthafa. Arion banki hf., sem stærsti hluthafinn, hefur einnig vald til að koma í veg fyrir breytingu á yfirráðum og gæti gripið til aðgerða sem gætu haft veruleg áhrif á verðmæti verðbréfa sem félagið gefur út.

Söluhömlur eru á samtals um 10,5% hlutfjár í útgefanda. Þar af er óheimilt til 1. janúar 2017 að selja 5% hlut L1088 ehf.; óheimilt til 1. mars 2016 að selja um 0,5% hlutfjár útgefanda sem eru í eigu nokkurra stjórnenda Símans; og óheimilt í þrjú mánuði frá skráningu Símans (fyrsta viðskiptadegi með hluti á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland) að selja 5% sem eru dreifðri eigu viðskiptavina Arion banka hf. Ekki liggja fyrir upplýsingar um söluhömlur aðrar en að framan greinir eða söluskyldu á hlutum í Símanum eftir að framangreindu fyrirhuguðu útboði lýkur eða hvort og þá hvenær eða með hvaða hætti seljendur í útboðinu eða aðrir í hópi stærstu hluthafa Símans munu selja þá eignarhluti sem þeir munu eiga eftir að útboðinu lýkur.

Stjórn Símans hefur eftir ákvörðun hluthafafundar félagsins heimild til að auka hlutafé með útgáfu allt að 510.000.000 hluta til að uppfylla mögulegar skyldur félagsins ef nýttir verða kaupréttarsamningar sem gerðir hafa verið eða gerðir verða við starfsmenn samstæðunnar á grunni gildandi kaupréttaráætlunar. Útistandandi

samningar eru 613, nema samtals 438.204.925 hlutum, eru á genginu 2,518 kr./hlut og kaupverð þeirra 1.103,4 m.kr.

Stjórn Símans hefur skv. ákvörðun hluthafafundar heimild til 16. október 2017 til þess að kaupa fyrir hönd félagsins allt að 10% áður útgefinna hluta í félaginu í þeim tilgangi að koma á viðskiptavakt með hluti í því og/eða til að setja upp formlega endurkaupaáætlun.

Hagsmunir minnihlutaeigenda eru varðir samkvæmt ákvæðum samþykka félagsins og laga um hlutafélög nr. 2/1995, auk ákvæða X. kafla laga um verðbréfavíðskipti nr. 108/2007 frá þeim tíma að hlutabréf félagsins eru tekin til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland.

Útgefanda er ekki kunnugt um annað eignarhald eða samkomulag en að framan greinir eða að félaginu sé stjórnað af öðrum aðilum. Útgefanda er því ekki kunnugt um að til staðar séu önnur réttindi sem geta leitt til annarra breytinga á yfirláðum yfir útgefanda en fyrr greinir.

2. UPPLÝSINGAR UM ÚTGEFANDANN

2.1 Útgefandi

Lögheiti og viðskiptaheiti	Síminn hf.
Hjáheiti	Iceland Telecom
Kennitala	460207-0880
Lögform	Hlutafélag, skráð og starfrækt í samræmi við lög um hlutafélög nr. 2/1995
Sérlög	Lög um fjarskipti nr. 81/2003, lög um fjölmiðla nr. 38/2011 og innheimtulög nr. 95/2008
Útistandandi hlutafé	9.649.999.981 hlutur
Eigin hlutir	19 hlutir
Heildarhlutafé	9.650.000.000 hlutir, hver 1 króna að nafnverði
Höfuðstöðvar og lögheimili	Ármúli 25, 108 Reykjavík, Ísland
Heimasíða	www.siminn.is
Tölvupóstfang	fjarfestatengsl@siminn.is
Símanúmer	550-6000
Fjárhagsdagatal, áætlun birtinga og næsti aðalfundur	Vika 44 2015 – Birting uppgjörs þriðja ársfjórðungs 2015 Vika 9 2016 – Birting ársuppgjörs 2015 Vika 14 2016 – Aðalfundur 2016

2.2 Tilgangur

Tilgangur Símans samkvæmt 3. gr. samþykktu félagsins er fjarskipta-, upplýsingatækni-, affreyingarstarfsemi og önnur skyld starfsemi, rekstur fasteigna, kaup og sala verðbréfa, lánastarfsemi og fjárfesting í dóttur- og hlutdeildarfélögum sem starfa á sviði félagsins.

2.3 Lagaumhverfi

Um starfsemi Símans og dótturfélaga gilda ýmis sérlög og má þar nefna lög um fjarskipti nr. 81/2003 og lög um fjölmiðla nr. 38/2011.

Lög um fjarskipti nr. 81/2003 gilda um fjarskipti, fjarskiptaþjónustu og fjarskiptanet og er markmið þeirra að tryggja hagkvæm og örugg fjarskipti auk þess að efla samkeppni á markaði. Póst- og fjarskiptastofnun hefur umsjón með fjarskiptum innan lögsögu Íslands og eftirlit með framkvæmd laganna. Í lögunum er kveðið á um að á fjögurra ára fresti skuli lögð fram sem þingsályktunartillaga fjarskiptaáætlun sem marki stefnu næstu tólf ára. Lögin taka á heimild til fjarskiptastarfsemi auk úthlutunar tíðni og númera. Þá er Póst- og fjarskiptastofnun falið að skilgreina markaði og gera markaðsgreiningar. Fjallað er um rétt notenda á alþjónustu, óháð staðsetningu, þannig að Póst- og fjarskiptastofnun getur falið einu eða fleiri fjarskiptafyrirtækjum að veita alþjónustu, á ákveðnum svæðum eða eftir þjónustutegundum. Í VII. kafla laganna er kveðið á um að fjarskiptafyrirtæki sem starfrækja almenn fjarskiptanet eða almenna fjarskiptaþjónustu skuli eiga rétt á samtengingu neta og þjónustu og aðgengi að þeim. Lög in kveða á um lágmarksskilyrði viðskiptaskilmála í samningum fjarskiptafyrirtækja og viðskiptavina. Ákvæði um vernd persónuupplýsinga og friðhelgi einkalífs er að finna í IX. kafla laganna. Auk framangreinds eru ákvæði í lögunum um tal- og farsímaþjónustu er snúa m.a. að gjaldfrjálsum símtölum í neyðarnúmerið 112 og möguleikum viðskiptavina á því að halda símanúmerum sínum óháð hvaða fjarskiptafyrirtæki veitir þjónustuna. Í XI. kafla laganna eru ákvæði um aðgengi og staðla er varða stafrænt útvarp. Kafli XII fjallar um fjarskiptabúnað og tekur þar m.a. á kröfum um lágmarkstæknistaðla og aðrar

grunnkröfur sem gerðar eru til hans. Að lokum má nefna að lögin taka á réttindum til að starfa við fjarskiptavirki, uppsetningu og vernd þeirra auk þess sem kveðið er á um heimildir er snúa að fjarskiptum á hættutímum.

Síminn hf. og dótturfélag hans Míla ehf. hafa almenna heimild til rekstrar fjarskiptaneta og fjarskiptaþjónustu í samræmi við 4. og 6. gr. laga nr. 81/2003 um fjarskipti og reglur Póst- og fjarskiptastofnunar nr. 345/2005. Síminn hefur nokkrar mismunandi tíðniheimildir fyrir farsímaþjónustu, fyrir þriðju og fjórðu kynslóð farsíma og fyrir háhraðaáðgangsneta fyrir gagnaflutningaþjónustu. Tíðniheimildir Símans og Mílu eru ekki framseljanlegar og gilda flestar í 10 ár. Síminn er einnig með réttindi til notkunar á tíðniheimildum til reksturs farsímaferfa í samræmi við 7. gr. laga um fjarskipti. Síminn og Míla uppfylla öll skilyrði sem sett eru fyrir heimildum og leyfum félagsins. Úthlutun Póst- og fjarskiptastofnunar á tíðni og númerum felur í sér tímabundna heimild til skilyrtra afnota sem hvorki leiðir til eignaréttar né varanlegs nýtingar- og ráðstöfunarréttar, samnær 7. gr. laga um fjarskipti. Alþingi samþykkti þann 29. nóvember 2012 þingsályktun um 12 ára fjarskiptaáætlun fyrir árin 2011-2022 og fjögurra ára framkvæmdaáætlun árána 2011-2014. Í fjarskiptaáætluninni er meðal annars lögð áhersla á að tryggja öryggi fjarskiptaneta innanlands og tengingar við umheiminn, styrkja samkeppni á fjarskiptamarkaði og auka samkeppnishæfni Íslands. Markmið fjarskiptaáætlunar varða aðgengi og greið fjarskipti, hagkvæm og skilvirk fjarskipti, örugg fjarskipti og umhverfisvæn fjarskipti. Fjarskiptaáætlunina má finna á vef fjarskiptasjóðs, www.fjarskiptasjodur.is.

Símanum ber að haga meðferð fjarskiptaupplýsinga og annarra persónugreinanlegra upplýsinga með þeim hætti að það uppfylli lög nr. 81/2003 um fjarskipti og lög nr. 77/2000 um persónuvernd, ásamt öðrum lagaskilyrðum. Markmið félagsins er að vinnsla persónugreinanlegra upplýsinga tryggi friðhelgi einkalífs og hagsmuni viðskiptavina. Í 1. mgr. 42. gr. fjarskiptalaga nr. 81/2003 kemur fram að gögnum um fjarskiptaumferð notenda sem geymd eru og fjarskiptafyrirtæki vinnur úr skuli eyða eða gera nafnlaus þegar þeirra er ekki lengur þörf við afgreiðslu ákveðinnar fjarskiptasendingar. Í 3. mgr. ákvæðisins kemur fram að þrátt fyrir framangreint skuli fjarskiptafyrirtæki, í þágu rannsóknar sakamála og almannaöryggis, varðveita lágmarksskráningu gagna um fjarskiptaumferð notenda í sex mánuði eins og þar er nánar lýst. Með lágmarksskráningu er m.a. átt við að fjarskiptafyrirtæki þurfi að geta upplýst hver af viðskiptavinum þess var notandi tiltekins símanúmers, IP-tölu eða notendanafns, auk upplýsinga um allar tengingar sem notandinn hefur gert og magn gagnaflutnings. Fjarskiptafyrirtækjum er hins vegar óheimilt að geyma innihald fjarskiptasendinga. Um viðurlög við brotum á fjarskiptalögum er fjallað í 74. gr. fjarskiptalaga nr. 81/2003. Í 5. mgr. 74. gr. laganna kemur fram að þegar fjarskiptafyrirtæki fer ekki að ákvæðum laga, skilyrðum almennrar heimildar, skilyrðum sérstakra réttinda eða einstökum ákvörðunum Póst- og fjarskiptastofnunar getur stofnunin ákveðið í samræmi við ákvæði 73. gr. að fella niður skráningu fyrirtækisins, afturkalla réttindi eða bæta við skilyrðum. Komið hefur verið á virku stjórnkerfi til að framfylgja stefnu félagsins og lögum varðandi meðferð upplýsinga er falla undir lög um fjarskipti og persónuvernd. Félagið hefur sett sér verklagsreglur um vinnslu og meðferð gagna til að tryggja rétt viðskiptavina sinna og að farið sé að lögum og reglum eftirlitsaðila. Þessum reglum er framfylgt í upplýsingakerfum og með viðeigandi þjálfun starfsmanna auk innra eftirlits. Með þessum ráðstöfunum vilja stjórn og stjórnendur tryggja að starfsemi sé í sátt við samfélagið og reglur þess. Stjórnkerfið byggist á aðferðafræði sem þekkt er úr m.a. ISO-stöðlum þar sem verklagsreglur, þjálfun, innra eftirlit, skráning frávika og umbætur eru notaðar til að tryggja að verklag og hegðun sé í samræmi við stefnu. Reglulega er fylgst með að vinnsla gagna og aðgengi starfsmanna að upplýsingum samræmist reglum. Virkni stjórnkerfisins er metin minnst árlega til að tryggja að æskilegt verklag festist í sessi og endurnýist í samræmi við aðstæður á hverjum tíma. Gert er áhættumat til að finna veikleika í tækniumhverfinu eða verklagi sem gætu leitt til truflana í rekstri eða rangrar meðferðar á upplýsingum. Brugðist er við frávikum og stjórnendur upplýstir um frávík sem krefjast viðbragða þeirra. Öryggisstjóri og öryggisráð félagsins meta niðurstöður úttekta og fylgja eftir aðgerðum sem eru nauðsynlegar til að halda stjórnkerfinu virku og starfsemi innan settra viðmiða.

Reglugerð nr. 1174/2012 um alþjóðlegt reiki á almennum farsímanetum innan Evrópska efnahagssvæðisins var innleidd í desember 2012. Reglugerðin tekur til gjalda sem rekstraráðilum farsímaneta er heimilt að leggja á fyrir að veita alþjóðlega reikiþjónustu fyrir símtöl í farsímaþjónustu með upphaf og lúkningu innan EES og tekur bæði til gjalda milli rekstraráðila netkerfa í heildsölu og gjalda sem þjónustuveitendur heimaneta leggja á í smásölu. Markmið reglugerðarinnar er að tryggja að notendur almennra farsímaneta á ferðalagi innan EES-svæðisins greiði aðeins hóflegt verð fyrir reikiþjónustu þegar þeir hringja eða taka á móti símtölum í farsímaþjónustu. Auk framangreinds hefur ESB lögfest framkvæmdareglugerð nr. 1203/2012 og má gera ráð fyrir að hún verði innleidd í íslensk lög vegna skuldbindinga Íslands sem er að rekja til EES-samningsins. Markmiðið sem er stefnt með þessari reglugerð er að koma á samræmdum og einsleitum heildsölumarkaði fyrir reikiþjónustu innan EES-svæðisins. Reglugerðin kemur í kjölfar upphaflegrar reglugerðar (ESB) nr. 717/2007 frá 27. júní 2007 um reiki á almennum farsímanetum innan ESB en markmiðið er að lækka verulega verð til neytenda vegna reikiþjónustu milli landa sambandsins. Var það gert með svokallaðri Evrópugjaldskrá þar sem sett var ákveðið stíglækkandi verðþak fyrir mínútuverð í reikiþjónustu. Með nýju reglugerðinni er ákveðið að stuðla enn að aukinni samkeppni með því að kveða á um endursöluadgang fjarskiptafyrirtækja að netum annarra fjarskiptafyrirtækja til þess að geta veitt reikiþjónustu utan síns heimaríkis.

Lög um fjölmiðla nr. 38/2011 gilda um alla fjölmiðla og fjölmiðlaveitur með staðfestu hér á landi sem miðla efni til almennings hér á landi. Markmið þeirra er að stuðla að tjáningarfrelsi, rétti til upplýsinga, fjölmiðlalæsi, fjölbreytni og fjölræði í fjölmiðlun sem og að efla vernd neytenda á þeim vettvangi. Markmið laganna er jafnframt að koma á samræmdri löggjöf á vettvangi fjölmiðlunar óháð því miðlunarformi sem er notað. Með lögnum er komið á fót fjölmiðlanefnd og annast hún daglega stjórnarsýslu á því sviði sem löggin ná til. Löggin kveða á um skyldur til skráningar fjölmiðla auk leyfisveitinga til hljóð- og myndmiðlunar. Ákvæði V. kafla laganna ná til réttinda og skyldna fjölmiðlaveitna en þar má m.a. finna ákvæði er snúa að ritstjórnarlegu sjálfstæði, vernd heimildarmanna og vernd barna gegn skaðlegu efni svo dæmi séu tekin. Í kafla VI er tekið á viðskiptaboðum og fjarkaupum. Ákvæði VII. kafla laganna taka á reglum um flutning myndefnis en þar er m.a. kveðið á um flutningsskyldu á myndefni. Löggin takmarka enn fremur einkaréttindi yfir myndefni er varða innlenda eða erlenda viðburði sem taldir eru hafa verulega þýðingu í þjóðfélaginu. Kafli X hefur að geyma ákvæði um eignarhald fjölmiðla þar sem Samkeppniseftirlitið getur gripið til aðgerða til að koma í veg fyrir eða takmarka skaðleg áhrif á fjölræði og/eða fjölbreytni í fjölmiðlun almennings til tjóns. Jafnframt getur fjölmiðlanefnd beint slíkum tilmælum til Samkeppniseftirlitsins. Auk þess ber að tilkynna Samkeppniseftirlitinu um samruna sem a.m.k. ein fjölmiðlaveita með minnst 100 m.kr. ársveltu á Íslandi á aðild að og skal Samkeppniseftirlitið leggja mat á hann. Síminn hefur leyfi fjölmiðlanefndar til útsendinga þeirra sjónvarpsstöðva og útvarpsstöðva sem hann starfrækir svo og úthlutaðar tíðniheimildir frá Póst- og fjarskiptastofnun, hvort tveggja í samræmi við fjölmiðlalög nr. 38/2011.

Síminn hefur innheimtuleyfi frá Fjármálaeftirlitinu og lýtur innheimtulögum nr. 95/2008. Innheimtuleyfi Símans hf. tekur til frum- og milliinnheimtu gjaldfallinna peningakrafna fyrir aðra skv. a. lið 1. mgr. 3. gr. nefndra laga og innheimtu eigin peningakrafna sem aðili hefur keypt í þeim tilgangi að innheimta þær sjálfur í atvinnuskyni skv. 5. gr. sömu laga.

Í þessari töflu má finna yfirlit yfir þær almennu heimildir sem Síminn og Míla eru með frá Póst- og fjarskiptastofnun:

Félag	Útgáfudagur	Tegund starfsemi
Míla ehf.	04.04.2007	Fjarskiptanet
Síminn hf.	30.07.1998	Talsímaþjónusta, GSM, gagnaflutningsnet o.fl.
Síminn hf.		Hljóð- og myndmiðlun

Í þessari töflu má finna tíðniheimildir Símans:

Félag	Heiti	Tíðnisvið	Stærð (MHz)	Útgáfudagur	Gildistími	Svæði
Síminn hf.	4G/3G/GSM	1800 MHz	2*15	03.04.2013	02.04.2023	Allt landið
Síminn hf.	3G/UMTS	2000 MHz	2*15+5	30.03.2007	30.03.2022	Allt landið
Síminn hf.	GSM/UMTS 1800	1800 MHz	2*15	14.02.2012	14.02.2022	Allt landið
Síminn hf.	GSM/UMTS 900	900 MHz	2*10	14.02.2011	14.02.2022	Allt landið
Síminn hf.	GSM/UMTS 900	900 MHz	2*4,8	14.02.2011	14.02.2017	Allt landið
Síminn hf.	Háhraðaáðgangsnnet	3,5 GHz	2*14	25.10.2006	25.10.2016	Staðbundið
Síminn hf./Skjárinn ehf.	Skjárinn - Myndmiðlun				30.04.2021	Allt landið
Síminn hf./Skjárinn ehf.	SkjárSport - Myndmiðlun				30.04.2021	Allt landið
Síminn hf./Skjárinn ehf.	K100,5 - Hljóðmiðlun				30.04.2021	Allt landið
Síminn hf. / Skjárinn ehf.	Retró - Hljóðmiðlun				30.04.2021	Allt landið

2.4 Ágrip af sögu Símans

Síminn er byggður á grunni Landssíma Íslands sem var stofnaður af íslenska ríkinu sama ár og símtæknin kom til landsins árið 1906 en íslenska ríkið hafði einkarétt á að eiga og reka almennt fjarskiptanet á Íslandi. Grunnfjarskiptakerfi landsins voru byggð upp á þeim forsendum að ríkið hefði einkarétt á rekstri fjarskiptaneta, talsíma- og farsímaþjónustu. Frá 1936 annaðist Póst- og símamálastofnun þetta verkefni og árið 1997 var stofnunni breytt í hlutafélag sem nefnt var Póstur og sími hf., sbr. lög nr. 103/1996. Árið 1998 var pósthjónustan skilin frá rekstrinum og nafni Pósts og síma breytt í Landssíma Íslands hf. Með lögum nr. 75/2001 veitti Alþingi heimild til þess að selja allt hlutafé ríkissjóðs í Landssímanum.

Síðla hausts 2005 seldi ríkisstjórn Íslands 98,8% eignarhlut ríkisins í Landssíma Íslands til Skipta ehf. en Skipti ehf. voru í eigu Exista hf., Kaupþings banka hf. auk nokkurra lífeyrissjóða og annarra fjárfesta. Í desember 2005 runnu þrjú fyrirtæki saman, þ.e. Landssími Íslands, Íslenska sjónvarpsfélagið og móðurfélagið Skipti ehf., og var nafni félagsins í kjölfarið breytt í Síminn hf. Í mars 2007 var starfsemi Símans síðan skipt upp í fjögur félög, þ.e. Símann hf., Fasteignafélagið Jörfa ehf., Mílu ehf., og Skipti hf. sem varð móðurfélag hinna þriggja. Skipulagsbreytingin varð 31. október 2006 en það er stofndagur Skipta hf. Á fyrri helmingi ársins 2008 eignaðist Exista hf. (nú Klakki ehf.) allt hlutfé Skipta í kjölfar yfirtökutilboðs til hluthafa Skipta.

Eftir framangreindar skipulagsbreytingar sinnti Síminn áfram þeirri fjarskiptastarfsemi sem ekki hafði verið flutt yfir til Mílu. Um var m.a. að ræða alla hefðbundna fjarskiptaþjónustu sem seld var í smásölu til heimila og fyrirtækja auk þess að bjóða öðrum fjarskiptaþjónustum aðgang í heildsölu að fjarskiptanetum sínum, t.d. xDSL og aðgang að farsímaneti félagsins o.fl.

Enn frekari breytingar urðu á skipulagi Skipta þegar Skipti, Síminn hf., Míla ehf. og Samkeppniseftirlitið gerðu með sér sátt á fyrri hluta árs 2013. Markmið sáttarinnar var að tryggja jafnan aðgang að grunnkerfum fjarskipta á Íslandi. Með sáttinni tryggja Skipti aðskilnað fjarskiptaneta samstæðunnar frá annarri starfsemi hennar auk þess sem mikilvægar heildsöluafurðir, svo sem virki hluti stofnnetsins og heildsala á xDSL, færðust frá Símanum til Mílu. Í sáttinni felst því stjórnunar- og rekstrarlegur aðskilnaður Mílu frá öðrum dótturfélögum innan Skiptasamstæðunnar. Meðal breytinga sem snúa að Símanum voru þær að skerpt hefur verið á verkferlum heildsölu annars vegar og smásölu hins vegar.

Í júní 2013 gengu Skipti frá fjárhagslegri endurskipulagningu á félaginu þar sem óveðtryggðum skuldum félagsins var breytt eða skipt út fyrir hlutfé í því auk þess sem félagið endurfjármagnaði veðtryggðar skuldir sínar. Nánari upplýsingar um endurfjármögnun félagsins má finna í kafla 1.2.17 *Mikilvægir samningar*.

Í febrúar 2014 var tilkynnt um fyrirhugaða sameiningu á rekstri Skipta hf. og Símans hf. undir nafni Símans. Markmið sameiningarinnar var að ná fram aukinni hagkvæmni í rekstri, eyða tvíverknaði og fækka stjórnendum ásamt því að stytta boðleiðir og skerpa rekstrarlega ábyrgð. Sameiningin var endanlega samþykkt á hluthafafundi Skipta hf. 16. apríl 2015 og tók hún gildi frá 1. janúar 2015. Við sameininguna urðu Míla ehf. og Skjárinn ehf. sem áður voru í eigu Skipta að dótturfélögum í eigu Símans. Sameiningin eykur sjálfstæði Mílu sem rekstraraðila grunnfjarskiptakerfis og tryggir að markmið sáttar sem Skipti, Síminn og Míla gerðu við Samkeppniseftirlitið í mars 2013 ná fram að ganga.

Þann 25. september 2014 var tilkynnt að Sensa, dótturfélag Símans, tæki yfir eignir og þjónustustarfsemi Símans tengdri upplýsingatækni. Eftir sameininguna varð Sensa eitt öflugasta upplýsingafyrirtæki landsins, með um 120 sérfræðinga á Íslandi, en félagið tók yfir rekstur, þjónustu, vörubrúun og sölu á upplýsingatæknilausnum sem áður voru hjá Símanum. Í mars 2015 var tilkynnt um kaup Sensa á Basis sem styrktu upplýsingatækni við samstæðunnar.

Þann 16. apríl 2015 var tilkynnt um fyrirhugaðan samruna Símans og Skjásins ehf., dótturfélags Símans. Öll starfsemi Skjásins á sviði miðlunar og afþreyingar færðist til Símans og er rekin af Símanum. Eftir sameininguna býður Síminn fjórþætta þjónustu: talsíma, farsíma, netþjónustu og fjölmiðlun. Slíkt þjónustuframboð er í samræmi við þróunina erlendis þar sem afþreying og sjónvarpsefni tengjast fjarskiptaþjónustu sífellt sterkari böndum. Sameiningin kemur í kjölfar sáttar við Samkeppniseftirlitið um að aflétta hluta af þeim kvöðum sem lagðar voru á Símann og Skjáið á árinu 2005.

Nokkrir mikilvægir áfangar í sögu Símans og fyrirrennara hans

1906	Sæstrengur lagður frá Skotlandi um Færeyjar til Seyðisfjarðar, símasamband kemst á við útlönd.
1932	Fyrstu sjálfvirku símstöðvarnar á Íslandi.
1936	Síma- og pósthjónusta sameinuð í Póst- og símamálastofnun.
1962	Scotice, nýr sæstrengur milli Íslands og Skotlands, vígður, telexþjónusta hefur göngu sína.
1980	Jarðstöðin Skygnir fer í loftið og millilandasímtöl fara um gervihnattatengingu, bein símtöl til útlanda verða að veruleika.
1984	Fyrstu stafrænu símstöðvarnar taka til starfa.
1985	Vinna hefst við lagningu ljósleiðara.

-
- 1986 NMT-farsímakerfið kemur til sögunnar.
 - 1994 GSM-farsímanetið fer í loftið - nýr sæstrengur, Cantat-3, vígður - vinna hefst við lagningu ljósleiðara í götuskápa.
 - 1995 Allar símstöðvar landsins stafrænar.
 - 1998 Skilið milli síma- og pósthjónustu. Landssími Íslands hf. (síðar Síminn hf.) stofnaður og frjálsræði innleitt á fjarskiptamarkaði. Upphaf kapalsjónvarps.
 - 1999 Upphaf á rekstri ADSL-kerfis.
 - 2004 Upphaf gagnvirks sjónvarps (IPTV) og Landssíminn eignast íslensku sjónvarpsstöðina SkjáEinn. Nýr sæstrengur, Farice 1, vígður.
 - 2005 Landssími Íslands hf. einkavæddur með sölu ríkissjóðs á 98,8% hlutdeild sinni. Nafni fyrirtækisins breytt í Síminn hf. í kjölfarið. SkjárBíó markaðssettur í Sjónvarpi Símans. SkjárEinn færður í sérstakt félag í kjölfar á sátt 10/2005.
 - 2006 Síminn kaupir Sirius IT.
 - 2007 Nýtt skipulag innleitt þegar Símanum er skipt upp í fjögur félög: Fasteignafélagið Jörfa ehf., Mílu ehf., Símann hf., og Skipti hf. sem verður móðurfélag hinna þriggja. Skipti kaupa farsímafélagið Aerofone í Bretlandi og fjarskiptafélögin Business Phone og Ventelo í Danmörku. Auk þess var fyrirtækið On-Waves stofnað og upplýsingatæknifyrirtækið Sensa ehf. keypt. Fasteignafélagið Jörfi ehf. selt til Exista Properties. Síminn byrjar að bjóða upp á 3G-þjónustu fyrstur félaga á Íslandi. Síminn byrjar að veita þjónustu yfir ljósheimtaugar sem Míla leggur í ný hverfi í stað koparheimtauga.
 - 2008 Í mars voru hlutabréf félagsins tekin til viðskipta hjá OMX-kauphöllinni en afskráð stuttu seinna í kjölfar yfirtökutilboðs. Í mars voru fjarskiptafyrirtæki Skipta í Danmörku sameinuð undir heitinu Síminn Danmark.
 - 2009 Í ágúst var gengið frá sölu á öllum hlut Símans í breska fjarskiptafyrirtækinu Aerofone. Míla og Síminn hefja VDSL-uppbyggingu frá götuskápum.
 - 2010 Í júní var gengið frá sölu á eign Skipta í Sirius IT Holding A/S. Í nóvember var allur hlutur Skipta í Já Upplýsingaveitum ehf. seldur.
 - 2013 Í mars var gengið frá sátt við Samkeppniseftirlitið um breytingar á skipulagi Skipta. Í júní lauk fjárhagslegri endurskipulagningu og endurfjármögnun Skipta. Snjallsjónvarpið og Tímaflakk byrja hjá Sjónvarpi Símans.
 - 2014 Síminn byrjar að bjóða 4G-þjónustu. Í febrúar var tilkynnt um sameiningu á rekstri Skipta hf. og Símans hf. Í apríl var gengið frá sölu á öllum hlutum Skipta hf. í Síminn Danmark, dótturfélagi Símans í Danmörku. Í september var tilkynnt að Sensa, dótturfélag Símans, muni taka við þjónustu Símans í upplýsingatækni og kaupa þær eignir og tók yfirtakan gildi 1. janúar 2015.
 - 2015 Í mars var tilkynnt um kaup Sensa á Basis hf. Í apríl var sameining Skipta hf. og Símans hf. endanlega samþykkt á hluthafafundi. Í apríl var tilkynnt um fyrirhugaðan samruna Símans og Skjásins ehf. og sameinuðust fyrirtækin í júlí sama ár.
-

2.5 Staðsetning og húsnæði

Höfuðstöðvar Símans eru í Ármúla 25 í Reykjavík. Félagið leigir það húsnæði ásamt tengdum og nálægum byggingum að Suðurlandsbraut 28 og 30 og Ármúla 19, 27 og 31. Síminn leigir um tvo þriðju þess húsnæðis, í fermetrum talið, sem notað er undir starfsemi samstæðunnar, m.a. verslanir, tækjarými og skrifstofur. Í töflunni

hér á eftir er yfirlit yfir leigusamninga félagsins, aðra en þá sem varða leigu á staðsetningu fyrir einstök fjarskiptamannvirki. Um þriðjungur húsnæðis er í eigu Símans og er þar að stærstum hluta um að ræða tækjahús og símsstöðvar Mílu.

Yfirlit yfir helstu leigusamninga Símans

<i>Leigutaki</i>	<i>Leigusali</i>	<i>Leigð eign</i>	<i>Fermetrar</i>
Síminn	Eik fasteignafélag hf.	Ármúli 19, Reykjavík	598
	LF3 ehf.	Suðurlandsbraut 30, Reykjavík	10.026
	(dótturfélag Eikar fasteignafélags hf.)	Suðurlandsbraut 28/Ármúli 25, Reykjavík	
		Ármúli 27, Reykjavík	
		Hafnarstræti 102, Akureyri	
	Reitir II ehf.	Ármúli 31, vestur, 1. hæð/kjallari, Reykjavík	2.279
	(dótturfélag Reita fasteignafélags hf.)	Ármúli 31, austurkjallari, Reykjavík	
	Smáralind ehf.	Smáralind, Kópavogi	166
	EF1 ehf.	Gleráreyrar 1, Akureyri	399
	(dótturfélag Eikar fasteignafélags hf.)		
	Víðsjá-kvikmyndagerð ehf.	Skipholt 31, Reykjavík	1.876
Míla	LF3 ehf.	Stórhöfði 22-30, Reykjavík	7.244
	(dótturfélag Landfesta ehf.)	Suðurlandsbraut 28 / Ármúli 25, Reykjavík	
		Fjölningagata 3B, Akureyri	
	Lindarvatn ehf.	Thorvaldsensstræti 4, Reykjavík	1.511

3. STARFSEMI

3.1 Hlutverk og markmið


Síminn er stærsta fjarskiptafyrirtæki á Íslandi og starfar einkum á sviði fjarskipta, fjölmiðlunar og upplýsingatækni. Eftir sameiningu Símans hf. og Skipta hf. sem samþykkt var á aðalfundi Skipta hf. 16. apríl 2015, og sameiningu Símans og Skjásins, er Síminn í senn rekstrarfélag á sviði fjarskipta og tengdrar starfsemi og eigandi sex dótturfélaga: Mílu, Sensa, Staka, On-Waves, Talenta og Radíómiðunar. Hlutverk Símans er að vera í fararbroddi á íslenskum fjarskiptamarkaði og veita viðskiptavinum heildstætt vöruframboð á sviði fjarskipta og tengdra geira eins og fjölmiðlunar og upplýsingatækni, hvort sem um einstaklinga eða fyrirtæki er að ræða. Viðskiptavinir eru um 115 þúsund talsins, þar af eru um 88% einstaklingar sem gefa um 48% af tekjunum.

Síminn hefur markað sér stefnu sem byggir á framtíðarsýn félagsins, starfsfólks og stjórnenda. Það er stefna félagsins að Síminn sé framúrskarandi þjónustufyrirtæki í fjarskiptum, upplýsingatækni og afþreyingu á Íslandi. Gildi Símans eru skapandi, áreiðanleg og lipur. Síminn hefur sett sér mælanleg markmið sem snúa að nokkrum meginþáttum starfseminnar; arðsemi í rekstri, ánægju viðskiptavina, stöðugar umbætur og skilvirka ferla, stolt starfsfólk og samfélagsábyrgð. Fylgst er með völdum mælikvörðum og staðan á markmiðum kynnt reglulega fyrir stjórn félagsins.

Markmið Símans lúta að EBITDA Símasamstæðunnar í samanburði við meðaltal samanburðarfélaga og frjálsu sjóðstreymi frá rekstri. Síminn verði með ánægðustu viðskiptavinina á hverjum markaði, viðskiptavinum muni fjölga og meðaltekjur á viðskiptavin aukast með aukinni þjónustu. Síminn leggur áherslu á að starfsemin einkennist af skilvirkum og einföldum ferlum sem hámarka afköst, lágmarka sóun, auka gæði vinnu starfsmanna og auka ánægju viðskiptavina. Síminn hefur enn fremur sett sér þau markmið að starfsfólk sé stolt af fyrirtækinu. Það sé skapandi áreiðanlegt og lipurt með afburðarþekkingu og þjónustulund. Starfsfólk leitast stöðugt leiða til að bæta hag viðskiptavina og samstæðunnar. Síminn er í fararbroddi fyrirtækja sem hafa jákvæð áhrif á samfélagið.

Eftirfarandi þjónustubættir eru í vöruframboði Símans: farsímaþjónusta, talsímaþjónusta, gagnaflutningsþjónusta, netþjónusta, sjónvarpsþjónusta, sjónvarps- og útvarpsdagskrá ásamt sölu auglýsinga í þeim miðlum, svo og hýsingar- og rekstrarþjónusta í upplýsingatækni. Viðskiptalíkan Símans byggist á því að líta á alla virðiskeðjuna á einstaklingsmarkaði annars vegar og fyrirtækjamarkaði hins vegar og bjóða upp á alhliða þjónustu á sviði fjarskipta, fjölmiðla, upplýsingatækni og samskiptalausna.

Virðiskeðja Símans á einstaklingsmarkaði



Virðiskeðja Símans á fyrirtækjamarkaði



Síminn á dótturfyrirtæki sem starfa bæði á einstaklings- og fyrirtækjamarkaði á Íslandi á sviði fjarskipta, og upplýsingatækni. Þar ber helst að nefna Mílu ehf. og Sensa ehf.

Uppbygging samstæðu Símans



sensa



radiomidun



talenta.

Míla á og rekur fjarskiptanet en helstu eignir félagsins eru aðgangsnét (kopar/ljóstengingar) inn á öll heimili og fyrirtæki í landinu og stofnnet (ljósleiðaraflutningsnet/örbylgjur) sem hringtengir alla helstu þéttbýlisstaði Íslands. Sensa er þjónustufyrirtæki á sviði upplýsingatækni sem leggur áherslu á hýsingar-, rekstrar og samskiptalausnir fyrir fyrirtæki. Þ. á m. Símann. Utan Íslands er Síminn með rekstur í Danmörku þar sem fyrirtækið á Sensa DK. Þá starfar fyrirtækið On-Waves ehf. einkum utan Íslands. Auk þessara fyrirtækja á Síminn beint, eða í gegnum dótturfélag, nokkur minni fyrirtæki sem starfa innan virðis_keðjunnar.

Stöðugildi fastráðinna starfsmanna hjá samstæðu Símans voru alls 821 þann 1. ágúst 2015. Stöðugildi samstæðunnar skiptast þannig eftir fyrirtækjum:

<i>Félag innan samstæðu</i>	<i>Virk stöðugildi</i>
Síminn, móðurfélag	522
Míla	102
Sensa, Íslandi	133
Sensa A/S	17
Radíómiðun	5
Staki	21
Talenta	12
On-Waves	9
Samstæðan samtals	821

Um er að ræða virk stöðugildi, þ.e. án starfsfólks í fæðingarorlofi eða á starfslokum. Stjórnendur hjá samstæðunni voru 103 í desember 2014. Stjórnendur eru 13% starfsmanna. Þeim fækkaði um sex á árinu 2014 eða um 5,5%. Hlutfall kvenstjórnenda er 25,2% en innan samstæðunnar er hlutfall kvenna rétt rúm þriðjtu prósent. Í stefnu Símans er kveðið skýrt á um að starfsmenn geti þróast og styrkst í störfum sínum. Því er lögð áhersla á að gefa góðum starfsmönnum tækifæri til starfsþróunar þegar störf losna. Árið 2014 tókst vel að manna stöður með tilfærslum innanhúss eða í 62% tilfella að undanskildum ráðningum í framlínu.


Síminn hefur samþykkt stefnu um áhættustýringu. Stefnan gildir fyrir alla starfsemi Símans og dótturfélaga. Umfang stefnunnar nær þannig til alls starfsfólks, starfsstöðva, þjónustu, eigna, upplýsinga og búnaðar sem fyrirtækin hafa umsjón með eða fela öðrum að sjá um í sínu nafni og allra aðila sem veita þeim þjónustu. Forstjóri Símans samþykkir stefnuna og staðfestir hana með undirritun sinni. Hjá hverju fyrirtæki skal starfa áhætturáð eða sambærilegur vettvangur sem sér til þess að stefnunni sé framfylgt og að starfrækt sé stjórnskipulag áhættustýringar og samræmt áhættustýringarferli sem hentar umfangi viðkomandi fyrirtækis. Framkvæmdastjórnir fyrirtækjanna sjá til þess að nægar auðlindir séu fyrir hendi til að framfylgja stefnunni. Stefna um áhættustýringu er bindandi fyrir alla starfsmenn. Starfsmenn sem brjóta gegn henni eiga yfir höfði sér áminningu í starfi eða uppsögn, allt eftir eðli og umfangi. Fyrirtækin greina og meðhöndla áhættu í starfsemi sinni með reglubundnu áhættumati, markvissu eftirliti og aðgerðum. Fyrirtækin skilgreina áhættuvilja sem viðmið fyrir það áhættustig sem telst vera ásættanlegt. Sértekar stefnur sem fyrirtækin setja sér skulu vera í

samræmi við stefnu um áhættustýringu, til dæmis fjárstýringarstefna eða stefna í upplýsingaöryggi. Stefna um áhættustýringu skal fylgja lögum og reglum sem gilda um starfsemina, þ.m.t. reglum Póst- og fjarskiptastofnunar og Persónuverndar, ákvörðunum Samkeppniseftirlitsins sem og kröfum staðalsins ISO/IEC 27001 um stjórnun upplýsingaöryggis. Árlega skal áhætturáð Símans endurskoða stefnu um áhættustýringu og leggja fyrir forstjóra til samþykktar og undirritunar að undangenginni rýni framkvæmdastjórnar og einnig ef breytingar verða á skipan forstjóra fyrirtækisins.

3.2 Starfssvið

Starfsemi Símans skiptist í fjögur svið sem heyra undir forstjóra fyrirtækisins. Forstjóri og framkvæmdastjórnar sviða mynda framkvæmdastjórn félagsins.

Dótturfyrirtæki Símans njóta stuðnings stoðþjónustu Símans sem styður við starfsemi þeirra og gerir þeim kleift að einbeita sér að sinni kjarnastarfsemi. Þjónusta Símans við dótturfélög er meðal annars á sviði rekstrar, fjármála, viðskipta- og tækniþróunar, mannauðsstjórnunar og lögfræðiþjónustu auk þess sem Síminn sér um rekstur mannvirkja og ýmsa aðra stoðþjónustu fyrir dótturfélögin. Þjónusta Símans við Mílu er í samræmi við ákvæði sáttar félaganna við Samkeppniseftirlitið.



3.2.1 Skrifstofa forstjóra

Forstjóri Símans hf. er Orri Hauksson og ber hann ábyrgð á daglegum rekstri félagsins auk þess að bera ábyrgð á að starfsemi fyrirtækisins sé í samræmi við markaða stefnu stjórnar samstæðunnar. Þá ber forstjóri ábyrgð á samþættingu rekstrar dótturfélaga Símans. Framkvæmdastjórnar sviða heyra beint undir forstjóra. Undir forstjóra heyra einnig lögfræðimál, stefnumótun og stjórnun dótturfélaga og samskipti. Á skrifstofu forstjóra eru átta stöðugildi.

3.2.2 Sala og þjónusta

Hlutverk Sölu- og þjónustusviðs er að viðhalda og styrkja samband við viðskiptavinum Símans á einstaklings- og fyrirtækjamarkaði. Starfsmenn sviðsins vinna að því að meta þarfir viðskiptavina, leysa úr þeirra tæknilegu úrlausnarefnum, auka ánægju, stöðva brottfall og sækja nýja viðskiptavini. Auk þess er á sviðinu unnið að auknum möguleikum viðskiptavina til sjálfsafgreiðslu og annarri þjónustuþróun en rannsóknir sýna að vilji viðskiptavina til að fá að leysa fleiri mál sjálfir eykst með hverju árinu. Eitt af lykilmarkmiðum sviðsins er að sem flest mál séu leyst í fyrstu snertingu óháð snertileið. Sviðið ber ábyrgð á árangri bæði á einstaklings- og fyrirtækjamarkaði og skiptist í einingarnar einstaklingssala, viðskiptastýring og sala, þjónusta og vefþróun. Einstaklingssala sinnir sölu á fjarskiptaþjónustu og tengdum vörum á einstaklingsmarkaði. Salan fer fram í

verslunum Símans, söluráðgjöf Símans í 8007000 og hjá samstarfsaðilum Símans um land allt. Hlutverk viðskiptastýringar og sölu er að tryggja ánægju viðskiptavina á fyrirtækjamarkaði með framúrskarandi þjónustu. Einingin er leiðandi í sókn Símans á fyrirtækjamarkaði og opnar ný sölutækifæri, vinnur að tilboðs- og útboðsgerð og þróar og mótar lausnir fyrir viðskiptavinum.

Þjónustueiningin ber ábyrgð á stjórnun viðskiptatengsla (CRM), tæknilegri aðstoð við viðskiptavinum, meðhöndlun bilana og afhendingu þjónustu.

Á sviðinu er 221 stöðugildi. Framkvæmdastjóri þess er Birna Ósk Einarsdóttir.

3.2.3 Miðlun og markaðir

Sviðið Miðlun og markaðir varð til þegar Skjárinn var sameinaður Símanum og efnisframboð Skjásins rann inn í það sem áður var Vöru- og markaðssvið. Sviðið skiptist nú í fjórar einingar sem vinna náið saman. Í fyrsta lagi er sviðið ábyrgt fyrir þróun og stýringu á vöruframboði Símans. Vörustjórar eru í níu stöðugildu, og hefur hver sinn vöruflokk þar sem áhersla er lögð á afkomu vörunnar og nýsköpun til að tryggja forskot og samkeppnishæfi. Vörustjórar vinna eftir allri virðiskeðjunni og þvert á allt skipulag Símans. Í öðru lagi annast sviðið allt markaðsstarf til að tryggja vitund almennings fyrir vöruframboði og vörumerkjum Símans. Markaðsdeildin vinnur náið með auglýsingastofum og framleiðslufyrirtækjum til að framleiða prentefni og auglýsingar fyrir netmiðla, sjónvarp og útvarp. Innri markaðssetning er veigamikill þáttur í starfsemi deildarinnar og einnig ber markaðsdeild ábyrgð á útliti verslana og allri þátttöku í viðburðum sem njóta stuðnings Símans. Stöðugildi markaðsdeildar eru þrettán. Dagskrárdeild er ný eining sem kom frá Skjánum. Hlutverk dagskrárdeildar er að annast innkaup og framleiðslu á dagskrárefni hvort sem er í útvarp eða sjónvarp. Deildin stillir fram dagskrá allra fjölmiðla hvort sem þeir eru línulegir eða ólínulegir. Stöðugildi á dagskrárdeild eru fjögur. Síðasti þátturinn í rekstri sviðsins er sala auglýsinga í fjölmiðla. Stöðugildi þar eru 11. Alls eru stöðugildi sviðsins 38. Framkvæmdastjóri er Magnús Ragnarsson.

3.2.4 Tæknisvið

Hlutverk Tæknisviðs er uppbygging, þróun og rekstur á tæknilegu umhverfi Símans. Ábyrgð sviðsins er að hafa forystu í tæknilegri þróun fjarskiptainnviða og vera öflugur samstarfsaðili í viðskiptaþróun og nýsköpun til framtíðar. Tæknisvið stuðlar að jákvæðri upplifun viðskiptavina af þjónustu Símans og gerir fyrirtækinu kleift að tryggja viðskiptavinum skjóta úrlausn sinna mála. Fimm deildir eru á Tæknisviði: fjarskipti, lausnir, viðskiptakerfi, verkefnastofa og heildsala.

Hlutverk fjarskipta er þríþætt, farsímakerfi, talsímakerfi og kerfavöktun. Umfangsmest er uppbygging, þróun og rekstur farsímakerfa og talsímakerfa Símans. Fyrirframgreidd farsímaþjónusta, Frelsi, tæknileg útfærsla og rekstur reikiþjónustu (e. *roaming*) er einnig í umsjá deildarinnar. Kerfavöktun vakir yfir tæknilegum innviðum Símans, allan sólahringinn alla daga ársins og kallar út sérfræðinga þegar þörf er á og sér einnig um að veita framlínu tæknilega þjónustu í flóknari málum.

Lausnir innihalda deildina sjónvarpskerfi sem sjá um tæknilega þróun og rekstur á Sjónvarpi Símans, móttöku og kóðun á efni, ásamt rekstri á SkjáBíó, SkjáEinum, K100,5 og Retró. Innan lausna sér deildin VAS um þróun og rekstur virðisaukandi lausna fyrir Netið og farsímakerfi, ásamt rekstri endabúnaðar fyrir viðskiptavinum á einstaklingsmarkaði. Innan lausna er einnig deildin netkerfi sem ber ábyrgð á IP/MPLS- og ATM-netum Símans ásamt netþjónustu til útlanda og auðkenningarbúnaði fyrir Netið á einstaklingsmarkaði (BRAS). Fjórða deildin innan lausna er nýsköpun og innleiðing.

Hlutverk viðskiptakerfa er að bera ábyrgð á rekstri og þróun allra helstu viðskiptakerfa Símans. Það er á ábyrgð viðskiptakerfa að mögulegt sé að afhenda þjónustu til viðskiptavina með sem hagkvæmustum hætti, reikningar séu áreiðanlegir og viðskiptavinur geti nýtt sér sjálfsafgreiðslu eins og kostur er. Verkefnastjórar á verkefnastofu stýra stærri verkefnum Símans. Markmiðið er að stuðla að faglegum vinnubrögðum og fylgjast með að verkefni standist í tíma, kostnaði og gæðum. Virðisþróun, sem er hluti af verkefnastofu, hefur það markmið að einfalda, stytta og bæta ferla ásamt því að innleiða stefnu fyrirtækisins með sjónrænni stjórnun. Þetta er gert með því að nýta hugmyndafræði straumlínustjórnunar (e. *lean management*) sem gengur út á að styðja við stöðugar umbætur innan Símans og dótturfélaga. Hlutverk heildsölu er samningagerð, sala og þjónusta við innlend og erlend fjarskipta-fyrirtæki. Markmið heildsölu er að vera leiðandi á heildsölumarkaði og bjóða örugga og hagkvæma fjarskiptaþjónustu til viðskiptavina heildsölnnar. Það er gert með því að hámarka nýtingu innviða og tryggja bestu kjör á aðgangi að fjarskiptakerfum hverju sinni. Heildsalan hefur skýrar verklagsreglur og aðgreiningu frá öðrum einingum Símans sem byggist meðal annars á sátt við Samkeppniseftirlitið.

Á Tæknisviði eru 157 stöðugildi. Framkvæmdastjóri er Eric Figueras.

3.2.5 Fjármál og rekstur

Hlutverk Fjármála og rekstrar er að styðja við starfsemi Símans og dótturfélaga. Sviðið leggur áherslu á öfluga greiningu og miðlun upplýsinga úr rekstri samstæðunnar og fjarskiptamarkaðarins í heild sinni ásamt því að stuðla að framþróun og notkun bestu aðferða í rekstri til hagsbóta fyrir samstæðuna. Enn fremur er sviðið með samninga við dótturfélög Símans um fjármálaþjónustu sem felst meðal annars í stýringu efnahagsliða, lausafjárstýringu, innkaupastýringu og lánveitingum. Fjármál og rekstur Símans samanstendur af sex deildum. Áætlanir og greining ber ábyrgð á framkvæmd og eftirfylgni með áætlanagerð samstæðunnar, ásamt viðtækum fjármála- og rekstrargreiningum á rekstri og afkomu Símans. Reikningshald annast færslu bókhalds, skattskil og gerð reikningsskila fyrir Símann og dótturfélög. Fjárstýring sér um ávöxtun lausafjár, skuldastýringu, fjármögnun og stýringu láns, gengis- og vaxtaáhattu. Fjárstýring hefur einnig umsjón með innheimtumálum samstæðunnar og láns- og veðsamningum. Innkaupasvið ber ábyrgð á innkaupum, birgðavörslu, rekstri bílaflota, húsnæðis og aðgangs- og myndavélakerfa auk ýmissa rekstrartengdra verkefna fyrir félög í samstæðunni. Mannauðsdeild Símans veitir alhliða mannaúðsþjónustu sem felur í sér ráðningar, stjórnendaráðgjöf, fræðslumál, starfsþróun og frammiðstöðustjórnun ásamt vinnustaðamælingum hjá Símanum og dótturfélögum. Mötuneyti og kaffihús Símans heyrir undir mannaúðsdeild. Áhersla er lögð á sterka liðsheild, góð samskipti og að vinnuumhverfið styðji við sköpun og frumkvæði starfsmanna. Öryggisstjóri Símans heyrir undir Fjármál og rekstur. Hlutverk öryggisstjóra Símans er að viðhalda stjórnkerfi upplýsingaöryggis og leiða vinnu í upplýsingaöryggismálum Símans ásamt því að samræma og móta stefnu, markmið og aðgerðir innan Símans til að bæta öryggi upplýsinga og upplýsingakerfa út frá niðurstöðum áhættumats og úttekta. Öryggisstjóri stuðlar að bættri öryggisvitund innan Símans og veitir öðrum félögum innan Símasamstæðunnar ráðgjöf í öryggismálum.

Stöðugildi Fjármála og rekstrar eru 96. Óskar Hauksson er fjármálastjóri.

3.2.6 Innri endurskoðun

Innri endurskoðandi Símans er ráðinn af stjórn félagsins og nær starfsemi innri endurskoðunar yfir rekstur Símans og dótturfélaga í meirihlutaeigu að undangenginni samþykkt stjórnar hvers félags. Innri endurskoðun ber að veita hlutlægt álit á starfsemi félagsins og ráðgjöf sem miðar að því að auka virði, efla virkni áhættustjórnunar og innra eftirlits og styður þannig félagið í að ná markmiðum sínum. Í innri endurskoðun eru tvö stöðugildi, en útvistun á starfsemi innri endurskoðunar er í undirbúningi.

3.3 Þjónustuframboð Símans

Síminn býður viðskiptavinum sínum farsímaþjónustu, talsíma, internetþjónustu og sjónvarpsþjónustu og afþreyingu, ásamt auglýsingum í útvarpi og sjónvarpi.

3.3.1 Farsímaþjónusta

Síminn tryggir viðskiptavinum sínum aðgang að öflugu farsímaneti og í samstarfi við Ericsson hefur Síminn byggt upp 4G-kerfi sem nær nú til 86,5% landsmanna á Íslandi með allt að 150 MB/s. hraða fyrir viðskiptavinum. Uppbygging á 4G-þjónustu mun halda áfram og í lok árs 2016 ætlar Síminn að vera kominn með um 93,5% útbreiðslu. Einnig er hafin uppbygging á 4G-kerfi sem nær til sjófarenda allt í kringum landið sem mun styrkja þá þjónustu sem Síminn hefur boðið sjófarendum. Þá hefur mikil þétting orðið á 3G langdrægu kerfi Símans á miðunum í kringum landið sem gefur sjómönnum netaðgang líkt og þeir væru í landi. 3G-langdrægnin nær allt að 100 km út fyrir strendur Íslands og tók kerfið við af NMT-kerfi sem var lokað 1. september 2010. Útbreiðsla GSM-kerfisins nær til 99% landsmanna en þar af nær 3G-útbreiðsla til 97,5% landsmanna og býður upp á allt að 42 MB/s. hraða. Síminn leggur ríka áherslu á stöðugt viðhald og rekstur GSM-kerfis síns. Farsímasendar eru á yfir 500 stöðum víðs vegar um landið. Síminn hefur gert nýjan fimm ára samstarfssamning við Ericsson um frekari útbreiðslu og öflugra farsímanet Símans. Samningurinn tekur til búnaðar, hugbúnaðar og ýmiss konar sérfræðiþjónustu. Samhliða uppsetningu 4G LTE snjallsenda verður farsímakerfið allt uppfært. Ericsson mun leggja til allan fjarskiptabúnað og sameiginlegt miðlægt kerfi farsíma.

Samhliða uppbyggingu farsímakerfa hefur Síminn lagt áherslu á öfluga þróun þjónustunnar. Sem dæmi var fyrirtækið með fyrstu aðilum á markaði að bjóða upp á svokallaða *Endalaust pakka* þar sem viðskiptavinur hringir og sendir SMS á 0 kr. Þá bauð Síminn, fyrst fyrirtækja á Íslandi, svokallaða *Sveigjanlega pakka* þar sem viðskiptavinur stillir af notkun milli mínútna og gagnamagns eftir þörfum innan mánaðarins. Þá hefur Síminn efnt til samstarfs við aðila í fremstu röð sem bjóða viðskiptavinum viðbótarþjónustu af ýmsum toga. Einn slíkur samstarfsaðili er Spotify sem er ein stærsta tónlistarveita í heiminum.

Þjónustuframboð Símans í farsíma er fjölbreytt og hentar þannig ólíkum hópum. Áherslan er að vera með framúrskarandi dreifikerfi og þjónustu sem hentar breiðum hópi viðskiptavina.

3.3.2 Talsímaþjónusta

Talsímaþjónusta er mikilvægur þáttur í þjónustuframboði Símans. Heimasíminn er þjónusta sem höfðar til flestra heimila í landinu, bæði nú og fyrir tíma farsímans. Heimasímaáskriftir Símans eru fjölbreyttar og höfða bæði til þeirra sem nota þjónustuna mikið og lítið. Atvinnusímaþjónusta hefur einnig stutt við smá og stór fyrirtæki í fjölda ára. Þannig hafa tengingar fyrir símkerfi komið til sögunnar, fyrst sem samtengdar PSTN-línur og síðar ISDN-stofntengingar, hver með allt að 30 samtímauppköllum.

Netsímaþjónusta eða Voice over Internet Protocol (VoIP) hefur farið vaxandi á undanförunum árum, bæði fyrir heimili og fyrirtæki. VoIP-tæknin hefur verið notuð til þess að veita heimasímaþjónustu á ljósleiðaravæðum í tæp 10 ár og fer ört vaxandi með aukinni ljósleiðaravæðingu. Fyrirtækin hafa einnig notið góðs af VoIP-tækninni og hafa VoIP-stofntengingar verið innleiddar hjá hundruðum fyrirtækja.

Símavist er önnur þjónusta sem er byggð á VoIP-umhverfi Símans. Þjónustan er byggð upp sem hýst einkasímkerfaþjónusta og hefur tekið við keflinu af eldri Centrex-þjónustu sem helsta talsímaþjónusta fyrirtækja á Íslandi. Lausnin er í stöðugri þróun og koma nýjungar inn á hverjum ársfjórðungi. Símvast uppfyllir nú kröfur flestra fyrirtækja hvað varðar símkerfa- og samskiptalausnir á borð við tölvusíma, spjall, viðveruupplýsingar, svarvélar, símaver, skiptiborð og hljóðritun símtala.

3.3.3 Internetþjónusta

Síminn býður internetþjónustu um allt land. Fjöldi internetáskrifta á heimilismarkaði eru um 60 þúsund. Um fjórðungur er á ADSL og þrír fjórðu á Ljósneti. Á Ljósnetinu er bandvidd til notenda 50 MB/s. Á árinu 2015 hefur meirihluti þessara tenginga verið uppfærður í 100 MB/s. með svokallaðri vigrunartækni. Símvast býður upp á aðgang að Ljósnetinu í gegnum VDSL og ljósleiðarakerfi Mílu en einnig á ljósleiðarakerfum Tengis á Akureyri, Gagnaveitu Skagafjarðar, Skeiða- og Gnúpverjahrepps, Hvalfjarðarsveitar og á Skagaströnd.

Áskriftarleiðir á einstaklingsmarkaði eru átta og miða að því að uppfylla mismunandi þarfir heimila. Aðgreining á milli áskriftarleiða fer eftir inniföldu gagnamagni í hverri leið fyrir sig. Á fyrirtækjamarkaði kappkostar Símvast að veita fyrirtækjum sveigjanlega þjónustu sem hentar þörfum ólíkra fyrirtækja.

Ýmis virðisaukandi þjónusta er í boði, svo sem Netvari sem dregur úr aðgengi að óæskilegu efni á internetinu.

3.3.4 Sjónvarpsþjónusta

Sjónvarp Símans hefur í rúm 10 ár verið brautryðjandi í sjónvarpsþjónustu á Íslandi. Gagnvirkt sjónvarp var kynnt árið 2004 og í kjölfarið hafa fylgt VoD-þjónusta, Tímaflakk og háskerpa svo eitthvað sé nefnt. Með Sjónvarpi Símans er möguleiki á allt að fimm myndlyklum á heimili, yfir 100 rásir í 24 klukkustunda tímaflakki, sérsniðin SVoD-þjónusta fyrir börn, erlendar vinsælar þáttaseríur (t.d. ABC Studios), mikið úrval erlendra stöðva, HD-stöðva ásamt öllum innlendum sjónvarpsstöðvum. Sjónvarp Símans, smáforritið (appið), hefur náð töluverðri útbreiðslu og er mikið notað. Appið er fáanlegt á iOS (Apple iPad og iPhone) og Android stýrikerfinu. Stefnt er að því að bjóða appið fyrir pc-tölvur og mac-tölvur í október 2015.

Sjónvarp Símans byggist á öflugum kerfi sem er þróað hjá Símanum sem gerir fyrirtækinu mögulegt að vera sveigjanlegt og lágmarkar tíma við þróun og innleiðingu á nýjungum.

3.3.5 Afþreying

Með sameiningu Símans og Skjásins færðist öll starfsemi Skjásins á sviði miðlunar og afþreyingar til Símans og er nú rekin af Símanum. Óflugt þjónustuframboð er í samræmi við þróunina erlendis þar sem afþreying og sjónvarpsefni tengist fjarskiptaþjónustu sífellt sterkari böndum.

Síminn rekur sjónvarpsstöðvarnar SkjáEinn og SkjáSport, annast erlent endurvarp á sjónvarpsstöðvum undir merkjum SkjásHeims, rekur VOD-leiguna SkjáBíó og SVoD-áskriftarleigurnar SkjáKracka og SkjáÞætti. Þá rekur Símvast útvarpsstöðvarnar K100,5 og Retró. Í sjónvarpi Símans er einnig svonefnt Frelsi þar sem nálgast má efni frá SkjáEinum, RÚV og 365.

SkjárEinn er sjónvarpsstöð með úrval af innlendum jafnt sem erlendum sjónvarpsþáttum. SkjárEinn hefur fært íslenskum áhorfendum marga af vinsælustu sjónvarpsþáttum heims á undanförmum árum. SkjárEinn hóf göngu sína árið 1999 og var þá í opinni dagskrá. Seint á árinu 2009 var stöðinni breytt í áskriftarsjónvarp og hefur því tekjur sínar bæði frá áskriftum og auglýsingum. SkjárEinn hefur styrkt innlenda dagskrágerð til muna með stórum íslenskum skemmtiþáttum að erlendra fyrirmynd, sbr. Biggest Loser Ísland og The Voice Ísland.

Frá og með 1. október 2015 breytist SkjárEinn úr því að vera línuleg áskriftarstöð yfir í að verða SVoD áskriftarþjónusta. Stöðin verður aðgengileg öllum í opinni línulegri dagskrá. Á sama tíma býðst viðskiptavinum Símans nýr Heimilispakki sem ætlað er að koma til móts við þarfir heimila hvað varðar fjarskipti og afþreyingu. Með Heimilispakka er markmiðið að gefa viðskiptavinum Símans einfalda sýn á hvaða þjónustupættir eru í boði hjá Símanum, ásamt því að tengja skemmtilega afþreyingu við vöruna. Heimilispakinn samanstendur af internetþjónustu, þar með talið VoIP-heimasíma og sjónvarpsþjónustu sem inniheldur m.a. Sjónvarp Símans, snjall-sjónvarp Símans og áhugavert sjónvarpsefni, svo sem gagnvirkann SkjáEinn. Þjónustupættirnir eru settir fram undir einni grunnvöru með það að markmiði að nýtast ólíkri samsetningu heimila, hvort heldur sem um einstaklinga eða stórar fjölskyldur er að ræða. Nýju þjónustuframboði er ætlað að mæta breyttri neyslu viðskiptavina.

SkjárFlakk er ólínuleg þjónusta sem fór í loftið árið 2014 og þar hefur áskrifendum SkjásEins boðist að horfa á heilar þáttaraðir í heild sinni þegar þeim hentar. Með því að aðgreina skýrar á milli línulegrar dagskrár (SkjárEinn í opinni dagskrá) og ólínulegrar þjónustu (SkjárEinn hjá Símanum) hefur SkjárFlakk verið sameinað þjónustunni SkjárEinn hjá Símanum enda innifelur SkjárEinn í opinni dagskrá ekki hliðrað áhorf. SkjárEinn hjá Símanum felur í sér þjónustu þar sem áskrifendur geta nálgast margskonar myndefni með ólínulegum hætti og þannig stjórnað því hvenær þeir horfa á tiltekið myndefni. Með ólínulegri þjónustu skapast svigrúm til að gera efni aðgengilegt fyrir og í meiri mæli auk þess sem efni getur verið aðgengilegt áskrifendum án þess að fara í línulega dreifingu. Línuleg dreifing setur ákveðnar skorður hvað varðar tímasetningu og magn af efni. Á undanförmum árum hefur vaxandi hluti áhorfs á SkjárEinn verið í gegnum SkjáFrelsi, hliðrað áhorf, allt að 28 dögum eftir að þátturinn var sýndur á stöðinni. Hér er um verulega breytingu á neyslumynstri að ræða.

SkjárBíó býður áskrifendum þjónustu sem færir dagskrárstjórnina í hendur notenda. Með VOD-hnappinum á fjarstýringunni fá sjónvarpsáhorfendur aðgang að leigu á stóru safni úrvalsefnis þar sem fara saman nýjar og sígildar stórmyndir allra helstu kvikmyndaveranna. SkjárBíó er fyrsta og stærsta innlenda VoD-leigan.

Skjár Krakkar er áskriftarleiga með talsettu barnaefni. Þar er um að ræða SVoD-þjónustu fyrstu sinnar tegundar og fór hún í loftið í nóvember 2013.

SkjárSport býður upp á útsendingar á leikjum í Þýska boltanum (*Bundesliga*). Áskrifendur fá jafnframt aðgang að EuroSport, Eurosport2, MotorsTV, SkyNews, Ginx og Extreme. Stefnt er að lokun rásarinnar 1. nóvember 2015 og verður þá efni stöðvarinnar aðgengilegt á öðrum miðli eða miðlum Símans.

SkjárHeimur er endurvarp á fjölbreyttri dagskrá yfir 80 erlendra sjónvarpsstöðva. Boðið er upp á mikið úrval barna- og unglingsæfnis, fréttir, íþróttir, skemmtun og fræðslu með sérstakri áherslu á norrænar og aðrar evrópskar stöðvar sem viðskiptavinum býðst í formi mismunandi áskriftarpakka. SkjárHeimur er að stækka og hefur tryggt sér einkasamninga við stórar erlendar sjónvarpsstöðvar. Þar ber helst að nefna Eurosport og History Channel sem eru tvær af stærstu sjónvarpsstöðvunum sem fánlegar eru í gegnum endurvarp á Íslandi.

K100 er útvarpsstöð sem fór í loftið á upphafsögum ársins 2012 og hefur síðan þá vaxið jafnt og þétt með uppbyggingu á útvarpsafþreyingarefni. Retrö er útvarpsstöð sem flytur eldri vinsæla tónlist eins og nafnið gefur til kynna.

3.4 Dótturfélög og hlutdeildarfélag

Hér á eftir má finna yfirlit yfir dóttur- og hlutdeildarfélag Símans auk þess sem í næstu köflum er fjallað um helstu dótturfélög Símans og greint frá því hvernig starfsemi þeirra er háttað.

Dótturfélög og hlutdeildarfélag

Félag	Staðsetning skráningar og starfsemi	Starfsemi	Eignarhlutur 30. júní 2015
Dótturfélög Símans hf.			
Landssíminn ehf.	Ísland	Engin starfsemi	100,0%
Míla ehf.	Ísland	Fjarskiptaþjónusta	100,0%
Gagnaveita Skagafjarðar ehf.	Ísland	Fjarskiptaþjónusta	100,0%
Gaukshöfði ehf.	Ísland	Engin starfsemi	100,0%
Þræðir ehf.	Ísland	Engin starfsemi	100,0%
On-Waves ehf.	Ísland	Fjarskiptaþjónusta	90,0%
On-Waves S.á.r.l.	Lúxemborg	Engin starfsemi	100,0%
Farsímagreiðslur ehf.	Ísland	Greiðslumiðlun	55,5%
Radíómiðun ehf.	Ísland	Fjarskiptaþjónusta	100,0%
Sensa ehf.	Ísland	Upplýsingatækni	100,0%
Sensa A/S	Danmörk	Upplýsingatækni	75,0%
Staki Automation ehf.	Ísland	Upplýsingatækni	100,0%
Talenta ehf.	Ísland	Upplýsingatækni	80,5%
Hlutdeildarfélag Símans hf.			
Auðkenni ehf.	Ísland	Upplýsingatækni	20,0%
GO loyalty solutions ehf.	Ísland	Greiðslumiðlun	33,3%
Nordisk Mobil Ísland ehf.	Ísland	Engin starfsemi	50,0%
Trackwell hf.	Ísland	Upplýsingatækni	30,4%

3.4.1 Míla ehf.

Kjarnastarfsemi Mílu felst í að byggja upp og reka fjarskiptainviði á landsvísu sem önnur fjarskiptafyrirtæki tengjast í gegnum mismunandi lausnir. Hlutverk Mílu er að selja lausnir sínar til fyrirtækja og stofnana sem stunda fjarskiptastarfsemi og felst sérhæfing Mílu m.a. í rekstri og ráðgjöf vegna uppbyggingar fjarskiptakerfa og aðstöðuleigu í tækjarymum og möstrum. Míla á og rekur öflugt og fjölbætt fjarskiptakerfi sem byggist upp á tveimur meginkerfum, Stofnneti og Aðgangsneti. Auk þess býður Míla aðstöðuleigu fyrir viðskiptavinum sína í tækjarymum um allt land á tæplega 600 stöðum. Míla leggur mikla áherslu á stöðuga uppbyggingu fjarskiptakerfis síns auk þess að setja á markað nýjar lausnir til að mæta þörfum markaðarins. Kerfi Mílu eru grunnur að margskonar fjarskiptaþjónustu um allt land og til útlanda hvort sem um er að ræða fjarskipti fyrir almenning, fyrirtæki eða öryggisfjarskipti. Míla rekur eigin öryggis- og gæðastefnu óháð móður- og systurfélögum. Í gildi er öryggisstefna sem á við um alla starfsemi Mílu og tekur til fjarskiptakerfa sem Míla rekur eða hefur umsjón með. Starfandi er öryggisráð sem er vettvangur stjórnunar á öryggismálum. Gerðar eru áætlanir af öryggis- og gæðastjóra Mílu um innri úttektir og fylgir hann eftir framkvæmd þeirra. Öryggisráð fylgir eftir úttektum og eftirfylgjandi úrbótum. Það upplýsir framkvæmdastjórn strax um alvarleg frávik eða óeðlilegar tafir á úrbótum. Stöðugildi hjá Mílu eru 102. Jón R. Kristjánsson er framkvæmdastjóri fyrirtækisins.

Stofnnet

Stofnnet Mílu er byggt á ljósleiðurum og örbylgjum. Ljósleiðarakerfi Mílu er meginburðarlag fyrir fjarskiptakerfin og liggur hringinn um landið og til allra þéttbýliskjarna þess. Uppbyggingu kerfisins er þannig háttað að ávallt er reynt að tryggja hringtengingu til að auka öryggi fjarskiptakerfisins. Á þeim svæðum sem ekki eru tengd ljósleiðara eru stafræn örbylgjusambönd notuð til að tryggja öryggi fjarskipta. Míla á um 4.000 kílómetra af ljósleiðarastreng í stofnkerfishluta fjarskiptakerfa sinna. Mismargir þræðir eru í hverjum streng og má skipta viðkomandi strengjum upp í tvö kerfi: bandbreið sambönd milli landshluta og minni sambönd til smærri staða. Örbylgjusambönd eru notuð til að ná til afskekktari smærri byggðakjarna fyrir utan

Ljósleiðarakerfið og einnig til tenginga einstakra fjarskiptastaða sem eru utan alfaraleiðar. Einnig er örbylgjusamband notað til að tryggja varasamband þar sem ekki er hringtenging.

Aðgangsnét

Aðgangsnét Mílu er öflugt og fjölþætt og er byggt á koparlínunum og ljósleiðurum. Aðgangskerfi Mílu er mjög víðtækt og er koparkerfi Mílu víðtækast þar sem nánast öll heimili, fyrirtæki og stofnanir á landinu eru tengd inn á það. Síðustu ár hefur Míla unnið að uppbyggingu Ljósveitu, háhraðanets Mílu, á fjölmörgum þéttbýlisstöðum víðs vegar um landið. Við uppsetningu er búnaður settur í götuskáp eða sírstöð sem tengjast ljósleiðarakerfi Mílu. Síðasta spölinn inn í hús til endanotanda eru notaðar fyrirliggjandi koparlagnir eða ljósleiðari í nýjustu hverfunum. Í janúar 2015 var búið að setja upp 1.160 götuskápa, einnig var búið að setja upp búnað í 103 sírstöðvum um land allt og alls voru 116.920 heimili komin með möguleikann á að tengjast háhraðaneti Mílu um Ljósveitu. Í júní á þessu ári lauk Míla við að gera VDSL-búnað í götuskáp á höfuðborgarsvæðinu vigrunarhæfan og þar með auka mögulegan hraða í niðurlagi í 100 MB/s. Samtals ná 89 þúsund heimili á stórhöfuðborgarsvæðinu þessum hraða. Rétt er að taka það fram að þetta er sá hraði sem vinnuhópur innanríkisráðuneytisins setti sem markmið að ná 2020 fyrir alla landsmenn. Míla hefur markað sér stefnu um að leggja ljósleiðara í ný hverfi sem eru að byggjast upp og munu byggjast upp í framtíðinni. Nú þegar eru ljósheimtaugar Mílu í boði í nýjum hverfum á höfuðborgarsvæðinu, s.s. í Leirvogstungu í Mosfellsbæ, Úlfarsárdal í Reykjavík, Lundi Kópavogi og Urriðaholti í Garðabæ, einnig í Tjarnarbyggð á Selfossi, á Akureyri og á Skagaströnd. Frá 2007 hefur Míla svo til eingöngu lagt ljósleiðara í ný hverfi í stað koparlagna. Míla hefur í gegnum árin kappkostað að bæta gagnahraða í aðgangskerfinu á sem hagkvæmastan hátt með xDSL-tækni en um leið undirbúið næstu skref í uppfærslu netsins t.d. með því að tengja ljósleiðara í götuskápa. Með því er aðeins að hámarki 400 m frá ljósleiðara Mílu til heimila. Míla á einnig víðtækt rörakerfi í jörðu sem nær yfir stóran hluta heimila á höfuðborgarsvæðinu. Þessi verðmæti munu í nánustu framtíð nýtast enn frekar við að draga ljósleiðara enda til viðbótar við núverandi kopar og sem gerir fyrirtækinu kleift að auka enn gagnahraða í aðgangsnétinu með hagkvæmum hætti og í samræmi við þarfir viðskiptavina á hverjum tíma.

Á árinu 2010 réðust Síminn og Míla í umfangsmikla uppbyggingu á Ljósneti Símans. Með Ljósnetinu stóð upphaflega til að 40.000 heimili ættu kost á margföldum nethraða frá því sem áður var og háskerpu gagnvirku sjónvarpi og tæki Ljósnetið við af Breiðbandinu. Árin 2011 og 2012 var verkefnið stækkað og í janúar 2013 var tilkynnt að 53 staðir á landsbyggðinni bættust við þá staði á suðvesturhorninu sem myndu fá Ljósnet. Með þeirri viðbót geta nú um 118 þúsund heimili fengið stórauðinn gagnaflutningshraða og aðgang að mörgum háskerpu-sjónvarpsrásum. Ísland var þegar í fremstu röð hvað varðar háhraðanetstengingar heimila og fyrirtækja og þetta verkefni festi þá stöðu enn frekar í sessi. Verkefnið heldur áfram og nýjasti áfanginn var að skipta út búnaði í götuskápum á höfuðborgarsvæðinu, Akranesi, Þorlákshöfn og Hveragerði og auka flutningsgetuna í 100 MB/s. Þeirri vinnu lauk í byrjun júní. Þróun xDSL-laugna heldur áfram og nú þegar eru til lausnir með möguleika á 500 MB/s. sem gert er ráð fyrir að síðar nái allt að 2000 MB/s. Auk þess að geta nýtt koparkerfið sitt með nýjum útgáfum af xDSL á Míla mikið magn af ljósleiðurum og rörum á höfuðborgarsvæðinu en Míla á rör inn á stóran stóra hluta heimila á svæðinu. Í þessari eign felast mikil tækifæri fyrir Mílu til að auka flutningsgetuna umtalsvert á hagkvæman hátt með því að leggja ljósleiðara við hlið koparendans sem nú er nýttur. Míla mun því hafa val um að hagnýta nýjustu xDSL-tækni við áframhaldandi uppbyggingu á sínum kerfum eða tengja núverandi ljósleiðara og leggja ljósleiðara í eigin rör í stað koparsins.


Aðstöðuleiga

Míla býður fjarskiptafyrirtækjum leigu á aðstöðu fyrir búnað sinn í ríflega 600 tækjarýmum um allt land. Þar af eru 356 staðir í eigu Mílu en önnur í eigu þriðja aðila. Um er að ræða aðstöðu fyrir fjarskiptabúnað í tækjahúsum eða möstrum Mílu, auk aðgangs að rafmagni og tengingu við fjarskiptakerfi Mílu.

Gagnaveita Skagafjarðar

Í lok árs 2013 keypti Míla Gagnaveitu Skagafjarðar ehf. Í samræmi við alþjóðlegar reikningsskilareglur er ekki gerður samstæðureikningur fyrir Mílu heldur er Gagnaveitan hluti af samstæðu Símans. Míla á nú alla hluti í Gagnaveitu Skagafjarðar og er fyrirhugað að sameina félögin á næstu mánuðum.

Skipurit Mílu



3.4.2 Sensa ehf.

Sensa er þjónustufyrirtæki í upplýsingatækni sem býður fyrirtækjum skilvirka virðisaukandi þjónustu sem byggist á faglegri og hagkvæmri samþættingu kerfa.

Lausnir Sensa spanna allt frá miðlægum lausnum, samskiptalausnum, grunnkerfislausnum og notendalausnum til sérhæfðari lausna. Þjónustuframboð Sensa er fjölbreytt og nær m.a. yfir notendþjónustu, rekstrarþjónustu (*e. managed services*), hýsingu (*e. hosting and colocation*), gagnavistun (*e. data storage*), endurreisnarþjónustu (*e. disaster recovery*) og sérfræðiþjónustu (*e. professional services*). Sensa velur arðsömustu leiðina til að afhenda viðskiptavinum UT-lausnir. Getur lausnin verið í skýinu (*e. Cloud*), í hýstu umhverfi (*e. Hosted*) eða sérsníðuð lausn fyrir einstaka viðskiptavini. Þessi aðferðafræði er nefnd *HybridIT* og sýnir vel styrkleika Sensa sem næstu kynslóðar kerfisinnleiðingarfirmar (*e. Next generation system integrator*).

Mörg af stærstu og öflugustu fyrirtækjum og stofnunum landsins eru viðskiptavinir Sensa.

Markmið Sensa er að vera ávallt í fararbroddi í hýsingar-, rekstrar- og samskiptalausnum þar sem sterk liðsheild, hátt þekkingarstig og verðmæt viðskiptasambönd skipta lykilmáli. Áhersla er lögð á að veita faglega ráðgjöf og þjónustu.

Sérfræðingar Sensa búa yfir mikilli þekkingu á rekstri og hýsingu tæknikerfa, allt frá smærri verkefnum upp í þau umfangsmeiri. Sensa býður jafnframt almenna ráðgjöf tengda upplýsingatækniþjónustu, allt frá högun kerfa til Microsoft-leyfismála.

Sensa hefur byggt upp umhverfi og þekkingu í fremstu röð meðal hýsingarfyrirtækja og hefur Sensa á að skipa stærsta og öflugasta hópi sérfræðinga í netlausnum hérlendis. Reynsla og þekking starfsmanna Sensa í hönnun, innleiðingu og rekstri netkerfa ásamt vali á búnaði er í fremstu röð. Þar má nefna að Sensa er eini samstarfsaðili Microsoft á Íslandi sem er með Premier-samning en samningurinn gefur tæknimönnum Sensa beinan aðgang að færustu tæknimönnum Microsoft. Þessu til viðbótar er Sensa vottað sem *Gold Partner* hjá Cisco Systems (*Cisco Certified Gold Partner*) sem er æðsta vottun sem Cisco veitir sínum samstarfsaðilum. Vottunin staðfestir þekkingu og hæfni fyrirtækisins í IP-samskiptalausnum, ásamt því að ferlar og vinnubrögð uppfylla strangar kröfur Cisco en Sensa er eina fyrirtækið á Íslandi sem hefur þessa vottun.

Sensa var stofnað 2. febrúar 2002. Fyrstu fimm árin var Sensa í eigu starfsmanna félagsins en er nú í eigu Símans sem keypti allt hlutfé í apríl 2007. Með sameiningu Anza og Símans árið 2007 skipaði Síminn sér í

fremstu röð upplýsingatæknifyrirtækja á Íslandi. Upplýsingatæknisvið Símans var síðan fellt undir starfsemi Sensa frá 1. janúar 2015. Í febrúar 2015 var tilkynnt um kaup Sensa á Basis ehf. Basis var stofnað árið 2004 og hefur vaxið jafnt og þétt síðan en starfsmenn eru 25 talsins. Félagið hefur verið vottað gagnvart ISO27001:2005 síðan 2013 með nær alla starfsemi fyrirtækisins innan umfangs vottunarinnar. Fyrirtækið sérhæfir sig í hýsingu og rekstri tölvukerfa, allt frá því að veita ráðgjöf í afmörkuðum, flóknari verkefnum yfir í að sjá alfarið um hýsingu og rekstur tölvukerfisins í hágæða hýsingarsal fyrirtækisins.

Stöðugildi eru 133 hjá Sensa á Íslandi, auk 17 hjá dótturfélaginu Sensa A/S í Danmörku. Framkvæmdastjóri félagsins er Valgerður H. Skúladóttir.

3.4.3 Staki Automation ehf.

Staki Automation ehf. er markaðsdrifið þjónustufyrirtæki sem leggur megináherslu á sjálfvirkni ferla. Starfsemin skiptist í höfuðatriðum í sjálfvirkni og stýringar á sviði iðnaðar og hugbúnaðargerðar, stýringu og meðhöndlun upplýsinga og sjálfvirkni og stýringu á ferlum með áherslu á rafræna reikninga. Í fyrstu voru meginverkefni á sviði verkfræði, sjálfvirkni í iðnstýringum og hugbúnaðargerð. Staki hefur síðan þá bætt við sig þekkingu á sviði rafræna reikninga, sjálfvirkni í stýringu ferla og nú síðast í stýringu og meðhöndlun upplýsinga en nýjasta þjónusta Staka Automation ehf. er á sviði viðskiptagreindar þar sem sérfræðingar Staka veita ráðgjöf tengda greiningu gagna, úttektum ferla, nýtingu upplýsinga og uppsetningu á vöruhúsi gagna.

Meginhlutverk Staka er að veita þjónustu á þeim sviðum sem félagið starfar á. Þá hefur félagið sett sér það markmið að brúa bil milli hefðbundinnar hugbúnaðargerðar og iðntölvuforritunar/-stýringa en það bil er sífellt að minnka.

Félagið var stofnað árið 2008 og er alfarið í eigu Símans. Hjá Staka er 21 stöðugildi. Jón Eyfjörð er framkvæmdastjóri fyrirtækisins.

3.4.4 Radiómiðun ehf.

Radíómiðun byggist á gömlum grunni og var stofnað árið 1957. Félagið sérhæfði sig í fyrstu í sölu og þjónustu á siglinga- og fiskileitartækjum og síðar í fjarskiptabúnaði til nota bæði til sjós og lands. Aðaláherslur félagsins frá fyrstu tíð hafa verið þjónusta við sjávarútveg.

Síminn keypti fjarskiptahluta Radiómiðunar 2006 með það markmið að efla þjónustu við sjávarútvegsfyrirtæki og sækja fram með nýjar vörur og þjónustu fyrir þann markhóp. Árið 2007 var VSAT-þjónusta hleypt af stokkunum og gafst skipum þá fyrst möguleiki á sítengdu háhraðasambandi um gervihnött sem flutti bæði tal og gögn. Þjónustan er veitt í gegnum jarðstöð Símans, Skyggni, og var mikil bylting bæði í tali og gagnahraða í samanburði við aðra eldri fjarskiptamiðla. Radiómiðun hefur gegnt lykilhlutverki í innleiðingu nýrra fjarskipta- og hugbúnaðarlausna fyrir sjávarútveg í samstarfi við Símann.

Radíómiðun sér um sölu, uppsetningu og þjónustu fjarskiptabúnaðar fyrir sjávarútveginn og sér auk þess um rekstur á IP-símkerfum, sjónvarpskerfum og hugbúnaðarlausnum fyrir skipaflotann. Auk þessa sér Radiómiðun um innflutning á fjölbreyttum notendabúnaði sem styður við þjónustu fyrirtækisins. Eftir að lokið var við að setja upp farsímasenda í flest stærri skip íslenska flotans við árslok 2013 hefur áhöfnunum íslenskra skipa gefist tækifæri til að vera í samskiptum í gegnum farsíma sína um borð eins og þeir væru staddir í landi. Radiómiðun hefur ávallt lagt mikla áherslu á náð samband við viðskiptavinum og þannig byggt upp lausnir og þjónustu sem sérsniðin er að þeirra þörfum.

Hjá félaginu eru fimm stöðugildi. Framkvæmdastjóri Radiómiðunar er Þröstur Ármannsson.

3.4.5 On-Waves ehf.

On-Waves ehf. býður upp á farsímaþjónustu, bæði GSM og CDMA, um borð í millilandaferjum, skemmtiferðaskipum og sérhæfðum iðnaðar- og kaupskipum. On-Waves þjónustar skip í öllum heimsálfum auk þess er félagið með landþjónustu á nokkrum eyjum í Karíbahafinu. Síminn stofnaði félagið árið 2007 með það að markmiði að auka umsvif sín á fjarskiptamarkaði fyrir skip á alþjóðahafssvæðum en Síminn hafði verið með starfsemi á þeim markaði frá árinu 2003. Síminn og On-Waves starfa þétt saman en On-Waves nýtir m.a. reikisamninga Símans við erlend fjarskiptafyrirtæki fyrir þjónustu sína. On-Waves starfar alfarið á mörkuðum utan Íslands og eru tekjur félagsins í bandarískum dollurum og evrum.

Síminn fer með 90% hlut í félaginu. Fastir starfsmenn On-Waves skipa nfu stöðugildi en að auki starfa verktakar við fyrirtækið í öðrum löndum Evrópu og Norður-Ameríku. Kristinn Ingi Lárusson er framkvæmdastjóri fyrirtækisins.

3.4.6 Talenta ehf.

Talenta ehf. sérhæfir sig í ráðgjöf, innleiðingu, þjónustu og þróun á SAP-viðskiptahugbúnaði. Hjá Talenta vinna reynslumiklir ráðgjafar með umfangsmikla þekkingu á SAP-kerfum, allt frá hönnun til reksturs. Mörg stærstu og öflugstu fyrirtæki landsins eru á meðal viðskiptavinna Talenta.

Talenta er ekki endursöluaðili á SAP-leyfum en byggir þess í stað tekjur sínar á persónulegri og faglegri þjónustu við núverandi notendur SAP-kerfa. Við þjónustuna er sérstök áhersla lögð á sjálfstæði félagsins og sveigjanleika þess til aðlögunar inn í starfsumhverfi samstarfsaðila. Þannig getur Talenta starfað sem viðbótarrekstrareining hjá samstarfsaðilum sem hluti af þeirra innviðum. Talenta aðlagar sig á þann hátt að verkferlum og breytingarstjórnun samstarfsaðila sem gerir félagið að öflugum og sveigjanlegum valkosti til samstarfs. Davíð Stefán Guðmundsson er framkvæmdastjóri fyrirtækisins. Hjá Talenta eru 12 stöðugildi.

3.5 Helstu markaðir

Síminn starfar á þremur mörkuðum, þ.e. fjarskiptamarkaði, fjölmiðlamarkaði og upplýsingatæknimarkaði.

3.5.1 Tekjur samstæðu Símans

Síminn hefur tekjur af bæði innlendri og erlendri starfsemi en erlendum félögum í samstæðunni hefur fækkað á sl. árum, m.a. með sölu á Sirius IT, Aerofone og nú síðast Símanum DK sem var seldur árið 2014. Erlend starfsemi Símans felst nú einna helst í rekstri Sensa DK og On-Waves ehf. en erlendar tekjur samstæðunnar eru undir 6% af heildartekjum.

Tekjur eftir þjónustubáttum

Í m.kr.	2012	2013	2014	6 mán. 2014	6 mán. 2015
Farsími	9.318	8.904	8.192	4.059	3.733
Talsími	3.213	2.950	2.791	1.421	1.325
Gagnaflutningur	7.359	7.883	8.185	4.073	4.178
Sjónvarp	2.777	3.398	3.623	1.806	2.006
Upplýsingatækni	2.014	2.497	4.195	2.182	1.987
Vörusala	1.211	1.561	1.954	844	924
Annað	2.997	2.730	1.383	899	462
Samtals	28.889	29.922	30.322	15.284	14.615

Farsími: Tekjur félagsins af farsímaþjónustu innanlands og erlendis, hvort sem heldur er hefðbundin GSM-þjónusta, gervihnattaþjónusta, farsímaþjónusta í heildsölu eða önnur farsímaþjónusta. Talsími: Tekjur af talsímaþjónustu (afnotagjöld og umferð) í heildsölu og smásölu. Gagnaflutningur: Tekjur af gagnaflutningsþjónustu í heildsölu og smásölu, þ.m.t. xDSL-þjónusta, GPON, Netid, IP-net, stofnnet, heimtaugar og aðgangsneta. Sjónvarp: Tekjur af sjónvarps- og útvarpsþjónustu (afnotagjöld, umferð og auglýsingatekjur), dreifingu sjónvarpsfarnis og Sjónvarpi Símans. Upplýsingatækni: Tekjur af UT-þjónustu, þ.m.t. afnotagjöld, útseld vinna og þjónusta og vörusala. Sala búnaðar: Tekjur af sölu almenns fjarskiptabúnaðar og fylgihluta. Annað: Tekjur m.a. af útseldri vinnu vegna fjarskipta (þ.m.t. vettvangsþjónusta), aðstöðuleigu, tekjur af Símanum Danmark sem seldur var í apríl 2014

Stærsti hluti tekna samstæðu Símans er af fjarskiptaþjónustu og mynduðu Símann og Míla um 78% af tekjum félagsins árið 2014. Tekjur af farsímaþjónustu hafa verið að dragast saman á milli ára, að mestu vegna lækkunar á lúkningsartekjum félagsins (sem kemur m.a. í kjölfar ákvarðana Póst- og fjarskiptastofnunar á lúkningsverð á markaði sem hefur þá sambærileg áhrif á gjaldahlíð félagsins) ásamt því að tekjur af farsímastarfsemi erlendis hafa verið að dragast saman. Á árinu 2015 orsakast samdrátturinn einnig af endurpökkun á vöruframboði í smásölu. Ágætur vöxtur er í gagnaflutningsþjónustu, eða um 11% á milli 2012 og 2014.

Velta sjónvarpsþjónusta félagsins hefur aukist um 30% frá árinu 2012 til 2014 og hefur afkoman að sama skapi batnað verulega. Upplýsingatækniþjónusta félagsins hefur vaxið síðastliðin ár og er sífellt mikilvægari þáttur í starfsemi þess og þar af skýrir vörusala hluta aukningarinnar.

Síminn sem samstæða myndar samfellda heild í virðisikeðjunni gagnvart viðskiptavinum. Þar er Míla grunnurinn með aðgangsnnet, stofnnet og aðstöðuleigu fyrir fjarskiptabúnað og tæki. Síminn nýtir þessa innviði til að bjóða þjónustu á borð við talsíma, internetþjónustu, gagnvirk sjónvarp og farsíma sem saman er iðulega nefnt fjórleikur (*e. quadplay*). Slíkt samspil lausna nýtur vaxandi eftirspurnar á markaði. Síminn hefur aðgang að traustum og góðum fjarskiptainnvíðum Mílu til að bjóða sína þjónustu og lausnir. Síminn býður einnig upp á sjónvarpsefni, bæði línulegt (*e. broadcast*) og ólínulegt (VoD, SVoD og Frelsi) og nýtir öflugt sjónvarpsdreifikerfi sitt fyrir gagnvirk sjónvarp. Síminn getur með sínu efni sem og efni frá öðrum sjónvarpsaðilum boðið viðskiptavinum það efni sem þeir leita eftir. Sjónvarpsefni, þ.e. myndstreymi, þ.e. meginástæðan fyrir gagnaaukningu í fjarskiptum. Því er mikilvægt að innan samstæðunnar sé gott aðgengi að efnisframléiðendum, innlendum sem erlendum. Að lokum tryggir Sensa góða þekkingu á upplýsingatækni sviði (UT) sem sífellt verður mikilvægari fyrir fjarskiptafyrirtæki í UT-stoðkerfum fyrir fjarskiptabjónustu, skýþjónustu og aðra viðbótþjónustu við fjarskiptalausnir. Þetta er sérstaklega mikilvægt á fyrirtækjamarkaði.

3.5.2 Fjarskiptamarkaðurinn

Heildarstærð fjarskiptamarkaðarins nam um 52,3 ma.kr. árið 2014 og má sjá í töflunni hér á eftir hvernig tekjuskipting er eftir þjónustubáttum. Hluti af heildartekjum eru innri viðskipti samstæðu Símans.

Heildartekjur af fjarskiptastarfsemi 2012 - 2014

(m.kr).	2012	2013	2014
Fastanetið	6.622	7.027	7.783
Talsímarekstur	6.620	6.731	6.889
Farsímarekstur	16.305	16.169	15.788
Gagnaflutningur og internetþjónusta	8.270	9.016	8.952
Aðrar tekjur	10.471	11.515	12.855
Samtals	48.288	50.459	52.268

Heimild: Póst- og fjarskiptastofnun, *Tölfræði um íslenska fjarskiptamarkaðinn 2011-2014*, aðgengilegt á <http://www.pfs.is/fjarskipti/tolfraedi/tolfraediskyrslur-pfs/>.

Fjarskiptamarkaðurinn hefur vaxið um rúmlega 15% frá árinu 2011. Tekjur af farsímarekstri hafa lítilla dregist saman frá 2012 sem má að einhverju leyti rekja til lægri tekna af lúkningu í kjölfar ákvarðana Póst- og fjarskiptastofnunar um lækkan lúkningargjalda fjarskiptafélaganna. Tekjur tengdar gagnaflutningi og internetþjónustu hafa að sama skapi aukist verulega frá 2011. Aðrar tekjur hafa einnig aukist talsvert en þar er m.a. um að ræða tekjur af sölu símtækja.

Póst- og fjarskiptastofnun hefur með höndum eftirlitshlutverk með fjarskiptamarkaðnum og skilgreinir markaði skv. 16. gr. laga um fjarskipti, nr. 81/2003, í samræmi við meginreglur samkeppnisréttar og skuldbindingar samkvæmt samningum um Evrópska efnahagssvæðið. Skilgreindir markaðir á sviði fjarskipta eru sjö talsins samkvæmt tilmælum Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) frá 5. nóvember 2008:

Markaðir á sviði fjarskipta skv. tilmælum ESA

Smásala	Aðgangur að fasta talsímanetinu fyrir heimili og fyrirtæki
Heildsala	Upphaf símtala í fastaneti
Heildsala	Lúkning símtala í einstökum fastanetum
Heildsala	Aðgangur að föstum aðgangsnnetum (þ.m.t. skiptur og óskiptur aðgangur)
Heildsala	Breiðbandsaðgangur
Heildsala	Lúkningarhluti leigulína
Heildsala	Lúkning símtala í einstökum farsímanetum

Póst- og fjarskiptastofnun hefur auk þessara markaða skilgreint sérstaklega markaðinn *heildsölumarkaður fyrir stofnlínuhluta leigulína*. Inngrip Samkeppniseftirlitsins eru líka töluverð á þessum markaði. Sérstaklega má hér nefna kvaðir sem Samkeppniseftirlitið hefur sett á Mílu og Símann, ákvörðun 6 frá 2013 og hlutverk eftirlitsnefndar um jafnan aðgang.

Helstu samkeppnisaðilar

Helstu keppinautar Símans á fjarskiptamarkaði eru Fjarskipti hf. (Vodafone), Nova ehf., Gagnaveita Reykjavíkur ehf. og 365 miðlar hf. sem nýlega sameinuðust Tali, Hringiðan og Snerpa en auk þess hafa fyrirtæki á borð við Hringdu ehf., Símfélagið og Alterna Tel ehf. komið inn á markaðinn.

Vodafone (Fjarskipti hf.) er fjarskiptafyrirtæki sem býður viðskiptavinum sínum talsímaþjónustu, farsímaþjónustu, netþjónustu og sjónvarpsþjónustu. Vodafone varð til við sameiningu þriggja fyrirtækja sem áður störfuðu á fjarskiptamarkaðnum, þ.e. Íslandssíma, Tals og Halló. Vodafone byggir þjónustu og vöruúrval að miklu leyti á samstarfi við Vodafone Group Plc. Vodafone veitir Mílu einnig samkeppni í stofnnetinu. Vodafone hefur leigt af ríkinu aðgang að einum ljósþræði í ljósleiðarahringnum um landið þar sem Míla á 5 af 8 þráðum (3 af 6 þráðum milli Reykjavíkur og Hvolsvallar). Einnig hefur Vodafone leigt aðgang að ljósleiðurum Mílu víða um land sem og að ljósleiðurum Orkuvafjarskipta.

Nova var stofnað í maí 2006 með það að markmiði að meta mögulega innkomu félagsins á íslenskan farsíma- og talsíma- og netþjónustu. Í lok mars 2007 fékk Nova úthlutað 3G-rekstrarleyfi og tók formlega til starfa í desember 2007. Nova og Vodafone hafa frá 2008 haft með sér samstarf í farsímarekstri. Nova hefur þannig nýtt GSM-kerfi Vodafone og Vodafone hefur nýtt sér 3G-kerfi Nova. Vodafone og Nova hafa lýst því yfir að þau stefni að stofnun félags um samrekstur farsíma- og netþjónustu félaganna fyrir 1. október 2015. Mun samreksturinn felast í gagnkvæmum aðgangi að farsímadreifikerfum félaganna.

Tal (áður Hive), sem var sameinað 365 árið 2014, hefur boðið upp á endursölu á bæði talsímaþjónustu og farsímaþjónustu auk internetþjónustu. Fyrirtækin Tal og SKO sameinuðust á árinu 2008. Hið sameinaða félag 365 og Tal starfar á afþreyingar- og fjarskiptamarkaði.

Gagnaveita Reykjavíkur var stofnuð sem einkahlutafélag í eigu Orkuveitu Reykjavíkur árið 2007 en rekur upphaf sitt til Línu.nets sem Orkuveita Reykjavíkur stofnaði árið 1999. Gagnaveita Reykjavíkur býður heimilum og fyrirtækjum aðgang að gagnaflytningarkerfi um ljósleiðara og er helsti samkeppnisaðili Mílu bæði í aðgangsnnetinu og stofnnetinu. Öll helstu fjarskiptafyrirtækin, fyrir utan Símann, bjóða þjónustu sína yfir aðgangsnnet Gagnaveitunnar. Gagnaveitan er einnig í samkeppni við Mílu í stofnneti á höfuðborgarsvæðinu.

Samkeppni í fjarskiptum kemur líka í auknum mæli frá erlendum aðilum, eins og Apple, Google, Facebook, Viper og Netflix. Þessi fyrirtæki eru öll staðsett í Bandaríkjunum en bjóða þjónustu sína á Íslandi. Hér er um að ræða þjónustu eins og tal, skilaboð, tónlist, sjónvarpsþætti og kvikmyndir. Oft er þessi þjónusta gjaldfrjáls, borguð með auglýsingum eða sem hluti af endabúnaði. Einnig er enn verulegur hluti af þessari þjónustu án samþykkis efnisréttareigenda og er þá þjónustan því næst gjaldfrjáls. Ljóst er að þessi samkeppni mun vaxa á næstu árum en einnig eru líka tækifæri til að vinna með sumum þessara aðila. Þetta getur þó leitt til þess að heildartekjur af fjarskiptaþjónustu Símans dragast saman.

Markaðshlutdeild


Farsímaþjónusta 2011-2014, heildarfjöldi áskrifta

	Fjöldi				Markaðshlutdeild			
	2011	2012	2013	2014	2011	2012	2013	2014
Síminn	153.191	148.977	145.800	148.477	39,7%	37,4%	36,5%	35,7%
Vodafone	113.024	115.056	108.105	113.649	29,3%	28,9%	31,6%	27,4%
Nova	99.636	112.930	126.287	136.876	25,8%	28,3%	27,1%	32,9%
Tal/365	19.111	19.908	16.780	13.359	5,0%	5,0%	4,2%	3,2%
Aðrir	1.091	1.772	2.631	3.061	0,3%	0,4%	0,7%	0,7%
Samtals	386.053	398.643	399.603	415.422	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%


Heimild: Póst- og fjarskiptastofnun, *Tölfræði um íslenska fjarskiptamarkaðinn 2014*, aðgengilegt á <http://www.pfs.is/fjarskipti/tolfraedi/tolfraediskyrslur-pfs/>.

Síminn reiknaðist með 35,7% markaðshlutdeild í lok ársins 2014 þegar horft er til heildarfjölda áskrifta og hefur fjöldi áskrifta haldist nokkuð stöðugur undanfarin þrjú ár en hlutdeild farið minnkandi. Nova hefur sótt í hlutdeild á þessum markaði og þá sérstaklega hvað varðar fyrirframgreidd símakort þar sem hlutdeild þeirra árið 2014 nam 55,3% en hlutdeild Símans var 23% og Vodafone um 20%. Síminn var aftur á móti með 44,8% hlutdeild í fóstum áskriftum í lok árs 2014 en meðalvirði viðskiptavinar hjá Símanum (*e. average revenue per user, ARPU*) í slíkri áskrift er mun meira en viðskiptavinar í fyrirframgreiddum símakortum. Það sem af er árinu 2015 hefur farsímaáskriftum hjá Símanum fjölgað.

Fastar áskriftir, markaðshlutdeild




Fyrirframgreidd símakort, markaðshlutdeild



Heimild: Póst- og fjarskiptastofnun, *Tölfræði um íslenska fjarskiptamarkaðinn 2014*, aðgengilegt á <http://www.pfs.is/fjarskipti/tolfraedi/tolfraediskyrslur-pfs/>.

Stærstu aðilar sem veita internetþjónustu eru Síminn, Vodafone, Tal og Hringdu. Tengingum hefur fjölgað lítilsháttar undanfarin ár eða úr rúmlega 111 þúsund árið 2011 í 120 þúsund árið 2014.

Markaðshlutdeild fjölda nettenginga 2011-2014



Heimild: Póst- og fjarskiptastofnun, *Tölfræði um íslenska fjarskiptamarkaðinn 2014*, aðgengilegt á <http://www.pfs.is/fjarskipti/tolfraedi/tolfraediskyrslur-pfs/>.

Hlutdeild Símanum á internetmarkaði nam um 50,1% í lok árs 2014 og hefur haldist nokkuð stöðug þegar horft er á fjölda tenginga, xDSL og ljósleiðara. Hringdu hefur komið nýtt inn á markaðinn og sótt um 3,7% markaðshlutdeild og sameinuð hlutdeild Tals og 365 hefur aukist úr 10,4% í 13,0%. Markaðshlutdeild Vodafone hefur lækkað úr 31,8% í 29,3%.

Meginstraumar í fjarskiptaheiminum

Fjarskiptamarkaðurinn á heimsvísu gengur í gegnum miklar breytingar. Þrátt fyrir mikla eftirspurn eftir fjarskiptaþjónustu hefur hægt á tekjuvexti víða en tækifæri eru til staðar í nýrri og bættri þjónustu.

Markaðsaðilar telja mikilvægt fyrir fjarskiptafyrirtæki að standa vel að uppbyggingu á aðgangsnæti í fastlínu og farsíma, bæði til að mæta eftirspurn frá viðskiptavinum sínum og ekki síður til að mæta samkeppni frá kapalfyrirtækjum og veitufyrirtækjum (*e. Utilities*) í fastlínuaðgangskerfum. Fjarskiptafyrirtækin þurfa að geta boðið sambærileg eða betri aðgangsnæti til að halda viðskiptavinum á eigin kerfum. Samkeppnisumhverfið breytist einnig með fyrirtækjum eins og Apple, Google, Amazon og Facebook sem bjóða fjarskiptaþjónustu (*e. OTT, Over-The-Top*) yfir net fjarskiptafyrirtækjanna. Samhliða því að halda sterkri stöðu í gegnum aðgangsnætin er mikilvægt fyrir fjarskiptafyrirtækin að bjóða nýja þjónustu sem uppfyllir þarfir viðskiptavina til lengri og skemmri tíma. Dæmi um þetta eru sjónvarp yfir IP, eða gagnvirk sjónvarp (*e. IPTV*), sjónvarpsmáforrit fyrir snjallsíma og spjaldtölvur (*e. app*), skýþjónusta og stjór- og eftirlitskerfi fyrir heimili.

Fjárfestingar fjarskiptafyrirtækja fara að stórum hluta í að leggja ljósleiðara dýpra inn í aðgangsnætið. Dæmi um þetta er VDSL (*e. Very-high-bitrate Digital Subscriber Line*) frá götuskáp þar sem ljósleiðari er lagður að götuskáp en fyrirbyggjandi kopar notaður frá götuskápnunum. Þessi tækni, svonefnd xDSL, er líkleg til að skila allt að 10 GB/s. á stuttum koparleiðum í náninni framtíð. Einnig er verið að leggja ljósleiðara alla leið til viðskiptavina. Samhliða þessari uppbyggingu fastlínukerfa á sér stað uppbygging í farsímakerfum, bæði í 3G- og 4G-kerfum. Meiri uppbygging er í 3G-kerfum en 4G-kerfum í Evrópu enda er 3G ennþá meginburðarás í gagnaflytningu í farsímakerfum. Líklega breytist þetta hratt á næstu árum þar sem 4G tekur við vaxandi magni en 4G hefur margfalda gagnaflytningu samanborið við 3G. Bent er á umfjöllun um áform varðandi uppbyggingu á aðgangsnæti samstæðunnar í kafla 3.4.1 *Míla ehf.*

Almenna þróunin í fjarskiptaheiminum er sú að fastlínu- og farsímaþjónusta rennur saman í ríkari mæli og viðskiptavinurinn upplifir samþættingu þessara tveggja meginstoða fjarskipta, hvort sem um er að ræða snjallsíma sem notar þráðlaust netsamband (*e. Wi-Fi*) fyrir gagnaflytningu eða snjallsjónvarp í 4G-sambandi hjá viðskiptavini sem er á ferðinni.

Í þessu sambandi er ljóst að meginþunginn í gagnaflytningu er á fastlínukerfum, mun meiri en flutningur á farsímakerfum. Í Vestur-Evrópu er samkvæmt heimildum frá Analysys Mason um 97% af allri netumferð á fastlínukerfum. Snjallsímar nota að mestu fastlínukerfi til að flytja gögn, þ.e. um Wi-Fi tengingar. Umferð til og frá snjallsímum í Vestur-Evrópu um Wi-Fi er um 81%, mest heima hjá viðskiptavinum og á vinnustöðum. Þessi tala er hærri þegar spjaldtölvur eru annars vegar en þá er notkun á fastlínu með þráðlausu netsambandi yfir 95%. Analysys Mason telur að þróunin fram til 2019 verði áfram í þessa átt, þ.e. aukin umferð um fastlínukerfi. Þá má reikna með að um 84% af gagnaflytningu snjallsíma verði um fastlínukerfi í gegnum þráðlausar Wi-Fi nettengingar.

Áherslur fjarskiptafyrirtækja hafa einnig farið vaxandi í sjónvarpi og upplýsingatækni til að styðja við vöru- og tækniþróun.


Vöruframboð og nýjungar á fjarskiptamarkaðnum

Vöruframboð fjarskiptafyrirtækja hefur í auknum mæli tekið mið af vexti gagnamagns í fastlínu- og farsímaþjónustu. Megindrífkrafturinn er myndefni eða sjónvarpsflutningur. Til að mæta þessu hafa fjarskiptafyrirtæki lagt áherslu á að stækka aðgangsnæti sín í fastlínu og farsíma sem og stofnnet. Samkvæmt Analysys Mason óx gagnaflytningu í fastlínukerfum í Evrópu um 44% en í farsímakerfum um 52% árið 2013. Það er enn fremur mat Analysys Mason að gagnamagnið í fastlínukerfum sé u.þ.b. 100 sinnum meira en í farsímakerfum. Ólíklegt er að þessi hlutföll breytist mikið á næstu árum.

Hlutfallið á gagnaflytningu milli fastlínu og farsíma er svipað á Íslandi og almennt gerist í Evrópu. Til þess að gera betur grein fyrir þessum mun er hægt að nota upplýsingar frá Póst- og fjarskiptastofnun til að meta gagnanotkun á hvern viðskiptavin á mánuði. Eins og sjá má á næstu mynd er meðaltalið um 1,5 GB á mánuði (18,5 GB á ári) í farsíma á Íslandi árið 2014. Til samanburðar er meðalgagnamagn yfir fastlínu vel yfir 100 GB á mánuði hjá Símanum. Þess ber þó að geta að yfir 80% heimila í viðskiptum við Símann nota innan við 75 GB á mánuði í fastlínu.

Eins og fram kemur á næstu mynd er Finnland með mesta gagnamagn í farsíma á hvern viðskiptavin á mánuði eða 5,9 GB (59 GB á ári). Ljóst er því að á Íslandi er nokkur vöxtur fram undan enda byrjaði 4G-þjónusta seinna á Íslandi en í Finnlandi.


Þróun gagnamagns í farsímakerfum á Norðurlöndum og Eystrasaltslöndum



Heimild: PTS Statistikportalen, „Telecommunication Markets in the Nordic Countries“, June 2014, aðgengilegt á <http://statistik.pts.se/PTSnordic/NordicCountries2014/>.

Farsíminn hefur tekið við sem helsta símtækið. Samkvæmt Póst- og fjarskiptastofnun áttu rúmlega 60% símtala upphaf sitt í farsíma, sjá næstu mynd. Þetta er heldur minna en á Norðurlöndunum og í Eystrasaltsríkjum. Þessi þróun hefur verið nokkuð ör undanfarin ár.


Hlutfall upphafsmínútna í farsíma á Norðurlöndum og Eystrasaltsríkjum



Heimild: PTS Statistikportalen, *Share of mobile minutes of all originated minutes*, aðgengilegt á <http://statistik.pts.se/PTSnordic/NordicBaltic2014/>

Talsíminn hefur verið að gefa hlutfallslega eftir gagnvart farsímanum en einnig hefur heildarfjöldi mínútna í talsímakerfinu dregist verulega saman undanfarin ár. Þetta kemur vel fram á næstu mynd sem sýnir þessa þróun frá árinu 2011 til 2014.


Heildarfjöldi mínútna á fastaneti (x 1.000.000)



Heimild: Póst- og fjarskiptastofnun, *Tölfræði um íslenska fjarskiptamarkaðinn 2014*, aðgengilegt á <http://www.pfs.is/fjarskipti/tolfraedi/tolfraediskyrslur-pfs/>.

Þrátt fyrir að talsíminn gefi eftir gagnvart farsímanum og notkun hans dragist saman þá er talsíminn enn mjög sterkur, sérstaklega hér á Íslandi í samanburði við hin Norðurlöndin og Eystrasaltlöndin. Fjöldi viðskiptavina í talsíma er hlutfallslega mestur á Íslandi, samkvæmt upplýsingum Póst- og fjarskiptastofnunar, á Norðurlöndum og í Eystrasaltsríkjunum, samanber næstu mynd.


Hlutfall af mínútum í talsíma á hvern íbúa á Norðurlöndum og Eystrasaltlöndum



Heimild: PTS Statistikportalen, *Fixed telephony subscriptions per capita*, aðgengilegt á <http://statistik.pts.se/PTSnordic/NordicBaltic2014/>

Hraðinn í fastlínu á Íslandi hefur vaxið mikið og er nú mestur í samanburði við hin norrænu ríkin og Eystrasaltlöndin þegar miðað er við hraða sem er meiri en 30 MB/s., sjá næstu mynd. Þetta hefur haft í för með sér miklar breytingar á vörum í gagnamagni og viðbótarþjónustu.


Breiðbandsáskriftir með meira en 30 MB/s. á íbúa á Norðurlöndum og Eystrasaltslöndum



Heimild: PTS Statistikkportalen, *Number of fixed broadband subscriptions with a marked capacity of 30 Mb/s or more per capita*, aðgengilegt á <http://statistik.pts.se/PTSnordic/NordicBaltic2014/>

Fjarskiptafyrirtækin eru að auka hraða gagnasendinga og innfalið gagnamagn, bæði í fastlínu og farsíma. Einnig bjóða þau í auknum mæli gagnvirka sjónvarpsþjónustu (e. IPTV) þjónustu og smáforrit (öpp) fyrir snjallsíma og spjaldtölvur. Ef horft er til hinna norrænu ríkjanna og Eystrasaltsríkjanna þá er gagnvirkt sjónvarp (e. IPTV) algengast á Íslandi, eins og sjá má á næstu mynd.


Fjöldi IPTV-áskrifenda á höfðatölu á Norðurlöndum og Eystrasaltslöndum



Heimild: PTS Statistikkportalen, *Number of IPTV subscriptions per capita*, aðgengilegt á <http://statistik.pts.se/PTSnordic/NordicBaltic2014/>

Fjölgun snjallsíma hefur fylgt umtalsverð aukning í gagnaflutningi í farsíma. Með snjalltækjum geta viðskiptavinir nýtt sér mikinn gagnahraða og alla þá þjónustu sem er í boði fyrir slík tæki. Nú er svo komið að í lok ágúst 2015 voru 62% viðskiptavina Símans komnir með snjalltæki, sjá næstu mynd. Með snjalltækjum er hægt að nýta nýjar þjónustuleiðir, t.d. horfa á sjónvarp með smáforriti í snjallsíma og spjaldtölvu, stýra búnaði á heimilinu og margt fleira.

Hlutfall snjalltækja í farsímakerfi Símans



Heimild: Síminn.

Síminn

Vöruframboð Símans er fjölbreytt og hefur hann í gegnum tíðina oft verið fyrstur með nýjar vörur á markað. Þetta á við um fastlínu, farsíma og sjónvarp. Þar má nefna Frelsi, ADSL og VDSL, IPTV, Tímaflakk, Snjallsjónvarp (app) og auðkenningu í farsíma.

Á fastlínemarkaði hefur bæði hraðinn og gagnamagnið aukist. Síminn hefur stækkað gagnapakka sína umtalsvert og er stærsti pakkinn nú 3 TB eða 3000 GB. Enginn greinamunur er gerður á innanlandsumferð eða umferð frá útlöndum, sem dregur úr áhyggjum viðskiptavina af því hvenær gögn eru sótt frá útlöndum og gerir reikninga fyrirsjáanlegri.

Á árinu 2014 kynnti Síminn nýja áskriftarpakka sem nefnast „Endalaust“ þar sem viðskiptavinurinn hringir ótakmarkað innanlands og sendir ótakmarkað magn SMS-skilaboða en borgar fast gjald fyrir innifalið gagnamagn. Einnig er hægt að bæta við fleiri fjölskyldumeðlimum í áskriftina, viðbótargagnakorti og deila gagnamagni. Síminn hefur einnig lagt áherslu á að kynna aukinn virðisauka með þjónustu sinni, svo sem aðgangi að Spotify ásamt því að vera í samstarfi við GoMobile, en þar geta viðskiptavinir safnað inneign með viðskiptum sínum við ýmsa birgja innanlands. Inneignina geta viðskiptavinir nýtt til að greiða niður símréikning sinn hjá Símanum.

Aukin áhersla hefur verið á Sjónvarp Símans. Ýmsar nýjungar hafa verið kynntar eins og nýtt og einfaldara notendaviðmót, Tímaflakk á öllum rásum og sjónvarps-app í síma og spjaldtölvur. Flestir keppinautarnir bjóða einnig upp á sjónvarpsþjónustu en eru ekki með eigið sjónvarps-app. Í nóvember 2014 setti Síminn á markað ABC „áskriftar vídeóleigu“ (e. SVoD) fyrir erlent sjónvarpsefni með íslenskum texta. Frá 1. október 2015 býðst viðskiptavinum Símans nýr Heimilispakki sem ætlað er að koma til móts við þarfir heimila hvað varðar fjarskipti og afþreyingu. Með Heimilispakkanum er markmiðið að gefa núverandi viðskiptavinum Símans, sem og mögulegum viðskiptavinum, einfalda sýn á hvaða þjónustubættir eru í boði hjá Símanum, ásamt því að tengja skemmtilega afþreyingu við vöruna. Heimilispakkinn samanstendur af netþjónustu, þar með talið VoIP-heimasíma og sjónvarpsþjónustu sem inniheldur m.a. Sjónvarp Símans, snjallsjónvarp Símans og áhugavert sjónvarpsefni, svo sem SkjáEinn hjá Símanum.

Míla

Míla er stærsti eigandi fastra fjarskiptainnviða á Íslandi. Innviðunum má skipta í stofnnet, aðgangsneta og aðstöðu fyrir búnað. Netin samanstanda af ljósleiðara- og koparstrengjum sem liggja í jörðu, föstum örbylgjusamböndum milli einstakra staða og virkum búnaði sem sér um að senda og taka við merkjum eftir strengjunum, auk annarra aðgerða.

Stofnnetið er sá hluti fjarskiptanetsins sem liggur á milli sírstöðva og er að stærstum hluta ljósleiðarar. Örbylgjusambönd eru víða nýtt í Stofnneti enda er Míla með um helming örbylgjusambanda á Íslandi, 350 talsins. Örbylgjusambönd eru byggð upp þar sem ekki er ljósleiðari á stofnleiðum en einnig sem grunnlag fyrir hluta farsímakerfa landsins, öryggisfjarskipti og til að tryggja hringtengingar í neti Mílu.

Míla er á ýmist 5/8 eða 3/6 þráðum í ljósleiðarahringnum (3/6 á leiðunum Akranes-Borgarnes, Blönduós-Sauðárkrókur, Egilsstaðir-Reyðarfjörður, Selfoss-Hvolsvöllur). Landshringurinn svokallaði er um 1400 km að lengd en strenglutarnir sem eru aðeins með 6 þræði eru um 170 km. Míla hefur því yfir að ráða þremur þráðum hringinn í kringum landið og tveimur að auki á flestum leiðum. Hinir þræðirnir þrír eru á forræði ríkisins. Hringtenging um landið gerir það kleift að hafa tvöfalda leið milli helstu staða og auka þar með öryggi sambandanna. Til dæmis er hægt að hafa tvöfalda tengingu við Farice- og Danice-strengina en um þá fara tengingar Íslands við umheiminn. Heildarlengd ljósleiðarastofnlagna Mílu er nú 4370 km. Tækjabúnaður Mílu á stofnljósleiðurum fyrirtækisins hefur mikla flutningsgetu og getur annað öllum þörfum um bandvídd innanlands og til útlanda í nánustu framtíð.

Flutningstækni Mílu hefur þróast með tímanum í takt við þarfir viðskiptavina og er nú að stórum hluta byggð á Ethernet-tækni sem hentar vel til samtengingar IP-neta, tengingar við farsímasenda og fyrir aðgangskerfi Mílu.

Aðgangsnetið er sá hluti fjarskiptanetsins sem liggur frá símstöðvum til heimila og fyrirtækja. Það er samsett úr ljósleiðurum og koparstrengjum. Ljósveita Mílu nær nú til um 90% heimila og er enn í uppbyggingu. Hún felst í því að ljósleiðari er lagður í götuskáp og koparheimtaug nýtt frá götuskáp til heimilis. Með þessu er hægt að veita mjög hraðar tengingar sem verða flestar 100 MB/s. árið 2015. Þessi leið er mun hagkvæmari en sú að leggja ljósleiðara alla leið heim til viðskiptavina (e. *FTTH, Fibre to the Home*). Með þessu hefur Míla getað tekið smærri og hagkvæmari skref í þeirri vegferð að uppfæra aðgangsnét sitt en þó þannig að þörfum allflest ra notenda hefur verið mætt. Míla býður þegar FTTH í hverfum sem byggð eru frá og með 2007. Einnig er hafið verkefni hjá Mílu sem miðar að ljósvæðingu eldri hverfa. Míla hefur í gegnum tíðina lagt bæði ljósleiðara og rör inn á stóran hluta heimila á höfuðborgarsvæðinu sem lágmarkar kostnað við ljósleiðaravæðingu eldri hverfa á svæðinu. Síminn býður sína fastanetsþjónustu nær eingöngu á aðgangsneti Mílu. Aðgangsnetið er einnig nýtt til bakfæðingar farsímastöðva. Búist er við miklum vexti á því sviði á komandi árum vegna fjölgunar og meiri flutningsgetu farsímastöðva.

Míla hýsir eigin búnað og býður öðrum aðstöðuleigu í rúmlega 600 tækjarýmum um allt land, bæði í byggð og óbyggðum.

Öll helstu fjarskiptafyrirtæki Íslands eru viðskiptavinir Mílu. Einnig er Farice mjög stór viðskiptavinur. Síminn er þó langstærsti viðskiptavinur Mílu.

3.5.3 Fjölmíðlamarkaðurinn

Á íslenska fjölmíðlamarkaðnum starfa auk Símans m.a. innlend fyrirtæki á borð við RÚV ohf. og 365 miðla ehf. Skipta má innlendum fjölmíðlamarkaði í þrjá undirmarkaði: ljósvakamiðla, prentmiðla og aðra fjölmíðla. Síminn starfar á ljósvakamarkaði. Markaði ljósvakamiðla hefur verið skipt upp í sjónvarps- og hljóðvarpsmarkað auk þess sem sjónvarpsmarkaður á Íslandi skiptist í annars vegar opið sjónvarp og hins vegar áskriftarsjónvarp. Síðastnefnda skiptingin er grundvallarþáttur þegar horft er til tekna. Afkoma RÚV sem sendir út í opinni dagskrá er byggð á ríkisframlögum og auglýsingatekjum en auglýsingatekjur eru eini tekjupóstur annarra sjónvarps- og útvarpsstöðva sem senda út í opinni dagskrá. Auglýsingatekjur eru jafnframt mikilvægar í rekstri áskriftarsjónvarps en þær eru eðli máls minni en ef um er að ræða opna dagskrá hjá sambærilegum stöðvum.

Afþreying Símans

Sjónvarpsþjónusta Símans samanstendur af SkjáEinum, SkjáBíói, SkjáHeimi, SkjáSport og SkjáKrökkum. Með Tímaflakki og Frelsi bjóðast áhorfendum fjölbreyttar leiðir til að njóta fyrsta flokks sjónvarpsefnis hvar og hvenær sem er. Skjárinn var fyrstur á Íslandi til að bjóða gagnvirka sjónvarpsþjónustu með SkjáBíói árið 2005. Síminn býður upp á fyrstu VOD-þjónustu landsins í áskrift (SVoD) sem er SkjárKrakkar, sjónvarpsþjónusta fyrir unga áhorfendur eingöngu eftir pöntun. SkjárKrakkar var sett í loftið í lok árs 2013 og hefur áskriftarsala gengið vel.

Gott vöruframboð eða sjónvarpsefni er lykilþáttur í rekstrinum til að skapa grundvöll fyrir áskriftartekjur, áhorf og auglýsingatekjur. Helstu erlendu birgjar Skjásins eru Disney með einkasamningi, CBS Television, NBC Universal, Twentieth Century FOX o.fl. Árið 2013 hóf Skjárinn að bjóða upp á heilar þáttaraðir fyrir áhorfendur í SkjáFlakki og hefur verið leiðandi í ýmsum nýjungum í gagnvirku sjónvarpsefni. Í ársbyrjun 2014 hóf SkjárEinn sýningar á einu stærsta verkefni sínu sem er Biggest Loser Ísland og naut þátturinn töluverðra vinsælda og áskriftarsala jókst. Biggest Loser Ísland 2 fylgdi svo í kjölfarið á fyrri hluta árs 2015 og tilkynnt hefur verið um þriðju þáttaröðina í upphafi árs 2016. Í byrjun október 2015 mun SkjárEinn hefja sýningar á The Voice Ísland sem er eitt dýrasta verkefni stöðvarinnar frá upphafi. Skjárinn hefur tryggt sér útsendingarréttinn að EM 2016 í knattspyrnu karla þar sem íslenska landsliðið hefur tryggt sér þátttökurétt.

Línulegt sjónvarp

Á markaði fyrir innlent áskriftarsjónvarp hér á landi eru nú starfandi Síminn (með sjónvarpsstöðvarnar SkjáEinn og SkjáSport auk áskriftarpakka innan SkjásHeims o.fl.) og 365 miðlar (með sjónvarpsstöðvar sínar Stöð 2, Stöð 2 Sport 1 og 2, Stöð 2 Bíó, Stöð 3 o.fl.). Staða 365 á markaði fyrir áskriftarsjónvarp hefur verið talin afar sterk af samkeppnisyfirlöndum og er félagið talið vera í markaðsráðandi stöðu, sbr. úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála nr. 2/2013. RÚV er stærsti innlendi aðilinn á markaði fyrir opið sjónvarp. Auk þess eru minni sjónvarpsstöðvar eins og N4, ÍNN, Hringbraut og Omega allar sendar út í opinni dagskrá. Hlutdeild íslensku sjónvarpsmiðlanna er mæld í mínútum yfir vikuna og árið 2014 var hlutdeild SkjásEins 7,6% af heildaráhorfi sjónvarps, RÚV var með 57% hlutdeild og Stöð 2 með um 25% en hlutdeild annarra stöðva var minni. Í apríl 2015 var hlutdeild SkjásEins 9,3% það sem af var ári.

VoD-leiga

Skjárinn hefur boðið upp á SkjáBíó (*e. TvoD*) frá árinu 2005 og var því fyrstur á markað með gagnvirka sjónvarpsþjónustu. Samkeppni SkjásBíós á þessum markaði er Leigan sem Vodafone stafrækir á sínu dreifikerfi. Skjárinn starfrækir jafnframt áskriftarleiguna (*e. SVoD*) SkjárKrakkar sem var fyrsta SVoD-þjónustan á innlendum markaði.

Netflix, Hulu, HBO og Amazon teljast einnig til samkeppnisaðila Símans á markaðnum. Þarna er um að ræða erlenda aðila sem markaðssetja sig ekki með beinum hætti á íslenskum markaði. Netflix hefur þó boðað slíkt innan skamms en talið er að um 20 þúsund íslensk heimili séu með áskrift að Netflix. Einnig má nefna Vodafone sem býður t.d. Vodafone Play sem kom á markaðinn í apríl 2015.

Endurvarp erlendra stöðva

SkjárHeimur er í samkeppni við Fjölvarpið sem 365 miðlar starfrækja. Báðir aðilar eru með sína þjónustu á dreifikerfum Símans og Vodafone.

Útvarpsstöðvar

Samkeppnin á þessum markaði eru ríkisreknu útvarpsstöðvarnar auk útvarpsstöðva 365 miðla og nokkurra smærri aðila. Útvarpsstöðvar Skjásins, K100 og Retró, voru skv. mati stjórnenda með um 4% hlutdeild á auglýsingamarkaði árið 2013 og 5% árið 2014.

3.5.4 Upplýsingatæknimarkaðurinn

Nákvæm stærð upplýsingatæknimarkaðar á Íslandi liggur ekki fyrir en unnt er að styðjast við upplýsingar frá Hagstofu Íslands um stærð upplýsingatæknimarkaðar. Byggt er á ÍSAT 2008 atvinnugreinaflokkun hins opinbera og veltutölur notaðar úr þeim undirflokkum sem taldir eru upp í eftirfarandi töflu:


ÍSAT 2008 flokkar notaðir í skilgreiningu upplýsingatæknimarkaðar

ÍSAT 2008 flokkun	Lýsing
46.51.0	Heildverslun með tölvur, jaðartæki fyrir tölvur og hugbúnað
58.21.0	Útgáfa tölvuleikja
58.29.0	Önnur hugbúnaðarútgáfa
62.01.0	Hugbúnaðargerð
62.02.0	Ráðgjafarstarfsemi á sviði upplýsingatækni
62.03.0	Rekstur tölvukerfa
62.09.0	Önnur þjónustustarfsemi á sviði upplýsingatækni
63.11.0	Gagnavinnsla, hýsing og tengd starfsemi
63.12.0	Vefgáttir
63.99.0	Önnur ótalin starfsemi á sviði upplýsingaþjónustu

Heimild: Hagstofa Íslands.

Þannig er heildarvelta upplýsingatæknimarkaðar árið 2014 skv. Hagstofu Íslands um 83,8 ma.kr. og hefur farið vaxandi jafnt og þétt síðustu árin. Um 11,1% árlegur vöxtur var í greininni árið 2014, 11,3% árið 2013 og 5,9% árið 2012. Eftirfarandi mynd sýnir árlegar veltutölur upplýsingatæknimarkaðar frá árinu 2008.


Velta upplýsingatækniðnaðar á Íslandi (m.kr.)



Heimild: Hagstofa Íslands.

Ef yfirflokkar upplýsingatækniðnaðar eru skoðaðir þá eru um 28% af veltu 2014 tengd heildverslun og smásölu, um 37% tengd hugbúnaðargerð, útgáfu og sölu og rétt um fjórðungur tengdur ráðgjafarstarfsemi.

Hlutfall veltu 2014 eftir yfirflokkum



Heimild: Hagstofa Íslands.

Helstu samkeppnisaðilar

Á upplýsingatæknimarkaði starfa fyrirtæki á borð við Advania, Nýherja, Opin kerfi, Þekkingu og Sensa. Af þessum fyrirtækjum eru Advania, Nýherji og Opin kerfi stærst og nær vöruframboð þeirra yfir alla fyrrgreinda meginþætti upplýsingatækniðnaðar, þ.e. heildsölu vélbúnaðar og hugbúnaðar, hýsingu, ráðgjafarstarfsemi, hugbúnaðargerð, hugbúnaðarútgáfu og sölu.

Advania er stærsta upplýsingatæknifélag á Íslandi með um 1.000 starfsmenn og 20 starfstöðvar í þremur löndum. Þar af starfa um 600 manns á Íslandi, 280 í Svíþjóð og 120 í Noregi. Vöruframboð Advania samanstendur af heildverslun og netverslun með tölvubúnað, hugbúnaðarsmíð og lausnir, hýsingarlausnir ásamt ráðgjöf og þjónustu. Móðurfélag Advania á Íslandi sinnir alhliða upplýsingatækni með samþættum heildarlausnum fyrir atvinnulífið og neytendur með hugbúnaði, vélbúnaði, fjölbreyttri hýsingu og víðtækri rekstrarþjónustu. Samhliða þessu á Advania eitt stærsta gagnaver landsins, Thor Data Center. Advania í Svíþjóð er leiðandi fyrirtæki í sænskum þekkingariðnaði með höfuðstöðvar í Stokkhólmi og Advania í Noregi er stærsti sölu- og þjónustuaðili Microsoft Dynamics AX-laugna í Noregi.

Nýherji er eitt öflugasta upplýsingatæknifélag landsins og býður heildstæðar lausnir í upplýsingatækni sem samanstanda m.a. af ráðgjöf, sölu og vélbúnaði og hugbúnaði, skrifstofubúnaði og tækniþjónustu. Móðurfélag samstæðunnar, Nýherji, sér um sölu og tæknilega ráðgjöf á vél- og hugbúnaðarlausnum, hljóð- og myndlausnum, uppsetningu og rekstur upplýsingatæknilausna. Dótturfélög samstæðunnar eru Applicon sem starfar á sviði viðskiptahugbúnaðar, hugbúnaðarfyrirtækið TM Software sem sérhæfir sig í framleiðslu á eigin hugbúnaðarvörum og Tempo sem býður verkefnaumsjónar- og tímaskráningarlausnir. Um 470 manns starfa hjá Nýherjasamstæðunni bæði hérlandis og erlendis. Velta samstæðunnar var um 11,6 ma.kr. árið 2014.

Opin kerfi er leiðandi fyrirtæki í upplýsingatækni á Íslandi og sérhæfir sig í sölu tölvu- og samskiptabúnaðar, ráðgjöf og innleiðingu lausna auk þjónustu. Hjá félaginu starfa um 100 sérfræðingar og var velta Opinna kerfa rúmír 5 ma.kr. árið 2014.

Pekking er þjónustufyrirtæki á sviði upplýsingatækni. Hjá fyrirtækinu starfa um 60 manns á tveimur starfsstöðvum á landinu. Pekking býður fyrirtækjum upp á alhliða rekstrarþjónustu fyrir tölvukerfi, kerfisleigu, hýsingu, internetþjónustu og gagnaflutninga ásamt margs konar sérlausnum, ráðgjöf og kennslu.

Helstu samkeppnisaðilar Símans í upplýsingatækni eru í einhverjum tilfellum mikilvægir birgjar fyrir samstæðuna auk þess að vera viðskiptavinir í fjarskiptum.

Meginstraumar og vöruframboð í upplýsingatækni

Upplýsingatæknigeirinn gengur í gegnum miklar breytingar þar sem einföldun og samþáttun er að byrja að eiga sér stað í UT-heiminum sem hefur verið margbrotinn og með mikið af sérlausnum. Fram undan er úthýsing á UT-deildum minni og stærri fyrirtækja. Stærri fyrirtæki hafa séð sér leik á borði að taka til sín UT-rekstur og þróun á vél- og hugbúnaði með því að staðla, einfalda og gera þjónustuna ódýrari. Í daglegu tali er þetta of nefnt tölvuský (*e. cloud computing*).

Hugmyndafræði tölvuskýja er að samnýta reikniafl, minnis- og diskantökun eins og kostur er og gefa notendum kost á að nota tölvuafl án stofnkostnaðar, án tafar og á skalanlegan hátt eftir þörfum, gjarnan afhent yfir Netið. Helstu gerðir tölvuskýja eru almenn tölvuský (*e. public cloud*) (s.s. Amazon Web Services, Microsoft Azure og Google Cloud Platform) sem bjóða þjónustu aðeins yfir internetið og einkaský (*e. private cloud*) þar sem þjónustan er veitt á lokuðu neti. Auk þessa eru til skýþjónustur sem staðsetja mætti þar á milli. Algengasta leið stærri aðila til að nýta sér skýþjónustur er að tengja eigin kerfi eða einkaský við almennar skýþjónustur. Slík samsetning er nefnd blönduð ský (*e. hybrid cloud*).

Miðað við þróun undanfarinna ára og framtíðarspár mun vægi tölvuskýja aukast mikið. Sífelldar kröfur um hagræðingu í tölvurekstri munu leiða til enn meiri samnýtingar á reikniafli og gagnageymslum með til að mynda meiri og fullkomnari sýndarvæðingu. Fyrirtæki munu gera kröfu um aukinn sveigjanleika í tölvurekstri þar sem stofnkostnaður og eignfærslur eru lágmarkaðar og skölun (bæði til stækkunar og minnkunar) gangi hratt fyrir sigsvo fyrirtæki geti aðlagð sig að ytri aðstæðum hratt og örugglega án sérstakra fjárfestinga. Sífelld aukin þörf mun knýja öra þróun tölvuskýja næstu misseri þar sem birgjar munu keppast við að bjóða fyrirtækjum mikið reikniafl og gagnageymslur á mjög aðgengilegan og ódýran hátt. Líklegt þykir að framboð hugbúnaðarþjónustu eigi eftir að aukast og verða aðgengilegra en nú er. Þessu til stuðnings má benda á áherslur stærstu tæknifyrirtækjanna, þ.e. Amazon, Microsoft og Google, sem öll stefna í þessa átt.

Íslenskir aðilar munu taka þátt í þessari þróun og vinna með erlendum og öðrum innlendum aðilum eftir því sem best þykir í hverju tilfelli. Tækifæri eru í allri virðiskeðjunni frá gagnaveri og upp í ráðgjöf um bestu UT-lausnirnar. Rekstur tölvudeilda fyrirtækja mun líklega færast á færri hendur, í kjölfar tölvuskýja og fleiri staðlaðra hugbúnaðarlausna. Pekking á þessu sviði og samstarf við stóra og öflugra aðila, eins t.d. Sensa hefur við Cisco, mun tryggja samkeppnisforskot á innlendum markaði. Samkeppnisforskot innlendra aðila mun líka felast í nálægð við viðskiptavininn. Þar munu atriði eins og tafir (*e. latency*) í gagnaflutningi, öryggi gagna, staðsetning þeirra og persónuleg nærþjónusta, geta skipt mestu máli. Þá er líka mikilvægt það traust sem innlend fyrirtæki hafa byggt upp við sína viðskiptavini í gegnum árin því í mörgum tilfellum er mikilvægi UT-lausna hjá fyrirtækjum það mikið að ekki er hægt að treysta á ódýrustu leiðirnar og jafnvel óljós viðbrögð birgja ef upp koma vandamál í UT-lausnum.

Þá eru líka tækifæri fyrir innlenda aðila að reisa og reka gagnaver eins og þegar hefur verið sýnt fram á. Hér skiptir miklu máli að raforkan er örugg og hagstæð, hitasig er lágt og með litlum sveiflum sem lækkar kælingarkostnaðinn, gott aðgengi er að ljósleiðaralögnum og verð hagstætt en einnig er stór kostur að gott framboð er af hæfu tæknifólki á Íslandi á hagstæðum kjörum.

3.6 Eftirlitsaðilar með samkeppni á fjarskiptamarkaði

Síminn og Míla hafa verið skilgreind af Póst- og fjarskiptastofnun með umtalsverðan markaðsstyrk á nokkrum af þeim undirmörkuðum sem Póst- og fjarskiptastofnun hefur eftirlit með. Samkeppniseftirlitið annast framkvæmd og eftirlit með samkeppnislögum nr. 44/2005 og hefur sérstakar gætur á aðgerðum og starfsemi fyrirtækja sem skilgreind hafa verið í markaðsráðandi stöðu. Má m.a. sjá umfjöllun þessa efnis í köflum 1.2.11 *Kvaðir á fjarskiptafyrirtæki með umtalsverðan markaðsstyrk*, 1.2.12 *Ákvarðanir Póst- og fjarskiptastofnunar tengdar Símanum* og 1.2.13 *Samkeppnin og Samkeppniseftirlitið*.

3.6.1 *Ákvarðanir Póst- og fjarskiptastofnunar tengdar Símanum*

Póst- og fjarskiptastofnun hefur, samkvæmt lögum um fjarskipti, það verkefni að skilgreina fjarskiptamarkaði eftir þjónustu og landsvæðum í samræmi við meginreglur samkeppnisréttar og skuldbindingar skv. EES-samningnum. Jafnframt er Póst- og fjarskiptastofnun skylt að greina stöðuna á þessum mörkuðum og kanna hvort á þeim ríki virk samkeppni. Ef Póst- og fjarskiptastofnun kemst að þeirri niðurstöðu að á tilgreindum markaði ríki ekki virk samkeppni vegna þess að fyrirtæki, eitt eða með öðru(m), hafi umtalsverðan markaðsstyrk ber stofnuninni að útnefna það sem slíkt og leggja á það viðeigandi kvaðir. Slíkar kvaðir geta haft áhrif á starfsemi, rekstur og afkomu félagsins, s.s. viðmiðum er varða gjaldskrá í kjölfar kostnaðargreiningar þjónustupáttá, auknum kostnaði t.a.m. vegna tækni- og öryggiskrafna og lægri framlegð af vörum og þjónustu. Hér á eftir er greint frá þeim ákvörðunum er lúta að kvöðum sem lagðar hafa verið á Símann og dótturfélög hans á skilgreindum mörkuðum á sviði fjarskipta samkvæmt tilmælum Eftirlitsstofnunar EFTA frá 5. nóvember 2008.

Aðgangur að fasta talsímanetinu fyrir heimili og fyrirtæki

Með ákvörðun nr. 9/2013² varðandi smásölumarkaði fyrir almenna talsímaþjónustu á fastaneti fyrir bæði heimili og fyrirtæki vegna bæði innanlands og millilandasímtala er Síminn ekki lengur talinn hafa umtalsverðan markaðsstyrk líkt og í ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar nr. 30/2008. Mat Póst- og fjarskiptastofnunar nú er að ekki séu lengur ríkjandi verulegar og viðvarandi aðgangshindranir á viðkomandi smásölumörkuðum. Auk þess hefur dregið verulega úr markaðshlutdeild Símans á umræddum mörkuðum á síðustu árum.

Með ákvörðun nr. 8/2013³ varðandi smásölumarkað fyrir aðgang að fasta almenna talsímanetinu er það niðurstaða Póst- og fjarskiptastofnunar að Síminn njóti ennþá umtalsverðs markaðsstyrks á þeim markaði. Því er kvöðum viðhaldið á félagið á umræddum markaði, m.a. kvöðum um aðgang annarra fjarskiptafyrirtækja að fastaneti Símans og þjónustu á heildsölustigi á kostnaðargreindu verði. Síminn skal m.a. bjóða lausn þar sem þjónustuveitendur með fast forval geta gert viðskiptavinum sínum einn heildstæðan reikning (*e. single billing*) fyrir bæði aðgengi að talsímanetinu og símnotkun.

Með ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar nr. 37/2012⁴ um heildsölumarkað fyrir flutning símtala í talsímanetum taldi stofnunin ekki lengur vera skilyrði til þess að viðhalda kvöðum á Símanum á viðkomandi markaði. Voru allar kvaðir á Símann felldar niður.

Upphaf og lúkning símtala í fastaneti

Með ákvörðun nr. 36/2012⁵ varðandi heildsölumarkaði fyrir upphaf símtala í föstum almennum talsímanetum annars vegar (markaður 2) og lúkningu símtala í föstum almennum talsímanetum hins vegar (markaður 3) var það niðurstaða Póst- og fjarskiptastofnunar að útnefna Símann með umtalsverðan markaðsstyrk á báðum mörkuðum.⁶ Því hyggst Póst- og fjarskiptastofnun viðhalda kvöðum á félagið á þeim mörkuðum. Helsta breytingin á kvöðunum á báðum mörkuðum er sú að heildsöluverð félagsins skulu ráðast af verðsamanburði við ríki á EES-svæðinu sem beita tiltekinni kostnaðargreiningaraðferð við ákvörðun verðs í stað þess að byggja á kostnaðargreiningu Símans eins og áður var gert. Póst- og fjarskiptastofnun ákvað að leggja kostnaðargreiningu Símans til grundvallar fram að þeim tíma sem verðsamanburður færi fram.

² Ákvörðunina má í heild sinni finna á vef Póst- og fjarskiptastofnunar: http://www.pfs.is/upload/files/Ákv_nr.9_2013.pdf.

³ Ákvörðunina má í heild sinni finna á vef Póst- og fjarskiptastofnunar: http://www.pfs.is/upload/files/Ákv_nr.%208_2013.pdf.

⁴ Ákvörðunina má í heild sinni finna á vef Póst- og fjarskiptastofnunar: http://www.pfs.is/library/Skrar/Markadsgreining/M-2-3-og-10_akv-36-og-37-2012/Ákv_nr.37_2012_M10.pdf

⁵ Ákvörðunina má í heild sinni finna á vef Póst- og fjarskiptastofnunar: http://pfs.is/upload/files/Ákv_nr.%2036_2012_M2ogM3.pdf.

⁶ Markaðir eru skilgreindir á grundvelli reglugerðar nr. 741/2009 um markaðsgreiningar á sviði fjarskipta: <http://www.pfs.is/fjarskipti/markadsgreining/skilgreindir-markadir/>.

Síminn er eina fyrirtækið sem er undir kvöðum á heildsölumarkaði fyrir upphaf símtala í föstum almennum talsímanetum en auk Símans eru Fjarskipti hf., Símafélagið ehf., Nova ehf. og Hringdu ehf. útnefnd með umtalsverðan markaðsstyrk á heildsölumarkaði og hefur Póst- og fjarskiptastofnun ákveðið að hámarkslúkningargjald skuli vera það sama hjá öllum fyrirtækjum. Þetta þýðir að lækun á lúkningartekjum Símans hefur að sama skapi þau áhrif að kostnaður Símans vegna lúkningar í kerfum annarra fjarskiptafyrirtækja lækkar. Viðskiptavinir heildsölu Símans eru um tíu talsins. Nokkrir þeirra eru mjög stórir og standa undir verulegum hluta af tekjum heildsölnnar. Brottfall eða greiðslufall hjá slíkum aðilum getur haft umtalsverð áhrif á heildartekjur samstæðunnar.

Með ákvörðuninni var hámarksupphafsgjald Símans hf. ákveðið 0,63 kr. og hámarkstengigjald 0,62 kr. Umrædd verðlagning hefur verið í gildi frá 1. mars 2013. Þá var hámarkslúkningargjald ákveðið 0,63 kr. og hámarkstengigjald 0,62 kr. Póst- og fjarskiptastofnun endurskoðar reglulega verðlagningu á markaðnum en ákveði stofnunin frekari lækun á hámarksverði má reikna með slíkt hafi neikvæð áhrif á tekjur Símans hf. Póst- og fjarskiptastofnun birti nýja ákvörðun á mörkuðum tvö og þrjú þann 30. júlí 2015, sbr. ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar nr. 19/2015.⁷ Í ákvörðuninni kom fram að tengigjöld yrðu felld niður bæði hvað varðar upphaf og lúkningu auk þess sem gjöld vegna upphafs símtala lækkar í 0,56 kr. og lúkning lækkar í 0,16 kr. Umrædd gjöld gilda frá 1. janúar 2016.

Lúkning símtala í einstökum farsímanetum

Í ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar varðandi heildsöluþjónustu á farsímaarkaði nr. 32/2012⁸ var farsímafyrirtækjum gert að jafna og lækka lúkningarverð, þ.e. það verð sem farsímafyrirtæki tekur fyrir að ljúka símtali í sínu kerfi sem hefst í öðru kerfi. Frá og með 1. júlí 2013 átti lúkningarverð allra farsímafyrirtækja á markaði að vera það sama eða 1,66 kr./mín. Með ákvörðuninni, sem var sú fjórða sem Póst- og fjarskiptastofnun tók á viðkomandi markaði frá árinu 2006, var því sett hámark á lúkningargjald farsímafyrirtækja en áður hafði það verið mismunandi á milli félaga.

Samkeppnisvandamál sem Póst- og fjarskiptastofnun hefur greint á viðkomandi markaði má fyrst og fremst rekja til þess að það farsímafyrirtæki sem ræður yfir því farsímaneti þar sem símtalinu lýkur er með einokunarstöðu á viðkomandi markaði. Póst- og fjarskiptastofnun telur að með framangreindri ákvörðun sinni verði ekki lengur til staðar ein meginforsenda verðmismunar í farsímaþjónustu þegar hringt er í annað farsímafélag. Flest samkeppnisvandamálin hafa tengst lúkningarverði og að mati Póst- og fjarskiptastofnunar hefur átt sér stað yfirverðlagning á símtölum á milli kerfa.

Úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála felldi úr gildi gildistöku lækunar lúkningarverðs þann 30. júní 2013. Póst- og fjarskiptastofnun tilkynnti í ágúst 2013 um samráðsferli við fjarskiptafyrirtæki og aðra hagsmunaaðila í kjölfar frumdraga við greiningu á heildsölugjaldskrá fyrir lúkningu símtala í einstökum fjarskiptanetum.

Með ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar nr. 25/2013⁹ í október 2013 var kveðið á um að lúkningarverð skyldi lækkað úr 4 kr./mín. í 1,64 kr./mín. frá og með 1. janúar 2014. Með ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar 24/2014¹⁰ í október 2014 var hámarkslúkningarverð lækkað enn frekar niður í 1,52 kr./mín. frá og með 1. janúar 2015. Póst- og fjarskiptastofnun birti ákvörðun um heildsölumarkað vegna lúkningar í einstökum farsímanetum 31. júlí 2015, sbr. ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar nr. 20/2015.¹¹ Í ákvörðuninni kom fram að kvöðum á öllum farsímafyrirtækjum yrði viðhaldið en felld var niður kvöð á Símanum og Vodafone um bókhaldslegan aðskilnað.

⁷ Ákvörðunina má í heild sinni finna á vef Póst- og fjarskiptastofnunar: <http://www.pfs.is/fjarskipti/markadsgreining/kostnadargreiningar/akvordun-pfs-nr.-19-2015/>.

⁸ Ákvörðunina má í heild sinni finna á vef Póst- og fjarskiptastofnunar: http://pfs.is/upload/files/Akv_32_2012_M7.pdf.

⁹ Ákvörðunina má í heild sinni finna á vef Póst- og fjarskiptastofnunar: http://www.pfs.is/library/Skrar/akv.-og-urskurdir/akvardanir-PFS/%C3%81kv_PFS_nr.25_2013_Ver%C3%B0samanbur%C3%B0ur_M7.pdf.

¹⁰ Ákvörðunina má í heild sinni finna á vef Póst- og fjarskiptastofnunar: http://www.pfs.is/library/Skrar/akv.-og-urskurdir/akvardanir-PFS/%C3%81kv_PFS_nr.24_2014.pdf.

¹¹ Ákvörðunina má í heild sinni finna á vef Póst- og fjarskiptastofnunar: <http://www.pfs.is/fjarskipti/markadsgreining/markadur-7/m7-akvordun-20-2015/>.

Heildsöluáðgangur að bitastraumi

Míla hefur verið útnefnd með umtalsverðan markaðsstyrk á markaði fyrir bitastraumsaðgang (markaður fyrir breiðbandsaðgang) í heildsölu (markaður 5), sbr. ákvörðun PFS 21/2014.

Aðrar ákvarðanir Póst- og fjarskiptastofnunar sem snúa að bitastraumsaðgangi Mílu er ákvörðun 13/2014 þar sem Mílu er heimilt að hefja veitingu nýrra tegunda bitastraumsþjónustu, ákvörðun 17/2014, þar sem Póst- og fjarskiptastofnun samþykkir kostnaðargreiningu Mílu á verðskrá fyrir bitastraumsaðgang samkvæmt aðgangsleiðum 1 og 3 með tilteknum breytingum, ákvörðun 41/2014 varðandi verð og skilmála fyrir VDSL+ fyrirtækjateningar og lén og tengiskil vegna samtenginga: Póst- og fjarskiptastofnun samþykkir verð og skilmála fyrir VDSL+ fyrirtækjatengingar á aðgangsleið 1 og 3 og samtengingar internetþjónustuaðila við xDSL- og GPON-kerfi Mílu vegna aðgangsleiðar 3, ákvörðun 29/2014 um breytingu á viðmiðunartilboði um bitastraumsaðgang að því er varðar vigrun á ljósveitutengingum félagsins en samkvæmt ákvörðuninni er Mílu heimilt að innleiða vigrunartækni á Ljósveitutengingum félagsins.

Heildsöluáðgangur að föstum aðgangsnetum

Míla hefur verið útnefnd með umtalsverðan markaðsstyrk fyrir heildsöluáðgang að föstum aðgangsnetum (markaður 4), sbr. ákvörðun PFS 21/2014. Samkvæmt ákvörðuninni er allt landið einn landfræðilegur markaður og hefur Póst- og fjarskiptastofnun lagt kvaðir á Mílu um að veita aðgang, viðhafa gagnsæi (birta viðmiðunartilboð), sýna jafnræði, viðhafa bókhaldslegan aðskilnað og lúta verðeftirliti PFS þannig að verð og skilmálar Mílu skulu lagðir fyrir PFS til samþykktar. Þessar kvaðir eru svipaðar og lagðar voru á Mílu í eldri ákvörðunum PFS á umræddum markaði.

Stofnlínuhluti leigulína

Míla hefur verið útnefnd með umtalsverðan markaðsstyrk á markaði fyrir stofnlínuhluta leigulína (áður markaður 14), sbr. ákvörðun PFS 21/2015. Samkvæmt ákvörðuninni er allt landið einn landfræðilegur markaður og hefur Póst- og fjarskiptastofnun lagt kvaðir á Mílu um að veita aðgang, viðhafa gagnsæi (birta viðmiðunartilboð), sýna jafnræði, viðhafa bókhaldslegan aðskilnað og lúta verðeftirliti PFS þannig að verð og skilmálar Mílu skulu lagðir fyrir PFS til samþykktar. Þessar kvaðir eru svipaðar og settar voru í eldri ákvörðun PFS um stofnlínuhluta leigulína.

Lúkningarhluti leigulína

Míla hefur verið útnefnd með umtalsverðan markaðsstyrk á markaði fyrir lúkningarhluta leigulína (markaður 6), sbr. ákvörðun PFS 8/2014. Samkvæmt ákvörðuninni er allt landið einn landfræðilegur markaður og PFS hefur lagt kvaðir á Mílu um að veita aðgang, viðhafa gagnsæi (s.s. með birtingu viðmiðunartilboða), sýna jafnræði, viðhafa bókhaldslegan aðskilnað og lúta verðeftirliti PFS þannig að verð og skilmálar Mílu skulu lagðir fyrir PFS til samþykktar. Um er að ræða svipaðar kvaðir og hvílt hafa á félaginu frá fyrri ákvörðunum um markaðsgreiningu.

Alþjónustukvöð

Með ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar nr. 32/2011¹² voru Míla ehf. og Síminn hf. útnefnd með skyldu til að veita alþjónustu í fjarskiptum á starfssvæði sínu að því er viðkemur gagnaflutningsþjónustu með 128 KB/s. flutningsgetu. Útnefningin náði til alls landsins og er félögunum jafnframt skylt að reka almenningssíma. Framangreind ákvörðun útnefnir félögin einnig með skyldu til að veita öryrkjum og notendum með sérstakar þjóðfélagsþarfir þá þjónustu sem fyrirtækið veitir undir merkjum alþjónustu. Útnefningartímabil þeirra alþjónustukvaða sem lagðar voru á félögin í ákvörðuninni skyldu gilda frá og með 1. janúar 2012 og til og með 31. desember 2012 en þau voru framlengd til 31. desember 2013.

¹² Ákvörðunina má í heild sinni finna á vef Póst- og fjarskiptastofnunar: http://www.pfs.is/upload/files/Ákv_nr.32_2011.pdf.

Póst- og fjarskiptastofnun felldi úr gildi allar alþjónustukvaðir á Símann með ákvörðun nr. 30/2013. Þá ákvað stofnunin að engar alþjónustukvaðir skyldu lagðar á fjarskiptamarkaðinn að því er varðar aðgang að talsímaþjónustu, aðgang að gagnaflutningsþjónustu, rekstur almenningssíma og þjónustu við öryrkja eða notendur með sérstakar þjóðfélagsþarfir. Hins vegar voru lagðar alþjónustukvaðir á Mílu hvað varðar tengingu við almenna fjarskiptanetið og skal hún vera til þess fallin að hægt sé að bjóða almenna talsímaþjónustu sem og nothæfa gagnaflutningsþjónustu. Var útnefningartímabilið til ársloka 2014. Þann 21. febrúar 2014 birti Póst- og fjarskiptastofnun umræðuskjal um hugmyndir að framtíðarfyrirkomulagi varðandi þá skyldu, innan alþjónustu, að útvega tengingu við almenna fjarskiptanetið. Með bréfi dags. 3. september 2014 boðaði Póst- og fjarskiptastofnun þá ákvörðun að alþjónustukvaðir yrði lagðar á Mílu ehf. um að útvega tengingu við almenna fjarskiptanetið, sbr. 1. mgr. 6. gr. reglugerðar um alþjónustu nr. 1356/2007, sbr. 3. mgr. 19. gr. fjarskiptalaga nr. 83/2003. Póst- og fjarskiptastofnun tók síðan ákvörðun um að leggja alþjónustukvaðir á Mílu ehf., sbr. ákvörðun stofnunarinnar nr. 40/2014.¹³ Gildir útnefningartímabil þessara alþjónustukvaða frá og með 1. janúar 2015 til og með 31. desember 2018. Heimilt er að framlengja útnefningartímabilið til 31. desember 2020. Míla hefur kært ákvörðunina til úrskurðarnefndar Fjarskipta- og póstmála þar sem Míla telur að lagagrundvöll skorti fyrir ákveðnum þáttum í ákvörðuninni og skapi réttaróvissu.

3.6.2 Ákvarðanir Samkeppniseftirlitsins og önnur mál til meðferðar hjá því

Sátt Samkeppniseftirlitsins og Símans frá 8. mars 2013

Síminn og Samkeppniseftirlitið gerðu heildarsátt 8. mars 2013, þar sem gerðar voru breytingar á skipulagi og háttsemi Símasamstæðunnar. Í forsendum ákvörðunar Samkeppniseftirlitsins kemur fram að sáttin hafi verið gerð í því skyni að efla samkeppni. Með henni væri tryggt að keppinautar Símans sætu við sama borð og Síminn sjálfur varðandi aðgang að grunnfjarskiptakerfum Símasamstæðunnar. Var gengið lengra í slíkum aðskilnaði fyrrverandi einokunarfyrirtækis í fjarskiptum en tíðkast í nágrannalöndunum. Síminn féllst einnig á að greiða 300 milljónir kr. í stjórnvaldssekt í því skyni að efla varnaðaráhrif og stuðla að því að samkeppni yrði eflað, sbr. 25. gr. ákvörðunar nr. 6/2013. Upphaflega var sáttin gerð á milli Skipta hf., Símans hf., Mílu ehf. og Skjásins ehf. annars vegar og Samkeppniseftirlitsins hins vegar. Vegna samruna Símans hf. og Skipta hf. voru gerðar ákveðnar breytingar á sáttinni, sbr. ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 6/2015. Síminn hf. (þá Skipti hf.) óskaði í desember 2013 eftir heimild Samkeppniseftirlitsins til þess að sameina Símann hf. og Skipti hf. Í stað þess að Síminn og Míla væru systurfélög undir móðurfélaginu Skiptum varð Míla dótturfélag Símans. Í febrúar 2014 var tilkynnt opinberlega um fyrirætlunir um sameiningu félaganna með fyrirvara um endanlegt samþykki Samkeppniseftirlitsins. Þann 23. janúar 2015 náðu Síminn hf. og Míla ehf. annars vegar og Samkeppniseftirlitið hins vegar samkomulagi um breytingar á ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 6/2013. Verður gerð grein fyrir sáttinni eins og henni var breytt með ákvörðun nr. 6/2015.

Með sáttinni voru gerðar breytingar á skipulagi samstæðunnar og þar með á íslenska fjarskiptamarkaðnum. Í þessu samhengi ber að hafa í huga að forverar Símans (Landssími Íslands/Póst- og símamálastofnun) höfðu um áratugaskeið byggt upp víðfeðmt og öflugt fjarskiptakerfi. Samkeppni í fjarskiptum var að fullu heimiluð árið 1998 og var Landssíminn einkavæddur á árinu 2005.

Á undanförunum árum hafa orðið miklar breytingar á fjarskiptamarkaði með tilkomu virkrar samkeppni í grunnfjarskiptakerfum. Gagnaveita Reykjavíkur hefur byggt upp ljósleiðaranet á suðvesturhorni landsins í beinni samkeppni við aðgangs- og stofnnet Mílu. Einnig hefur íslenska ríkið, með sérstökum samningi sem gerður var árið 2010, veitt Vodafone aðgang að ljósleiðaraþræði í ljósleiðarahringnum kringum landið. Gildistími samningsins er 10 ár. Vodafone getur því boðið upp á gagnasambönd milli landshluta án þess að nýta stofnnet Mílu.

Dótturfélag Símans, Míla, rekur landsdekkandi grunnfjarskiptakerfi. Til þess að geta keppt á fjarskiptamarkaði þurfa keppinautar Símans í sumum tilvikum aðgang að kerfinu. Sökum þess eru sumir keppinautar Símans og raunar Mílu einnig viðskiptavinir samstæðunnar í ákveðnum tilvikum. Þessi lóðréttu samþætting Símasamstæðunnar hafa yfirvöld talið skapa viðvarandi hættu á samkeppnishömlum og hagsmunárekstrum, m.a. hættu á að smásala Símans nyti betri kjara, þjónustu eða gæða varðandi aðgang að grunskerfinu en keppinautarnir. Taldi Samkeppniseftirlitið að aðgerðir Símans í eldri málum ættu margar rót sína að rekja, með einum eða öðrum hætti, til skipulags samstæðunnar.

¹³ Ákvörðunina má í heild sinni finna á vef Póst- og fjarskiptastofnunar: http://www.pfs.is/library/Skrar/akv.-og-urskurdir/akvardanir-PFS/%C3%81kv_PFS_nr.40_2014.pdf.

Með sáttinni var gerður skýr og afgerandi aðskilnaður milli annars vegar grunnkerfa samstæðunnar og þjónustu við fjarskiptafyrirtæki sem tengist þessum grunnkerfum og hins vegar smásöluþjónu Símans. Samkvæmt sáttinni eru Síminn og dótturfélög bundin af ítarlegum skilyrðum sem tryggja þetta og vinna þannig gegn því að staða Símans í grunnfjarskiptum sé nýtt til þess að skapa fyrirtækinu óeðlilegt samkeppnisforskot. Með sáttinni er þannig leitast við að tryggja að Síminn og keppinautar hans sitji við sama borð þegar kemur að aðgangi að grunnfjarskiptakerfum og kaupum á fjarskiptaþjónustu af samstæðunni á heildsöluþingi.

Í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins er gerð grein fyrir því að í ýmsum ríkjum Evrópu (t.d. Bretlandi og Svíþjóð) hafi verið gripið til ráðstafana til að breyta skipulagi fjarskiptafyrirtækja sem áður nutu einokunar. Hefur markmið þeirra ráðstafana verið að efla samkeppni m.a. með því að tryggja jafnan aðgang að grunnkerfum. Í tilviki Símans taldi Samkeppniseftirlitið nauðsynlegt að ganga lengra í slíkum aðskilnaði en í nágrannalöndunum.

Draga má saman kjarna þeirra fyriræla sem Síminn hefur með sáttinni, eins og henni var breytt með ákvörðun nr. 6/2015, skuldbundið sig til þess að hlíta:

- Sáttinni er ætlað að tryggja fullt jafnræði kaupenda að öllum heildsöluafurðum (grunnfjarskiptaþjónustu) sem Míla selur. Í þessu felst að keppinautar Símans skulu fá sama aðgang að þeim fjarskiptavirkjum og -þjónustu með sömu kjörum, skilmálum og gæðum og Síminn sjálfur nýtur á hverjum tíma. Hið sama tekur til jafnræðis í allri upplýsingagjöf.
- Til að tryggja framangreint er mælt fyrir um sjálfstæði Mílu og felur sáttin í sér verulegan aðskilnað Mílu frá Símanum og öðrum fyrirtækjum innan Símasamstæðunnar. Í þessu skyni er mælt fyrir um m.a. þetta:
 - Sjálfstæði Mílu er m.a. tryggt með skýrum fyrirællum um viðskiptastefnu og verksvið fyrirtækisins. Þannig skulu stjórnarmenn Mílu vera óháðir Símanum og tengdum félögum. Þó er heimilt að minnihluti hinna óháðu stjórnarmanna Mílu sitji jafnframt í stjórn Símans en um þátttöku þeirra í störfum stjórnar Mílu gilda strangar reglur. Með breytingu á sáttinni er gerð aukin krafa um aðskilnað á húsnæði Símans og Mílu frá 1. janúar 2017. Trúnaðarskylda er rík og almennt bann við samnýtingu á stoðþjónustu nema þar sem annað er tekið fram.
 - Stofnnetshluti fjarskiptanetsins sem var fluttur frá Mílu yfir til Símans árið 2012 verður fluttur aftur til Mílu. Rekstur aðgangskerfa í aðgangsneti sem var áður hjá Símanum verður einnig fluttur til Mílu. Mun starfsemi Mílu að þessu leyti eflast talsvert.
 - Þrátt fyrir framangreindar breytingar mun heildsala Símans selja keppinautum fyrirtækisins tiltekna þjónustu, t.d. netþjónustu í heildsölu, sjónvarpsþjónustu í heildsölu og lúkningu símtala í farsímaneti. Mælt er fyrir um ráðstafanir til þess að tryggja sjálfstæði heildsölu Símans að þessu leyti og tryggja að keppinautar Símans sitji við sama borð og Síminn sjálfur í viðskiptum við heildsölu Símans. Á þetta við um verðlagningu, gæði og jafnræði í allri upplýsingagjöf.

Í sáttinni eru ákvæði sem ætlað er að tryggja að í samningum og öðrum aðgerðum Símans sé ekki gripið til ráðstafana sem eru til þess fallnar að raska samkeppni. Er í því sambandi m.a. mælt fyrir um að allir gildandi viðskiptasamningar verði yfirfarnir en þeirri vinnu lauk árið 2013. Einnig kemur fram að Símanum sé óheimilt að gera samninga um fjarskiptaþjónustu við almenn fyrirtæki sem innihalda ákvæði um einkakaup eða tryggðarkjör, þ.e. þar sem kaupandi fjarskiptaþjónustu er skuldbundinn til þess að kaupa 70% eða meira af þörf sinni fyrir fjarskiptaþjónustu af Símanum.

Síminn skuldbindur sig til að innleiða og viðhalda viðamikilli samkeppnisréttaráætlun. Í henni felst í aðalatriðum að tryggt sé með virkum aðgerðum og fræðslu að starfsmenn Símans fylgi þessari sátt og öðrum skyldum sem leiða af samkeppnislögum.

Til að tryggja að sáttin nái markmiði sínu er gengið lengra í viðvarandi eftirliti en áður hefur tíðkast í samkeppnismálum hér á landi. Síminn hefur stofnað sérstaka eftirlitsnefnd sem starfar innan samstæðunnar. Hún er skipuð þremur óháðum fulltrúum en þó er heimilt að einn stjórnarmaður sé jafnframt starfsmaður Mílu sem sinni ekki fyrirsvari fyrir þjónustu og samskipti við viðskiptavinum samstæðunnar sem þó má ekki vera starfsmaður Símans. Tryggt verður að nefndin geti starfað sjálfstætt og er henni ætluð margvísleg verkefni til að tryggja framgang sáttarinnar. Skipun hinna óháðu nefndarmanna er háð samþykki Samkeppniseftirlitsins og Póst- og fjarskiptastofnunar. Verði nefndin þess vör að Símasamstæðan hafi brotið gegn sáttinni skal hún tilkynna það Samkeppniseftirlitinu.

Eftirlitsnefnd um jafnan aðgang fjarskiptafyrirtækja (EJAF) er starfrækt á grundvelli 23. og 24. gr. ákvörðunar SE nr. 6/2013 ásamt síðari breytingum. Meginhlutverk hennar er að hafa eftirlit með því að sáttinni sé fylgt af hálfu Símans og Mílu. Með síðari breytingum hefur óháði nefndarinnar frá Símanum verið skerpt og einnig hefur nefndin fengið það hlutverk að veita ráðgefandi álit til félaganna um atriði er tengjast framkvæmd sáttarinnar. Nefndin heldur úti heimasíðu þar sem helstu upplýsingar um nefndina koma fram og hvernig tekið er á móti kvörtunum, www.ejaf.is. Þar einnig að finna verklagsreglur nefndarinnar. Samskipti við nefndina eru

skrifleg en fundir eru haldnir eftir því sem nefndin telur þörf á. Nefndin kallar eftir upplýsingum frá félögum sem einnig veita nefndinni mánaðarlega skýrslu um lykilframmistöðuþætti er varða jafnræði milli tengdra og ótengdra fyrirtækja. Þá hafa verið gerðar sérstakar úttektir á mikilvægum þáttum er varða framkvæmd og innleiðingu sáttarinnar, sbr. úttekt Capacent.

Í sáttinni felst að fallið er frá ágreiningi vegna tiltekinna úrskurða áfrýjunarnefndar samkeppnismála. Í því felst að Síminn fellir niður dómsmál og mun ekki hefja dómsmál m.a vegna úrskurða áfrýjunarnefndar samkeppnismála í málum nr. 10/2011 og nr. 1/2012.

Að síðustu skal Samkeppniseftirlitið taka rökstudda afstöðu að fengnu erindi frá Símanum eða Mílu um hvort nauðsynlegt sé að viðhalda hvaða skilyrði sem er í sáttinni. Slík beiðni má fyrst koma fram tveimur árum eftir gildistöku breytinga á sáttinni, sbr. ákvörðun nr. 6/2015.

Með bréfi Samkeppniseftirlitsins til Símans, dags. 4. apríl 2013, staðfesti Samkeppniseftirlitið að þegar ákvörðun nr. 6/2013 hefði verið birt þann 26. mars 2013. hefðu ekki verið til rannsóknar hjá eftirlitinu nein mál er varða meint brot Símans eða Mílu ehf. á samkeppnislögum. Um mál sem hafa komið upp eftir 4. apríl 2013 vísast til kafla hér á eftir undir fyrirsögninni *Mál til meðferðar hjá Samkeppniseftirlitinu*.

Nova ehf. kærði ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 6/2013, sem staðfesti sáttina við Símann, til áfrýjunarnefndar samkeppnismála. Kæran var reist á því að ákvæði samkeppnislaga og reglna réttilega settum með stoð í þeim heimiluðu ekki að málum væri lokið á þann hátt sem gert var í nefndri ákvörðun. Áfrýjunarnefnd samkeppnismála hafnaði kröfum Nova ehf. og féllst í meginatriðum á sjónarmið Samkeppniseftirlitsins. Úrskurður áfrýjunarnefndar samkeppnismála var kveðinn upp 28. ágúst 2013. Nova höfðaði ekki dómsmál vegna úrskurðarins en lagði fram kvörtun vegna samruna Símans og Skipta, sjá nánar í kafla hér á eftir undir fyrirsögninni *Mál til meðferðar hjá Samkeppniseftirlitinu*.

Ekki er loku fyrir það skotið að þeir sem hafa lagt fram kvartanir til Samkeppniseftirlitsins og fjallað er um hér síðar kunni að láta reyna á rétt sinn til skaðabóta vegna meintra brota en ómögulegt er að segja til um það hvort einstakir aðilar sem lagt hafa fram kvörtun kunni að ná árangri í slíkum skaðabótamálum, hvort heldur sem er í þeim málum þar sem ákvarðanir eða úrskurðir hafa gengið eða vegna þeirra mála sem lokið var með sátt. Að sama skapi er ekki unnt að leggja mat á það hver möguleg fjárhæð krafna yrði í slíkum málum. Ekki er skilyrði fyrir því að skaðabótamál verði höfðað að mál hafi verið til meðferðar hjá samkeppnisfyrirvöldum. Hins vegar gilda meginreglur skaðabótaréttar um slík mál, þ.m.t. um sönnunarfærslu fyrir raunverulegu tjóni, orsakatengsl og sennilega afleiðingu. Nokkrir aðilar hafa krafist Símann um skaðabætur vegna samkeppnismála en í þeim efnum er vísað til kafla 1.2.19 *Ágreinings- og dómsmál*.

Í þeim málum sem lokið var með sátt hafa Síminn og dótturfélög hans hafnað því að brotið hafi verið gegn samkeppnislögum nr. 44/2005 og með sáttinni felst engin viðurkenning á brotum Símans eða dótturfélaga hans gegn samkeppnislögum.

Þann 21. nóvember 2013 upplýsti Síminn eftirlitsnefnd um jafnan aðgang fjarskiptafyrirtækja um það að upp hefðu komið atvik sem sýndu að bæta þyrfti aðgangsstýringar að heildsöluupplýsingum í upplýsingakerfum Símans. Kom fram í tilkynningu Símans að unnið væri að því að greina vandann og gera lagfæringar á aðgangsstýringum að upplýsingakerfunum. Lauk þeirri vinnu innan þriggja vikna. Í kjölfarið lét eftirlitsnefndin gera sérstaka úttekt á aðgangsstýringum að heildsöluupplýsingum. Eftirlitsnefndin hefur þar að auki tilkynnt eitt erindi sérstaklega til Samkeppniseftirlitsins og er vísað til kafla hér á eftir undir fyrirsögninni *Mál til meðferðar hjá Samkeppniseftirlitinu*.

Breytingar á ákvörðun nr. 6/2013 með nýrri sátt Símans hf. og Samkeppniseftirlitsins í janúar 2015

Síminn hf. (þá Skipti hf.) óskaði í desember 2013 eftir heimild Samkeppniseftirlitsins til þess að sameina Símann hf. og Skipti hf. Í stað þess að Síminn og Míla væru systurfélög undir móðurfélaginu Skiptum varð Míla dótturfélag Símans. Í febrúar 2014 var tilkynnt opinberlega um fyrirætlanir um sameiningu félaganna með fyrirvara um endanlegt samþykki Samkeppniseftirlitsins. Í janúar 2015 náðu Síminn hf. og Samkeppniseftirlitið samkomulagi um breytingar á ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 6/2013 sem fela í sér m.a. eftirfarandi breytingar ákvörðuninni.

Sjálfstæði stjórnar Mílu gagnvart Símanum var styrkt. Þannig skulu stjórnarmenn Mílu vera óháðir Símanum og tengdum félögum. Þó er heimilt að minnihluti hinna óháðu stjórnarmanna Mílu sitji jafnframt í stjórn Símans en um þátttöku þeirra í störfum stjórnar Mílu gilda strangar reglur.

Gerð er krafa um aukinn aðskilnað á húsnæði Símans og Mílu frá 1. janúar 2017. Einnig eru heimildir Mílu til að leita stoðþjónustu til móðurfélags þrengdar frá fyrri sátt en félögin hafa frest til 1. janúar 2016 til þess að ljúka þeim breytingum.

Sjálfstæði eftirlitsnefndar um jafnan aðgang fjarskiptafyrirtækja að kerfum (EJAF) var styrkt, m.a. með því að allir starfsmenn nefndarinnar skulu vera óháðir Símanum, Mílu og tengdum félögum en þó er heimilt að skipa starfsmann Mílu í nefndina sem er ekki í forsvari fyrir þjónustu og samskipti við viðskiptavinum. Formaður skal ávallt vera óháður Símanum. Þá var felld niður skylda Mílu til þess að setja upp eigið IP-/MPLS-kerfi og félaginu heimilað til frambúðar að nýta kerfi Símans til þess að veita bitastraumsaðgang.

Að öðru leyti voru skuldbindingar samstæðunnar á grundvelli ákvörðunar nr. 6/2013 óbreyttar.

Eftirlitsnefnd um jafnan aðgang fjarskiptafyrirtækja að kerfum, sem komið var á fót með ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 6/2013, er ætlað að fylgja því eftir að framangreind styrking fái greiðan framgang og tryggja hagsmuni viðskiptavina Mílu á aðlögunartíma hinna breyttu skuldbindinga Símasamstæðunnar.

Að síðustu skal Samkeppniseftirlitið taka rökstudda afstöðu að fengnu erindi frá Símanum eða Mílu um hvort nauðsynlegt sé að viðhalda hvaða skilyrði sem er í sáttinni. Slík beiðni má fyrst koma fram tveimur árum eftir gildistöku sáttarinnar.

Stjórnsýslumál sem lokið var með sátt Samkeppniseftirlitsins og Símans frá 8. mars 2013

Við undirbúning sáttarinnar frá 8. mars 2013 hafði Samkeppniseftirlitið nána samvinnu við Póst- og fjarskiptastofnun. Samkvæmt 26. gr. sáttarinnar telst þeim rannsóknum Samkeppniseftirlitsins lokið sem fjallað er um í þessum kafla.

Rannsókn á meintri misnotkun Símans á markaðsráðandi stöðu á fjarskiptamarkaði, sbr. andmælaskjal dags. 23. febrúar 2012

Málið má rekja til ábendingar til Samkeppniseftirlitsins, dags. 25. júní 2007, um að Síminn gætti ekki jafnræðis gagnvart fyrirtækjum í magnafsláttum vegna ADSL-tenginga. Samkeppniseftirlitið tók málið til rannsóknar og útvíkkaði rannsókn þess þannig að hún náði einnig til skoðunar á því hvort 11. gr. samkeppnislaga hefði verið brotin með undirverðlagningu, sértækum aðgerðum, samvinnun og gerð einkakaupasamninga. Í andmælaskjali, dags. 23. desember 2008, var frumniðurstaða Samkeppniseftirlitsins að Síminn hefði misnotað markaðsráðandi stöðu sína. Þessu mótmælti Síminn með bréfi, dags. 20. febrúar 2009. Rannsókn á þessu máli var síðar skipt. Annars vegar með ákvörðun í máli TSC ehf. nr. 41/2009 sem lauk með dómi Hæstaréttar í máli nr. 218/2012. Vegna hins hluta málsins var gefið út nýtt andmælaskjal þann 23. febrúar 2012 þar sem komist var að þeirri frumniðurstöðu að Síminn hefði misnotað markaðsráðandi stöðu sína með ýmsum aðgerðum. Fólust þær m.a. í því að hafa beitt keppinauta sína verðþrýstingi á markaði fyrir ADSL-tengingar og internetþjónustu og með því að hafa gert einkakaupasamninga við kaupendur fjarskiptaþjónustu. Var tekið fram að til greina kæmi að beita verulega íþyngjandi stjórnvaldsviðurlögum. Síminn skilaði athugasemdum við andmælaskjalið þann 16. maí 2012. Í þeim var mótmælt að Síminn hefði brotið samkeppnislög og voru sett fram margvísleg sjónarmið þar að lútandi.

Rannsókn á meintum brotum Símans hf. á 11. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 og ákvörðun samkeppnisráðs nr. 10/2005, Samruni Landssíma Íslands hf. og Íslenska sjónvarpsfélagsins hf., sbr. andmælaskjal dags. 30. apríl 2012

Málið má rekja til kvörtunar Vodafone frá 21. janúar 2009 vegna hegðunar Símans á markaði fyrir dreifingu sjónvarpsefnis og á markaði fyrir ADSL-tengingar. Vodafone hélt því fram að vegna rangrar upplýsingagjafar Símans um að Vodafone væri að hætta með IPTV-þjónustu frá Símanum væru viðskiptavinir að flytja sig úr viðskiptum við fyrirtækið. Með vísan til skilyrða í ákvörðunarorði samkeppnisráðs nr. 10/2005 Samruni Landssíma Íslands hf. og Íslenska sjónvarpsfélagsins hf. taldi Vodafone að Síminn hefði með háttsemi sinni brotið í bága við umrædd skilyrði sem þar voru sett. Jafnframt taldi Vodafone að Síminn hefði brotið gegn ákvæðum 11. gr. samkeppnislaga, bæði með samvinnun ADSL- og sjónvarpsþjónustu og með því að niðurgreiða sjónvarpsþjónustu með tekjum af ADSL-þjónustu. Samkeppniseftirlitið sendi Símanum andmælaskjal í málinu þann 30. apríl 2012 þar sem fram kom það frummat að Síminn hefði brotið gegn 11. gr. samkeppnislaga og farið gegn skilyrðum í ákvörðunarorðum samkeppnisráðs nr. 10/2005. Kom fram að til greina kæmi að beita félagið verulega íþyngjandi viðurlögum. Í athugasemdum við andmælaskjalið var því mótmælt að Síminn hefði brotið gegn samkeppnislögum eða ákvörðun samkeppnisráðs nr. 10/2005 í málinu og voru sett fram margvísleg sjónarmið þar að lútandi.

Rannsókn á meintum sértækum samkeppnishamlandi aðgerðum Símans hf. gegn Nova ehf., sbr. andmælaskjal dags. 11. júní 2012

Málið má rekja til kvörtunar Nova ehf. frá 12. apríl 2010. Kvartaði Nova yfir því að Síminn hefði beint sérstökum tilboðum að þeim viðskiptavinum sem hringdu mest í kerfi Símans. Þann 21. apríl 2010 framkvæmdi Samkeppniseftirlitið húsleit hjá m.a. Símanum vegna málsins. Þann 21. maí 2010 tók Samkeppniseftirlitið

bráðabirgðaákvörðun þar sem sennilegt var talið að Síminn hefði misnotað markaðsráðandi stöðu með því að grípa til ólögðra aðgerða í því skyni að ná mikilvægum viðskiptavinum frá Nova með sértækum verðlækkunum. Samkeppniseftirlitið sendi Símanum þann 11. júní 2012 andmælaskjal þar sem komist var að þeirri frumniðurstöðu að Síminn hefði misnotað markaðsráðandi stöðu sína með því að grípa til sértækra samkeppnishamlandi aðgerða gagnvart Nova. Var brotið í aðalatriðum talið felast í því að Síminn hefði með ólögðum hætti nýtt sér trúnaðarupplýsingar um keppnauta og á þeim grunni gert markaðsatlögu að viðskiptavinum þeirra. Kom fram í andmælaskjalinu að til greina kæmi að beita félagið verulega íþyngjandi viðurlögum. Síminn gerði athugasemdir við andmælaskjalið þann 18. september 2012. Í þeim var mótmælt að Síminn hefði brotið samkeppnislög og voru sett fram margvísleg sjónarmið þar að lútandi.

Rannsókn Samkeppniseftirlitsins vegna markaðshegðunar Símans á markaði fyrir farsímaþjónustu í tengslum við markaðssetningu félagsins á þjónustuleiðinni „Núllið“, sbr. erindi frá Nova ehf., dags. 15. september 2008

Málið má rekja til kvörtunar Nova frá 15. september 2008 vegna þjónustuleiðarinnar „Núllið“ hjá Símanum. Taldi Nova að Síminn hefði misnotað markaðsráðandi stöðu sína og með því brotið gegn 11. gr. samkeppnislaga. Síminn fékk á engu stigi málsins sent andmælaskjal frá Samkeppniseftirlitinu. Undir rekstri málsins gerði Síminn margvíslegar athugasemdir við málatilbúnað Nova og hafnaði því að í háttsemi félagsins hefði falist ólögleg sértæk verðlækkun eins og Nova hélt fram. Ekki var gefið út andmælaskjal í málinu.

Erindi frá Fjaraskiptum ehf. (Vodafone), dags. 2. apríl 2012, um meinta misnotkun Símans á markaði fyrir heimasíma

Málið má rekja til kvörtunar Vodafone, dags. 2. apríl 2012, vegna hegðunar Símans á markaði fyrir heimasíma með tilboðum til starfsmanna Icelandair. Hélt Vodafone því fram að Síminn hefði brotið gegn 11. gr. samkeppnislaga. Í sínum rökstuðningi hafnaði Síminn því að brotið hefði verið gegn samkeppnislögum. Ekki var gefið út andmælaskjal í málinu.

Erindi frá Fjaraskiptum ehf. (Vodafone), dags. 1. júní 2012, um meint brot Símans hf. og IP fjaraskipta ehf. á heildsölumarkaði fyrir farsímaþjónustu

Málið má rekja til kvörtunar Vodafone, dags. 1. júní 2012, yfir hegðun Símans og Tals á markaði fyrir farsímaþjónustu. Var því haldið fram að um hafi verið að ræða brot á 10. og 11. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005. Taldi Vodafone erindið varða tvo heildsölumarkaði, þ.e. annars vegar markað fyrir aðgang og upphaf símtala í almennum farsímanetum og hins vegar markað fyrir lúkningu símtala í einstaka farsímanetum. Síminn hafnaði ásökunum Vodafone með rökstuddum athugasemdum. Ekki var gefið út andmælaskjal í málinu.

Erindi frá IP fjaraskiptum ehf. (Tali), dags. 14. nóvember 2012, vegna takmarkana Símans á aðgangi að heildsölumarkaði fyrir sjónvarpsdreifingu um ADSL eða ljósleiðara

Málið má rekja til kvörtunar Tals, dags. 14. nóvember 2012, um ætluð alvarleg samkeppnisvandmál sem skapast hefðu vegna takmörkunar á aðgangi að heildsölumarkaði fyrir sjónvarpsþjónustu sem dreift væri um ADSL eða ljósleiðara og hegðunar Vodafone og Símans á þeim markaði. Taldi kvartandi að rannsaka þyrfti hvort 10. eða 11. gr. samkeppnislaga hefði verið brotin. Í athugasemdum Símans er ásökunum Tals varðandi aðgang að sjónvarpsþjónustu Símans í heildsölu hafnað með öllu. Var því haldið fram að Tali hefði vitað betur enda hafi þegar verið samið um þjónustuna milli félaganna og hafi það verið gert 29. nóvember 2012. Komi því ekki til álita að Síminn hafi brotið gegn bannákvæðum samkeppnislaga. Í athugasemdum sínum viðurkenndi Tali að félagið hefði þegar gert heildsölusamning við Símann um umrædda sjónvarpsþjónustu. Í ljósi þessa gerði Síminn þá kröfu að Samkeppniseftirlitið hafnaði því að taka til meðferðar þann hluta kvörtunarinnar er sneri að Símanum. Ekki var gefið út andmælaskjal í málinu.

Samskipti Símans hf. við Samkeppniseftirlitið vegna kvörtunar um samkeppnishamlandi aðgerðir dreifiveitna með ókeypis dreifingu á aukasjónvarpsstöð RÚV

Með bréfi, dags. 15. júní 2012, upplýsti Samkeppniseftirlitið Símann um að borist hefði ábending frá 365 miðlum ehf., dags. 18. janúar 2012, þar sem vakin væri athygli á meintum samkeppnishamlandi aðgerðum Símans og Vodafone með dreifingu á aukarás fyrir efni RÚV án endurgjalds.

Með bréfi, dags. 29. júní 2012, svaraði Síminn framangreindu og sendi umbeðin gögn og upplýsingar. Í bréfinu var því alfarið hafnað að ábending 365 miðla ehf. gæfi tilefni til að hefja rannsókn á því hvort Síminn hefði brotið gegn bannákvæðum 10. og 11. gr. samkeppnislaga. Félagið hefði hvorki átt samráð með aðilum á markaði sem hefði það að markmiði eða af því leiddi að komið væri í veg fyrir samkeppni, hún takmörkuð eða henni raskað í skilningi ákvæðisins né heldur væri það í markaðsráðandi stöðu á markaði fyrir dreifingu á sjónvarpsfni. Því kæmi beiting hvorugs tilvitnaðs ákvæðis til greina.

Samskipti Símans hf. við Samkeppniseftirlitið vegna ábendingar um háttsemi Símans hf. í samskiptum við Heilsuvernd ehf.

Með bréfi, dags. 6. júlí 2011, upplýsti Samkeppniseftirlitið Símann um að því hefði borist ábending um samskipti fyrirtækisins við Heilsuvernd ehf. varðandi fjarskiptabúnað, þjónustu við þann búnað og fjarskiptaþjónustu í fastlínukerfi, farsímakerfi, nettengingar og mögulega fleira. Óskaði Samkeppniseftirlitið eftir upplýsingum um það hvort félagið hefði á því ári verið í samskiptum við Heilsuvernd ehf. um framangreind atriði auk þess sem óskað var eftir afriti af sundurliðuðu útboði og/eða tilboði milli félaganna vegna þessara viðskipta hefðu þau átt sér stað og afriti af viðeigandi samningi hefði hann verið gerður.

Framangreindu bréfi var svarað með bréfi, dags. 27. júlí 2011, þar sem samskipti Símans við Heilsuvernd ehf. á umræddu ári voru útlistuð. Þá var áréttað að Síminn teldi þau ekki þess eðlis að tilefni væri til að Samkeppniseftirlitið hæfi rannsókn á háttsemi Símans í þeim samskiptum að eigin frumkvæði. Ekki kemur fram í sátt Samkeppniseftirlitsins og Símans dagsettri 8. mars 2013 að með henni hafi rannsókn framangreinds máls verið lokið en með staðfestingarbréfi Samkeppniseftirlitsins til Símans frá 4. apríl 2013 staðfesti Samkeppniseftirlitið að þegar ákvörðun nr. 6/2013 hefði verið birt þann 26. mars sl. hefðu ekki verið til rannsóknar hjá eftirlitinu nein mál er varða meint brot Símans eða Mílu ehf. á samkeppnislögum.

Dómsmál sem fallið var frá vegna sáttar við Samkeppniseftirlitið

Ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 7/2012, frá 3. apríl 2012, og úrskurðir áfrýjunarnefndar samkeppnismála í málum nr. 1/2012 frá 22. ágúst 2012 og nr. 5/2012 frá 14. desember 2012, Síminn hf. gegn Samkeppniseftirlitinu

Með ákvörðun nr. 7/2012 komst Samkeppniseftirlitið að þeirri niðurstöðu að Síminn hefði verið í markaðsráðandi stöðu á smásölumarkaði fyrir farsíma- og talsímaþjónustu sem og á heildsölumarkaði fyrir aðgang og upphaf símtala í almennum GSM-farsímanetum og á heildsölumarkaði fyrir lúkningu símtala í eigin GSM-farsímaneti. Þá var staða fyrirtækisins á tengdum fjarskiptamörkuðum talin afar sterk. Enn fremur var komist að þeirri niðurstöðu að Síminn hefði beitt keppinauta fyrirtækisins verðþrýstingi og þar með misnotað markaðsráðandi stöðu sína. Talið var að þessi aðgerð Símans hefði verið til þess fallin að raska samkeppni með alvarlegum hætti. Var Síminn talinn hafa brotið bæði 11. gr. samkeppnislaga sem og 54. gr. EES-samningsins. Síminn var auk þess talinn hafa brotið 19. gr. samkeppnislaga með veitingu rangra og villandi upplýsinga í málinu. Lögð var samtals 440 milljóna króna sekt á Símann vegna hinna meintu brota.

Með úrskurði áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 1/2012 var fyrrgreind ákvörðun Samkeppniseftirlitsins að því er varðar brot á 11. gr. samkeppnislaga og 54. gr. EES-samningsins staðfest en hún felld úr gildi að því er brot á 19. gr. samkeppnislaga varðar. Álögð stjórnvaldssekt var lækkuð í 390 milljónir króna.

Með úrskurði áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 5/2012 var felld úr gildi ákvörðun Samkeppniseftirlitsins frá 21. september 2012 um að synja Símanum um aðgang að þeim samskiptum Samkeppniseftirlitsins við Eftirlitsstofnun EFTA sem tengjast framangreindri ákvörðun eftirlitsins nr. 7/2012. Málinu var vísað til meðferðar á ný hjá Samkeppniseftirlitinu.

Dómsmál var höfðað með stefnu þingfestri 21. febrúar 2013 og þess krafist að sá hluti framangreinds úrskurðar áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 1/2012 þar sem staðfest var ofangreind ákvörðun Samkeppniseftirlitsins um að Síminn hefði brotið gegn 11. gr. samkeppnislaga og 54. gr. EES-samningsins og Símanum gert að greiða 390 milljónir króna í sekt yrði felldur úr gildi sem og framangreind ákvörðun Samkeppniseftirlitsins í heild.

Þá höfðaði Samkeppniseftirlitið dómsmál með stefnu þingfestri sama dag þar sem þess var krafist að fellt yrði úr gildi ákvæði í úrskurði áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 1/2012 um að fella úr gildi þá ákvörðun eftirlitsins að Síminn hefði brotið 19. gr. samkeppnislaga. Þá var þess krafist að Símanum yrði gert að greiða 50 milljóna króna sekt í ríkissjóð.

Með undirritun sáttarinnar frá 8. mars 2013 féllust Samkeppniseftirlitið og Síminn á að fella umrædd dómsmál niður, sbr. 31. gr. sáttarinnar.

Ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 30/2011, frá 16. september 2011 og úrskurður áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 10/2011, Síminn hf. gegn Samkeppniseftirlitinu, frá 16. janúar 2012

Með framangreindri ákvörðun komst Samkeppniseftirlitið að þeirri niðurstöðu að Síminn hefði verið í markaðsráðandi stöðu á markaði fyrir gagnaflutningsþjónustu með 3G-netlykli á Íslandi. Þá var komist að þeirri niðurstöðu að tilboð Símans „3G-netlykill og áskrift fyrir 0 kr. í allt sumar“, sem tók gildi 1. júní 2009, hefði ekki staðið undir kostnaði við þjónustuna. Verðlagning og markaðsaðgerðir Símans voru þannig talin til þess

fallnar að raska eðlilegri samkeppni og hindra vöxt minni keppinautar og fela í sér brot Símans á 11. gr. samkeppnislaga og 54. gr. EES-samningsins. Var Símanum gert að greiða 60 milljóna króna sekt.

Með framangreindum úrskurði áfrýjunarnefndar samkeppnismála var ákvörðun Samkeppniseftirlitsins staðfest. Dómsmál var höfðað með stefnu þingfestri 28. júní 2012 og þess krafist að nefndur úrskurður áfrýjunarnefndar samkeppnismála og framangreind ákvörðun Samkeppniseftirlitsins yrðu felld úr gildi.

Með undirritun sáttarinnar frá 8. mars 2013 undirgekkst Síminn að fella umrætt dómsmál niður, sbr. 31. gr. sáttarinnar.

Samskipti Mílu ehf. við Samkeppniseftirlitið vegna meintrar ólögætrar synjunar Mílu ehf. um aðgang að ómissandi aðstöðu

Með bréfi, dags. 29. október 2010, upplýsti Samkeppniseftirlitið Mílu um að því hefði borist erindi frá Og fjarskiptum ehf. (Vodafone), dags. 13. október 2010, vegna framangreinds. Erindið var hjál lagt og þess óskað að Míla léti í té umsögn um það svo eftirlitið gæti metið hvort tilefni væri til að taka það til rannsóknar.

Í umræddu erindi Vodafone, dags. 13. október 2010, var því haldið fram að Míla hefði með ólögætum hætti synjað um aðgang að ómissandi aðstöðu félagsins og þar með brotið gegn 11. gr. samkeppnislaga. Nánar tiltekið var því haldið fram að Míla hefði með ólögætum hætti synjað Vodafone um nauðsynlegan aðgang að símsstöðvum Mílu til að leggja innanhúsljósleiðarakapal frá eigin ljóstengigrind í símsstöð og að splæsiboxi ljósleiðarakapals svo Vodafone gæti samtengt eigin tækjabúnað í gegnum leigðan ljóspráð (ljósleiðara NATO) milli tveggja símsstöðva.

Með bréfi, dags. 25. nóvember 2010, lét Míla Samkeppniseftirlitinu í té umsögn sína við framangreint erindi Vodafone. Í því voru gerðar verulegar athugasemdir við framsetningu Vodafone á atvikum máls og útlitað að rétt málavaxtalýsing ein og sér sýni að Míla hafi ekki synjað um aðgang að aðstöðu sinni með ólögætum hætti. Því var þannig alfarið hafnað að Míla hefði brotið gegn 11. gr. samkeppnislaga. Að öðru leyti var vísað til þess að Samkeppniseftirlitið mundi fara út fyrir heimildir sínar hæfi það rannsókn á máli þessu enda félli það skýrlega undir valdsvið Póst- og fjarskiptastofnunar. Þá voru gerðar athugasemdir við skilgreiningu Vodafone á mörkuðum og mat á stöðu Mílu á þeim.

Í framangreindu bréfi kemur einnig fram að Póst- og fjarskiptastofnun hafi með ákvörðun sinni nr. 34/2010 komist að þeirri niðurstöðu að Vodafone ætti rétt á umræddum aðgangi á grundvelli ákvörðunar stofnunarinnar nr. 20/2007, óháð samningi félagsins við Varnarmálastofnun og að Vodafone skyldi bera þann kostnað sem af hlytist. Sú niðurstaða hefði komið Mílu umtalsvert á óvart þar sem félagið hefði talið fullvíst að aðgangurinn félli utan þeirrar ákvörðunar. Á grundvelli ákvörðunarinnar hafi Míla þegar hafist handa við nauðsynlega vinnu í samvinnu við Vodafone. Samkeppniseftirlitið var svo upplýst um að Vodafone hefði verið tengt inn á öllum umbeðnum stöðum.

Samkeppniseftirlitið sendi bréf til kvartanda, dags. 7. júlí 2011, þar sem fram kemur að Samkeppniseftirlitið telji með vísan til framvindu málsins ekki ástæðu til að taka erindi Vodafone til frekari rannsóknar og einnig með tilvísun til lokamálsgreinar 8. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005, auk þess sem Samkeppniseftirlitinu sé heimilt að raða málum í forgangsröð. Samkeppniseftirlitið framsendi svo erindi Vodafone til Póst- og fjarskiptastofnunar á grundvelli reglna nr. 265/2001 um meðferð og úrlausn fjarskipta- og póstmála þar sem segir að með hliðsjón af forsögu málsins og gögnum vilji Samkeppniseftirlitið vekja athygli Póst- og fjarskiptastofnunar á því að mögulega hafi Míla, með því að hafa ekki orðið við ósk Vodafone um aðgang að NATO-streng á tilteknum stöðum þar sem hann liggur utan tækjarymis Mílu farið gegn efni og anda ákvörðunar Póst- og fjarskiptastofnunar nr. 34/2010. Í kjölfarið sendi Póst- og fjarskiptastofnunin bréf til Vodafone þar sem leitað var eftir sjónarmiði fyrirtækisins. Svarbréf Vodafone barst í desember 2011 þar sem vísað er til ákvörðunar Póst- og fjarskiptastofnunar nr. 34/2010 um ýmsar aðgangsbeiðnir á nýjum stöðum. Póst- og fjarskiptastofnun framsendi svo bréf þetta til Mílu dags. 17. febrúar 2012 og svaraði Míla því með bréfi dags. 2. mars 2012. Í umsögn Mílu kemur m.a. fram að fyrirtækið muni afgreiða beiðni Vodafone í ljósi ákvarðana Póst- og fjarskiptastofnunar nr. 34/2010 og nr. 28/2011 og tengja ljósleiðara frá tengibrunnnum inn í tækjahlús þar sem það er tæknilega mögulegt, þ.e. ljósleiðari er til og laus en skoða þyrfti hvert tilvik fyrir sig. Í kjölfarið sendi Póst- og fjarskiptastofnun svo bréf til Vodafone þar sem því var lýst að Póst- og fjarskiptastofnun hefði móttækið athugasemdir Mílu og hygðist ekki taka frekari afstöðu til málsins en myndi skera úr um einstaka aðgangsbeiðni eftir því sem krafist væri ef ekki næðist samkomulag milli aðila. Í lok bréfs Póst- og fjarskiptastofnunar kemur fram að stofnunin myndi ekki grípa til frekari ráðstafana fyrr en eftir því væri leitað. Samkvæmt upplýsingum Póst- og fjarskiptastofnunar í tölvupósti þann 5. mars 2013 höfðu ekki borist frekari athugasemdir og var búið að fella málið út af málaskrá stofnunarinnar.

Mál til meðferðar hjá Samkeppniseftirlitinu

Eftirtalin mál sem tengjast Símasamstæðunni eru nú til meðferðar hjá Samkeppniseftirlitinu.

Í mars 2014 barst Samkeppniseftirlitinu tilkynning frá eftirlitsnefnd um jafnan aðgang fjarskiptafyrirtækja þar sem talið var að Míla og Síminn hefðu brotið 8. gr. ákvörðunar Samkeppniseftirlitsins nr. 6/2013. Var það mat eftirlitsnefndarinnar að Síminn hefði notið heilðsöluþjónu Mílu án þess að öðrum fjarskiptafélögum hafi staðið sambærileg notkun til boða og að um ójafnan aðgang að búnaði Mílu hafi því verið að ræða í andstöðu við 8. gr. ákvörðunar nr. 6/2013. Í maí 2014 sendi Síminn svarbréf til Samkeppniseftirlitsins þar sem málið er talið upplýst og að ekki sé þörf á frekari málsmeðferð.

Í desember 2014 sendi Síminn beiðni um undanþágu vegna stjórnarsetu Óskars Jósefssonar í Mílu en Óskar er jafnframt stjórnarformaður Auðkennis ehf. sem Síminn fer með eignarhlut í.

Í desember 2013 sendu Síminn og Skjárinn beiðni til Samkeppniseftirlitsins um niðurfellingu ákvörðunar samkeppnisráðs nr. 10/2005 sem sneri að samruna Landssíma Íslands hf. og Íslenska sjónvarpsfélagsins hf. Þann 15. apríl 2015 undirrituðu Samkeppniseftirlitið annars vegar og Síminn og Skjárinn hins vegar sátt um breytingar á ákvörðun samkeppnisráðs nr. 10/2005. Með breytingunum var gert mögulegt að sameina Símann og Skjáinn í eitt félag en þó skal reka Skjáinn sem efnahagslega og rekstrarlega aðskilda einingu innan Símans. Innan Skjásins skal vera rekstur innlendra línulegra sjónvarpsrásna. Trúnaðarskylda hvílir á þeim starfsmönnum Skjásins sem hafa upplýsingar um kjör og viðskipti Skjásins við önnur fyrirtæki sem starfa á sjónvarpsdreifingarmarkaði og er óheimilt að miðla þeim upplýsingum til heilðsölu eða smásölu Símans. Símanum er óheimilt að tvinna saman fjarskiptaþjónustu annars vegar og þjónustu sem fellur undir Skjáinn hins vegar, þ.e. innlendar línulegar sjónvarpsrásir. Þá er eftirlitsnefnd um jafnan aðgang fjarskiptafyrirtækja falið að hafa eftirlit með sáttinni og skal hún koma til endurskoðunar 1. september 2017.

3.6.3 Ákvörðun Persónuverndar

Með úrskurði Persónuverndar nr. 2015/1012 dags. 22. september 2015 komst Persónuvernd að þeirri niðurstöðu að Síminn hefði miðlað nafni og símanúmeri viðskiptavinar í andstöðu við lög nr. 77/200 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga til þriðja aðila að sem framkvæmdi þjónustukönnun fyrir Símann. Taldi Persónuvernd að það hefði skort fullnægjandi vinnslusamning.

3.6.4 Ákvörðun Neytendastofu

Með ákvörðun Neytendastofu nr. 34/2015 dags. 24. september 2015 komst Neytendastofa að þeirri niðurstöðu að Síminn hefði farið gegn f. lið 1. mgr. 9. gr. og 14. gr., sbr. 5. gr., laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu með auglýsingum um að Vodafone hefði slökkt á hliðræðum útsendingum RÚV og gegn f. lið 1. mgr., sbr. 2. mgr. 9. gr., 14. gr. og a. lið 2. mgr. 15. , sbr. 5. gr., laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu með auglýsingum á vefborðum um að 70% landsmanna töldu Símann standa frammar helsta keppinautum. Lagði Neytendastofa sekt á Símann að fjárhæð kr. 1.500.000 (ein milljón og fimmhundrað þúsund). Neytendastofa taldi hins vegar aðrar auglýsingar um sama efni sem komu fram á prenti og í sjónvarpi vera í samræmi við ákvæði laga nr. 57/2005 þar sem fullnægjandi skýringar komu fram.

4. STJÓRNARHÆTTIR, STJÓRN, YFIRSTJÓRN OG ENDURSKOÐENDUR

4.1 Stjórnarhættir

Stjórnarhættir Símans eru markaðir af lögum nr. 2/1995 um hlutafélög, samþykktum félagsins og starfsreglum stjórnar, svo og leiðbeiningum um stjórnarhætti sem Viðskiptaráð Íslands, Nasdaq Iceland og Samtök atvinnulífsins gáfu út í mars 2012. Í samþykktum félagsins frá 8. september 2015 er kveðið á um hluthafafundi í kafla 10, um stjórn í köflum 15-17, um framkvæmdastjóra í kafla 18 og um reikningshald, endurskoðun og breytingu samþykktar og félagsslit í köflum 19-23. Gildandi starfsreglur stjórnar sem voru samþykktar af stjórn 26. september 2013 eru settar skv. 5. mgr. 70. gr. laga um hlutafélög og eru samþykktum félagsins til fyllingar.

Æðsta vald í málefnum félagsins er í höndum lögmeðra hluthafafunda, samkvæmt því sem lög og samþykktir þess kveða á um. Aðalfund skal halda fyrir lok maímánaðar ár hvert. Stjórn félagsins skal boða til hluthafafunda og skal aukafundi halda þegar stjórn félagsins telur þörf á samkvæmt fundarályktun eða þegar kjörinn endurskoðandi eða hluthafar sem ráða yfir minnst 5% hlutfjárins krefjast þess og greina fundarefni. Til hluthafafunda skal boða með minnst þriggja vikna fyrirvara og lengst fjögurra vikna fyrirvara í samræmi við samþykktir félagsins og X. kafla laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Til hluthafafunda skal boða með auglýsingu í innlendum fjölmiðli, með rafrænum hætti eða með öðrum sannanlegum hætti þannig að tryggður sé skjótur aðgangur að fundarboðinu á jafnréttisgrundvelli. Hluthafafundur er lögmeður ef löglega er til hans boðað.

Rétt til þátttöku á hluthafafundum Símans hafa hluthafar, umboðsmenn þeirra og ráðgjafar, endurskoðandi félagsins og framkvæmdastjóri (skv. skilgreiningu hlutafélagalaga). Hluthafa er heimilt að sækja fund ásamt ráðgjafa sem hvorki hefur málfrelsi, tillögurétt né atkvæðisrétt á hluthafafundum en ráðgjafa er þó heimilt að taka til máls hafi hluthafi gefið honum orðið. Stjórn félagsins getur boðið sérfræðingum setu á einstökum fundum ef leita þyrfti álits þeirra eða aðstoðar. Hluthafa er heimilt að láta umboðsmann sækja hluthafafund fyrir sína hönd og fara með atkvæði sitt. Umboðsmaður skal leggja fram skriflegt, vottfast og dagsett umboð. Umboð skal leggja fram á fundi og gildir aðeins fyrir einn fund nema annað sé tekið fram í því. Endurskoðandi og framkvæmdastjóri hafa fullt málfrelsi og tillögurétt á hluthafafundum þótt ekki séu þeir hluthafar.

Stjórn er heimilt að ákveða að hluthafafundur fari fram annars staðar en á heimili félagsins.

Í samræmi við gr. 10.6 í samþykktum félagsins og ákvæði 80. gr. a. laga um hlutafélög, nr. 2/1995, er kveðið á um að stjórn félagsins sé heimilt að halda hluthafafund með rafrænum hætti, annaðhvort að hluta eða öllu leyti. Hluthafar sem hyggjast nýta sér rafræna þátttöku skulu tilkynna skrifstofu félagsins þar um með fimm daga fyrirvara og leggja þar fram spurningar varðandi dagskrá eða framlögð skjöl sem þeir óska svara við á fundinum. Telji stjórn að tiltækur sé nægilega öruggur búnaður til að halda rafrænan fund að hluta eða öllu leyti og ákveði stjórn að nýta þessa heimild skal þess sérstaklega getið í fundarboði.

Stjórn félagsins hefur æðsta vald í málefnum félagsins milli hluthafafunda. Hún fer með málefni félagsins og skal sjá um að skipulag félagsins og starfsemi sé jafnan í réttu og góðu horfi. Stjórnarfundir eru ályktunarbærir ef meirihluti stjórnarmanna er mættur. Til að ákvörðun stjórnarfundar teljist gild þarf hún stuðning meirihluta stjórnarmanna.

Stjórn félagsins skal skipuð fimm mönnum, kjörnum á hluthafafundi til eins árs í senn. Við stjórnarkjör skal tryggt að hlutfall hvors kyns sé ekki lægra en 40%. Náist kynjahlutfall ekki í stjórnarkjöri skal kosning endurtekin. Ef viðunandi kynjahlutfall næst ekki í endurtekinni kosningu telst kosning ógild og skal þá stjórnarkjöri frestað til framhaldsfundar sem skal haldinn innan mánaðar. Skal stjórnarkjör endurtekið svo oft sem þarf þar til kynjahlutföllum er náð.

Í samræmi við lög um hlutafélög, nr. 2/1995 er kveðið á um almennt hæfi stjórnarmanna og framkvæmdastjóra. Samkvæmt þeim skulu stjórnarmenn og framkvæmdastjórnar vera lögráða, fjár síns ráðandi og mega ekki á síðustu þremur árum hafa í tengslum við atvinnurekstur hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum eða lögum um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldþrot eða opinber gjöld.

Stjórn félagsins kýs sér formann og varaformann. Stjórnarformaður boðar til stjórnarfunda en er heimilt að veita forstjóra umboð til þess. Stjórnarformaður stýrir stjórnarfundum. Formaður sér til þess að aðrir stjórnarmenn séu boðaðir til stjórnarfunda í samræmi við lög nr. 2/1995 um hlutafélög. Samkvæmt starfsreglum stjórnar skal stjórn funda eftir þörfum en að jafnaði er miðað við að stjórnarfundir séu haldnir einu sinni í mánuði. Stjórnarfundir skal ætíð halda ef einn eða fleiri stjórnarmenn óska þess eða telji forstjóri þess þörf. Stjórnarfundir eru lögmeðir ef meirihluti stjórnarmanna sækir fund. Hver stjórnarmaður fer með eitt atkvæði á fundum stjórnar. Afl atkvæða ræður úrslitum við afgreiðslu máls. Stjórn félagsins ræður félaginu framkvæmdastjóra og ákveður

starfskjör hans. Stjórn veitir prókúruumboð fyrir félagið. Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur félagsins og skal í þeim efnum fara eftir þeirri stefnu og fyrirmælum sem stjórn félagsins gefur.

Núverandi stjórn félagsins var kosin á aðalfundi félagsins þann 16. apríl 2015. Hana skipa Sigríður Hrólfsdóttir, stjórnarformaður, Ingimundur Sigurpálsson, varaformaður, Heiðrún Jónsdóttir, Helgi Magnússon og Stefán Árni Auðólfsson. Aðalfundur samþykkti 600.000 kr. þóknun til stjórnarformanns á mánuði, þóknun til varaformanns 450.000 kr. á mánuði og þóknun til annarra stjórnarmanna 300.000 kr. á mánuði.

Stjórnin telur stjórnarhætti félagsins uppfylla skilyrði í leiðbeinandi tilmælum um stjórnarhætti fyrirtækja sem Viðskiptaráð Íslands, Nasdaq Iceland og Samtök atvinnulífsins gáfu út í mars 2012. Stjórnin víkur þó frá tilmælunum að því leyti að hún hefur ekki skipað sérstaka tilnefningarnefnd þar sem stjórn telur að viðeigandi upplýsingum sé komið á framfæri til hluthafa um framkomin framboð til stjórnarsetu svo hluthafar geti tekið upplýsta afstöðu til stjórnarkjörs.

Stjórnin telur að ákvæðum framangreindra tilmæla um óhæði stjórnarmanna sé fullnægt. Um óhæði stjórnarmanna segir að meirihluti stjórnarmanna skuli vera óháður félaginu og daglegum stjórnendum þess og að minnsta kosti tveir stjórnarmenn skuli vera óháðir stórum hluthöfum félagsins. Í stjórn Símans eru allir núverandi stjórnarmenn óháðir félaginu og daglegum stjórnendum. Stjórnarmennirnir Sigríður Hrólfsdóttir, Ingimundur Sigurpálsson, Stefán Árni Auðólfsson og Heiðrún Jónsdóttir eru óháðir stórum hluthöfum Símans en þeir eru Arion banki hf. og Lífeyrissjóður verzlunarmanna. Helgi Magnússon er stjórnarmaður í Lífeyrissjóði verzlunarmanna og er því háður stórum hluthafa félagsins.

Núverandi endurskoðunarnefnd félagsins var skipuð af stjórninni þann 28. apríl 2015. Það er skoðun stjórnar að ákvæðum tilmæla um óhæði nefndarmanna í endurskoðunarnefnd sé fullnægt. Þar er kveðið á um að nefndarmenn skuli vera óháðir endurskoðanda og endurskoðunarfélagi félagsins og meirihluti nefndarmanna skuli vera óháður félaginu og daglegum stjórnendum þess. Auk þess skal einn nefndarmanna, sem bæði er óháður daglegum stjórnendum og félaginu, vera óháður stórum hluthöfum félagsins. Allir nefndarmenn endurskoðunarnefndar eru óháðir endurskoðanda og endurskoðendum Símans. Í endurskoðunarnefnd stjórnar sitja Sigurður Þórðarson, formaður, Ingimundur Sigurpálsson og Heiðrún Jónsdóttir og eru þau öll óháð félaginu og stórum hluthöfum þess. Formaður nefndarinnar er Sigurður Þórðarson fyrrverandi ríkisendurskoðandi. Hann hefur verið löggiltur endurskoðandi frá 1982, var deildarstjóri hjá Skýrsluvélum ríkisins og Reykjavíkurborgar 1962-1967, forstöðumaður tölvudeildar Loftleiða hf. 1968-1973, deildarstjóri hjá Ríkisendurskoðun 1974-1980, skrifstofustjóri í fjármálaráðuneytinu 1981-1987, aðstoðarríkisendurskoðandi 1988-1991 og ríkisendurskoðandi 1992-2008. Sigurður var stjórnarformaður Hagstofunnar í 16 ár og stjórnarformaður Lyfjaverslunar Ríkisins í fjögur ár. Auk þess hefur hann átt sæti í stjórn og nefndum á vegum íslenskra stjórnvalda, Hafnarfjarðarbæjar og samtaka ríkisendurskoðanda í Evrópu. Nefndarmenn þiggja þóknun fyrir störf sín í endurskoðunarnefnd og nemur fjárhæðin 75.000 kr. á mánuði en 150.000 kr. fyrir formann nefndarinnar.

Endurskoðunarnefnd Símans skal hafa eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila til að auka traust og öryggi á fjárhagslegum upplýsingum. Aðalhlutverk nefndarinnar er mat á eftirlitsumhverfi félagsins og fyrirkomulagi áhættustýringar, greining á virkni innri endurskoðunar, eftirlit með framkvæmd endurskoðunar og gerð tillögu um val á ytri endurskoðanda ásamt mati á óhæði endurskoðanda og tryggja fylgni við núverandi lög og reglur. Auk þess skal nefndin fara yfir umfang endurskoðunar og endurskoðunaráætlunar félagsins með endurskoðendum þess sem og meta óhæði endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækis og hafa eftirlit með öðrum störfum endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækis. Nefndinni er ætlað að setja fram tillögu til stjórnar um val á endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækis. Endurskoðunarnefndin skal sjálf einu sinni á ári meta störf einstakra nefndarmanna og nefndarinnar í heild. Nefndin skal árlega meta starfshætti nefndarinnar með það fyrir augum að meta þörf fyrir breytingar á þeim.

Rekstur innri endurskoðunar hefur verið hluti af skipulagi Símans og þáttur í eftirlitskerfi félagsins. Endurskoðunarnefnd, í samráði við stjórn, setur fram tillögu um fyrirkomulag innri endurskoðunar þ.m.t. hvort starfsemi sé útvistað og val á innri endurskoðanda sé starfsemin rekin innanhúss. Innri endurskoðun ber að veita hlutlægt álit á starfsemi félagsins og ráðgjöf sem miðar að því að auka virði, efla virkni áhættustjórnunar og innra eftirlit og styður þannig félagið í að ná markmiðum sínum. Starfsemi innri endurskoðunar nær yfir rekstur Símans og dótturfélaga í meirihlutaeigu að undangenginni samþykkt stjórnar hvers félags. Til viðmiðunar við störf sín hefur innri endurskoðun reglur og leiðbeiningar gefnar út af *The Institute of Internal Auditors*. Innri endurskoðandi er ráðinn af stjórn félagsins og starfar samkvæmt sérstöku erindisbréfi og starfslýsingu frá stjórn. Innri endurskoðandi er Sigríður Söbech, löggiltur endurskoðandi.

Starfskjaranefnd stjórnar var skipuð þann 28. apríl 2015 og er það skoðun stjórnar að ákvæðum tilmæla um óhæði nefndarmanna í starfskjaranefnd sé fullnægt. Þar er kveðið á um að nefndarmenn skuli vera óháðir félaginu og daglegum stjórnendum þess. Í starfskjaranefnd stjórnar eiga sæti Sigríður Hrólfsdóttir, formaður, og Helgi Magnússon. Sigríður Hrólfsdóttir er óháð bæði félaginu og stórum hluthöfum þess. Helgi Magnússon er óháður félaginu en háður einum af stórum hluthöfum Símans. Nefndarmenn þiggja þóknun fyrir störf sín í

starfskjaranefnd sem nemur 100.000 kr. fyrir hvern setinn fund hjá formanni og 50.000 kr. fyrir hvern setinn fund hjá öðrum nefndarmanni.

Hlutverk og ábyrgð starfskjaranefndar er að undirbúa tillögu að starfskjarastefnu félagsins sem lögð er fyrir stjórn þess, undirbúa tillögu til hluthafafundar um starfskjör stjórnarmanna og undirbúa fyrir stjórn starfskjarasamninga við forstjóra og aðra starfsmenn sem heyra undir stjórn. Auk þess er m.a. á ábyrgð nefndarinnar að hafa eftirlit með að starfskjarastefnu sé framfylgt og að laun og starfskjör séu í samræmi við lög og reglur. Nefndin skal leggja árlega fyrir stjórn félagsins skýrslu um störf starfskjaranefndar. Gildandi starfskjarastefna Símans var samþykkt á aðalfundi þann 16. apríl 2015 en hún nær til allra helstu þátta í starfs- og launakjörum stjórnarmanna félagsins, forstjóra og annarra æðstu stjórnenda Símans. Markmið starfskjarastefnunnar er að laða að hæfa stjórnendur sem hafa hagsmuni fyrirtækisins að leiðarljósi og styðja við rekstrar- og árangursmarkmið félagsins til langs tíma, gera starf hjá Símanum að eftirsóknarverðum kosti fyrir starfsfólk og þar með tryggja félaginu stöðu í fremstu röð á Íslandi. Til að svo megi verða er nauðsynlegt að stjórn félagsins sé kleift að bjóða samkeppnishæf laun og aðrar greiðslur í takt við það sem tíðkast hjá sambærilegum fyrirtækjum og að ákveðið samræmi sé í starfskjörum æðstu stjórnenda og annarra starfsmanna félagsins. Heimilt er að umbuna forstjóra til viðbótar grunnlaunum, s.s. hvað varðar hvatninga- og hlutabréfavalréttarkerfum og upphafsgreiðslu vegna ráðningar. Hafa skal að leiðarljósi að ekki komi til frekari greiðslna við starfslok en fram koma í ráðningarsamningi en stjórn hefur þó heimild til að gera sérstakan starfslokasamning við starfslok forstjóra. Forstjóra er heimilt að leggja fram tillögu fyrir stjórn félagsins og starfskjaranefnd um að umbuna æðstu stjórnendum til viðbótar grunnlaunum í formi árangurstengdra starfskjara eða annars konar umbunar sem tengd er þróun verðs á hlutabréfum í félaginu og styðja við rekstrar- og árangursmarkmið félagsins til langs tíma. Við ákvörðun um hvort veita skuli æðstu stjórnendum umbun til viðbótar grunnlaunum skal taka mið af stöðu, ábyrgð, frammistöðu og framtíðarmöguleikum viðkomandi stjórnanda innan félagsins. Helstu skilmálar árangurstengdra greiðslna í formi hlutabréfa, kaup- og söluréttar, forkaupsréttar og annars konar greiðslna sem tengdar eru hlutabréfum í félaginu eða þróun verðs á hlutabréfum í félaginu skulu lögð fyrir hluthafafund til samþykktar. Starfskjarastefna félagsins skal tekin til endurskoðunar ár hvert og borin undir aðalfund til samþykktar eða synjunar. Er starfskjarastefnan bindandi fyrir stjórn félagsins að því er varðar ákvæði um kaupréttarsamninga og hvers konar samninga eða greiðslur er fylgja þróun verðs á hlutabréfum í félaginu, sbr. 2. mgr. 79. gr. a. hlutafélagalaga. Að öðru leyti er starfskjarastefnan leiðbeinandi fyrir félagið og stjórn þess. Komi til frávika þurfa þau að vera studd greinargóðum rökum og skal gera grein fyrir frávikum á næsta aðalfundi.

Gildandi siðareglur félagsins sem taka til allra starfsmanna Símans, tengdra féлага, samstarfsaðila og undirverktaka voru samþykktar af forstjóra Símans í júlí 2014.

Skráningarnefnd var fyrst skipuð þann 3. apríl 2014 og er hlutverk hennar að undirbúa skráningu hlutabréfa félagsins í kauphöll. Í skráningarnefnd stjórnar eiga sæti Sigríður Hrólfsdóttir, formaður, og Stefán Árni Auðólfsson og var skipan þeirra endurnýjuð á stjórnarfundi 28. apríl 2015. Nefndarmenn þiggja þóknun fyrir störf sín í skráningarnefnd og nemur hún 100.000 kr. á mánuði fyrir formann nefndarinnar og 50.000 kr. á mánuði fyrir annan nefndarmann.

Núverandi regluvörður félagsins er Eiríkur Hauksson og er Óskar Hauksson staðgengill regluvarðar. Regluvörður hefur umsjón með því að reglum Fjármálaeftirlitsins um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja, nr. 1050/2012, sem settar eru á grundvelli 132. gr. laga um verðbrefaviðskipti, nr. 108/2007, sé framfylgt hjá félaginu.

Stjórn félagsins gerði 10. október 2014 formligt árangursmat á störfum sínum. Árangursmati er ætlað að bæta vinnubrögð og auka skilvirkni stjórnarinnar og meta störf undirnefnda stjórnar. Stjórn taldi að allir stjórnarmenn hefðu unnið störf sín af áhuga og samviskusemi. Mæting á stjórnarfundi var góð og tóku allir stjórnarmenn virkan þátt í störfum stjórnarinnar. Stjórn fór yfir það hvernig henni tókst að uppfylla fjárhags- og starfsáætlun fyrir liðið starfsár. Á vefsíðu félagsins www.siminn.is/siminn/fjarfestar má finna yfirlýsingu um stjórnarhætti félagsins. Þar er einnig að finna gildandi samþykktir félagsins, starfskjarastefnu, starfsreglur stjórnar, samandregnar upplýsingar um stjórnarmenn og nefndarmenn undirnefnda, framkvæmdastjórn og endurskoðendur samstæðunnar, endurskoðaða ársreikninga síðustu þriggja rekstrarára og fjárhagsdagatal ársins.

4.2 Stjórn útgefanda

Formaður stjórnar

<i>Nafn</i>	Sigríður Hrólfsdóttir
<i>Fæðingardagur</i>	16. janúar 1967.
<i>Starfsstöð</i>	Síminn, Ármúli 25, 108 Reykjavík.
<i>Menntun</i>	Cand. oecon í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands 1990, MBA frá University of California, Berkeley 1994.
<i>Fyrst kjörin</i>	2. júlí 2013.
<i>Önnur núverandi stjórnarseta</i>	Seta í stjórnnum eftirtalinnna félaga (og framkvæmdastjórn ef tekið fram): Hvert ehf. (stjórnarmaður), Kvíslar ehf. (varamaður), Míla ehf. (meðstjórnandi).
<i>Fyrri stjórnarseta</i>	Seta í stjórnnum annarra eftirtalinnna félaga (og framkvæmdastjórn ef tekið fram) á síðustu fimm árum: AFL – sparisjóður ses. (stjórnarformaður), Landsbankinn hf. (meðstjórnandi), Landsprent ehf. (varamaður), Þrísteinn ehf. (varamaður), Bálkafell ehf. (varamaður), Valitor Holding hf. (meðstjórnandi), Valitor hf. (meðstjórnandi), Landsprent ehf. (stjórnarmaður).
<i>Starfsreynsla</i>	Sjálfstætt starfandi ráðgjafi frá 2010, framkvæmdastjóri Árvakurs hf. 2009-2010, sjálfstætt starfandi ráðgjafi 2008-2009, framkvæmdastjóri fjárfestinga og fjármála hjá Tryggingamiðstöðinni hf. 2007-2008, sérverkefni fyrir H.F. Verðbréf 2005-2006, framkvæmdastjóri fjármálasviðs Eimskipafélags Íslands hf. 2000-2004 og forstöðumaður fjárreiðudeildar frá 1998-2000, sérfræðingur í fjárstýringu Íslandsbanka hf. 1994-1998, ráðgjafi hjá Verðbréfamarkaði Íslandsbanka 1990-1991.

Varaformaður stjórnar

<i>Nafn</i>	Ingimundur Sigurpálsson
<i>Fæðingardagur</i>	24. september 1951.
<i>Starfsstöð</i>	Síminn, Ármúli 25, 108 Reykjavík.
<i>Menntun</i>	Cand. oecon í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands 1975.
<i>Fyrst kjörin</i>	2. júlí 2013.
<i>Önnur núverandi stjórnarseta</i>	Seta í stjórnnum eftirtalinnna félaga (og framkvæmdastjórn ef tekið fram): Fjárfestingarfélagið Granjal ehf. (meðstjórnandi), Fjárfestingarfélagið Molinn ehf. (meðstjórnandi), Heiðarlundur ehf. (meðstjórnandi), Internet á Íslandi hf. (stjórnarformaður, áður meðstjórnandi), Isavia ohf. (stjórnarformaður), Íslandspóstur ohf. (framkvæmdastjórn), Samskipti ehf. (stjórnarformaður, áður stjórnarmaður), Samskipti-merkingar ehf. (stjórnarmaður).
<i>Fyrri stjórnarseta</i>	Seta í stjórnnum eftirtalinnna félaga (og framkvæmdastjórn ef tekið fram) á síðustu fimm árum: Akropolis ehf. (meðstjórnandi), ISS Ísland hf. (meðstjórnandi), Landsvirkjun (meðstjórnandi), Lyngholtseignir ehf. (meðstjórnandi), Modernus ehf. (meðstjórnandi), stjórn og framkvæmdastjórn Samtaka Atvinnulífsins (stjórnarformaður), PostEurop (meðstjórnandi) , Vinnudeilusjóður Samtaka atvinnulífsins (stjórnarformaður).

Starfsreynsla Forstjóri Íslandspósts hf. frá 2004, forstjóri Eimskipafélags Íslands hf. 2000-2003, bæjarstjóri Garðabæjar 1987-2000, stundakennari við Endurmenntun og lagadeild Háskóla Íslands 1994-2001, bæjarstjóri Akraneskaupstaðar 1982-1987, sérfræðingur hjá Framkvæmdastofnun ríkisins 1975-1982, stundakennari í reikningsskilum og rekstrarhagfræði við Tækniskóla Íslands 1977-1982, stundakennari í stærðfræði og reikningsskilum við Vígólaskóla í Kópavogi 1972-1979.

Stjórnarmaður

<i>Nafn</i>	Heiðrún Jónsdóttir
<i>Fæðingardagur</i>	9. júlí 1969.
<i>Starfsstöð</i>	Síminn, Ármúli 25, 108 Reykjavík.
<i>Menntun</i>	Cand. jur. í lögfræði frá Háskóla Íslands 1995, réttindi héraðsdómslögmanns (hdl.) 1996, próf í verðbréfamiðlun 2006.
<i>Fyrst kjörin</i>	24. janúar 2013.
<i>Önnur núverandi stjórnarseta</i>	Seta í stjórnnum eftirtalinna félaga (og framkvæmdastjórn ef tekið fram): Fjeldsted & Blöndal ehf. (varamaður, Íslensk verðbréf (stjórnarformaður), Landssamband lífeyrissjóða (meðstjórnandi), Norðlenska matborðið ehf. (stjórnarformaður, áður meðstjórnandi), Olíuverzlun Íslands hf. (meðstjórnandi), Reiknistofa bankanna hf. (meðstjórnandi), Silicor Materials Iceland ehf. (ný stjórn, óskráð hjá Fyrirtækjaskrá), Silicor Materials Iceland Holdings hf. (ný stjórn, óskráð hjá Fyrirtækjaskrá).
<i>Fyrri stjórnarseta</i>	Seta í stjórnnum annarra eftirtalinna félaga (og framkvæmdastjórn ef tekið fram) á síðustu fimm árum: A-Tango ehf. (meðstjórnandi), Gagnavarslan hf. (meðstjórnandi), Gildi lífeyrissjóður (stjórnarformaður), Ístak hf. (meðstjórnandi), Ístak Ísland hf. (meðstjórnandi), JHG ehf. (varamaður), S60 ehf. (varamaður), Verdis hf. (meðstjórnandi), Vilmundur ehf. (varamaður), Þekking – Tristan hf. (meðstjórnandi).
<i>Starfsreynsla</i>	Lögmaður hjá Aktis lögmannsstofu slf. frá 2012, framkvæmdastjóri lögfræði- og samskiptasviðs hjá Eimskipafélagi Íslands hf. 2006-2012, framkvæmdastjóri og meðeigandi LEX ehf. 2003-2005, upplýsingafulltrúi Landssíma Íslands 2001-2003, lögmaður og starfsmannastjóri KEA svf. 1998-2001, lögmaður á Lögmannsstofu Akureyrar ehf. 1995-1998.

Stjórnarmaður

<i>Nafn</i>	Helgi Magnússon
<i>Fæðingardagur</i>	14. janúar 1949.
<i>Starfsstöð</i>	Síminn, Ármúli 25, 108 Reykjavík.
<i>Menntun</i>	Cand. oecon í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands 1974, löggiltur endurskoðandi 1975.
<i>Fyrst kjörinn</i>	24. janúar 2013.

<i>Önnur núverandi stjórnarseta</i>	Seta í stjórnnum eftirtalinna félaga (og framkvæmdastjórn ef tekið fram): Bláa lónið hf. (stjórnarformaður, áður meðstjórnandi), Bláa lónið heilsuvörur ehf. (stjórnarformaður), BLUE LAGOON international ehf. (stjórnarformaður), Efnavörur ehf. (stjórnarformaður, framkvæmdastjórn), Eignarhaldsfélag Hörpu ehf. (stjórnarmaður, framkvæmdastjórn), Eldvörp ehf. (stjórnarformaður, áður meðstjórnandi), Enox World Holdings ehf. (stjórnarformaður), Fasteignafélagið Laugardalur ehf. (meðstjórnandi), Hofgarðar ehf. (stjórnarmaður), Hótel Bláa lónið ehf. (stjórnarformaður), Hreyfing ehf. (meðstjórnandi), Hreyfing-Fasteignir ehf. (stjórnarformaður), Húsasmiðjan ehf. (stjórnarformaður), Íþrótt- og sýningahöllin hf. (meðstjórnandi), Lífeyrissjóður verzlunarmanna (meðstjórnandi), Marel hf. (meðstjórnandi), N1 hf. (meðstjórnandi), Varðberg ehf. (stjórnarmaður, framkvæmdastjórn).
<i>Fyrri stjórnarseta</i>	Seta í stjórnnum annarra eftirtalinna félaga (og framkvæmdastjórn ef tekið fram) á síðustu fimm árum: AB 68 ehf. (stjórnarmaður, framkvæmdastjórn), EuroAsia Silu International ehf. (stjórnarformaður), Flügger ehf. (stjórnarformaður), Hreyfing Eignarhaldsfélag ehf. (meðstjórnandi, stjórnarformaður), Hraunsetrið ehf. (stjórnarformaður, meðstjórnandi), Hörputónar ehf. (stjórnarmaður), Saffron Holding ehf. (varamaður), Samtök atvinnulífsins (meðstjórnandi, framkvæmdastjórn), Samtök iðnaðarins (formaður), Sjöfn ehf. (stjórnarmaður), Skipasmíðastöð Njarðvíkur hf. (meðstjórnandi).
<i>Starfsreynsla</i>	Framkvæmdastjóri Eignarhaldsfélags Hörpu ehf. frá stofnun árið 2001, framkvæmdastjóri Hörpu hf./Hörpu Sjafnar hf. 1992-2005, ritstjóri Frjálsrar verslunar 1988-1992, rak eigin endurskoðunarskrifstofu 1977-1987, starfaði á endurskoðunarskrifstofu Sigurðar Stefánssonar 1970-1977.

Stjórnarmaður

<i>Nafn</i>	Stefán Árni Auðólfsson
<i>Fæðingardagur</i>	21. júlí 1972.
<i>Starfsstöð</i>	Síminn, Ármúli 25, 108 Reykjavík.
<i>Menntun</i>	Cand. jur. í lögfræði frá Háskóla Íslands 1999, LL.M. frá Kent Law School, Bretlandi 2003, héraðsdómslögmannsréttindi 2000, próf í verðbréfamiðlun 2006.
<i>Fyrst kjörinn</i>	2. júlí 2013.
<i>Önnur núverandi stjórnarseta</i>	Seta í stjórnnum eftirtalinna félaga (og framkvæmdastjórn ef tekið fram): Cambridge Plaza Hotel Company ehf. (stjórnarformaður), Cambridge Plaza Port Company ehf. (stjórnarformaður), Cambridge Plaza Venture Company ehf. (stjórnarformaður), Egla hf. (meðstjórnandi), Eik fasteignafélag hf. (stjórnarformaður), Hagar hf. (meðstjórnandi), Hváll ehf. (stjórnarformaður), Lögmenn Bárugötu slf. (meðstjórnandi), Minjar og saga (meðstjórnandi).
<i>Fyrri stjórnarseta</i>	Seta í stjórnnum annarra eftirtalinna félaga (og framkvæmdastjórn ef tekið fram) á síðustu fimm árum: GGX ehf. (varamaður), Kögn ehf. (meðstjórnandi), Ingólfsstræti 1a ehf. (stjórnarmaður), Klapparstígur 27 ehf. (stjórnarmaður), Skeifan 8 ehf. (stjórnarmaður), Suðurlandsbraut 20 ehf. (stjórnarmaður).
<i>Starfsreynsla</i>	Lögmaður og meðeigandi Lögmanna Bárugötu slf. frá 2011, Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins 2005-2011, nefndasvið Alþingis 2003-2005, Lögmennsstofa Fortis ehf. 1999-2002, að auki stundakennsla í lögfræði við Háskólann á Bifröst 2004-2008.

4.3 Yfirstjórn

Forstjóri

<i>Nafn</i>	Orri Hauksson
<i>Fæðingardagur</i>	28. mars 1971.
<i>Starfsstöð</i>	Síminn, Ármúli 25, 108 Reykjavík.
<i>Menntun</i>	Executive Education í Harvard Business School 2010-2012, MBA frá Harvard Business School 2002, B.Sc. í vélaverkfræði frá Háskóla Íslands 1995.
<i>Núverandi stjórnarseta</i>	Seta í stjórnnum eftirtalinna félaga (og framkvæmdastjórn ef tekið fram): Frost Capital ehf. (meðstjórnandi), Gaukshöfði ehf. (stjórnarmaður), Háskólaráð Háskóla Íslands (meðstjórnandi), L1088 ehf. (meðstjórnandi), Landssími Íslands ehf. (stjórnarmaður).
<i>Fyrri stjórnarseta</i>	Seta í stjórnnum annarra eftirtalinna félaga (og framkvæmdastjórn ef tekið fram) á síðustu fimm árum: Actavis Pharma Holding 1 hf. (meðstjórnandi, áður stjórnarformaður), Akkur SI (meðstjórnandi), A1988 hf. (meðstjórnandi), Burðarás hf. (meðstjórnandi), Burðarás PE GP ehf. (meðstjórnandi), Félag stuðningsmanna IG (meðstjórnandi), F og F (Food and fun matarhátfíðin) (stjórnarformaður), Framboðsfélag IG (meðstjórnandi), Frumtak GP ehf. (varamaður), Gizmó ehf. (stjórnarformaður), Indian Motorcycle Company inc (meðstjórnandi), Innovit, nýsköpunar- og frumkvöðlasetur (varamaður, áður meðstjórnandi), KLAK INNOVIT ehf. (varamaður), Míla ehf. (meðstjórnandi), Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins (stjórnarformaður), Rekstrarfélag húss atvinnulífsins (meðstjórnandi), Scandinavian Biogas AS (meðstjórnandi), Skjár miðlar ehf. (stjórnarformaður), Skjárinn ehf. (stjórnarformaður), Sulphco inc (meðstjórnandi), Tæknivörur ehf. (stjórnarformaður), Valhalla ehf. (varamaður).
<i>Starfsreynsla</i>	Síminn hf., forstjóri frá 2013, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins 2010-2013, fjárfestingarstjóri Novator Partners LLC. 2007-2010, framkvæmdastjóri þróunarviðs Símans hf. 2003-2007, sölustjóri hjá Maskina Software Inc, Boston, 2002-2003, greinandi hjá Argnor Wireless Ventures, Stokkhólmi, 2001, aðstoðarmaður forsætisráðherra hjá forsætisráðuneytinu 1997-2000, sérfræðingur hjá Eimskipafélagi Íslands hf. 1995-1997.

Framkvæmdastjóri fjármála og rekstrar

<i>Nafn</i>	Óskar Hauksson
<i>Fæðingardagur</i>	8. mars 1973.
<i>Starfsstöð</i>	Síminn, Ármúli 25, 108 Reykjavík.
<i>Menntun</i>	B.Sc. í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands 1997, löggiltur verðbréfamíðlari í Bandaríkjunum (National Association of Securities Dealers, Series 7 og Series 63) 2001.
<i>Núverandi stjórnarseta</i>	Seta í stjórnnum eftirtalinna félaga (og framkvæmdastjórn ef tekið fram): Gaukshöfði ehf. (varamaður), Skjár miðlar ehf. (meðstjórnandi), Þræðir ehf. (stjórnarmaður), Landssími Íslands ehf. (varamaður).
<i>Fyrri stjórnarseta</i>	Seta í stjórnnum eftirtalinna félaga (og framkvæmdastjórn ef tekið fram): Gaukshöfði ehf. (varamaður), Skjár miðlar ehf. (meðstjórnandi), Þræðir ehf. (stjórnarmaður), Landssími Íslands ehf. (varamaður).

Starfsreynsla Fjármálastjóri Símans frá 2011, gegndi tímabundið stöðu forstjóra Skipta á árinu 2013, forstöðumaður fjárstýringar 2009-2011, starfsmaður í áætlana- og greiningardeild Skipta 2005-2009, skuldabréfamiðlari hjá Landsbanka Íslands hf. 2003-2004, verðbréfamiðlari hjá Bear Stearns 2001-2003, forstöðumaður fjárstýringar SPRON 1997-2001.

Framkvæmdastjóri sölu og þjónustu

<i>Nafn</i>	Birna Ósk Einarsdóttir
<i>Fæðingardagur</i>	9. apríl 1976.
<i>Starfsstöð</i>	Síminn, Ármúli 25, 108 Reykjavík.
<i>Menntun</i>	AMP frá IESE 2015, M.Sc. í stjórnun og stefnumótun frá Háskóla Íslands 2008, B.Sc. í viðskiptafræði frá Háskólanum í Reykjavík 2002.
<i>Núverandi stjórnarseta</i>	Seta í stjórnnum eftirtalinna félaga (og framkvæmdastjórn ef tekið fram): Alþjóðleg ættleiðing (stjórnarformaður), Ásgarður, verndaður vinnustaður (meðstjórnandi), Radíómiðun ehf. (meðstjórnandi), Sensa ehf. (meðstjórnandi), Skeljungur hf. (meðstjórnandi).
<i>Fyrri stjórnarseta</i>	Seta í stjórnnum annarra eftirtalinna félaga (og framkvæmdastjórn ef tekið fram) á síðustu fimm árum: Farsímagreiðslur ehf. (stjórnarformaður), Gildi lífeyrissjóður (meðstjórnandi).
<i>Starfsreynsla</i>	Síminn, framkvæmdastjóri Sölu og þjónustu frá 2014, framkvæmdastjóri Vöru- og nýsköpunarsviðs 2013-2014, framkvæmdastjóri Einstaklingssviðs 2011-2013, forstöðumaður markaðsmála 2009-2010, forstöðumaður Verkefnastofu 2006-2010, mannauðsráðgjafi 2003-2006, kynningarfulltrúi 2001-2003.

Framkvæmdastjóri miðlunar og markaða

<i>Nafn</i>	Magnús Ragnarsson
<i>Fæðingardagur</i>	16. maí 1963.
<i>Starfsstöð</i>	Síminn, Ármúli 25, 108 Reykjavík.
<i>Menntun</i>	MBA frá Háskóla Íslands 2002.
<i>Núverandi stjórnarseta</i>	Seta í stjórnnum eftirtalinna félaga (og framkvæmdastjórn ef tekið fram): Atburður ehf. (stjórnarformaður), Gogogic ehf. (stjórnarformaður), Go Invest ehf. (meðstjórnandi), KOM ehf., kynning og markaður (stjórnarformaður), Radíómiðun ehf. (meðstjórnandi).
<i>Fyrri stjórnarseta</i>	Seta í stjórnnum annarra eftirtalinna félaga (og framkvæmdastjórn ef tekið fram) á síðustu fimm árum: All-in ehf. (varamaður), GO Loyalty solutions ehf. (meðstjórnandi), VERT ehf. (stjórnarformaður), Web & Circus AS (stjórnarformaður), Wizard Investment ehf. (framkvæmdastjórn), Þjóðleikhúsráð (stjórnarformaður).
<i>Starfsreynsla</i>	Framkvæmdastjóri Vöru- og markaðssviðs Símans frá 2014, aðstoðarmaður menntamálaráðherra 2013-2014, fjármögnun og þróun á viðskiptamódeli fyrir OTT-sjónvarpsdreifingu hjá OZ 2012-2013, framkvæmdastjóri reksturs og viðskiptaþróunar hjá Gogogic ehf. 2010-2012, stjórnarformaður Web & Circus AS 2009-2014, framkvæmdastjóri Latabæjar 2007-2008, sjónvarpsstjóri Skjár miðlar 2004-2007, framkvæmdastjóri hjá Pegasus 2002-2003, fastráðinn leikari hjá Þjóðleikhúsinu 1993-2000, tæknideild Metropolitan Opera NYC 1991-1993, aðstoðarmaður leikstjóra og danshöfundar hjá Jerome Robbins 1986-1991.

Framkvæmdastjóri tæknisviðs

<i>Nafn</i>	Erik Figueras Torras
<i>Fæðingardagur</i>	29. júní 1967.
<i>Starfsstöð</i>	Síminn, Ármúli 25, 108 Reykjavík.
<i>Menntun</i>	MBA frá IMD Sviss 2001, M.Sc. í rafmagnsverkfræði frá UPC Barcelona 1992.
<i>Núverandi stjórnarseta</i>	Seta í stjórnnum eftirtalinna félaga (og framkvæmdastjórn ef tekið fram): Sensa ehf. (meðstjórnandi).
<i>Fyrri stjórnarseta</i>	Seta í stjórnnum annarra eftirtalinna félaga (og framkvæmdastjórn ef tekið fram) á síðustu fimm árum: Amivox ehf. (framkvæmdastjórn).
<i>Starfsreynsla</i>	Síminn, framkvæmdastjóri Tæknisviðs frá 2013, stofnandi og forstjóri Amivox ehf. 2007-2012, framkvæmdastjóri Viðskiptaþróunar hjá TM Software ehf. 2004-2006, forstöðumaður Vöruþróunar Símans 1999-2003, vörustjóri hjá Philips í Frakklandi 1996-1998, vörustjóri hjá Siemens í Þýskalandi 1992-1995.

Framkvæmdastjóri Mílu ehf.

<i>Nafn</i>	Jón Ríkharð Kristjánsson
<i>Fæðingardagur</i>	4. júní 1967.
<i>Starfsstöð</i>	Míla, Suðurlandsbraut 30, 108 Reykjavík.
<i>Menntun</i>	Cand.scient. í Vélaverkfræði frá Háskóla Íslands 1991.
<i>Núverandi stjórnarseta</i>	Seta í stjórnnum eftirtalinna félaga (og framkvæmdastjórn ef tekið fram): Míla ehf. (framkvæmdastjórn), Meira fjör ehf. (varamaður).
<i>Fyrri stjórnarseta</i>	Seta í stjórnnum annarra eftirtalinna félaga (og framkvæmdastjórn ef tekið fram) á síðustu fimm árum: Menn og mýs ehf. (framkvæmdastjórn), Penninn ehf. (meðstjórnandi).
<i>Starfsreynsla</i>	Míla, framkvæmdastjóri frá 2014, framkvæmdastjóri Menn og Mýs ehf. 2007-2014, framkvæmdastjóri Maritech ehf. 2000-2007, tæknistjóri ACO hf. 1995-2000, verkfræðingur hjá Reykjavíkurborg 1993-1995, atvinnumaður í handbolta 1992-1993.

Framkvæmdastjóri Sensa ehf.

<i>Nafn</i>	Valgerður H. Skúladóttir
<i>Fæðingardagur</i>	17. september 1963.
<i>Starfsstöð</i>	Sensa, Ármúli 31, 108 Reykjavík.
<i>Menntun</i>	MBA frá University of Miami 1988, C.Sc. í rafmagnsverkfræði frá Háskóla Íslands 1987.
<i>Núverandi stjórnarseta</i>	Seta í stjórnnum eftirtalinna félaga (og framkvæmdastjórn ef tekið fram): Memento ehf. (meðstjórnandi), Sensa ehf. (framkvæmdastjórn), Staki automation ehf. (meðstjórnandi), Talenta ehf. (meðstjórnandi).
<i>Fyrri stjórnarseta</i>	Seta í stjórnnum annarra eftirtalinna félaga (og framkvæmdastjórn ef tekið fram) á síðustu fimm árum: Engin.

Starfsreynsla Sensa ehf., stofnandi og framkvæmdastjóri frá 2002, framkvæmdastjóri Kjarnasviðs Tæknivals 1999-2001, framkvæmdastjóri Fyrirtækjasviðs Tæknivals 1999, framkvæmdastjóri Heildarlausnasviðs Tæknivals 1997-1998, hópstjóri netlausna Tæknivals frá 1994-1997, deildarstjóri rafmagnssviðs hjá Johan Ólafsson & Co. 1989-1994, sérfræðingur hjá iðnaðarráðuneytinu 1989.

4.4 Aðrar upplýsingar um stjórn og yfirstjórn

4.4.1 Hæfi

Stjórnarmenn og framangreindir aðilar í yfirstjórn hafa á síðastliðnum fimm árum ekki verið sakfelldir vegna svikamála og ekki verið dæmdir vanhæfir til að starfa sem aðilar að stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn útgefanda eða til að stjórna eða stýra verkefnum hjá einhverjum útgefanda né heldur sætt opinberri ákæru eða viðurlögum lögboðinna yfirvalda eða eftirlitsaðila á tímabilinu. Þeir hafa ekki verið framkvæmdastjórnar, stjórnendur eða umsjónarmenn fyrirtækja sem hafa orðið gjaldþrota eða farið í skipta- eða slitameðferð á síðastliðnum fimm árum.

4.4.2 Hagsmunatengsl

Hjá stjórnarmönnum Símans og aðilum í yfirstjórn Símans sem nafngreindir eru hér að framan eru engir hagsmunaárekstrar milli skyldustarfa fyrir Símann og persónulegra hagsmuna og/eða annarra skyldustarfa þeirra. Engin fjölskyldutengsl eru á milli stjórnarmanna og/eða aðila í yfirstjórn Símans. Bent er á að Helgi Magnússon meðstjórnandi í stjórn Símans situr í stjórn Lífeyrissjóðs verzlunarmanna sem á 13,2% hlut í Símanum. Bent er á að Orri Hauksson forstjóri Símans situr í stjórn L1088 ehf. og einn af eigendum þess félags á 5% hlut í Símanum. Bent er á að aðilarnir í yfirstjórn Símans sem nafngreindir eru hér að framan eiga hlut í Símanum í eigin nafni eða í nafni eignarhaldsfélags og eru eignarhlutir þeirra tilteknir hér í næsta undirkafla. Eftirlitsnefnd um jafnan aðgang fjarskiptafyrirtækja hefur óskað eftir sjónarmiðum stjórnar Mílu ehf. varðandi það hvort kaup framkvæmdastjóra Mílu ehf. á hlutabréfum í Símanum samræmist sátt Símans við Samkeppniseftirlitið sbr. ákvörðun stofnunarinnar nr. 6/2013 eins og henni var breytt með ákvörðun nr. 6/2015 um skipulag Símasamstæðunnar og aðgerðir til að efla samkeppni á fjarskiptamarkaði.

4.4.3 Tekjur, hlunnindi og réttindi stjórnarmanna og yfirstjórnar

Upplýsingar um tekjur og hlunnindi stjórnarmanna og yfirstjórnar á síðastliðnu fjárhagsári eru tilgreindar í töflu hér á eftir. Þar er einnig tilgreind hlutafjäreign þeirra í Símanum og önnur hugsanleg réttindi tengd hlutabréfum í félaginu þann 25. september 2015.

Hluthafafundur þann 8. september 2015 samþykkti kaupréttaráætlun fyrir alla starfsmenn samstæðunnar að Mílu undanskilinni þar sem starfsmanni býðst kaupréttur á hlutum í Símanum hf. fyrir að hámarki 600.000 kr. að kaupverði á ári í þrjú ár. Samninga sem félagið gerir við starfsmenn á grundvelli kaupréttaráætlunar áður en félagið verður skráð á markað skal miða við síðasta þekktu gagngjald á grundvelli viðskipta sem voru kynnt 21. ágúst 2015 þar sem kaupgengi var 2,518 kr. fyrir hvern hlut en ella er miðað við vegið meðalverð í viðskiptum með hluti Símans síðustu tíu heilu viðskiptadaga fyrir gerð samnings. Í kjölfarið hefur öllum fastráðnum starfsmönnum samstæðunnar að Mílu undanskilinni verið boðnir slíkir samningar. Gerðir hafa verið samningar við 613 starfsmenn, samtals um kaup á allt að 438.204.925 milljónum hluta á genginu 2,518 kr./hlut og kaupverði samtals 1.103,4 m.kr.

Starfssamningar félagsins við lykilstjórnendur innihalda engin óvenjuleg ákvæði og eru í samræmi við hefðbundna samninga. Í samningunum eru ákvæði um bann við störfum fyrir samkeppnisaðila á meðan uppsagnarfrestur er í gildi. Félagið hefur ekki lagt greiðslur til hliðar vegna lífeyrisframlags, starfsloka eða hliðstæðra hlunninda til viðbótar við það sem lög gera ráð fyrir. Hluti aðila í yfirstjórn nýtur samkvæmt starfssamningum sínum sérstaks lífeyrisframlags umfram kjarasamninga og er það greitt mánaðarlega inn á séreignarsparnað viðkomandi. Félagið hefur ekki gert aðra samninga við lykilstjórnendur um greiðslu hlunninda við starfslok. Samningar við lykilstjórnendur kveða á um 6-12 mánaða uppsagnarfrest.

Greiðslur frá Símanum fyrir fjárhagsárið 2014

Réttindi tengd hlutabréfum í Símanum 25. september 2015

Greiðslur í krónum Réttindi í hlutum	Laun, hlunnindi, kaupaukar, líf- eyrissjóðsgreiðslur	Eign í eigin nafni	Réttindi í eigin nafni	Eign fjárhagslega tengdra aðila	Réttindi fjárhags- lega tengdra aðila
<i>Stjórn</i>					
Sigríður Hrólfsdóttir	9.590.400	0	0	0	0
Ingimundur Sigurpálsson	6.204.600	0	0	0	0
Heiðrún Jónsdóttir	4.504.500	0	0	0	0
Helgi Magnússon	4.179.600	0	0	1.277.175.792	0
Stefán Árni Auðólfsson	4.179.600	0	0	0	0
<i>Endurskoðunarnefnd</i>					
Sigurður Þórðarson	2.029.800	0	0	0	0
<i>Yfirstjórn</i>					
Orri Hauksson	43.054.547	5.956.913	*714.853	**482.500.000	0
Óskar Hauksson	27.053.552	3.971.275	*714.853	0	0
Birna Ósk Einarasdóttir	25.752.996	3.177.020	*714.853	0	0
Magnús Ragnarsson	17.067.159	3.971.275	*714.853	0	0
Eric Figueras	24.897.975	7.942.550	*714.853	0	0
Jón Ríkharð Kristjánsson	3.127.395	3.971.275	*714.853	0	0
Valgerður H. Skúladóttir	17.292.855	0	*714.853	***13.502.335	0

* Kaupréttur að hlutum á 2,518 kr./hlut af útgefanda. ** Auk hluta í eigin nafni á Orri Hauksson óbeinan eignarhlut í útgefanda og jafngildir sú eign hans 39.712.751 hlut í útgefanda *** Hlutir í eigu eignarhaldsfélags Valgerðar H. Skúladóttur.

4.5 Tengdir aðilar

4.5.1 Skilgreining tengdra aðila

Aðilar tengdir Símanum eru þeir sem hafa umtalsverð áhrif sem stórir hluthafar í félaginu, dótturfélög Símans, hlutdeildarfélag, stjórnarmenn, forstjóri, fjármálastjóri og framkvæmdastjórnar innan samstæðu félagsins. Skilgreining þessi er byggð á IAS24. Viðskipti eiga sér stað milli einstakra eininga innan Símasamstæðunnar og eru hluti af daglegum rekstri samstæðunnar. Viðskipti milli félagsins og dótturfélaga þess og milli einstakra eininga innan samstæðunnar hafa verið felld út við gerð samstæðureikningsskila og eru því ekki tilgreind hér.

4.5.2 Viðskipti við tengda aðila

Viðskipti við tengda aðila á árunum 2012 til 2014, fyrstu þrjú mánuði ársins 2015 og staða krafna eða skulda gagnvart tengdum aðilum í lok hvers tímabils eru tekin saman í eftirfarandi töflu.

<i>m.kr.</i>	Sala þjónustu	Kaup þjónustu	Kröfur	Skuldir
<i>Klaxki ehf.</i>				
2012	3,1	5,2	0,6	0,0
2013	1,9	3,0	1,2	1,0
<i>m.kr.</i>	Sala þjónustu	Vaxtagreiðslur	Kröfur	Skuldir
<i>Arion banki hf.</i>				
2013	174	1.378	23	18.912
2014	179	1.437	28	17.947
2015*	82	725	26	18.425

* Fjárhæðir miðast við tímabilið 1. janúar til 30. júní 2015.

Í júní 2013 framseldu Klakki ehf. og Exista B.V. hlutafjäreign sína samtals að nafnverði 8.723.931.135 eða 90,4% af heildarhlutfé Símans, til Símans. Í júní 2013 voru eigin hlutir Símans 926.068.865 eða 9,6% af heildarhlutfé Símans. Framsalið á hlutum Klakka ehf. og Exista B.V. var hluti af fjárhagslegri endurskipulagningu Símans og voru hlutirnir afhentir til kröfuhafa Símans í samræmi við samning um fjárhagslega endurskipulagningu. Arion banki hf. var stærsti kröfuhafi Símans og eignaðist 38,3% eignarhlut í Símanum við fjárhagslega endurskipulagningu félagsins en á nú 27,8% hlut í félaginu og gerir ráð fyrir að eiga að öðru óbreyttu 6,8-9,8% hlut í félaginu að loknu fyrirhuguðu almennu útboði.

4.6 Endurskoðendur

Í samþykktum Símans er kveðið á um það að á aðalfundi félagsins skuli kjósa löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfélag til eins árs í senn. Þremur vikum fyrir aðalfund félagsins skal birta ársreikning, skýrslu stjórnar og skýrslu endurskoðanda. Endurskoðandi rannsakar reikninga félagsins og öll reikningsgögn fyrir hvert starfsár og hefur í þeim tilgangi aðgengi að öllum bókum og skjölum félagsins. Endurskoðendur eru ekki kosnir úr hópi stjórnarmanna félagsins eða starfsmanna þess. Frekar er kveðið á um hæfnisskilyrði og kjörgengi endurskoðenda í IX. kafla laga nr. 3/2006 um ársreikninga og í lögum nr. 79/2008 um endurskoðendur.

Aðalfundur þann 16. apríl 2015 samþykkti tillögu stjórnar um að KPMG ehf., kt. 590975-0449, Borgartúni 27, 105 Reykjavík yrði endurskoðunarfélag fjárhagsárið 2015. Endurskoðendur félagsins, fyrir hönd KPMG ehf., eru Alexander G. Eðvardsson, kt. 300957-4399 og Árni V. Claessen, kt. 261174-3919, löggiltir endurskoðendur og félagar í Félagi löggiltra endurskoðenda. Engin hlutabréf útgefin af Símanum eða tengdar afleiður eru í eigu endurskoðenda félagsins eða fulltrúa þeirra sem annast endurskoðun þess.

Frá og með fjárhagsárinu 2007 til og með árinu 2014 var Deloitte ehf., kt. 521098-2449, Smáratorgi 3, 201 Kópavogi, endurskoðunarfélag Símans. Á því tímabili endurskoðaði og áritaði Hilmar A. Alfredsson, kt. 120759-5159, löggiltur endurskoðandi, ársreikninga félagsins fyrir hönd Deloitte ehf.

5. HLUTHAFAR OG HLUTAFÉ

5.1 Hlutafé

Útgefið hlutafé Símans nemur 9.650.000.000 krónum að nafnverði og skiptist í jafnmarga hluti. Allir útgefnir hlutir eru þegar greiddir. Síminn á 19 eigin hluti. Lögum samkvæmt fylgir atkvæðisréttur ekki eigin hlutum. Útistandandi virkir hlutir eru 9.649.999.981 og jafngilda um 100% af útgefnum hlutum í félaginu.

5.2 Réttindi hluthafa

Öll útgefnin hlutabréf í Símanum tilheyra sama flokki og eru jafn rétt há. Réttindi hluthafa í útgefanda eru háð gildandi löggjöf og samþykktum félagsins á hverjum tíma. Engin sérréttindi fylgja hlutabréfum í félaginu. Engar hömlur eru á viðskiptum með hluti í útgefanda og má því selja og veðsetja hlutabréfin nema annað leiði af lögum.

Hlutabréf í Símanum eru gefin út rafrænt í kerfi Nasdaq verðbréfamiðstöðvar hf. Eignarskráning rafréfs í verðbréfamiðstöð að undangenginni lokafærslu verðbréfamiðstöðvar veitir skráðum eiganda þess lögformlega heimild fyrir þeim réttindum sem hann er skráður eigandi að og skal gagnvart útgefanda jafngilda skilríki um eignarétt að rafréfinu. Forgangsröð ósamrýmanlegra réttinda ræðst af því hvenær beiðni reikningsstofnunar um skráningu þeirra berst í verðbréfamiðstöð. Aðeins reikningsstofnanir og aðrir aðilar sem gert hafa aðildarsamning við verðbréfamiðstöð hafa heimild til milligöngu um eignarskráningu eða aðgang að verðbréfamiðstöðinni.

Eigandi getur ekki nýtt réttindi sín samkvæmt hlut nema hluturinn hafi verið skráður á hans nafn í hlutaskrá útgefandans í kerfi verðbréfamiðstöðvar. Eigendur hlutanna eiga rétt á að neyta atkvæðisréttar á hluthafafundum, fá greiddan arð frá útgefanda, hafa forkaupsrétt að aukningarhlutum í hlutfalli við hlutafjáreign sína (nema þeir hafi afsalað sér slíkum rétti) og eiga rétt á að fá greitt af eignum útgefanda við slit eða gjaldþrot þess í samræmi við hlutafjáreign nema lög og samþykktir kveði á um aðra skipan. Ekki má skylda hluthafa til að sæta innlausn hlutar síns nema til komi heimild samkvæmt lögum.

Í samræmi við 22. gr. í samþykktum félagsins skal fara með tillögur um slit á félaginu, samruna við önnur félög eða skiptingu þess samkvæmt ákvæðum XIII. og XIV. kafla laga nr. 2/1995 um hlutafélög og annarra laga eftir því sem við á. Þarf atkvæði sem ráða minnst 2/3 hlutum af heildarhlutafé félagsins til að slík ákvörðun sé gild. Hluthafafundur, sem tekið hefur löglega ákvörðun um slit eða skipti félagsins, skal einnig ákveða ráðstöfun eigna og greiðslu skulda.

5.3 Atkvæðisréttur

Eitt atkvæði fylgir hverjum hlut. Hluthafi getur látið umboðsmann sækja hluthafafund fyrir sína hönd og fara með atkvæði sín. Umboðsmaður skal leggja fram skriflegt, vottfast og dagsett umboð. Umboðið skal leggja fram á fundi og gildir aðeins fyrir einn fund nema annað sé tekið fram í umboðinu. Í samræmi við lög um hlutafélög nr. 2/1995 ræður einfaldur meirihluti atkvæða (afl atkvæða) úrslitum á hluthafafundi nema öðruvísi sé mælt í lögum eða samþykktum félagsins. Ef tillaga fær jafn mörg atkvæði með og á móti er hún fallin. Ef tveir menn eða fleiri fá jafn mörg atkvæði í kosningu skal hlutkesti ráða. Í samræmi við grein 22.1 í samþykktum félagsins skal ákvörðun um breytingu samþykka tekin á aðalfundi eða aukafundi enda hljóti breytingin samþykki minnst 2/3 hluta greiddra atkvæða svo og samþykki hluthafa sem ráða yfir minnst 2/3 hlutum þess hlutafjár sem farið er með atkvæði fyrir á fundinum, þó samanber grein 14.3 í félagasamþykktum. Í samræmi við grein 14.3 í samþykktum þarf samþykki allra hluthafa til þess:

- að skylda hluthafa til að leggja fram fé og annað í félagsþarfir fram yfir skuldbindingar sínar,
- að skylda hluthafa til að þola lausn hluta sinna að einhverju leyti eða öllu umfram það sem mælt er fyrir í lögum eða samþykktum félagsins nema félaginu sé slitið eða hlutaféð löglega fært niður,
- að takmarka heimild manna til meðferðar á hlutum sínum.

5.4 Hluthafar

Eins og fram kemur í kafla 1.2.17 *Mikilvægir samningar* fól tillaga um fjárhagslega endurskipulagningu Símans (sem þá hét Skipti), er samþykkt var af kröfuhöfum félagsins, m.a. í sér að öllum kröfum samkvæmt skuldabréfaflokki Símans, SIMÍ 06 01, var breytt eða skipt yfir í hlutafé í Símans. Á efndadegi þann 20. júní

2013 var öllum kröfum Arion banka, sem ekki voru hluti af þáverandi forgangsláni félagsins, skipt fyrir hlutafé í félaginu og einnig fékk hver kröfuhafi félagsins sem var aðili að framangreindum samningi greiddar 2 m.kr. inn á kröfu sína á félagið. Eftirstæðum kröfum var breytt í hlutafé í samræmi við samninginn um fjárhagslegu endurskipulagninguna. Þann 2. júlí 2013 komu nýir hluthafar saman til fundar og félaginu var kosin ný stjórn.

Þann 25. september 2015 eru 208 hluthafar skráðir í hlutaskrá Símans.

Arion banki hf. er stærsti hluthafinn og fer með 27,8% útgefins hlutafjár. Enginn hluthafi fer með 30% atkvæðisréttar í útgefanda eða meira, sem eru skilgreind mörk yferráða í félagi samkvæmt X. kafla laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti. Í almennu útboði sem Arion banki hf. efnir til 5. - 7. október hyggst bankinn selja 18% af útgefnum hlutum í Símanum en áskilur sér rétt til að selja allt að 21% af útgefnum hlutum. Að útboðinu loknu gerir bankinn að öðru óbreyttu ráð fyrir að fara með 6,8 - 9,8% eignarhlut sem samsvarar 6,8 - 9,8% atkvæðisrétti í Símanum.

Lífeyrissjóður verzlunarmanna fer með 13,2% útgefins hlutafjár. Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, A og B deild, ásamt Lífeyrissjóði hjúkrunarfræðinga fer með 12,0%. Gildi – lífeyrissjóður fer með 6,2% eignarhlut í félaginu.

L1088 ehf. á 5% hlut í Símanum, en þar er um að ræða hóp fjárfesta sem forstjóri félagsins hafði frumkvæði að því að setja saman til að fjárfesta í félaginu og er sjálfur þar á meðal. Samhliða þeim viðskiptum keyptu hann og aðrir í yfirstjórn Símans sem nafngreindir eru í kafla 4.4.3 *Tekjur, hlunnindi og réttindi stjórnarmanna og yfirstjórnar* samtals 0,4% hlut í Símanum. Eigendahópur L1088 ehf. samanstendur af fjárfestum frá fimm löndum og fyrir honum fer Bertrand Kan, hollenskur fjárfestir með áratuga reynslu af fjárfestingarstarfsemi á sviði fjarskipta. Stærsti einstaki eigandi að baki félaginu er Æðarnes ehf. L1088 ehf. og stjórnendurnir hafa undirgengist söluhömlur og er L1088 ehf. óheimilt að selja framangreindan hlut sinn fyrir 1. janúar 2017 en stjórnendunum ásamt fleiri aðilum óheimilt að selja samtals 0,5% hlutafjár í útgefanda sína fyrir 1. mars 2016. Verð í framangreindum kaupum af Arion banka hf. var 2,518 kr./hlut.

Aðrir hluthafar fara með undir 5% af beinum eignarhlut í félaginu sem eru neðstu mörk flöggunarskyldu skv. lögum nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti. Þar á meðal er dreifður hópur viðskiptavina Arion banka hf. sem keyptu samtals 5% hlut af bankanum (enginn einn aðili keypti yfir 0,5%) nú síðari hluta september á genginu 2,8 kr./hlut en þeir tóku um leið á sig söluhömlur og er óheimilt að selja hlutina þar til þremur mánuðum eftir fyrsta viðskiptadag með hluti útgefanda á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland.

Eigin hlutir Símans eru 19 og eru óverulegt hlutfall útgefins hlutafjár.

Fari aðili og þeir sem hann er í samstarfi við með yferráð í félagi þegar verðbréf þess eru tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði verður hann ekki tilboðsskyldur samkvæmt 7. mgr. 100. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti en sú undanþága gildir þó ekki ef viðkomandi aðili missir yferráðin en nær þeim að nýju.

Ekki liggja fyrir upplýsingar um neinar söluhömlur aðrar en að framan greinir eða söluskyldu á hlutum í Símanum eftir að útboði lýkur eða hvort og þá hvenær eða með hvaða hætti seljandi í útboðinu eða aðrir í hópi stærstu hluthafa Símans munu selja þá eignarhluti sem þeir munu eiga eftir að útboðinu lýkur.

Útgefandanum er ekki kunnugt um annað eignarhald á Símanum en að framan greinir eða að félaginu sé stjórnað af öðrum aðilum en að framan greinir. Útgefandanum er ekki kunnugt um að til staðar séu önnur réttindi en að framan greinir sem geta leitt til breytinga á yferráðum í félaginu. Hagsmunir minnihlutaeigenda eru varðir samkvæmt ákvæðum samþykka félagsins og laga nr. 2/1995 um hlutafélög.

Hagsmunir minnihlutaeigenda eru varðir samkvæmt ákvæðum samþykka félagsins og laga nr. 2/1995 um hlutafélög, auk ákvæða X. kafla laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti frá þeim tíma að hlutabréf eru tekin til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland.

Hlutaskrá Símans hf. 25. september 2015

Hluthafi	Lýsing	Fjöldi hluta	Hlutfallsleg eign	Atkvæðisréttur
Arion banki hf.	Fjármálafyrirtæki	2.684.847.545	27,8%	27,8%
Lífeyrissjóður verzlunarmanna	Lífeyrissjóður	1.277.175.792	13,2%	13,2%
Gildi – lífeyrissjóður	Lífeyrissjóður	597.635.662	6,2%	6,2%
Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins – B deild	Lífeyrissjóður	566.345.089	5,9%	5,9%
Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins – A deild	Lífeyrissjóður	488.751.379	5,1%	5,1%
L1088 ehf.	Eignarhaldsfélag	482.500.000	5,0%	5,0%
Íslandssjóðir hf., sjóður 1	Verðbréfasjóður	374.516.195	3,9%	3,9%
Almenni lífeyrissjóðurinn	Lífeyrissjóður	264.591.772	2,7%	2,7%
Lífsverk lífeyrissjóður	Lífeyrissjóður	253.814.868	2,6%	2,6%
Sameinaði lífeyrissjóðurinn	Lífeyrissjóður	218.808.704	2,3%	2,3%
10 stærstu hluthafar samtals		7.205.196.315	74,7%	74,7%
Festa – lífeyrissjóður	Lífeyrissjóður	208.551.871	2,2%	2,2%
Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda	Lífeyrissjóður	165.444.255	1,7%	1,7%
A.C.S. safnreikningur I	Safnreikningur	147.499.677	1,5%	1,5%
Frjálsi lífeyrissjóðurinn	Lífeyrissjóður	141.735.065	1,5%	1,5%
Stafir lífeyrissjóður	Lífeyrissjóður	141.735.065	1,5%	1,5%
Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurborgar	Lífeyrissjóður	124.492.018	1,3%	1,3%
Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga	Lífeyrissjóður	105.093.590	1,1%	1,1%
Lífeyrissjóður starfsm. sveitarfélaga	Lífeyrissjóður	97.587.306	1,0%	1,0%
Íslandsbanki hf.	Fjármálafyrirtæki	96.472.067	1,0%	1,0%
Glitnir hf.	Hlutafélag	85.695.163	0,9%	0,9%
20 stærstu hluthafar samtals		8.523.293.083	88,3%	88,3%
188 aðrir hluthafar samtals		1.126.706.898	11,7%	11,7%
Virkir hlutir samtals		9.649.999.981	100,0	100,0
Síminn hf.	Eigin hlutir	19	0,0%	0,0%
Útgefnir hlutir samtals		9.650.000.000	100,0%	100,0%

5.5 Arður og kaup á eigin hlutabréfum

Aðalfundur Símans sem haldinn var þann 16. apríl 2015 samþykkti að greiða ekki út arð til hluthafa félagsins vegna fjárhagsársins 2014. Félagið greiddi ekki arð til hluthafa sinna vegna fjárhagsáranna 2012 og 2013.

Síminn hf. stefnir að því að greiða hluthöfum árlega arð og/eða framkvæma endurkaup sem nemur 20-50% af hagnaði eftir skatta í samræmi við lög og reglur hverju sinni. Við gerð tillagna um arðgreiðslu og/eða kaup á eigin hlutum skal stjórn taka tillit til:

- Takmarkana í fjárstýringarstefnu félagsins
- Aðstæðna á markaði
- Fjárfestingarþarfar á næstu árum
- Skuldbindinga félagsins samkvæmt lánasamningum og skuldabréfaflokknum SKIPTI 13 01

Í lánasamningum félagsins er ákvæði þar sem Símanum er óheimilt að greiða út arð. Komi til þess að hlutabréf félagsins verði tekin til viðskipta á skipulögðum verðbréfamarkaði er Símanum heimilt að greiða út arð að fullnægðum eftirfarandi skilyrðum:

- að engin brot séu útistandandi á skilmálum lánasamninganna og að arðgreiðslan sem slík valdi ekki að brotið verði á fjárhagslegum skilmálum lánasamninganna við næstu útreikninga þeirra,
- að arðgreiðslan hafi ekki neikvæð áhrif á nauðsynlegar fjárfestingar Símans eða rekstrargrundvöll félagsins,
- að eiginfjárlutfall Símans sé að lágmarki 30% eftir arðgreiðsluna,
- að heimil arðgreiðsla skv. fyrrgreindu takmarkist við 50% af óráðstöfuðu eigin fé nema að eiginfjárlutfall eftir arðgreiðsluna verði hærra en 35%.

Fjárhagsskilmálar skulu metnir á sex mánaða fresti utan skilmála er varðar fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum en hann reiknast á 12 mánaða fresti. Stjórn og stjórnendur félagsins telja ekki um að ræða neina óvenjulega skilmála í lánasamningum eða skuldabréfaútgáfu félagsins, telja hvorugt hamlandi fyrir félagið og telja ekki líkur á að félagið brjóti gegn þeim skorðum sem skilmálarnir setja en slíkt myndi veita lánardrottnum félagsins heimild til gjaldfellingar og myndi takmarka möguleika þess til að standa straum af arðgreiðslum til hluthafa félagsins.

Á aðalfundi skal tekin fyrir ákvörðun um hvernig fara skuli með tap eða hagnað félagsins á reikningsárinu. Aðilar tilgreindir í hlutaskrá félagsins í lok arðsréttindadags eiga tilkall til arðs. Síminn er bundinn af ákvæðum laga nr. 2/1995 varðandi fjárhæð sem félaginu er heimilt að ráðstafa til hluthafa í formi arðgreiðslna. Samkvæmt 1. mgr. 99. gr. laganna er einungis heimilt að úthluta sem arði hagnaði samkvæmt samþykktum ársreikningi síðasta reikningsárs, yfirferðum hagnaði frá fyrri árum og frjálsum sjóðum eftir að dregið hefur verið frá tap sem ekki hefur verið jafnað og það fé sem samkvæmt lögum eða félagssamþykktum skal lagt í varasjóð eða til annarra þarfa. Samkvæmt 1. mgr. 101. gr. laganna tekur hluthafafundur ákvörðun um úthlutun arðs eftir að félagsstjórn hefur lagt fram tillögur um það efni. Óheimilt er að ákveða á aðalfundi meiri úthlutun arðs en stjórn félagsins leggur til eða samþykkir. Arðgreiðslur skulu inntar af hendi eigi síðar en sex mánuðum frá samþykki úthlutunar.

Hlutfélag hafa heimild til að ákvarða að réttur til arðs miðist við annað tímamark en útborgun arðs enda sé það tímamark tiltekið í ákvörðun hluthafafundar um arðgreiðslu. Verði umsókn útgefanda um töku hlutabréfa hans til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland samþykkt mun félagið fylgja tilmælum Nasdaq Iceland samkvæmt lið 2.13 í *Reglum fyrir útgefendur fjármálageminga* frá 17. desember 2013. Samkvæmt tilmælunum skal í tilkynningu um arðgreiðslu m.a. tilkynna um arðsréttindadag, arðleysisdag og útborgunardag arðs. Hlutfélag sem skráð eru á skipulegan verðbréfamarkað skulu birta opinberlega slíka tilkynningu fyrir aðalfund. Hafi hluthafi ekki fengið greiddan arð sem hann á rétt á getur hann vitjað hans á skrifstofu útgefanda innan fjögurra ára frá gjalddaga en samkvæmt lögum nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda fymist réttur til arðs á fjórum árum frá gjalddaga. Vitji hluthafi ekki arðs innan þess tíma fellur hann til útgefanda.

Aðalfundur Símans hf. þann 16. apríl 2015 heimilaði stjórn félagsins að kaupa í eitt skipti eða oftar á næstu 18 mánuðum hlutabréf í félaginu þannig að það ásamt dótturfélögum þess ætti, að öðrum lagaskilyrðum uppfylltum, allt að 10% af hlutfé þess, þ.e. að hámarki kr. 965.000.000 að nafnverði, í þeim tilgangi að koma á viðskiptavakt með hluti í félaginu og/eða til að setja upp formlega endurkaupaáætlun. Endurgjald fyrir keypta hluti skal ekki vera á hærra verði en nemur verði síðustu óháðu viðskipta eða hæsta fyrirbyggjandi óháða kauptilboði í þeim viðskiptakerfum þar sem viðskipti með hlutina fara fram, hvort sem er hærra. Slík kaup eru þó heimil ef þau eru gerð af viðskiptavaka skv. 116. gr. laga um verðbréfavíðskipti eða á grundvelli 1. tölul. 3. mgr. 115. gr. og 2. mgr. 119. gr. laga um verðbréfavíðskipti og reglugerða sem settar eru á grundvelli 118. og 131. gr. sömu laga. Heimild þessi byggist á ákvæðum 55. gr. laga nr. 2/1995 um hlutfélag.

5.6 Hækkun eða lækkun hlutfjár

Hluthafafundur einn getur ákveðið að auka hlutféð í félaginu, hvort heldur með áskrift nýrra hluta eða útgáfu jöfnunarhluta, og þarf til þess sama magn atkvæða og til breytinga á samþykktum þess eða með 2/3 hlutum greiddra atkvæða, svo og samþykki hluthafa sem ráða yfir minnst 2/3 hlutum þess hlutfjár sem farið er með atkvæði fyrir á fundinum. Hluthafar skulu hafa forgangsrétt að öllum nýjum hlutum í hlutfalli við skráða hlutfjáreign sína og innan tímamarka sem greind verða í samþykkt um aukningu hlutfjár. Geta hluthafar framselt öðrum aðilum áskriftarrétt sinn að hluta eða í heild í samræmi við V. kafla laga nr. 2/1995 um hlutfélag. Ef einhver hinna eldri hluthafa notar ekki eða framselur áskriftarrétt sinn að fullu þá eiga aðrir eldri hluthafar aukinn rétt til áskriftar sem þeir geta ekki framselt öðrum. Þeim hluthöfum eða öðrum, sem hafa forgangsrétt til áskriftar, skal strax eftir ákvörðun um hlutfjárhækkun send tilkynning um hana eftir sömu

reglum og gilda um boðun til hluthafafundar, ásamt upplýsingum um nafnverð og gengi hluta þeirra er hluthafi á rétt á að kaupa, um frest til áskriftar og um greiðslukjör.

Hluthafafundur getur ákveðið að víkja frá forgangsrétti hluthafa enda sé hluthöfum á engan hátt mismunað. Slík ákvörðun þarfnast samþykkis minnst 2/3 hluta greiddra atkvæða svo og samþykkis hluthafa sem ráða yfir minnst 2/3 hlutum þess hlutafjár sem farið er með atkvæði fyrir á hluthafafundinum.

Samkvæmt samþykktum félagsins dagsettu 8. september 2015 er ekki til staðar útistandandi ákvörðun hluthafafundar um útgáfu nýrra hluta en stjórn hefur heimild til að hækka hlutafé um allt að 510.000.000 kr. að nafnverði til að mæta mögulegum skuldbindingum félagsins á grundvelli kaupréttaráætlunar sem hluthafafundur samþykkti 8. september 2015. Kaupréttaráætlunin gildir fyrir alla starfsmenn samstæðunnar að Mílu undanskilinni þar sem starfsmanni býðst kaupréttur á hlutum í Símanum hf. fyrir að hámarki 600.000 kr. að kaupverði á ári í þrjú ár. Samninga sem félagið gerir við starfsmenn á grundvelli kaupréttaráætlunar áður en félagið verður skráð á markað skal miða við síðasta þekkta gagngjald á grundvelli viðskipta sem voru kynnt 21. ágúst 2015 þar sem kaupgengi var 2,518 kr. fyrir hvern hlut en ella er miðað við vegið meðalverð í viðskiptum með hluti Símans síðustu tíu heilu viðskiptadaga fyrir gerð samnings. Öllum fastráðnum starfsmönnum samstæðunnar að Mílu undanskilinni hafa verið boðnir slíkir samningar. Samningar hafa verið gerðir við 613 starfsmenn, samtals um kaup á allt að 438.204.925 hlutum á genginu 2,518 kr./hlut og kaupverði samtals 1.103,4 m.kr.

Hluthafafundur einn getur ákveðið lækkun hlutafjár.

5.7 Þróun hlutafjár

Útistandandi hlutafé Símans nam 8.725 m.kr. að nafnverði í byrjun þess tímabils sem útgefandalýsing þessi nær til, þ.e. í upphafi ársins 2012. Útgefnir hlutir voru þá 9.650.000.000 eins og nú en félagið átti eigin bréf sem samsvarar mismuninum. Útistandandi hlutafé hækkaði árið 2013 um 925 m.kr. við umbreytingu krafna að fjárhæð 35.106 m.kr. yfir í hlutafé í Símanum, en félagið lét þá af hendi eigin bréf. Hlutafé Símans, bæði útgefið og útistandandi, hefur síðan haldist óbreytt í 9.650 m.kr. að nafnverði. Félagið á 19 eigin hluti.

6. FJÁRHAGSYFIRLIT 1. JANÚAR 2012 – 30. JÚNÍ 2015

Hér á eftir fer umfjöllun um þróun reksturs, efnahags og sjóðstreymis samstæðu Símans fyrir tímabilið 1. janúar 2012 til 30. júní 2015.

Upplýsingar í þessum kafla um fjárhag útgefanda, eru fengnar úr endurskoðuðum samstæðuársreikningum Símans hf. (áður Skipti hf.) og dótturfélaga fyrir árin 2012, 2013 og 2014 auk endurskoðaðs samstæðureiknings fyrir fyrstu sex mánuði ársins 2015 sem jafnframt inniheldur samanburðartölur fyrir fyrstu sex mánuði ársins 2014 úr óendurskoðuðum samstæðureikningi fyrir það tímabil. Samkeppniseftirlitið heimilaði sameiningu Skipta hf. og Símans hf. og verður rekstur félaganna sameinaður undir nafni Símans. Tilkynnt var um áform um sameiningu í febrúar í fyrra með fyrirvara um heimild Samkeppniseftirlitsins. Sameining Skipta og Símans miðast við 1. janúar 2015. Jafnframt hefur Skjárinn ehf. verið sameinaður Símanum og miðaðist sá samruni við 1. júlí 2015. Míla ehf. sem áður var í eigu Skipta verður nú í eigu Símans hf. auk þeirra dótturfélaga sem áður voru í eigu Símans og Skipta en þau eru Sensa, Staki, Talenta, On-Waves og Radiómiðun.

Framangreindir árs- og árshlutareikningar eru gerðir í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu. Ársreikningarnir voru endurskoðaðir og áritaðir af Deloitte ehf. án athugasemda. Árshlutareikningur fyrstu sex mánaða 2014 var ekki endurskoðaður en kannaður af Deloitte ehf. án athugasemda. Árshlutareikningur fyrstu sex mánaða 2015 var endurskoðaður og áritaður af KPMG ehf. án athugasemda.

Endurskoðandi félagsins setti fram eftirfarandi ábendingar í ársreikningi félagsins fyrir árið 2012.

Án þess að gera fyrirvara við álit okkar viljum við vekja athygli á skýringu 17 með samstæðuársreikningnum en þar kemur fram að ágreiningur er við Glitni hf. um gjaldmiðlasamninga.

Einnig án þess að gera fyrirvara við álit okkar viljum við vekja athygli á skýringu 19 með samstæðuársreikningnum en þar kemur fram að unnið hefur verið að fjárhagslegri endurskipulagningu félagsins.

Fjárfestum er ráðlagt að lesa allar skýringar með ársreikningum og árshlutareikningum félagsins, þ.m.t. lýsingar á reikningsskilaaðferðum sem fylgja ársreikningum félagsins, en ársreikningar fyrir síðustu þrjú fjárhagsár auk árshlutareiknings fyrir fyrstu sex mánuði ársins 2015 er að finna í kafla 9. *Samstæðureikningar Símans hf. 01.01.2012 – 30.06.2015.*

6.1 Samandregnar fjárhagsupplýsingar

6.1.1 Rekstrarreikningur

<i>í m.kr.</i>	2015	2014	2014	2013	2012
	<i>1.1.-30.6.</i>	<i>1.1.-30.6.</i>	<i>1.1.-31.12.</i>	<i>1.1.-31.12.</i>	<i>1.1.-31.12.</i>
	<i>Endursk.</i>	<i>Kannað</i>	<i>Endursk.</i>	<i>Endursk.</i>	<i>Endursk.</i>
Sala	14.387	15.070	29.912	29.495	28.527
Kostnaðarverð sölu	(7.808)	(8.387)	(16.404)	(15.711)	(15.710)
Framlegð	6.579	6.683	13.508	13.784	12.817
Aðrar rekstrartekjur	228	214	410	427	362
Rekstrarkostnaður	(4.502)	(4.712)	(9.132)	(9.467)	(9.546)
Virðisrýmun				(14.055)	(1.685)
Rekstrarhagnaður	2.305	2.185	4.786	(9.311)	1.948
Fjármunatekjur	205	413	1.108	510	303
Fjármagnskostnaður	(912)	(986)	(1.868)	(3.793)	(5.619)
Gangvirðisbreyting krafna v/gjaldmiðlasamninga				(3.016)	
Gengismunur	110	6	151	387	(220)
Hrein fjármagnsgjöld	(597)	(567)	(609)	(5.912)	(5.536)
Áhrif hlutdeildarfélaga	(33)		(62)	(22)	
Hagnaður (tap) fyrir tekjuskatt	1.675	1.618	4.115	(15.245)	(3.588)
Tekjuskattur	(351)	(281)	(841)	(1.742)	185
Hagnaður (tap) tímabilsins	1.324	1.337	3.274	(16.987)	(3.403)
Hagnaður (tap) tímabilsins skiptist þannig:					
Hluthafar móðurfélags	1.326	1.338	3.280	(16.987)	(3.370)
Minnihluti	(2)	(1)	(6)		(33)
	1.324	1.337	3.274	(16.987)	(3.403)
Hagnaður á hlut / þynntur hagnaður á hlut	0,14	0,14	0,34	(1,84)	(0,39)
Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði, skatta, afskriftir og virðisrýmun skv. innanhúsuppgjörum stjórnenda					
EBITDA	4.023	3.997	8.313	8.310	7.380*
EBITDA hlutfall	27,5%	26,2%	27,4%	27,8%	25,5%
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta	4.143	4.008	7.544	6.989	6.288
Eiginfjárlutfall	50,7%	46,7%	49,0%	45,0%	10,2%

* Vakin er athygli á því að á árinu 2012 greiddi Síminn 690 m.kr. til Samkeppniseftirlits vegna stjórnvaldssektar og sáttar.

6.1.2 Efnahagsreikningur

<i>Í m.kr.</i>	2015	2014	2013	2012
	30.6.	31.12.	31.12.	31.12.
	<i>Endursk.</i>	<i>Endursk.</i>	<i>Endursk.</i>	<i>Endursk.</i>
Eignir				
Fastafjármunir				
Varanlegir rekstrarfjármunir	14.897	14.416	13.951	13.641
Viðskiptavild	31.392	31.158	31.151	45.206
Ófnislegar eignir	2.781	2.553	2.259	2.102
Aðrar fjármunaeygnir	440	368	306	131
Reiknuð skattainneign		141	882	2.436
Fastafjármunir	49.510	48.636	48.549	63.516
Veltufjármunir				
Birgðir	2.073	2.163	1.494	1.327
Viðskiptakröfur	5.226	5.656	4.915	4.880
Aðrar skammtímakröfur	753	585	3.131	6.966
Handbært fé	3.986	4.007	609	606
Veltufjármunir	12.038	12.411	10.149	13.779
Eignir alls	61.548	61.047	58.698	77.295
Eigið fé og skuldir				
Eigið fé				
Hlutfé	9.650	9.650	9.650	8.725
Varasjóður	17.802	35.766	35.766	8.604
Þýðingarmunur	573	606	365	(83)
Óráðstafað eigið fé	3.274	(16.016)	(19.296)	(9.328)
Eigið fé hluthafa móðurfélags	31.299	30.006	26.485	7.918
Hlutdeild minnihluta	(79)	(75)	(52)	(25)
Eigið fé samtals	31.220	29.931	26.433	7.893
Langtímaskuldir				
Skuldabréfalán	23.452	24.065	25.351	29.261
Tekjuskattsskuldbinding	202			
Langtímaskuldir	23.654	24.065	25.351	29.261
Skammtímaskuldir				
Skuldir við lánastofnanir				850
Viðskiptaskuldir	2.990	3.822	3.534	4.166
Næsta árs afborganir langtímaskulda	1.366	1.364	1.360	31.947
Skattar ársins	14	104	307	36
Skuldbinding				300
Aðrar skammtímaskuldir	2.304	1.761	1.713	2.842
Skammtímaskuldir	6.674	7.051	6.914	40.141
Skuldir samtals	30.328	31.116	32.265	69.402
Eigið fé og skuldir alls	61.548	61.047	58.698	77.295

6.1.3 Sjóðstreymisýfirlit

<i>Í m.kr.</i>	2015	2014	2014	2013	2012
	<i>1.1.-30.6.</i>	<i>1.1.-30.6.</i>	<i>1.1.-31.12.</i>	<i>1.1.-31.12.</i>	<i>1.1.-31.12.</i>
	<i>Endursk.</i>	<i>Kannað</i>	<i>Endursk.</i>	<i>Endursk.</i>	<i>Endursk.</i>
Rekstrarhreyfingar					
Rekstrarhagnaður (tap) skv. rekstrarreikningi	2.305	2.185	4.786	(9.311)	1.948
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi					
Afskriftir og virðisrýrnun	1.718	1.812	3.527	17.621	5.432
Söluhagnaður varanlegra rekstrarfjármuna	(21)	(1)	(9)	(38)	(6)
Breytingar á rekstrart. eignum og skuldum	141	12	(760)	(1.283)	(1.086)
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta	4.143	4.008	7.544	6.989	6.288
Innborgaðir vextir	186	158	356	323	293
Greiddir skattar	(221)	(16)	(302)	(34)	(26)
Greiddir vextir	(835)	(913)	(1.803)	(2.156)	(2.331)
Handbært fé frá rekstri	3.273	3.237	5.795	5.122	4.224
Fjárfestingarhreyfingar					
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	(2.048)	(1.943)	(4.039)	(3.459)	(2.736)
Fjárfesting í óefnislegum eignum	(336)	(224)	(485)	(408)	(191)
Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna	51	17	34	150	18
Skuldabréfaeign, breyting	(41)		1	15	(14)
Sala á (Fjárfesting í) félögum	(307)	724	722	(72)	(1)
Breytingar á bundnu fé					555
Aðrar fjárfestingar		23	2.735	(50)	1
Fjárfestingarhreyfingar	(2.681)	(1.403)	(1.032)	(3.824)	(2.368)
Fjármögnunarhreyfingar					
Greiddur arður til minnihluta	(1)		(2)	(25)	
Tekin ný langtímalán					5
Afborganir langtímalána	(715)	(679)	(1.361)	(814)	(1.842)
Skammtímalán, breyting				(447)	(186)
Fjármögnunarhreyfingar	(716)	(679)	(1.363)	(1.286)	(2.023)
(Lækkun) Hækkun á handbæru fé	(124)	1.155	3.400	12	(167)
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé	103	(2)	(2)	(9)	(28)
Handbært fé í upphafi tímabils	4.007	609	609	606	801
Handbært fé í lok tímabils	3.986	1.762	4.007	609	606
Fjárfesting og fjármögnun án greiðsluáhrifa:					
Langtímaskuldir				(34.703)	
Skammtímaskuldir				(403)	
Hlutafé				925	
Yfirverð hlutafjár				34.181	

6.2 Þróun, horfur og fjárhagsleg markmið

Engar mikilvægar breytingar hafa orðið á fjárhags- eða viðskiptastöðu útgefanda frá 30. júní 2015. Stjórnendum félagsins er ekki kunnugt um neinar stjórnvalds-, efnahags-, fjárhags-, peningamála- eða pólitískar stefnur eða aðgerðir sem hafa eða gætu haft bein eða óbein efnisleg áhrif á rekstur félagsins. Bent er á að utanaðkomandi aðstæður geta haft áhrif á reikninga félagsins.

Stjórnendur félagsins telja að horfur í rekstri Símans séu góðar og ekki séu vísbendingar um annað en að væntingar Símans gangi eftir. Félagið er fullfjármagnað og miðað við núverandi rekstur og áætlaðar fjárfestingar er ekki gert ráð fyrir aukinni skuldsetningu eða hlutafjárukningu hjá félaginu í náinni framtíð.

6.2.1 Áætlun 2015

Ítarlegar rekstrar- og fjárfestingaráætlanir eru unnar fyrir komandi rekstrarár hjá hverju félagi innan samstæðunnar auk þess sem unnin er þriggja ára áætlun þar sem lagt er gróft mat á þróun helstu stærða til næstu þriggja ára. Áætlunar- og greiningardeild Símans stýrir vinnu við áætlanagerð samstæðunnar, samræmir forsendur, markmið og vinnubrögð. Hver og einn framkvæmdastjóri/forstjóri ber ábyrgð á áætlun fyrir sitt félag, s.s. að rekstrarmarkmiðum sé náð og áætlun liggja fyrir á tilsettum tíma. Misjafnt er eftir stærð dótturfélaganna hversu margir aðilar koma að gerð áætlunar en almenna reglan er að framkvæmdastjórn, forstöðumenn, deildarstjórar og aðrir þeir sem bera rekstrarlega ábyrgð innan hvers félags komi að áætlunavinnunni. Hver forstöðumaður ber ábyrgð á að yfirfara áætlun fyrir sína deild eða vörur sem síðan stigast upp til viðkomandi framkvæmdastjóra sem yfirfer áætlun fyrir sitt svið. Fjármálasvið Símans tekur saman áætlun fyrir samstæðuna auk þess að aðstoða félögin við að taka saman greinagerðir og kynningar á niðurstöðum áætlunar fyrir hvert félag. Áætlun hvers félags er að því loknu lögð fyrir stjórn þess til samþykktar. Samstæðuáætlun auk kynningar á helstu forsendum hvers félags er lögð fyrir stjórn Símans til samþykktar.

Gerð hefur verið áætlun á samstæðugrunni fyrir árið 2015 og hefur hún verið samþykkt af stjórn. Rekstrartekjur eru áætlaðar á bilinu 29.000 – 31.000 m.kr.¹⁴ og EBITDA er áætluð á bilinu 8.000 - 8.300 m.kr., og inniheldur sú áætlun kostnað vegna skráningar félagsins í Kauphöll sem er áætlaður um 145 m.kr. á árinu. Hagnaður eftir skatta er áætlaður á bilinu 2.500 – 2.800 m.kr.

<i>Rekstraráætlun - lykiltölur</i>	2012	2013	2014	2015 áætlun
Rekstrartekjur	28.889	29.922	30.322	29.000 – 31.000
<i>Tekjuvöxtur</i>		3,6%	1,3%	(4,4) - 2,2%
EBITDA	*7.380	8.309	8.313	8.000 - 8.300
<i>Framlegð %</i>	25,5%	27,8%	27,4%	25,8 - 28,6%
Hagnaður (Tap) eftir skatt	(3.403)	(16.987)	3.274	2.500-2.800
Fjárfestingar - hlutfall af tekjum	10,1%	12,9%	14,9%	15 - 16%

* Síminn greiddi samtals 690 m.kr. til Samkeppniseftirlits árið 2012 vegna sáttar og úrskurðar á farsímamarkaði.

Áætlun ársins 2015 gerir ráð fyrir að tekjur dragist saman, m.a. vegna sölunnar á Símanum Danmark og eins vegna endurpökkunar á vörum smásölu Símans sem hefur í för með sér að meðaltekjur af hverjum viðskiptavin geta lækkað. Áætlunin gerir ráð framlegðarbata vegna aukins kostnaðarhagræðis sem m.a. er afrakstur hagræðingaraðgerða innan félagsins árið 2014 en þó ber að hafa í huga að endurpökkun á smásöluvörum mun hafa neikvæð áhrif til að byrja með. Áætlun ársins 2015 hefur verið útbúin í samræmi við hefðbundið áætlanaferli samstæðu Símans.

Megináherslur samstæðunnar á árinu 2015 eru einföldun rekstrar sem m.a. felur í sér samruna Skipta og Símans og svo Símans og Skjásins. Þessi einföldun mun bæði draga úr tvíverknaði og stytta boðleiðir. Þá mun Síminn ná að byggja upp öflugra vöruframboð á sviði farsíma, talsíma, Internets og Sjónvarps (*e. Quad Play*). Þannig verður áfram unnið að auknu kostnaðarhagræði í rekstri, ásamt því að hlúa að núverandi viðskiptavinum og efla þar með vöruþróun samstæðunnar.

¹⁴ Síminn Danmark var seldur 1. apríl 2014, sem útskýrir tekjulækkan félagsins á milli áronna 2013 og 2014

6.2.2 Forsendur áætlunar 2015

Lykilforsenda fyrir áætlun ársins 2015 er árangursrík innleiðing á stefnu og sýn stjórnenda. Árangur af þeirri stefnu sem lögð hefur verið fram er háð ýmsum breytum og óvissuþáttum sem félagið hefur ekki stjórn á og enn fremur er ekki hægt að ábyrgjast að framkvæmd þeirrar stefnu verði árangursrík né muni skila áætlaðri niðurstöðu á því tímabili sem stefnt er að eða síðar. Í samræmi við framangreint er ekki hægt að ábyrgjast að áætlun gangi eftir. Fjárhagsáætlun félagsins getur þannig verið önnur og mjög frábrugðin rauntölum í lok þess tímabils sem áætlunin nær yfir. Væntanlegir fjárfestar eru varaðir við að leggja of mikið traust á þessar upplýsingar og er bent á að kynna sér kafla 1. *Áhættuþættir* í útgefandalýsingu þessari. Sérstaklega er bent á eftirfarandi undirliggjandi þætti í áætlun samstæðunnar sem Síminn hefur ekki áhrif á:

- Aðgerðir samkeppnisaðila á markaðnum geta haft áhrif á áætlun ársins 2015, svo sem breytingar á vöruframboði, á verðlagningu o.fl.
- Ný leyfi á farsímamarkaði eða tækninýjungar gætu haft áhrif á tekjur og kostnað Símans.
- Brottfall stórra viðskiptavina í heildsölu félagsins getur haft umtalsverð áhrif.
- Ný skilyrði Samkeppniseftirlits og Póst- og fjarskiptastofnunar gætu haft frekari áhrif á rekstur og skipulag Símans og dótturfélaga og mögulega dregið úr núverandi tekjum og aukið kostnað.
- Þróun efnahags- og stjórn mála á Íslandi sem og erlendis auk þess sem regluverk í starfsemi fjarskiptafyrirtækja á Íslandi getur tekið breytingum vegna innleiðingar nýrra tilskipana og reglugerða Evrópusambandsins. Hér má sérstaklega nefna yfirvofandi breytingar í nethlutleysi og reiki.
- Breytingar á fjármálamarkaði sem snúa t.a.m. að vaxtastigi og verðbólgu gætu haft neikvæð áhrif á rekstrarafkomu félagsins ef þær auka vaxtakostnað og breyta virðismati eigna og skulda. Ýmsir þættir geta haft áhrif á þessar breytur, svo sem nýir kjarasamningar sem gætu leitt til aukinnar verðbólgu og hækkun vaxtastígs í landinu.
- Þróun launa á almennum vinnumarkaði sem eru umfram áætlanir stjórnenda.

6.2.3 Skýrsla endurskoðanda vegna áætlunar 2015

Við höfum yfirfarið rekstraráætlun Símans hf. sem er sett fram í kafla 6.2 *Þróun, horfur og fjárhagsleg markmið* hér að framan. Yfirferð okkar fól í sér skoðun á forsendum sem notaðar eru við áætlanagerðina þar sem við lögðum mat á hvort forsendurnar væru viðeigandi og í samræmi við undirliggjandi rekstur. Við lögðum einnig mat á hvort upplýsingar í áætluninni væru settar fram á sambærilegan hátt og upplýsingar í ársreikningi félagsins sem er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla.

Stjórn og framkvæmdastjóri Símans hf. eru ábyrg fyrir þeim forsendum sem notaðar eru við áætlanagerðina og framsetningu hennar.

Við skoðun okkar kom ekkert í ljós sem bendir til annars en að rekstraráætlunin gefi glögga mynd af áætluðum rekstri næsta árs miðað við undirliggjandi rekstur og þær forsendur sem koma fram í kafla 6.2.2 *Forsendur áætlunar 2015*.

Reykjavík, 25. september 2015

Fyrir hönd KPMG ehf.

Alexander G. Eðvardsson

löggiltur endurskoðandi

Árni V. Claessen

löggiltur endurskoðandi

6.3 Rekstrarreikningur samstæðu Símans

Hér á eftir fer umfjöllun um rekstrarreikning samstæðu Símans rekstrarárin 2012, 2013 og 2014 auk fyrstu sex mánaða ársins 2015.

6.3.1 Rekstrarreikningur fyrstu sex mánaða 2015

Sala og aðrar rekstrartekjur á fyrri helmingi ársins 2015 námu 14.615 m.kr. en voru 15.284 m.kr. á fyrstu sex mánuðum ársins 2014. Lækkunin nemur 4,4%. Þar munar mest um tekjur Símans Danmark sem voru að hluta

inni í tölum fyrra árs en fyrirtækið var selt árið 2014. Sé tekið tillit til lækkunar tekna vegna þess að starfsemin í Danmörku er ekki lengur hluti af samstæðunni þá er lækkunin 1,6%. Þessi lækkun tengist þeirri stefnu Símans að einfalda og betrubæta vöruframboð sitt þar sem tekjur færast meira yfir í að vera stöðugar tekjur af afnotagjöldum og minni áhersla er á notkun. Slíkt er í takt við þróun á fjarskiptamörkuðum erlendis og til hagsbóta fyrir neytendur. Þessi breyting á vöruframboði mun verða til hagsbóta fyrir fyrirtækið, en mun þó til skamms tíma koma niður á tekjumyndun og afkomu félagsins .

Kostnaðarverð sölu lækkar töluvert á milli tímabila, nam 7.808 m.kr. á fyrri árshelmingi 2015 en var 8.387 m.kr. á sama tímabili 2014 sem tengist þá einnig að stórum hluta sölu á Símanum Danmark (þar sem kostnaður þess félags fellur út eftir fyrsta fjórðung 2014), en kostnaðarverð án Símans Danmark lækkar um 182 m.kr. Framlegð félagsins lækkaði í 6.579 m.kr. á tímabilinu úr 6.683 m.kr. á sama tíma árið áður en lækkunin nemur 1,6% á milli tímabila.

Rekstrarhagnaður samstæðunnar fyrir afskriftir (EBITDA) á tímabilinu var 4.023 m.kr. en var 3.997 m.kr. á sama tímabili árið 2014 sem er hækkun um 26 m.kr. Án Símans Danmark er hækkunin 36 m.kr. Skýringuna má rekja til hagræðingaradræðna í rekstri félagsins, en rekstrarkostnaður lækkaði um 4,5% á milli tímabila (3,5% sé tekið tillit til Símans Danmark). Síminn gerir þrátt fyrir það ráð fyrir að EBITDA félagsins á þriðja ársfjórðungi 2015 verði lakari en á sama ársfjórðungi 2014.

Rekstrarhagnaður að teknu tilliti til afskrifta og virðisrýrnunar nam 2.305 m.kr. á fyrri árshelmingi 2015 en var 2.185 m.kr. á sama tíma árið áður. Afskriftir og virðisrýrnun félagsins nam 1.718 m.kr. á fyrstu sex mánuðum ársins 2015 en var 1.812 m.kr. á sama tímabili árið áður.

Fjármunatekjur námu 205 m.kr. á tímabilinu en voru 413 m.kr. á fyrri árshelmingi 2014. Fjármagnskostnaður lækkaði um 7,5% á milli tímabila, nam 912 m.kr. á fyrstu sex mánuðum ársins 2015 en var 986 m.kr. á sama tímabili árið áður. Gengismunur í lok tímabilsins var jákvæður sem nam 110 m.kr. en var um 6 m.kr. á sama tímabili 2014. Hrein fjármagnsgjöld á fyrri árshelmingi 2015 námu 597 m.kr. en voru 567 m.kr. á sama tímabili árið 2014.

Hagnaður fyrir tekjuskatt nam 1.675 m.kr. á fyrri árshelmingi 2015 en var 1.618 m.kr. fyrir sama tímabil árið 2014.

Tekjuskattur var 351 m.kr. fyrir tímabilið en var 281 m.kr. á fyrri árshelmingi 2014.

Hagnaður samstæðunnar eftir skatta nam 1.324 m.kr. en var 1.337 m.kr. á fyrstu sex mánuðum ársins 2014.

Hagnaður á hverja krónu hlutfjár nam 0,14 kr. á fyrstu sex mánuðum ársins 2015 og var einnig 0,14 kr. á fyrri árshelmingi 2014.

6.3.2 Rekstrarreikningur 2014 og 2013

Sala og aðrar rekstrartekjur rekstrarársins 2014 námu 30.322 m.kr. en voru 29.922 m.kr. árið áður, hækkunin nemur 1,3%. Kostnaðarverð sölu lækkaði um 4,4% á milli ára, nam 16.404 m.kr. árið 2014 en var 15.711 m.kr. árið 2013. Framlegð ársins 2014 nam 13.508 m.kr. en 13.784 m.kr. árið 2013 sem er lækkun um 2,0% á milli ára.

Rekstrarhagnaður samstæðunnar fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta (*e. EBITDA*) á árinu 2014 var 8.313 m.kr. en 8.310 m.kr. árið 2013. Ekki eru skilgreindir einskisliðir árið 2014 en rekstrarhagnaður fyrir afskriftir og einskisliði árið 2013 nam 8.538 m.kr. 2013.

Rekstrarhagnaður að teknu tilliti til afskrifta og virðisrýrnunar nam 4.786 m.kr. árið 2014 en rekstrartap nam 9.311 m.kr. árið 2013. Afskriftir og virðisrýrnun félagsins nam 3.527 m.kr. á árinu 2014 en 17.621 m.kr. árið áður. Virðisrýrnun viðskiptavildar á árinu 2014 var engin en 14.055 m.kr. árið 2013. Rekstrarkostnaður nam 9.132 m.kr. á árinu 2014 en var 9.467 m.kr. árið 2013 sem er lækkun um 3,5% og kemur til vegna hagræðingar í rekstri.

Samstæða Símans einbeittir sér nú að íslenskum fjarskiptamarkaði. Dótturfélagið Síminn Danmark A/S var selt á síðasta ári og fór út úr fjárhagsuppgjöri þann 1. apríl 2014 sem hefur áhrif á samanburð á milli ára. Má þannig benda á að ytri tekjur Símans Danmark A/S árið 2013 námu 1.785 m.kr. en 434 m.kr. fyrstu þrjú mánuði ársins 2014.

Fjármunatekjur hækkuðu á milli ára, námu 1.108 m.kr. árið 2014 en voru 510 m.kr. árið 2013 og skýrist hækkunin helst af 305 m.kr. hagnaði af sölu á kröfu félagsins á hendur Glitni hf. sem var bókfærð á 2.300 m.kr. sem og vegna söluhagnaðar tengdum sölu á Símanum Danmark. Fjármagnskostnaður nam 1.868 m.kr. árið 2014 en var 3.793 m.kr. árið 2013 sem er lækkun um 51% á milli ára og skýrist af lægri vaxtagjöldum eftir

fjárhagslega endurskipulagningu um mitt ár 2013. Gengismunur var jákvæður um 151 m.kr. árið 2014 en var 387 m.kr. árið 2013. Hrein fjármagnsgjöld námu 609 m.kr. árið 2014 en voru á sama tíma árið áður 5.912 m.kr. sem er lækkun um 89,7% á milli ára en þar telur mest niðurfærsla á kröfum á Glitni hf. að fjárhæð 3.016 m.kr.

Hagnaður félagsins fyrir tekjuskatt árið 2014 nam 4.115 m.kr. en tap árið 2013 var 15.245 m.kr. Tekjuskattur var um 841 m.kr. á árinu 2014 en var um 1.742 m.kr. árið 2013.

Hagnaður ársins 2014 var 3.274 m.kr. en tap árið 2013 var 16.987 m.kr. Hagnaður á hverja krónu hlutfjár nam 0,34 kr. á árinu 2014 en 1,84 kr. tap á hverja krónu hlutfjár á árinu 2013.

6.3.3 Rekstrarreikningur 2013 og 2012

Sala og aðrar rekstrartekjur rekstrarársins 2013 námu 29.922 m.kr. en námu 28.889 m.kr. árið áður. Kostnaðarverð sölu stóð í stað á milli ára, nam 15.711 m.kr. árið 2013 en var 15.710 m.kr. árið 2012. Framlegð ársins 2013 nam 13.784 m.kr. en var 12.817 m.kr. árið 2012 sem er aukning um 7,54% á milli ára.

Rekstrarhagnaður samstæðunnar fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta (e. EBITDA) á árinu 2013 var 8.310 m.kr. en 7.380 m.kr. árið 2012. Hækkunin nemur 930 m.kr. sem rekja má til hagræðingaraðgerða og breyttra áherslna í rekstri félagsins en Síminn hefur á undanförunum árum horfið frá útrás á erlenda markaði sem einkennið reksturinn áður og einbeittir sér nú að íslenskum fjarskiptamarkaði. Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir og einkisliði nam 8.538 m.kr. á tímabilinu en undir einkisliði færast 228 m.kr. vegna kostnaðar við endurfjármögnun og skráningu skuldabréfaflokks á markað. Á sama tímabili árið 2012 nam rekstrarhagnaður fyrir afskriftir og einkisliði 8.070 m.kr. en undir einkisliði fellur kostnaður vegna stjórnvaldssektar og sáttar við Samkeppniseftirlitið að fjárhæð 690 m.kr.

Rekstrartap að teknu tilliti til afskrifta og virðisrýrnunar nam 9.311 m.kr. árið 2013 en rekstrarhagnaður var 1.948 m.kr. árið 2012. Afskriftir og virðisrýrnun félagsins nam 17.621 m.kr. á árinu 2013 en 5.432 m.kr. árið áður. Virðisrýrnun viðskiptavildar á árinu 2013 nam 14.055 m.kr. en 1.685 m.kr. árið 2012. Virðisrýrnun viðskiptavildar árið 2013 má rekja til nokkurra þátta þar sem þyngst vó hækkun á ávöxtunarkröfu auk þess sem rekstrarniðurstæða ársins var ekki að öllu leyti í takt við áætlanir félagsins. Vegna þessara frávika frá áætlun í rekstrarniðurstöðu ársins 2013 voru langtímaáætlanir félagsins endurmetnar þar sem ýrustu varkárni var gætt varðandi framtíðarvöxt og arðsemi. Að teknu tilliti til afkomu ársins 2013, endurmats á langtímarekstraáætlunum og hækkunar á ávöxtunarkröfu var það því mat stjórnenda félagsins að koma þyrfti til virðisrýrnunar á viðskiptavild félagsins sem færð yrði til gjalda í ársreikningi 2013. Rekstrarkostnaður nam 9.467 m.kr. á árinu 2013 en var 9.546 m.kr. árið 2012.

Fjármunatekjur hækkuðu á milli ára, námu 510 m.kr. árið 2013 en voru 303 m.kr. árið 2012. Fjármagnskostnaður nam 3.793 m.kr. árið 2013 en var 5.619 m.kr. árið 2012 sem er lækkun um 32,5% á milli ára. Varúðarfærsla vegna gjaldmiðlasamninga nam 3.016 m.kr. og tók hún mið af úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur frá 21. nóvember 2013 í ágreiningsmáli milli Símans hf. og Glitnis hf. um uppgjör gjaldmiðlaskiptasamninga. Gengismunur var jákvæður um 387 m.kr. árið 2013 en var neikvæður um 220 m.kr. árið 2012. Hrein fjármagnsgjöld námu 5.912 m.kr. árið 2013 en voru á sama tíma árið áður 5.536 m.kr. sem er hækkun um 6,8% á milli ára.

Hæstiréttur komst að þeirri niðurstöðu í dómi 555/2012 að vaxtagjöld í kjölfar öfugs samruna væru ófrádráttarþær gjöld. Í kjölfar sölu íslenska ríkisins til fjárfestahóps árið 2005 sameinuðust Skipti ehf. og Síminn hf. með svokölluðum öfugum samruna. Með vísan í dóm Hæstaréttar gjaldfærði félagið 2,6 milljarða króna í rekstrarreikningi sínum árið 2013 í varúðarskyni kæmi til þess að Ríkisskattstjóri endurávarðaði tekjuskattsstofna félagsins vegna vaxtagjalda sem rekja mættu til sölu íslenska ríkisins á Símanum árið 2005.

Tap félagsins fyrir tekjuskatt árið 2013 nam 15.245 m.kr. en var 3.588 m.kr. árið 2012. Tekjuskattur á árinu 2012 var 1.742 m.kr. en var jákvæður um 185 m.kr. árið 2012.

Tap ársins 2013 var 16.987 m.kr. en var 3.403 m.kr. árið 2012.

Tap á hverja krónu hlutfjár nam 1,84 kr. á árinu 2013 en var 0,39 kr. á hverja krónu hlutfjár á árinu 2012.

6.4 Fjárfestingar og eignasala

6.4.1 Fjárfestingar


Á árunum 2012 til 2014 námu fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum og óefnislegum eignum á bilinu 2.927 m.kr. til 4.524 m.kr. á ári og voru fjármagnaðar með handbæru fé. Sala á varanlegum rekstrarfjármunum hefur verið óveruleg á tímabilinu. Sem hlutfall af rekstrartekjum nema fjárfestingar félagsins á umræddu tímabili um 10,1-14,9% af rekstrartekjum. Á fyrri helmingi ársins 2015 námu fjárfestingar 2.384 m.kr. en námu 2.167 m.kr. á sama tímabili árið á undan. Sem hlutfall af rekstrartekjum nema fjárfestingarnar 16,3% á fyrstu sex mánuðum 2015 en 14,2% á sama tímabili árið 2014.

Yfirlit yfir fjárfestingar Símans

	2015	2014	2014	2013	2012
	1.1.-30.6.	1.1.-30.6.	1.1.-31.12.	1.1.-31.12.	1.1.-31.12.
	Endursk.	Kannað	Endursk.	Endursk.	Endursk.
Rekstrartekjur	14.615	15.284	30.322	29.922	28.889
Fjárfestingar	2.384	2.167	4.524	3.867	2.927
Fjárfestingar sem hlutfall af tekjum	16,3%	14,2%	14,9%	12,9%	10,1%
	30.6.2015	30.6.2014	31.12.2014	31.12.2013	31.12.2012
	Endursk.	Kannað	Endursk.	Endursk.	Endursk.
Varanlegir rekstrarfjármunir	14.897	14.113	14.416	13.951	13.641
Óefnislegar eignir	2.781	2.223	2.553	2.259	2.102
Samtals	17.678	16.336	16.969	16.210	15.743


Áfram verða megin fjárfestingar samstæðunnar í aðgangskerfum, þ.e. í fastlínu og farsíma, enda eru þetta langstærstu eignir samstæðunnar og mikilvægi þeirra hefur aðeins aukist með aukinni eftirspurn eftir meiri bitahraða. Til að þjóna þeirri eftirspurn eru fjárfestingar í stofnnetum Mílu og Símans mikilvægar. Fjárfestingar samstæðunnar undanfarin ár hafa verið 85-90% hjá Mílu og Símanum. Fjárfestingarnar hafa að stærstum hluta farið í þrjá liði, Fastlínu, farsímanet og UT-kerfi. Næsta mynd sýnir vel hversu stór hluti fjárfestinga samstæðu Símans hafa verið í þessum þáttum. Myndin hér að neðan sýnir meginflokka fjárfestinga frá 2010 til 2015. Samtals eru þessir fjárfestingaflokkar 65-70% af heildarfjárfestingum Símans.

Meginflokkar fjárfestinga Símans og Mílu 2010 – 2015




Ef fjárfestingar Símasamstæðunnar eru skoðaðar yfir lengra tímabil frá 2005 til 2015 kemur í ljós að fjárfestingar eru mjög sveiflukendar frá ári til árs. Á myndinni sem hér fer á eftir má sjá þróunina í fjárfestingum yfir þetta tímabil. Árið 2005 voru miklar fjárfestingar í IPTV uppbyggingu. Árin 2007 og 2008 var mikil uppbygging í 3G. Á árunum 2013 og 2014 var Ljósveitan í mikilli uppbyggingu og 4G. Í ár er áfram mikil uppbygging í Ljósveitu, 4G og nýju reikningakerfi. Á myndin er líka að finna fjárfestingarhlutfall evrópskra fjarskiptafyrirtækja, sem Ovum ráðgjafafyrirtækið hefur tekið saman. Samkvæmt þeim upplýsingum þá er Síminn á svipuðu róli og þetta evrópska meðaltal.

Þróun fjárfestinga samstæðunnar 2005 til 2015, ásamt evrópsku viðmiði



Fjárfestingar Símans og Mílu mynda að stærstum hluta það eignasafn sem samstæðan á. Myndin hér að neðan sýnir hver skipting varanlegra fastafjármuna var 30. júní 2015. Af myndinni má ráða að rúmlega 80% af eignum samstæðunnar í varanlegum rekstrarfjármunum eru fastlína og farsímanet.

Skipting varanlegra fastafjármuna samstæðunnar 30. júní 2015



6.4.2 Eignasala

Þann 1. apríl 2014 var dótturfélagið Síminn Danmark A/S selt en það félag var stofnað í Danmörku í kjölfar kaupa Símans á tveimur fjarskiptafyrirtækjum þar í landi árið 2007. Salan hefur ekki veruleg áhrif á efnahag Símans en mun hafa jákvæð áhrif á sjóðstreymi.

Í lok árs 2014 seldi Síminn kröfu á hendur Glitni fyrir 2,6 ma.kr. sem var bókfærð á 2,3 ma.kr.

6.4.3 Fyrirhugaðar fjárfestingar

Fjárfestingarþörf samstæðunnar verður enn að mestu drifin áfram af eftirspurn eftir meiri bitahraða og þar eru fjárfestingar í aðgangsnæti í fastlínu og farsíma mestar ásamt fjárfestingu í stofnnetum. Til viðbótar getur aukin uppbygging á íbúðarhúsnæði, fyrst og fremst ný hverfi, aukið þrýsting á fjárfestingar. Stefnt er að því að halda fjárfestingum innan við 15% af tekjum, en sveiflur í hlutfalli geta verið nokkrar næstu árin. Þeim þarf að mæta með langtímahagsmuni samstæðunnar að leiðarljósi. Á árunum 2015-16 er gert ráð fyrir að fjárfestingar geti numið allt að 18% af tekjum og þær verði fjármagnaðar með handbæru fé.

Fjárfestingarþörfin verður líklega mest í aðgangsnæti Mílu. Míla mun hafa val um að hagnýta nýjustu xDSL-tækni við áframhaldandi uppbyggingu á sínum kerfum eða tengja núverandi ljósleiðara og leggja ljósleiðara í eigin rör í stað koparsins. Þótt Míla eigi mikið af ljósleiðurum og rörum sem draga má ljósleiðara í þá eru þrátt fyrir það verulegar fjárfestingar fram undan í aðgangskerfinu. Nýting á núverandi ljósleiðurum og rörum er afar hagkvæm leið til að mæta þörfum um meiri bitahraða enda hefur það alltaf verið stefna samsteyppunnar að mæta eftirspurn eftir meiri hraða á eins hagkvæman hátt og mögulegt er hverju sinni. Samhliða þessu verður unnið að því að auka hraða á koparkerfinu með fjölgun götuskápa á landsbyggðinni og upptöku á vigrunarlausnum (e. *vectoring*). Einnig verða notaðar lausnir sem byggjast á nýjustu xDSL-laasnum eins og G.fast og síðar 5 GBB ef þær þykja hagkvæmar. Þessar fjárfestingar munu mæta samkeppni frá öðrum aðilum eins og Gagnaveitu Reykjavíkur ehf.

Ljóst er að fram undan getur verið ríkari fjárfestingarþörf í aðgangsnæti en undanfarin ár. Þetta kemur til vegna áframhaldandi uppbyggingar á aðgangsnæti á höfuðborgarsvæðinu, m.a. hjá samkeppnisaðilum. Í gegnum Ljósveitu á Míla ljósleiðara inn í skáp í öll íbúðarhverfi á höfuðborgarsvæðinu og ljósleiðara og rör sem nær inn á stóran hluta heimila á höfuðborgarsvæðinu. Þessar eignir Mílu, þ.e. ljósleiðari í götuskáp ásamt ljósleiðurum og rörum inn á heimili, gerir tengingu ljósleiðaraenda að hagkvæmum valkosti við áframhaldandi uppbyggingu aðgangsnetsins. Félagið gerir því ráð fyrir að leggja meiri áherslu á hagnýtingu þessara eigna á komandi árum en áður. Stefnt er að því að hafa tengt yfir 30 þúsund heimili á höfuðborgarsvæðinu með ljósleiðaraheimtaug í lok næsta árs. Samkeppnisleg staða og fjárfestingar samkeppnisaðila munu einnig hafa mikil áhrif á hraða uppbyggingar Mílu á komandi árum. Samhliða þessu er aukin eftirspurn á landsbyggðinni eftir ljósleiðaralausnum og þar hafa sum sveitafélög beitt sér fyrir ljósleiðaravæðingu í sinni sveit. Ríkisvaldið hefur líka lýst vilja til að koma að ljósleiðaravæðingu dreifbýlis og telja má líklegt að á næstu árum muni ljósleiðaravæðing landsbyggðarinnar verða að veruleika með fjárstuðningi opinberra aðila. Þrátt fyrir stuðning opinberra aðila þarf Míla einnig að fjárfesta í ljósleiðaravæðingu á landsbyggðinni ætli félagið sér að taka þátt í þeirri uppbyggingu.

Fjárfestingarþörfin í farsímanetum verður áfram nokkur til að mæta eftirspurn á markaði og halda jafnframt í við samkeppnisaðila á markaði, t.a.m. með sameinuðu dreifikerfi Nova og Vodafone. Mikilvægi farsímakerfisins mun aðeins vaxa því kröfur markaðarins um aðgengilegar breiðbandstengingar á ferð munu aðeins aukast. Samhliða uppbyggingu í 4G verður áfram haldið í uppbyggingu í 3G. Leitað verður að hagkvæmstu lausn eins

og sambyggðum búnaði fyrir GSM, 3G og 4G. Á næstu árum má reikna með að sendistöðvum fjölgi, sérstaklega litlum sendum (*e. small cells*), til að mæta eftirspurn um betri upplifun og meiri hraða. Nýlegur fimm ára samningur við Ericsson stuðlar að góðri uppbyggingu á farsímakerfum Símanum til næstu framtíðar.

Annað stórt verkefni verður endurnýjun á eldri stofnnetkerfum hjá Símanum og Mílu. Síminn mun ljúka við uppfærslu á MPLS-kerfi sínu á næsta ári. Míla verður næstu árin að fasa út eldri stofnnetkerfi eins og SDH og taka í notkun ný kerfi eins Ethernet og MPLS-TP. Þetta eru kerfin sem flytja meginhluta fjarskiptabjónustu Mílu til viðskiptavina sinna, þ.e. talsíma, farsíma, internet, IPTV og annan gagnaflutning.

Síminn mun leitast við að auka áherslu á efni og afþreyingu samhliða því að uppfæra flutningsnet sín til að mæta eftirspurn um meiri hraða.

Áframhaldandi uppbygging verður á sjónvarpi Símanum og sjónvarpsappi Símanum. Ný þjónusta verður áfram þróuð sem verður samofin IPTV eins og væntanlega skýþjónusta Símanum. Sömuleiðis mun Síminn þróa öruggt tækjanet og heimanet til að auka upplifun viðskiptavina. Áframhaldandi endurnýjun verður á myndlyklum en í minna mæli en hingað til. Þó er fyrir séð að myndlyklar sem ráða við UHD-sjónvarp eru á döfnni enda útbreiðsla slíkra tækja að byrja. Gert er ráð fyrir því að bitahraði UHD verði 20 MB/s. eða minni og ræður ljósveitan því auðveldlega við að veita UHD-þjónustuna í nánustu framtíð.

Vaxandi notkun á netsamskiptum í fjarskiptum mun einnig kalla á frekari fjárfestingar til að tryggja öryggi umræddra fjarskipta.

Verið er að innleiða nýtt reikningakerfi sem gert er ráð fyrir að komið verði í fulla notkun vorið 2016. Nýtt reikningakerfi býður upp á meiri sveigjanleika, gerir félaginu betur kleift að fara hraðar með vöru á markað og mæta mismunandi þörfum viðskiptavinar betur en núverandi kerfi gerir. Fjöldmörg minni verkefni eru einnig á döfnni innan Símanum til að mæta mismunandi þörfum viðskiptavina betur, auka sjálfvirkni í afhendingu á vörum og auka aðgreiningu smásölu á markaði en jafnframt uppfæra og bæta eldri fjarskipta- og upplýsingakerfi.

Áætlaðar fjárfestingar Sensa eru að mestum hluta til að sinna upplýsingakerfum Símanum.

6.5 Efnahagsreikningur 2012, 2013, 2014 og í lok fyrstu sex mánaða 2015

Hér á eftir fer umfjöllun um þróun á efnahag samstæðu Símanum fyrir síðastliðin þrjú heil fjárhagsár sem lauk 31. desember 2012, 31. desember 2013 og 31. desember 2014, auk fyrstu sex mánaða ársins 2015 sem lauk 30. júní 2015.

6.5.1 Efnahagsreikningur 30. júní 2015

Eignir

Heildareignir samstæðunnar námu 61.548 m.kr. þann 30. júní 2015 en voru 61.047 m.kr. í lok árs 2014. Varanlegir rekstrarfjármunir í lok júní 2015 námu 14.897 m.kr. en í lok árs 2014 námu varanlegir rekstrarfjármunir 14.416 m.kr. Fjarskiptabúnaður er þar stærsti hlutinn eða sem samsvarar 12.874 m.kr. þann 30. júní 2015.

Viðskiptavild Símanum er bókfærð á 31.392 m.kr. þann 30. júní 2015 og hækkaði um 234 m.kr. frá lokum árs 2014 við kaup á félagi. Óefnislegar eignir námu 2.781 m.kr. þann 30. júní 2015 en 2.553 m.kr. þann 31. desember 2014. Eign þessi er að mestu tengd vörumerki Símanum.

Aðrar fjármunaeignir námu 440 m.kr. í lok júní 2015 en 368 m.kr. þann 31. desember 2014 og má breytingu milli tímabila skýra með hækkingu langtímakrafna.

Reiknuð skattinveign þann 30. júní 2015 var engin en 141 m.kr. í lok árs 2014. Birgðir þann 30. júní 2015 námu 2.073 m.kr. en 2.163 m.kr. í lok árs 2014 en birgðir samstæðunnar samanstanda helst af rekstarvörubirgðum og sjónvarpsfni til sýningar. Viðskiptakröfur námu 5.226 m.kr. í lok júní 2015 en voru 5.656 m.kr. þann 31. desember 2014. Aðrar skammtímakröfur námu 753 m.kr. þann 30. júní 2015 en námu 585 m.kr. í árslok 2014. Handbært fé eftir fyrstu sex mánuði ársins 2015 nam 3.986 m.kr. en 4.007 m.kr. í lok árs 2014.

Eigið fé

Eigið fé félagsins nam 31.220 m.kr. í lok júní 2015 og eiginfjárhlutfall var 50,7%. Þann 31. desember 2014 var eigið fé félagsins 29.931 m.kr. og eiginfjárhlutfall 49,0%.

Skuldir

Langtímaskuldir félagsins námu 23.654 m.kr. í lok júní 2015 en 24.065 m.kr. þann 31. desember 2014. Skammtímaskuldir námu 6.674 m.kr. þann 30. júní 2015 en 7.051 m.kr. þann 31. desember 2014. Viðskiptaskuldir voru 2.990 m.kr. 30. júní 2015 en 3.822 m.kr. í lok árs 2014. Næsta árs afborganir langtímaskulda námu 1.366 m.kr. í lok júní 2015 en námu 1.364 m.kr. í lok árs 2014. Aðrar skammtímaskuldir námu 2.304 m.kr. í lok júní 2015 en voru 1.761 m.kr. þann 31. desember 2014 og skýrist hækkunin helst af hærri áföllnum kostnaði í lok júní.

6.5.2 Efnahagsreikningur 31. desember 2014 borinn saman við 31. desember 2013

Eignir

Heildareignir samstæðunnar námu 61.047 m.kr. 31. desember 2014 en 58.698 m.kr. í lok árs 2013. Varanlegir rekstrarfjármunir í lok árs 2014 námu 14.416 m.kr. en í lok árs 2013 námu varanlegir rekstrarfjármunir 13.951 m.kr. Fjarskiptabúnaður er þar stærsti hlutinn eða sem samsvarar 12.346 m.kr. í lok árs 2014. Fasteignir og lóðir voru samtals 1.368 m.kr. og tæki, búnaður og bifreiðar námu 702 m.kr. á sama tíma.

Stærsti einstaki liður á efnahagsreikningi Símans er viðskiptavild að fjárhæð 31.158 m.kr. þann 31. desember 2014. Viðskiptavild myndast og bókfærast hjá félaginu við samruna eða kaup á öðrum félögum og í tilfalli Símans er hér að langmestu leyti um að ræða viðskiptavild sem myndaðist í kjölfar einkavæðingar Símans árið 2005.

Óefnislegar eignir námu 2.553 m.kr. í lok árs 2014 en 2.259 m.kr. þann 31. desember 2013. Eignir þessar eru að mestu tengdar vörumerki Símans. Virðisrýrnunarpróf á viðskiptavild samstæðunnar var gert í árslok 2014 og gaf niðurstaða prófsins til kynna að ekki hefði orðið virðisrýrnun á árinu 2014.

Aðrar fjármunaeignir námu 368 m.kr. í lok árs 2014 en 306 m.kr. árið 2013. Fjárfestingar í hlutdeildarfélögum og öðrum félögum falla hér undir.

Reiknuð skattinneign í lok árs 2014 nam 141 m.kr. en var 882 m.kr. í lok árs 2013 og má breytinguna skýra með reiknuðum tekjuskatti af afkomu félagsins. Vakin er athygli á umfjöllun um skattamálefni félagsins í kafla 1.2.18 *Skattar*.

Birgðir þann 31. desember 2014 námu 2.163 m.kr. en 1.494 m.kr. í lok árs 2013 og má skýra hækkunina að mestu með auknum birgðum í fjarskiptabúnaði sem fer í notkun á fyrra hluta árs 2015, ásamt auknu sjónvarpsefni til sýningar.

Viðskiptakröfur námu 5.656 m.kr. í lok desember 2014 en námu 4.915 m.kr. þann 31. desember 2013. Aðrar skammtímakröfur námu 585 m.kr. þann 31. desember 2014 en 3.131 m.kr. í árslok 2013 en breytinguna milli ára má að mestu skýra með sölu á kröfu félagsins á hendur Glitni sem var bókfærð á 2.300 m.kr. í lok árs 2013.

Handbært fé hækkaði á árinu 2014 og nam 4.007 m.kr. í lok árs en var 609 m.kr. í lok árs 2013.

Eigið fé

Eigið fé félagsins nam 29.931 m.kr. í lok desember 2014 og eiginfjárlutfall var 49,0%. Þann 31. desember 2013 var eigið fé félagsins 26.433 m.kr. og eiginfjárlutfall 45,0%. Aukningu milli ára má skýra með hagnaði af rekstri félagsins árið 2014.

Skuldir

Langtímalán félagsins námu 24.065 m.kr. í lok desember 2014 en námu 25.351 m.kr. þann 31. desember 2013. Skammtímaskuldir námu 7.051 m.kr. þann 31. desember 2014 en 6.914 m.kr. þann 31. desember 2013.

Viðskiptaskuldir voru 3.822 m.kr. 31. desember 2014 en voru 3.534 m.kr. í lok árs 2013. Næsta árs afborganir langtímaskulda námu 1.364 m.kr. í lok árs 2014 en námu 1.360 m.kr. í lok árs 2013. Með endurfjármögnun félagsins sem lauk þann 5. júlí 2013 breyttist afborgunarferill lántöku félagsins verulega eins og sjá má í umfjöllun í kafla 6.5.6 *Fjármögnun*. Aðrar skammtímaskuldir námu 1.761 m.kr. þann 31. desember 2014 en voru 1.713 m.kr. þann 31. desember 2013.

6.5.3 Efnahagsreikningur 31. desember 2013 borinn saman við 31. desember 2012

Eignir

Heildareignir samstæðu Símans í lok árs 2013 námu 58.698 m.kr. og dróst efnahagsreikningur félagsins nokkuð saman frá árinu 2012 þegar heildareignir í lok árs námu 77.295 m.kr. Varanlegir rekstrarfjármunir námu 13.951 m.kr. þann 31. desember 2013 en námu 13.641 m.kr. á sama tíma árið 2012. Fjarskiptabúnaður er þar stærsti hlutinn eða sem samsvarar 11.960 m.kr. þann 31. desember 2013. Fasteignir og lóðir voru samtals 1.424 m.kr. og tæki, búnaður og bifreiðar námu 567 m.kr. á sama tíma.

Viðskiptavild félagsins nam 31.151 m.kr. þann 31. desember 2013 en var 45.206 m.kr. þann 31. desember 2012. Skýrist lækkun milli ára af gjaldfærðri virðisrýrnun að fjárhæð 14.055 m.kr. í kjölfar virðisrýrnunarprófs. Óefnislegar eignir félagsins voru 2.259 m.kr. í lok árs 2013 en voru 2.102 m.kr. í árslok 2012 og er þar um að ræða hækkun á milli ára um 157 m.kr. sem skýrist að mestu af fjárfestingu í hugbúnaði umfram afskrift.

Reiknuð skattainneign félagsins nam 882 m.kr. þann 31. desember 2013 en 2.436 m.kr. í lok árs 2012. Lækkunin kemur til vegna endurálagningar skattayfirvalda á félagið í tengslum við gjaldfærðan fjármagnskostnað vegna kaupa á Símanum af íslenska ríkinu árið 2005. Síminn er ekki sammála þessari túlkun og áformar að áfrýja málinu.

Birgðir námu 1.494 m.kr. í lok árs 2013 en námu 1.327 m.kr. þann 31. desember 2012. Hækkun milli ára skýrist af auknu birgðahaldi í fjarskiptabúnaði til smásölu ásamt auknu sjónvarpsefni til sýningar. Viðskiptakröfur jukust einnig á árinu 2013 og námu 4.915 m.kr. þann 31. desember 2013 en námu 4.880 m.kr. árið áður. Hækkun skýrist af aukinni veltu félaga Símans og meiri sölu til viðskiptavina með greiðsludreifingu.

Aðrar skammtímakröfur lækkuðu um 3.835 m.kr. milli áranna 2012 og 2013 og nam þessi eignaliður 3.131 m.kr. þann 31. desember 2013 en var 6.966 m.kr. í árslok 2012. Lækkun milli ára má að mestu skýra með viðbótarvarúðarfærslu að fjárhæð 3.024 m.kr. á árinu 2013 vegna niðurfærslu á verðmæti krafna á þrotabú Glitnis banka.

Handbært fé nam 609 m.kr. þann 31. desember 2013 en 606 m.kr. í lok árs 2012.

Eigið fé

Eigið fé í lok árs 2013 nam 26.433 m.kr. en 7.893 m.kr. þann 31. desember 2012. Skýrist hækkunin á milli ára af auknu hlutfé í kjölfar fjárhagslegrar endurskipulagningar félagsins sem lauk um mitt ár 2013. Öllum skuldabréfum í skuldabréfaflokknum SIMI 06 01 ásamt öllum kröfum Arion banka hf. sem ekki voru hluti af þáverandi forgangsláni félagsins var skipt fyrir hlutfé í félaginu. Alls var skuldum að fjárhæð 35.106 m.kr. breytt í hlutfé.

Skuldir

Talsverðar breytingar urðu á skuldum félagsins á árinu 2013 í kjölfar fjárhagslegrar endurskipulagningar félagsins. Heildarskuldir Símans námu 32.265 m.kr. þann 31. desember 2013 en 69.402 m.kr. þann 31. desember 2012. Langtímaskuldir félagsins lækkuðu um 3.910 m.kr. milli ára og námu þær 25.351 m.kr. í lok árs 2013. Næsta árs afborganir langtímaskulda námu 1.360 m.kr. í árslok 2013 en námu 31.947 m.kr. í árslok 2012 og lækkuðu því um 30.587 m.kr. milli ára. Lækkun langtímaskulda og næsta árs afborgana í kjölfar fjárhagslegrar endurskipulagningar var því 34.497 m.kr. Skuldir við lánastofnanir voru 850 m.kr. 31. desember 2012 en voru engar 31. desember 2013.

Viðskiptaskuldir námu 3.534 m.kr. í árslok 2013 en 4.166 m.kr. þann 31. desember 2012. Lækkun milli ára skýrist m.a. af lokun samnings við fjarskiptasjóð vegna uppbyggingar háhraðanets á landsbyggðinni en þjónustan var veitt á árunum 2007-2014. Þá lækkuðu skammtímaskuldir m.a. um 300 m.kr. vegna greiðslu til Samkeppniseftirlitsins sem nam þeirri fjárhæð samkvæmt sátt sem Skipti, Síminn og Míla gerðu við eftirlitið og færð var sem skuldbinding á fjárhagsárinu 2012.

Aðrar skammtímaskuldir námu 1.713 m.kr. þann 31. desember 2013 en 2.842 m.kr. í árslok 2012. Um er að ræða áfallinn kostnað, ógreiddan virðisaukaskatt og aðra liði. Lækkunin liggur að mestu í áföllnum kostnaði sem rekja má til lækkunar á skuldum félagsins og áfallinna vaxta í kjölfar fjárhagslegrar endurskipulagningar.

6.5.4 Sjóðstreymisýfirlit 2012, 2013, 2014 og fyrstu sex mánaða 2015

Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta fyrstu sex mánuði 2015 nam 4.143 m.kr. en 4.008 m.kr. fyrir sama tímabil árið 2014. Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta árið fyrir 2014 nam 7.544 m.kr. en 6.989 m.kr. fyrir árið 2013. Breytingu á milli ára má helst skýra með breytingu í rekstartengdum eignum og skuldum en félagið seldi kröfu á hendur Glitni sem vegur upp á móti aukinni fjárbindingu í birgðum vegna fjarskiptabúnaðar og sjónvarpsefnis til sýninga. Fyrir rekstrarárið 2012 nam handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta 6.288 m.kr. Hækkun milli árunna 2013 og 2012 skýrist af bættri rekstrarafkomu 2013 samanborið við 2012 en á því ári féll til m.a. 690 m.kr. einskiptiskostnaður vegna stjórnvaldssektar og sáttar við Samkeppniseftirlitið.

Handbært fé frá rekstri nam 3.273 m.kr. fyrstu sex mánuði ársins 2015 en 3.237 m.kr. fyrir sama tímabil 2014. Handbært fé frá rekstri nam 5.795 m.kr. fyrir árið 2014 en 5.122 m.kr. árið 2013. Fyrir rekstrarárið 2012 var handbært fé frá rekstri 4.224 m.kr. Greiddir vextir milli árunna 2012 og 2014 lækkuðu úr 2.331 m.kr. í 1.803 m.kr. sem má rekja til endurfjármögnunar lána félagsins árið 2013.

Fjárfestingarhreyfingar fyrstu sex mánuði ársins voru 2.681 m.kr. en voru 1.403 m.kr. á sama tímabili 2014 og skýrist munurinn í aukinni fjárfestingu árið 2015 sem og í jákvæðum áhrifum frá sölu á eignarhlut í öðrum félögum árið 2014. Fjárfestingarhreyfingar fyrir árið 2014 námu 1.032 m.kr. en 3.824 m.kr. árið 2013 og 2.368 m.kr. árið 2012. Lækkun milli ára skýrist að mestu leyti af sölu á kröfu félagsins á hendur Glitni fyrir 2.600 m.kr. árið 2014. Fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum árið 2014 voru 4.039 m.kr. en voru 3.459 m.kr. árið 2013. Munurinn liggur aðallega í auknum fjárfestingum í aðgangsneti í fastlínu. Einnig var þó nokkur aukning í stofnnetkerfum, UT-búnaði, sjónvarpi og farsíma.

Fjármögnunarhreyfingar voru 716 m.kr. fyrstu sex mánuði ársins 2015 en voru 679 m.kr. fyrir sama tímabil 2014. Fjármögnunarhreyfingar árið 2014 voru neikvæðar um 1.363 m.kr. en neikvæðar hreyfingar að fjárhæð 1.286 m.kr. árið 2013 og 2.023 m.kr. árið 2012. Afborganir af langtímalánum félagsins 2014 voru 1.361 m.kr. en 814 m.kr. árið 2013. Jafnframt gekk félagið í gegnum fjárhagslega endurskipulagningu árið 2013 sem leiddi til lækkunar á vaxtaberandi skuldum félagsins að fjárhæð 35.106 m.kr. án sjóðstreymisáhrifa. Fjármögnunarhreyfingar árið 2012 voru neikvæðar um 2.023 m.kr. en þá voru afborganir af langtímalánum 1.842 m.kr.

Handbært fé lækkaði um 124 m.kr. á fyrstu sex mánuðum ársins en að teknu tilliti til gengisbreytinga er lækkunin 21 m.kr. Handbært fé jókst um 3.400 m.kr. árið 2014 og nam 4.007 m.kr. í lok tímabilsins en nam 609 m.kr. í lok árs 2013 og 606 m.kr. í lok árs 2012.

6.5.5 Yfirlit um breytingu á eigin fé frá 1. janúar 2012 til 30. júní 2015

Eigið fé Símans þann 30. júní 2015 nam 31.220 m.kr. en 29.931 m.kr. þann 31. desember 2014. Hækkun á þessu tímabili skýrist að mestu af hagnaði tímabilsins. Árið 2014 hækkaði eigið fé úr 26.433 m.kr. í ársbyrjun og upp í 29.931 m.kr. í árslok sem skýrist að mestu leyti af hagnaði ársins. Árið 2013 nam eigið fé 26.433 m.kr. í árslok en nam 7.893 m.kr. í ársbyrjun. Með fjárhagslegri endurskipulagningu Símans sem lauk um mitt ár 2013 jókst eigið fé félagsins umtalsvert þar sem kröfuhafar vaxtaberandi skulda þess fengu hlutafé í Símanum í stað krafna að fjárhæð 35.106 m.kr. og á móti kom tap ársins. Eigið fé Símans lækkaði á árinu 2012 úr 11.538 m.kr. í ársbyrjun niður í 7.893 m.kr. í árslok sem skýrist að mestu leyti af tapi ársins.

Útistandandi hlutafé Símans nam 8.725 m.kr. að nafnverði í byrjun og lok ársins 2012. Útgefnir hlutir námu þá 9.650 milljónum en félagið átti eigin bréf sem samsvarar mismuninum. Útistandandi hlutafé hækkaði árið 2013 um 925 m.kr. við umbreytingu skulda yfir í hlutafé í Símanum en félagið lét þá af hendi eigin bréf. Hlutafé Símans, bæði útgefið og útistandandi, hefur síðan haldist óbreytt í 9.650 m.kr.

<i>m.kr.</i>	Hlutfé	Vara- sjóður	Þýðingar- munur	Óráðstafað eigið fé	Eigið fé hluthafa móðurfélags	Minni- hluti	Eigið fé samtals
Eigið fé 1.1.2012	8.725	8.604	172	(5.879)	11.622	(84)	11.538
Tap 2012				(3.370)	(3.370)	(33)	(3.403)
Þýðingarmunur			(255)		(255)	1	(254)
Heildarafkoma ársins			(83)	(9.249)	7.997	(116)	7.881
Breyting á minnihlutaeign				(79)	(79)	91	12
Eigið fé 31.12.2012	8.725	8.604	(83)	(9.328)	7.918	(25)	7.893
Tap 2013				(16.987)	(16.987)		(16.987)
Þýðingarmunur			448		448	(2)	446
Heildarafkoma ársins			448	(16.987)	(16.539)	(2)	(16.541)
Umbreyting skulda	925	27.162		7.019	35.106		35.106
Breyting á minnihlutaeign					--	(25)	(25)
Eigið fé 31.12.2013	9.650	35.766	365	(19.296)	26.485	(52)	26.433
Hagnaður 2014				3.280	3.280	(6)	3.274
Þýðingarmunur			241		241		241
Heildarafkoma ársins			241	3.280	3.521	(6)	3.515
Breyting á minnihlutaeign					--	(17)	(17)
Eigið fé 31.12.2014	9.650	35.766	606	(16.016)	30.006	(75)	29.931
Yfirverð jafnað á móti tapi		(17.964)		17.964			
Hagnaður 1.1.-30.6.2015				1.326	1.326	(2)	1.324
Þýðingarmunur			(33)		(33)		(33)
Heildarafkoma tímabilsins			(33)	1.326	1.293	(2)	1.291
Breyting á minnihlutaeign						(2)	(2)
Eigið fé 30.6.2015	9.650	17.802	573	3.274	31.299	(79)	31.220

6.5.6 Fjármögnun

Heildareignir Símans samkvæmt efnahagsreikningi félagsins þann 30. júní 2015 námu samtals 61.548 m.kr. og fjármagnaði félagið sig með eigin fé að fjárhæð 29.931 m.kr. eða sem samsvarar 49,0% eiginfjárhlutfalli og með skuldum að fjárhæð samtals 30.328 m.kr.

Heildarskuldir Símans 30. júní 2015

m.kr.

Langtímaskuldir	
Skuldabréfalán	23.452
Tekjuskattsskuldbinding	202
Langtímaskuldir	23.654
Skammtímaskuldir	
Viðskiptaskuldir	2.990
Næsta árs afborganir langtímaskulda	1.366
Skattar til greiðslu	14
Aðrar skammtímaskuldir	2.304
Skammtímaskuldir	6.674
Skuldir samtals	30.328

Vaxtaberandi langtímalán félagsins eru öll í íslenskri krónu. Þann 30. júní 2015 námu afborganir næstu 12 mánaða 1.366 m.kr. og afborganir næstu þriggja tólf mánaða tímabila nema sömu fjárhæð. Á tímabilinu 1. júlí 2019 til 30. júní 2020 nema afborganir 13.874 m.kr. m.kr. og síðari afborganir 5.480 m.kr.

Sérstakir lánaskilmálar

Síminn hefur fjármagnað rekstur sinn með tveimur lánasamningum, annars vegar langtímaláni upphaflega að fjárhæð 19 ma.kr. og hins vegar skuldabréfaútgáfu upphaflega að fjárhæð 8 ma.kr.

Lánasamningar félagsins innihalda ýmsa skilmála sem lúta að rekstrarafkomu, fjárhagsstöðu, sjóðstreymi og fjárfestingum félagsins auk þess sem félaginu er óheimilt að gera verulegar breytingar á starfsemi sinni þannig að það kalli á breytingar á samþykktum félagsins. Félagið hefur takmarkaðar heimildir til frekari skuldsetningar, nýfjárfestinga í órekstartengdum eignum eða félögum utan samstæðu og er óheimilt að gefa út nýtt hlutafé eða kaupa eigin hluti án samþykkis lánveitanda. Félagið skuldbindur sig einnig til að selja ekki eða afhenda hlutafé eða atkvæðisrétt í helstu félögum innan samstæðu Símans¹⁵ án samþykkis lánveitenda nema um sé að ræða samruna innan samstæðu Símans.

¹⁵ Skv. lánssamningum falla eftirfarandi félög undir þessa skilgreiningu: Síminn hf., Míla ehf., On-Waves ehf., Radíómiðun ehf., Sensa ehf., Staki ehf., Auðkenni ehf., Skjár miðlar ehf., Skjárinn ehf., Sensa A/S.

Fjárhagsskilmálar bæði lánasamninga og skuldabréfaútgáfu eru byggðir á fjárhagsuppgjörum félagsins og skulu forstjóri eða fjármálastjóri félagsins ásamt endurskoðanda staðfesta útreikning á þeim. Fjárhagsskilmálar lánasamninganna lúta að skuldsetningu, greiðsluhæfi, eiginfjárlutfalli og fjárfestingum:

- a) Skuldsetning undangenginna 12 mánaða skal vera lægri en 4,5 en er þar horft til hlutfalls vaxtaberandi skulda félagsins og hagnaðar fyrir fjármagnsliði, afskriftir og skatta (EBITDA¹⁶).
- b) Sjóðsflæði til greiðslu skulda¹⁷ sem hlutfall af heildargreiðslum vegna fjármögnunar¹⁸ skal að jafnaði vera að lágmarki 1,1.¹⁹
- c) Eigið fé sem hlutfall af heildareignum skal vera að lágmarki 20%.
- d) Fjárfestingum í varanlegum rekstrarfjármunum (CAPEX): Fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum á ársgrundvelli skulu ekki nema hærri fjárhæð en 18% af tekjum árin 2015 og 2016 en 15% á hverju fjárhagsári eftir það, án skriflegs samþykkis lánveitanda.

Fjárhagsskilmálar skuldabréfaútgáfu lúta eingöngu að lið (a) og lið (c) hér að framan.

Til tryggingar framangreindri lántöku og skuldabréfaútgáfu hefur félagið veitt lánveitendum sínum veð í meirihluta af eignum félagsins svo sem, en takmarkast ekki við, fastafjármuni samstæðunnar, veltufjármuni hennar, afnotaréttindum, hugverkaréttindum, lánveitingum innan samstæðu og eignarhluti félagsins í helstu dótturfélögum þess og langtímaverðbréfum. Félaginu er einnig óheimilt að setja eignir sínar að veði umfram það sem þegar hefur verið gert án samþykkis lánveitanda.

Í lánasamningum félagsins er ákvæði þar sem Símanum er óheimilt að greiða út arð. Komi til þess að hlutabréf félagsins verði tekin til viðskipta á skipulögðum verðbréfamarkaði er Símanum heimilt að greiða út arð að fullnægðum eftirfarandi skilyrðum:

- að engin brot séu útistandandi á skilmálum lánasamninganna og að arðgreiðslan sem slík valdi ekki að brotið verði á fjárhagslegum skilmálum lánasamninganna við næstu útreikninga þeirra,
- að arðgreiðslan hafi ekki neikvæð áhrif á nauðsynlegar fjárfestingar Símans eða rekstrargrundvöll félagsins,
- að eiginfjárlutfall Símans sé að lágmarki 30% eftir arðgreiðsluna,
- að heimil arðgreiðsla skv. fyrrgreindu takmarkist við 50% af óráðstöfuðu eigin fé nema að eiginfjárlutfall eftir arðgreiðsluna verði hærra en 35%.

Fjárhagsskilmálar skulu metnir á sex mánaða fresti utan skilmála er varðar fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum en hann reiknast á 12 mánaða fresti. Stjórn og stjórnendur félagsins telja ekki um að ræða neina óvenjulega skilmála í lánasamningum eða skuldabréfaútgáfu félagsins, telja hvorugt hamlandi fyrir félagið og telja ekki líkur á að félagið brjóti gegn þeim skorðum sem skilmálarnir setja en slíkt myndi veita lánardrottnum félagsins heimild til gjaldfellingar og myndi takmarka möguleika félagsins til að standa straum af arðgreiðslum til hluthafa þess.

¹⁶ EBITDA skv. lánssamningum og skuldabréfaútgáfu er skilgreind sem hagnaður fyrir fjármagnsliði, skatta, afskrift/niðurfærslu fastafjármuna og óefnislegra eigna en án einkisliða (og að því er varðar einkisliði, í samræmi við skilgreiningu IAS 1.87 og IAS 1.97-105 er varðar framsetningu reikningsskila).

¹⁷ Sjóðsflæði til greiðslu skulda er EBITDA samstæðunnar að teknu tilliti til: (a) breytinga á rekstrartengdum eignum og skuldum, þ.e. birgðum, viðskiptakröfum og viðskiptaskuldum, (b) fjárfestinga eins og þær koma fram í sjóðsstreymisýfirliti, draga má fjármögnun þeirra frá, greiðslur frá tryggingafélögum sem eru vegna tjóns á sambærilegri eign og/eða ef eignir hafa verið seldar til að fjármagna fjárfestinguna (svo lengi sem að ekki sé tvítalið inni í EBITDA að einhverju leyti) og (c) greiddra skatta.

¹⁸ Heildargreiðslur vegna fjármögnunar eru heildarafborganir og greiddir vextir ársins af vaxtaberandi skuldum samstæðunnar að frádregnum vaxtatekjum og fyrirframgreiðslu vaxtaberandi skulda og greidds arðs. Niðurgreiðslur af ádráttarláni eru ekki teknar með inni í afborganir ef lántaka er heimilt að draga aftur á þá fjármögnun um þá upphæð.

¹⁹ Fjárhagsliðir sem undanþegnir eru útreikningi á sjóðsflæði eru möguleg skattaáhrif endurskipulagningar sem og skattaáhrif vegna mögulegrar endurákvörðunar Ríkisskattstjóra sbr. umfjöllun í kafla 1.2.17 *Mikilvægir samningar* og kafla 1.2.19 *Ágreinings- og dómsmál*.

7. TILKYNNING TIL FJÁRFESTA

Útgefandalýsing þessi, dagsett 25. september 2015, inniheldur þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru fjárfestum til að þeir geti metið eignir og skuldir, fjárhagsstöðu, afkomu og framtíðarhorfur útgefanda. Leitast hefur verið við að setja upplýsingarnar fram á skýran og greinargóðan hátt. Útgefandalýsingu þessari er ætlað að vera hluti af Lýsingu Símans sem mynduð verður með (i) útgefandalýsingu, (ii) verðbréfalýsingu sem varðar tilgreind verðbréf útgefin af Símanum vegna umsóknar um að þau verði tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði og/eða vegna almenns útboðs á þeim svo og (iii) samantekt beggja skjala. Útgefandalýsing þessi mun því varða þá fjármálagerninga sem tilgreindir verða í viðeigandi verðbréfalýsingu.

Fjárfesting í verðbréfum felur í sér áhættu. Vegna mögulegra fjárfestinga í þeim fjármálagerningum sem útgefandalýsing þessi varðar þá eru fjárfestar hvattir til að kynna sér vel útgefandalýsinguna og önnur skjöl sem tilheyra viðeigandi lýsingu útgefanda en nálgast má gögnin á vef félagsins www.siminn.is/siminn/fjarfestar. Er fjárfestum ráðlagt að kynna sér sérstaklega kafla um áhættuþætti.

Lýsing þessi er unnin í samræmi við ákvæði íslenskra laga og reglugerða um verðbréfavíðskipti, sbr. lög um verðbréfavíðskipti nr. 108/2007. Er þá við gerð hennar fylgt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/71/EB frá 4. nóvember 2003 og tilskipun 2010/73/ESB um lýsingar og undirgerðir þeirra sem hafa verið innleiddar í íslenskan rétt. Er í því sambandi vísað til reglugerðar nr. 837/2013 um almennt útboð verðbréfa að verðmæti jafnvirðis 5.000.000 evra í íslenskum krónum eða meira og töku verðbréfa til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði. Er þá einnig vísað til reglugerðar nr. 243/2006 um gildistöku reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar nr. 809/2004 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/71/EB að því er varðar upplýsingar í lýsingum, framsetningu þeirra, upplýsingar felldar inn með tilvísun, birtingu lýsinganna svo og dreifingu auglýsinga, allt með áorðnum breytingum.

Útgefandalýsingin uppfyllir ákvæði I. viðauka, við fylgiskjal I við reglugerð nr. 243/2006, sem varðar lágmarkskröfur um upplýsingar sem koma eiga fram í útgefandalýsingu fyrir hlutafé. Lýsingin er einnig útbúin með hliðsjón af *Reglum fyrir útgefendur fjármálagerninga* sem gefnar voru út af Nasdaq Iceland þann 17. desember 2013. Útgefandalýsingu þessari er ætlað að vera hluti af Lýsingu Símans sem mynduð verður af (i) verðbréfalýsingu sem varða tilgreind verðbréf útgefin af Símanum vegna umsóknar um að þau verði tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði og/eða vegna almenns útboðs á þeim svo og (ii) samantekt beggja skjala.

Útgefandalýsing þessi mun varða þá fjármálagerninga sem tilgreindir verða í viðeigandi verðbréfalýsingu. Lýsingin hefur verið yfirfarin og staðfest af Fjármálaeftirlitinu á Íslandi, kt. 541298-3209, Katrínartúni 2, 105 Reykjavík, í samræmi við 52. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti. Lýsingin er á íslensku og er birt á Íslandi.

Eftir birtingu lýsingar er fjárfestum ráðlagt að kynna sér allar opinberar upplýsingar sem gefnar eru út af Símanum eða varða félagið og viðkomandi fjármálagerninga. Upplýsingar í útgefandalýsingu þessari eru byggðar á aðstæðum og staðreyndum á þeim degi sem hún er dagsett og geta breyst frá því að skjölin eru staðfest og þar til fyrirhuguð víðskipti geta hafist með fjármálagerningana á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland. Ef mikilvægar nýjar upplýsingar, veigamikil mistök eða ónákvæmni er varðar upplýsingar í útgefandalýsingu þessari eða öðrum skjölum sem tilheyra lýsingu útgefanda sem máli geta skipt við mat á fjármálagerningunum koma fram á þessu tímabili, þá skal útbúa viðauka við lýsingu í samræmi við 46. gr. laga um verðbréfavíðskipti, nr. 108/2007, þar sem greint er frá viðkomandi atriðum. Viðaukinn skal staðfestur innan sjö virkra daga og birtur á sama hátt og upprunaleg lýsing. Í samræmi við 46. gr. laga nr. 108/2007 skulu fjárfestar, sem þegar hafa samþykkt að kaupa eða skrá sig fyrir fjármálagerningum, sem viðkomandi lýsing varðar, áður en viðaukinn er birtur, eiga rétt á að falla frá fyrrgreindu samþykki að lágmarki í tvo virka daga frá birtingu viðaukans.

Útgefandalýsingu þessa má ekki undir neinum kringumstæðum skoða eða túlka sem loforð um árangur í rekstri eða um ávöxtun fjármuna af hálfu útgefanda, seljanda, umsjónaraðila útboðs, söluaðila, umsjónaraðila með töku til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland eða annarra aðila. Fjárfestar eru minntir á að kaup á hlutabréfum, skuldabréfum eða öðrum fjármálagerningum eru í eðli sínu áhættufjárfesting sem byggist á væntingum en ekki loforðum og fjárfesting á fjármálagerningum sem gefnir eru út af Símanum eru alfarið á ábyrgð hvers fjárfestis fyrir sig. Fjárfestar eru minntir á að þeir verða fyrst og fremst að treysta eigin dómgreind vegna fjárfestingar í verðbréfum útgefnunum af Símanum og taka tillit til starfsumhverfis félagsins, hagnaðarvonar, ytri aðstæðna og þeirrar áhættu sem í fjárfestingunni felst. Fjárfestum er bent á að hægt er að leita ráðgjafar sérfræðinga, svo sem hjá bönkum, verðbréfafyrirtækjum og sparisjóðum, til aðstoðar við mat á verðbréfum útgefanda sem fjárfestingarkosti. Fjárfestum er ráðlagt að skoða lagalega stöðu sína og þau skattalegu áhrif sem kaup í verðbréfum útgefnunum af útgefanda kunna að hafa og leita óháðrar ráðgjafar í því tilliti.

Útgefandalýsingu þessari eða öðrum skjölum sem eru hluti af viðeigandi lýsingu útgefanda skal ekki dreifa (hvorki senda í pósti né dreifa á annan hátt) til landa þar sem dreifing myndi krefjast viðbótarskráningarferlis eða aðgerða annarra en þeirra sem heyra undir íslensk lög og reglur eða ef slík dreifing greinir á við lög eða reglur viðkomandi landa. Útgefandalýsingu þessari eða öðrum skjölum sem eru hluti af lýsingunni skal þannig m.a. ekki dreifa á neinn hátt til eða innan Bandaríkjanna, Ástralíu, Kanada eða Japans. Útgefandi, seljendur eða umsjónaraðilar eru ekki skaðabótaskyldir vegna dreifingar til þriðja aðila á lýsingunni.

Skuldabréfaflokkur útgefinn af Símanum hefur verið tekinn til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland og ber félagið upplýsingaskyldu á markaði samkvæmt settum lögum og reglugerðum, sbr. lög nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti, birtir tilkynningar opinberlega og lýtur *Reglum fyrir útgefendur fjármálagerna* sem útgefna eru af Nasdaq Iceland. Núgildandi *Reglur fyrir útgefendur fjármálagerna*, útgefna 17. desember 2013, kveða m.a. á um opinbera birtingu allra fjárhagsupplýsinga í samræmi við lög og reglur um reikningsskil sem gilda um félagið á hverjum tíma og að upplýsingar um ákvarðanir eða aðrar forsendur og aðstæður sem ástæða er til að ætla að geti haft marktæk áhrif á markaðsverð verðbréfanna beri að birta eins fljótt og unnt er. Opinber birting telst vera þegar upplýsingar hafa verið birtar almenningi á Evrópska efnahagssvæðinu. Samhliða opinberri birtingu skal útgefandi senda upplýsingarnar til Fjármálaeftirlitsins, í samræmi við lög nr. 108/2007, um verðbréfavíðskipti, auk þess sem þær skulu vera sendar til Nasdaq Iceland í eftirlitsskyni í samræmi við fyrrgreindar *Reglur fyrir útgefendur fjármálagerna*. Meðan fjármálagerningar útgefna af Símanum eru til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði mun útgefandinn birta framangreindar upplýsingar opinberlega og á vef félagsins, á slóðinni www.siminn.is/siminn/fjarfestar.

7.1 Skilgreiningar og tilvísanir

Vísun til „útgefanda“ skal í þessari útgefandalýsingu túlka sem tilvísun til Símans hf., kennitala 460207-0880, Ármúla 25, 108 Reykjavík. Vísun til „Símans“, „samstæðunnar“ eða „félagsins“ skal túlka sem tilvísun til Símans hf. og dótturfélaga hans nema annað megi skilja af samhengi textans. Síminn hf. er lögformlegt heiti útgefandans og viðskiptaheiti.

Vísun til „hlutanna“ eða „hlutabréfanna“ í þessari útgefandalýsingu skal túlka sem tilvísun til allra útgefna hlutabréfa Símans hf. hjá Nasdaq verðbréfamiðstöðvar hf. í flokki hlutabréfa með auðkennið SIMINN og ISIN-númerið IS0000015089 nema annað megi skilja af samhengi textans.

Vísun til „lýsingarinnar“ í þessari útgefandalýsingu skal túlka sem tilvísun til lýsingar útgefanda sem samanstendur af útgefandalýsingu þessari, viðeigandi verðbréfalýsingu og samantekt sem er birt í tengslum við almennt útboð og/eða umsókn um töku til viðskipta á skipulegan verðbréfamarkað á fjármálagerningum útgefnum af Símanum hf. nema annað megi skilja af samhengi textans.

Vísun til „seljanda“ í þessari útgefandalýsingu skal túlka sem tilvísun til Arion banka hf., kennitala 581008-0150, Borgartúni 19, 105 Reykjavík nema annað megi skilja af samhengi textans.

Vísun til „umsjónaraðila“ í þessari útgefandalýsingu skal túlka sem tilvísun til fyrirtækjaráðgjafar fjárfestingarbankasviðs Arion banka hf., kennitala 581008-0150, Borgartúni 19, 105 Reykjavík, og Arctica Finance hf., kt. 540509-1820, Katrínartúni 2, 105 Reykjavík, ef ráðið verður af samhengi textans að átt sé við umsjónaraðila með töku til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland nema annað megi skilja af samhengi textans.

Vísun til „söluaðila“ í þessari útgefandalýsingu skal túlka sem tilvísun til fyrirtækjaráðgjafar og markaðsviðskipta Arion banka hf. nema annað megi skilja af samhengi textans.

Vísun til „bankans“ í þessari útgefandalýsingu skal túlka sem tilvísun til Arion banka hf., kennitala 581008-0150, Borgartúni 19, 105 Reykjavík, nema annað megi skilja af samhengi textans.

Vísun til „Fjármálaeftirlitsins“ eða „FME“ í þessari útgefandalýsingu skal túlka sem tilvísun til Fjármálaeftirlitsins á Íslandi, kennitala 541298-3209, Katrínartúni 2, 105 Reykjavík, nema annað megi skilja af samhengi textans.

Vísun til „Nasdaq Iceland“ í þessari útgefandalýsingu skal túlka sem tilvísun til Kauphallar Íslands hf., kennitala 681298-2829, Laugavegi 182, 105 Reykjavík, nema annað megi skilja af samhengi textans. Vísun til „Aðalmarkaðar“ skal túlka sem tilvísun til Aðalmarkaðar Nasdaq Iceland sem er skipulegur verðbréfamarkaður nema annað megi skilja af samhengi textans.

Hugtakið „króna“ eða skammstöfunina „kr.“ í þessari útgefandalýsingu skal túlka sem tilvísun til gjaldmiðilsins íslenskrar krónu. Skammstöfunin „þús. kr.“ í þessari útgefandalýsingu skal túlka sem tilvísun til þúsundir króna.

Skammstöfunina „m.kr.” í þessari útgefandalýsingu skal túlka sem tilvísun til milljóna króna. Skammstöfunina „ma.kr.” í þessari útgefandalýsingu skal túlka sem tilvísun til milljarða króna.

Þegar vísað er til laga og reglugerða í útgefandalýsingu þessari er vísað til íslenskra laga og reglugerða með áorðnum breytingum nema annað megi skilja af samhengi textans.

7.2 Gildistími og aðgengi að lýsingu

Gildistími útgefandalýsingar þessarar, sem dagsett er 25. september 2015, er 12 mánuðir frá staðfestingu hennar. Útgefanda er heimilt að nota staðfesta útgefandalýsingu á gildistíma hennar með verðbréfalýsingu og samantekt, eftir því sem við á, til að mynda lýsingu líkt og kveðið er á um í 49. gr. laga um verðbréfavíðskipti nr. 108/2007.

Aðgengi að útgefandalýsingu þessari verður tryggt meðan útgefandalýsingin er í gildi og þá með birtingu á henni sem hluta af lýsingu. Það verður gert með birtingu á vef félagsins, á slóðinni www.siminn.is/siminn/fjarfestar. Fjarfestar geta jafnframt óskað eftir lýsingu, og útgefandalýsingunni þar með talinni, á prentuðu formi sér að kostnaðarlausu hjá útgefanda.

7.3 Skjöl til sýnis

Eftirfarandi gögn eru hluti af útgefandalýsingu þessari, sett fram í köflum 8. *Samþykktir Símans hf.* og 9. *Samstæðureikningar Símans hf. 01.01.2012 – 30.06.2015* og tiltekin sem skjöl til sýnis:

- Samþykktir Símans hf., dagsettar 8. september 2015
- Endurskoðaður árs hlutareikningur Símans hf. fyrir tímabilið 1. janúar 2015 til 30. júní 2015
- Endurskoðaður samstæðuársreikningur Símans hf. fyrir fjárhagsárið 2014 sem lauk 31. desember 2014
- Endurskoðaður samstæðuársreikningur Símans hf. fyrir fjárhagsárið 2013 sem lauk 31. desember 2013
- Endurskoðaður samstæðuársreikningur Símans hf. fyrir fjárhagsárið 2012 sem lauk 31. desember 2012

Meðan útgefandalýsingin er í gildi er heimilt að skoða skjöl sem vísað er til sem skjöl til sýnis hér að framan en slíkt aðgengi er veitt með birtingu lýsingarinnar. Aðgengi að lýsingunni er tryggt á vef félagsins, www.siminn.is/siminn/fjarfestar, en einnig hjá útgefanda, umsjónaraðila með töku til viðskipta og söluaðilum útboðsins.

7.4 Upplýsingar frá þriðja aðila

Upplýsingar í útgefandalýsingu þessari sem aflað hefur verið frá Póst- og fjarskiptastofnun, Samkeppniseftirlitinu, Hagstofu Íslands og PTS Statistikkportalen eru fengnar úr opinberum gögnum viðkomandi stofnana. Útgefandi staðfestir, að svo miklu leyti sem honum er kunnugt um og honum er unnt, út frá þeirri upplýsingagjöf sem þriðji aðilinn hefur birt, að upplýsingarnar eru réttar og engum staðreyndum er sleppt sem geri upplýsingarnar ónákvæmar eða misvísandi. Heimilda frá þriðja aðila er getið þar sem það á við.

Póst- og fjarskiptastofnun hefur það meginhlutverk að tryggja hagkvæma, örugga og aðgengilega fjarskipta- og pósthjónustu fyrir alla landsmenn í upplýsingasamfélagi nútímans. Stofnunin sér um að fylgja stefnu stjórnvalda og gerir tillögu um stefnumörkun á sviði fjarskipta og póstmála, stuðlar að virkri samkeppni með markaðsgreiningu og eftirliti, gætir að hagsmunum neytenda í fjarskiptum og pósthjónustu, sér um úthlutanir tíðna til fjarskiptafyrirtækja og ljósvakamiðla, úthlutanir númeraþa til símafyrirtækja og úthlutar númerum til skipa. Auk þess heldur stofnunin úti upplýsingavef um örugga netnotkun sem ætlaður er almenningi. Vefur Póst- og fjarskiptastofnunar er www.pfs.is.

Samkeppniseftirlitinu ber að ná markmiðum samkeppnislaga með því að vinna gegn óhæfilegum hindrunum og takmörkunum á frelsi í atvinnurekstri, vinna gegn skaðlegri fákeppni og samkeppnishömlum og auðvelda aðgang nýrra keppnauta að markaðnum. Vefur Samkeppniseftirlitsins er á slóðinni www.samkeppni.is.

Hagstofa Íslands er miðstöð opinberrar hagskýrslugerðar í landinu og vinnur að söfnun gagna, úrvinnslu og birtingu tölfraðilegra upplýsinga um landshagi Íslands og þjóðfélagsleg málefni. Vefur Hagstofu Íslands er á slóðinni www.hagstofa.is.

PTS Statistikkportalen er sænska póst- og fjarskiptastofnunin og birtir upplýsingar og gögn um sænska fjarskiptamarkaðinn.

7.5 Ráðgjafar

Fyrirtækjaráðgjöf Arion banka hf., kennitala 581008-0150, Borgartúni 19, 105 Reykjavík, hefur umsjón með almennu útboði á hlutum í Símanum hf. sem tilgreint er í útgefandalýsingu þessari. Vegna undirbúnings kauphallarskráningar á hlutum í Símanum hf. og almenns útboðs hefur fyrirtækjaráðgjöf Arion banka hf. annast samskipti útgefanda og seljanda (í útboði) við Nasdaq Iceland og FME og unnið að gerð útgefandalýsingar þessarar í samráði við stjórnendur og stjórn útgefandans. Útgefandalýsingin er byggð á upplýsingum frá útgefanda, þar á meðal á beinum og óbeinum upplýsingum úr lögfræðilegri, fjárhagslegri og skattalegri áreiðanleikakönnun, endurskoðuðum ársreikningum fyrir fjárhagsárin 2012, 2013 og 2014 sem og endurskoðuðu árshlutauppgjöri fyrir tímabilið 1. janúar 2015 til 30. júní 2015. Fyrirtækjaráðgjöf Arion banka hf. og Arctica Finance hf., kt. 540509-1820, Katrínartúni 2, 105 Reykjavík, eru ráðnir umsjónaraðilar skráningar og hafa sem slíkir umsjón með því ferli að fá hlutabréf í Símanum tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði Nasdaq Iceland. Í tengslum við framangreint ferli voru gerðar áreiðanleikakannanir á útgefanda og samstæðu hans. Lögfræðileg áreiðanleikakönnun var framkvæmd af LEX ehf., kennitala 570297-2289, Borgartúni 25, 105 Reykjavík. Náði hún til 1. febrúar 2015. Fjárhagsleg og skattaleg áreiðanleikakönnun var framkvæmd af PricewaterhouseCoopers ehf., kennitala 690681-0139, Skógarhlíð 12, 105 Reykjavík. Þær kannanir náðu til ársloka 2014.

7.6 Yfirlýsing endurskoðenda útgefandans

Deloitte ehf., kennitala 521098-2449, Smáratorgi 3, 201 Kópavogi, hefur endurskoðað samstæðuársreikninga Símans hf. fyrir fjárhagsárin sem enduðu 31. desember 2014, 31. desember 2013 og 31. desember 2012. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla.

Vegna endurskoðunar samstæðuársreikninga Símans hf. fyrir árið 2014, 2013 og 2012 var það álit Deloitte ehf. að ársreikningarnir gæfu glögga mynd af afkomu samstæðunnar á viðkomandi tímabilum, efnahag í lok tímabila og breytingu á handbæru fé á tímabilunum, í samræmi við alþjóðlega reikningskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu. Áritanir framangreindra reikninga voru án fyrirvara en eftirfarandi ábendingar voru í áritun ársreiknings vegna 2012.

Án þess að gera fyrirvara við álit okkar viljum við vekja athygli á skýringu 17 með samstæðuársreikningnum en þar kemur fram að ágreiningur er við Glími hf. um gjaldmiðlasamninga.

Einnig án þess að gera fyrirvara við álit okkar viljum við vekja athygli á skýringu 19 með samstæðuársreikningnum en þar kemur fram að unnið hefur verið að fjárhagslegri endurskipulagningu félagsins.

Deloitte ehf. staðfestir að fjárhagsupplýsingar í köflum 1.3 *Fjárhagsleg áhætta* og 6. *Fjárhagsyfirlit 1. janúar 2012 – 30. júní 2015* í útgefandalýsingu þessari sem varða framangreind reikningskil eru í samræmi við endurskoðaða ársreikninga.

Reykjavík, 25. september 2015

Fyrir hönd Deloitte ehf.

Hilmar A. Alfreðsson

lögiltur endurskoðandi

KPMG ehf., kennitala kt. 590975-0449, Borgartúni 27, 105 Reykjavík, hefur endurskoðað samstæðuárshlutareikning Símans hf. fyrir tímabilið 1. janúar 2015 til 30. júní 2015. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla.

Vegna endurskoðunar samstæðuárshlutareiknings Símans hf. fyrir tímabilið 1. janúar 2015 til 30. júní 2015 var það álit KPMG ehf. að árs hlutareikningurinn gæfi glögga mynd af afkomu samstæðunnar á viðkomandi tímabili, fjárhagsstöðu í lok tímabils og breytinga á handbæru fé á tímabilinu, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu. Áritun framangreinds árs hlutareiknings var án fyrirvara.

KPMG ehf. staðfestir að fjárhagsupplýsingar í köflum 1.3 *Fjárhagsleg áhætta* og 6. *Fjárhagsyfirlit 1. janúar 2012 – 30. júní 2015* í útgefandalýsingu þessari sem varða framangreind reikningsskil eru í samræmi við endurskoðaðan árs hlutareikning.

Reykjavík, 25. september 2015

Fyrir hönd KPMG ehf.

Alexander G. Eðvardsson

löggiltur endurskoðandi

Árni V. Claessen

löggiltur endurskoðandi

7.7 Yfirlýsing ábyrgðaraðila útgefandalýsingar fyrir hönd útgefanda

Formaður stjórnar og forstjóri Símans hf., kennitala 460207-0880, Ármúla 25, 108 Reykjavík, lýsa því yfir fyrir hönd Símans hf., sem útgefanda, að samkvæmt þeirra bestu vitund eru upplýsingarnar, sem útgefandalýsingin hefur að geyma, í samræmi við staðreyndir og að engum upplýsingum hefur verið sleppt sem kunna að skipta máli varðandi áreiðanleika hennar.

Reykjavík, 25. september 2015

Fyrir hönd Símans hf.

Sigríður Hrólfsdóttir

formaður stjórnar

Orri Hauksson

forstjóri

8. SAMÞYKKTIR SÍMANS HF.

Samþykktir fyrir Símann hf.

1. Nafn félagsins

- 1.1. Félagið er hlutafélag og nafn þess er Símann hf.
- 1.2. Hljáheiti félagsins er Iceland Telecom.

2. Heimili félagsins

- 2.1. Heimili félagsins er Ármúli 25, 108 Reykjavík.

3. Tilgangur félagsins

- 3.1. Tilgangur félagsins er fjarskipta-, uppþingataekni-, afþreyingarstarfsemi og önnur skyld starfsemi, rektur fasteigna, kaup og sala verðbréfa, lánastarfsemi og fjárfesting í dóttur- og hlutdeildarfélögum sem starfa á sviði félagsins.
- 3.2. Heimilt er félaginu að standa að stofnun eða gerast eignaraðili að öðrum félögum, svo og að stofna félag eða félag sem alfarið verði í eigu þess til að annast ákveðna þætti í starfsemi þess.

4. Hlutafé félagsins

- 4.1. Hlutafé félagsins er 9.650.000.000,- níummiljarðar sexhundrað og fimmtíu milljónir krónur.
- 4.2. Hlutabréf félagsins eru gefin út með rafrænum hætti samkvæmt ákvæðum laga um rafræna eignaskráningu verðbréfa. Hver hlutur er ein króna. Eitt atkvæði fylgir hverjum hlut í félaginu. Engar hömlur eru lagðar á rétt hluthafa til sölu á hlutum sínum. Um eigendaskipti og framkvæmd þeirra fer eftir gildandi lögum um rafræna eignaskráningu verðbréfa.
- 4.3. Hluthafundur getur einn ákveðið að auka hlutaféð, hvort heldur er með áskrift nýrra hluta eða útgáfu jöfnunarhluta. Ákvörðun verður því aðeins gild að hún hljóti samþykki minnst 2/3 hluta greiddra atkvæða, svo og samþykki hluthafa sem ráða yfir minnst 2/3 hlutum þess hlutafjár sem farið er með atkvæði fyrir á fundinum. Hluthafar hafa forgangsrétt til hlutafjáruka að titlið við hlutafjareign sína í félaginu og innan tíamarkna sem greind verði í samþykkt um aukningu hlutafjár. Nú neyta eldri hluthafar ekki forkaupsréttar síns að fullu og eiga þá aðrir hluthafar aukinn rétt til áskriftar. Hluthafafundur getur með 2/3 hluta greiddra atkvæða, svo og samþykki hluthafa sem ráða yfir minnst 2/3 hlutum þess hlutafjár sem farið er með atkvæði fyrir á fundinum ákveðið að vikja frá forgangi við hækkun hlutafjár, enda sé hluthöfðum á engan hátt mismunað.
- 4.4. Greiði hluthafi ekki tilskilið hlutafé á gjalddaga skal hann greiða dráttarvexti af skuldinni frá þeim degi til greiðsuldags, auk alls kostnaðar við innheimtu. Jafnframt er heimilt að gripa til annarra þeirra vanefnduurræða sem lög heimila á hverjum tíma, þ.m.t. að fella niður áskriftina.

5. Hlutaskrá

- 5.1. Stjórn félagsins skal halda hlutaskrá í samræmi við lög.
- 5.2. Útskrift frá verðbréfamistöð um eignarhald á hlutum í félaginu telst fullnægjandi grundvöllur að hlutaskrá og veitir hún full réttindi þau er samþykktir félagsins mæla fyrir um. Hlutaskrá samkvæmt ákvæðum laga um rafræna eignaskráningu verðbréfa skoðast sem fullgild sönnun fyrir eignarrétti að hlutum í félaginu, og skal arður á hverjum tíma, svo og tilkynningar allar, sendast til þess aðila, sem á hverjum tíma er skráður eigandi viðkomandi hluta í hlutaskrá félagsins.
- 5.3. Hlutaskráin skal geymd á skrifstofu félagsins og eiga allir hluthafar aðgang að henni og mega kynna sér efni hennar.

6. Eigendaskipti, veðsetning o.fl.

- 6.1. Engar hömlur eru lagðar á meðferð hluta í félaginu. Hluti í félaginu má selja og veðsetja nema annað leiði af lögum.
- 6.2. Gagnvart félaginu skal hlutaskráin skoðast sem fullgild sönnun fyrir eignarrétti að hlutum í félaginu og skal arður á hverjum tíma, svo og jöfnunarhlutir, fundarboð og tilkynningar allar, sendar til þess aðila sem á hverjum tíma er skráður eigandi viðkomandi hlutar í hlutaskrá félagsins. Ber félagið enga ábyrgð á því ef greiðslur eða tilkynningar misfarast vegna þess að vanrækt hefur verið að tilkynna um eiganda- eða aðsetursskipti.
- 6.3. Eigendaskipti að hlut, hvort sem verður fyrir sölu, gjöf, erfð, búskipti eða aðför, skal ávallt tilkynna jafnskjött og þau fara fram og skal þá breyta hlutaskrá til samræmis.
- 6.4. Sá sem eignast hlut í félaginu getur ekki beitt réttindum sínum sem hluthafi nema nafn hans hafi verið skráð í hlutaskrá eða hann hafi tilkynnt og fært sönnur á eign sína á hlutnum.
- 6.5. Heimil er notkun rafræna skjalasamskipta og rafrósts í samskiptum milli félagsins og hluthafa að fengnu samþykki hluthafa í stað þess að senda eða leggja fram skjöl rituð á pappír. Nær heimidin til hvers kyns samskipta milli félagsins og hluthafa svo sem um boðun hluthafafunda, greiðslu arðs eða annarra tilkynninga sem félagsstjórn ákveður að send skuli hluthöfðum. Eru slík rafræn samskipti jafngild samskiptum rituðum á pappír. Skal félagsstjórn setja reglur um framkvæmd rafræna samskipta og þær kröfur sem gerðar eru til hugbúnaðar sem skal vera hluthöfðum aðgengilegar. Þeir hluthafar sem hyggjast nýta sér rafræn samskipti við félagið með þessum hætti skulu staðfesta það í samræmi við þær reglur sem félagsstjórn setur.

7. Skyldur hluthafa. Sérréttindi.

- 7.1. Hver hluthafi er skyldur til, án sérstakrar skuldbindingar, að hlíta samþykktum félagsins, eins og þær eru nú, eða eins og þeim kann að vera breytt síðar á löglegan hátt.
- 7.2. Hluthafi ber ekki ábyrgð á skuldbindingum félagsins fram yfir hlut sinn í félaginu nema hann taki á sig frekari ábyrgð með sérstökum löggeringji. Á ákvæðum þessarar greinar getur engin breyting orðið.

7.3. Engin sérréttindi fylgja neinum hlutum í félaginu.

8. Eigin hlutir

8.1. Félaginu er heimilt að kaupa eigin hluti að því marki sem lög leyfa. Óheimilt er að neyta atkvæðisréttar fyrir þá hluti sem félagið á sjálf. Hluti getur félagið aðeins eignast samkvæmt heimild hluthafafundar til handa félagsstjórn og má ekki veita slíka heimild til lengri tíma í einu en 18 mánaða hverju sinni. Verði heimild til kaupa á eigin hlutum veitt skal hennar getið í sérstökum viðauka við samþykktir þessar og skal viðaukinn vera hluti af samþykktunum þann tíma sem heimildin er í gildi.

9. Innlausn. Lán út á hluti.

9.1. Hluthafar eru ekki skyldir að pola innlausn á hlutum sínum nema lög bjóði.

9.2. Félaginu er óheimilt að veita lán út á hluti í félaginu.

10. Hluthafafundur

10.1. Æðsta vald í málefnum félagsins, innan þeirra marka sem samþykktir þessar og landslög setja, er í höndum lögmætra hluthafafunda (eðlafunda og aukafunda). Heimilt er að halda hluthafafundi annars staðar en á heimili félagsins. Hluthafafundur er lögmætur ef löglega er til hans boðað, óháð fundarsókn.

10.2. Stjórn félagsins skal boða til hluthafafunda. Boða skal til hluthafafundar minnst þremur vikum fyrir fund og lengst fjórum vikum fyrir fund, nema hluthafar hafi áður samþykkt boðun með skemmti fyrirvara á grundvelli þeirra skilyrða sem fram koma í 88. gr. a laga um hlutfélag nr. 2/1995. Þá skal einnig boða til hluthafafundar innan 14 daga ef kjörnir endurskoðendur eða hluthafar, sem ráða yfir minnst 1/20 hlutfjárns, krefjast þess skriflega og greina frá fundarefni.

10.3. Boða skal til hluthafafundar með auglýsingu í innlendum fjölmíðli, með rafrænum hætti, eða með öðrum sammanlegum hætti þannig að tryggður sé skjótur aðgangur að fundarboðinu á jafnréttisgrundvelli. Nota skal trausta miðla er tryggja virka útbreiðslu upplýsinga til almennings á Evrópska efnahagssvæðinu. Í fundarboði skal a.m.k. veita upplýsingar um:

1) Fundarstað, fundartíma og drög að dagskrá. Ef taka á til meðferðar á fundinum tillögu til breytinga á samþykktum félagsins skal greina meginefni tillögunnar í fundarboði.

2) Skýrar og nákvæmar reglur um þátttöku og atkvæðagreiðslu á hluthafafundi. Meðal annars skal upplýsa um:

- Rétt hluthafa til að fá mál sett á dagskrá hluthafafundar, leggja fram ályktunartillögur og spyrja spurninga auk frests til að nýta þennan rétt,
- Reglur um atkvæðagreiðslu fyrir atbeina umboðsmanns, eyðublið vegna slíkrar atkvæðagreiðslu og á hvern hátt félagið sé reiðubúið að samþykkja rafrænar tilkynningar um skipun umboðsmanns,
- Reglur um skriflega eða rafræna atkvæðagreiðslu eftir því sem við á.

3) Hvar og hvernig nálgast megi óstyttan texta:

- Skjala sem lögð verða fyrir hluthafafund,
- Ályktunartillagna og/eða eftir atvikum athugasemda frá stjórn félagsins eða nefndum hennar varðandi hvert atriði í drögum að dagskrár hluthafafundar,
- Ályktunartillagna hluthafa sem borist hafa félaginu.

4) Vefsíðu þar sem hluthafar geta nálgast upplýsingar sem þeir skulu hafa aðgang að á hluthafafundi samkvæmt lögum.

10.4. Þremur vikum fyrir hluthafafund skulu eftirfarandi upplýsingar vera aðgengilegar hluthöfum á vefsíðu félagsins:

- Fundarboðið.
 - Heildarfjöldi hluta og atkvæða á fundarboðsdegi.
 - Skjöl sem lögð verða fyrir hluthafafund.
 - Ályktunartillögur og athugasemdir frá stjórn félagsins eða nefndum hennar, eftir því sem við á, varðandi hvert atriði í drögum að dagskrá hluthafafundar. Einnig skal bæta ályktunartillögum hluthafa við á vefsíðu félagsins eins fljótt og auðið er eftir móttöku þeirra.
 - Eftir atvikum, eyðublið sem umboðsmenn skulu nota við atkvæðagreiðslu eða nota á við skriflega atkvæðagreiðslu, eða hvernig nálgast megi eyðublið í pappírformi.
- 10.5. Hver hluthafi á rétt á því að fá ákveðið mál tekið til meðferðar á hluthafafundi ef hann genir skriflega eða rafræna kröfu um það til félagsstjórnar með það miklum fyrirvara að unnt sé að taka málid á dagskrá fundarins, þó í síðasta lagi tíu dögum fyrir fundinn. Kröfu skal fylgja rökstúðningur eða drög að ályktun til félagsstjórnar. Upplýsingar um kröfuna skal birta á vefsíðu félagsins eigi síðar en þremur dögum fyrir fundinn, auk tillögunnar og eftir atvikum endurskoðaða dagskrá fundarins.

10.6. Stjórn er heimilt að ákveða að hluthafafundur verði haldinn rafrænt, að hluta eða öllu leyti, að því gefnu að tiltækur sé nægilega öruggur búnaður til að halda rafrænan fund. Ef tekin er ákvörðun um að halda rafrænan fund skal þess getið sérstaklega í fundarboði. Fundarboði skulu koma fram upplýsingar um nauðsynlegan tæknibúnað, hvernig hluthafar tilkynni þátttöku sína, hvernig atkvæðagreiðsla fer fram og hvar hluthafar nálgast leiðbeiningar um fjarskiptabúnað, aðgangsorð til þátttöku á fundinum og aðrar upplýsingar sem geta átt við. Innslegið aðgangsorð í titelinn fjarskiptabúnað jafngildir undirskrift viðkomandi hluthafa og telst staðfesting á þátttöku hans á hluthafafundinum. Ef hluthafafundur er haldinn með rafrænum hætti, annað hvort að hluta eða öllu leyti, skulu hluthafar sem byggjast sækja fundinn með rafrænum hætti tilkynna skrifstofu félagsins um þátttöku ekki síðar en fimm dögum fyrir hluthafafund og samtímis leggja fram skriflegar spurningar varðandi dagskrá eða framlögð skjöl sem þeir óska svara við á fundinum. Að öðru leyti gilda um slíkar atkvæðagreiðslur ákvæði 80. gr. a laga nr. 2/1995 um hlutfélag, með síðari breytingum.

10.7. Hluthöfum skal gefinn kostur á að greiða atkvæði um mál, sem eru á dagskrá hluthafafundar, bréfléga eða rafrænt. Í fundarboði skal koma fram hvernig atkvæðagreiðslan skuli framkvæmd. Hluthafar geta óskað eftir að fá atkvæði send sér hafi skrifleg beiðni þar um borist skrifstofu félagsins fimm dögum fyrir hluthafafund. Hluthafar geta einnig vitjað atkvæðaseðla sinna á skrifstofu félagsins frá sama tíma og greitt þar atkvæði.

- 10.8. Rétt til að sækja hluthafafundi félagsins hafa hluthafar, umboðsmenn þeirra og ráðgjafar, endurskoðandi félagsins og framkvæmdastjóri. Þá getur stjórnin boðið sérfræðingum setu á einstökum fundum ef leita þarf álits þeirra eða aðstoðar. Ráðgjafar hafa hvorki tillögurétt né atkvæðisrétt en hluthafa er heimilt að gefa ráðgjafa sínum orðið fyrir sína hönd. Endurskoðandi félagsins og framkvæmdastjóri hafa fullt málfrelsi og tillögurétt á hluthafafundum þótt ekki séu þeir hluthafar.
- 10.9. Hluthafi getur látið umboðsmann sækja hluthafafund fyrir sína hönd og fara með atkvæði sín. Umboðsmaður skal leggja fram skriflegt eða rafrænt, vottfast og dagsett umboð. Umboð skal leggja fram á fundi og gildir aðeins fyrir einn fund, nema annað sé tekið fram í umboðinu.
- 10.10. Mál sem ekki hafa verið greind á dagskrá er ekki unnt að taka til úrlausnar á hluthafafundi nema með samþykki allra hluthafa félagsins, en gera má um þau ályktun til leiðbeiningar fyrir félagsstjórn. Þótt máls hafi ekki verið getið á dagskrá kemur það ekki í veg fyrir að ákveðið sé að boða til aukafundar til að fjalla um málið auk þess sem aðalfundur getur ávallt afgreitt mál sem skýlt er að taka til meðferðar samkvæmt lögum eða félagssamþykktum.
- 10.11. Löglega frambornar víðauka- og breytingatillögur má bera upp á fundinum sjálfum enda þótt þær hafi ekki legið frammi hluthófum til sýnis.

11. Aðalfundur

11.1. Aðalfund skal halda fyrir lok maí ár hvert. Boða skal til aðalfundar með sama hætti og annarra hluthafafunda.

11.2. Á aðalfundi skulu tekin fyrir þessi mál:

- 1) Skýsla stjórnar um starfsemi félagsins sl. starfsár.
- 2) Staðfesting ársreiknings og tekín ákvörðun um hvernig fara skuli með hagnað eða tap félagsins á reikningsárinu.
- 3) Tillögur til breytinga á samþykktum félagsins, ef borist hafa.
- 4) Ákvörðun um greiðslu arðs.
- 5) Kosning stjórnar félagsins.
- 6) Kosning löggjilts endurskoðanda eða endurskoðunarstofu.
- 7) Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna félagsins fyrir störf þeirra.
- 8) Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu félagsins, sé það skýlt að kjósa sér endurskoðanda skv. 79. gr. a laga um hlutafélag nr. 2/1995.
- 9) Tillögur frá hluthófum sem ber að taka á dagskrá.
- 10) Önnur mál.

- 11.3. Ef hluthafar sem ráða minnst 1/3 hlutafjárins krefjast þess skriflega á aðalfundi, skal fresta ákvörðun um lið 2 í gr. 11.2 til framhaldsaðalfundar, sem haldinn skal í fyrsta lagi einum mánuði og síðasta lagi tveimur mánuðum síðar. Frekari frests er ekki unnt að krefjast.
- 11.4. Ársreikningur félagsins, skýsla stjórnar, skýrsla endurskoðanda, upplýsingar um heildarfjölda hluta og atkvæða á fundarboðsdegi, tillaga stjórnar um starfskjarastefnu og aðrar tillögur stjórnar til aðalfundar skulu liggja frammi á skrifstofu félagsins hluthófum til sýnis elgi síðar en 21 dögum fyrir aðalfund.
- ## 12. Fundarstjórn
